TINNA KRISTJÁNSDÓTTIR
*Klæðist hlýrri ull frá toppi til táar*
• tíska • heimili
**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




JAKKAFÖT
*Vönduð, flott og henta við ólík tilefni*
Sérblað um jakkaföt
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.







# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

3. desember 2009 — 286. tölublað — 9. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

**FIMMTUDAGUR**



**Skynsemin að leiðarljósi**
Verslunin Pfaff var stofnuð fyrir 80 árum.
TÍMAMÓT 38

**Vill fleiri skattþrep**



Skattkerfið á Íslandi er það hægrisinnaðasta af skattkerfum allra efnaðra ríkja innan OECD, skrifar Jón Steinsson, lektor í hagfræði
UMRÆÐAN 34

**Mannréttindaráðuneytið**
„Í þessu ljósi þarf að skoða andstöðu ríkisstjórnarinnar við að fela óháðum erlendum mönnum rannsókn hrunsins,“ skrifar Þorvaldur Gylfason.
Í DAG 26

**Á leið til Öster**



FH-ingurinn Davíð Þór Viðarsson mun væntanlega semja við sænska félagið Öster í dag.
ÍÞRÓTTIR 62

**VEÐRIÐ Í DAG**




**Hvasst norðvestan til** í dag má búast við strekkingi eða allhvössum vindi norðvestanlands en hægari vindi annars staðar. Norðan til eru horfur á snjókomu, slyddu norðaustanlands og skúrum SA-til.
VEÐUR 4

# NIB hækkar vexti umtalsvert til íslenskra lánshafa

**Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) hefur tilkynnt íslenskum lánshöfum um hækkun vaxta á lánum. Ber við verra lánshæfismati. Fjármálaráðherra tekur málið upp á fundi norrænna fjármálaráðherra.**

**FJÁRMÁL** Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) sendi nokkrum sveitarfélögum og Lánasjóði sveitarfélaga erindi um að vextir á þeim lánum sem komin væru til endurskoðunar yrðu hækkaðir umtalsvert. Ástæðan væri verra lánshæfismat.

Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, segir að í nokkrum tilvikum hafi tilskilins tilkynningarfrests ekki verið gætt og vaxtahækkun á þeim lánum frestist því. Tilkynna þarf um vaxtabreytingar með 45 daga fyrirvara.

Fjármálaráðherra fundaði með fulltrúum bankans í gær og embættismenn í kjölfarið. „Við töldum ástæðu til að funda með fjárfestingarbankanum bæði vegna þessa og annarra mála sem varða samskipti Íslands og bankans,“ segir Guðmundur. Þar er vísað til mála sem snúa að óskum bankans um lán hans til gömlu bankanna. Fjármálaráðherrar Norðurlandanna funda á morgun og segir Guðmundur líklegt að málið verði rætt þar.

Orkuveita Reykjavíkur er greiðandi tveggja lána sem Reykjavíkurborg tók á sínum tíma, en þau fluttust til fyrirtækisins með veituverkefnum. Anna Skúladóttir fjármálastjóri staðfestir að bankinn hafi tilkynnt hækkun, en vill ekki tilgreina hve mikla. „Þeir vildu hækka um töluvert marga punkta.“ Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var um margfalda hækkun vaxtaprósentunnar að ræða.

Bankinn er sameign Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna og situr Þorsteinn Þorsteinsson í stjórn hans fyrir Íslands hönd. Hann var staddur erlendis í gær og náðist ekki í hann. Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga, vildi ekki tjá sig um málið. Lánasjóðurinn hefði staðið við allar sínar skuldbindingar.

Ríkisútvarpið greindi frá því í júlí að bankinn væri hættur að lána íslenskum fyrirtækjum. Helmingur af tapi bankans á síðasta ári hafi verið vegna íslenskra lána. Heildartapið nam 145 milljónum evra, um 26,5 milljörðum króna að núvirði. **- kóp**



**UNNIÐ AF KRAFTI** Guðjón Árnason var niðursokkinn í vinnu sína þegar Fréttablaðið bar að garði í gær. Hann pússaði þetta fagra tré af miklum móð en gaf sér þó tíma til að sitja fyrir á mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mikið annríki einkennir starfsemi Ásgarðs í Mosfellsbæ fyrir jólin:

# Selja listmuni í bílförmum

**FÓLK** Starfsmenn handverkstæðisins Ásgarðs í Álafosskvosinni vinna nú hörðum höndum að undirbúningi síns árlega jólamarkaðar, sem haldinn verður á laugardag. Þar verður handverk starfsmanna selt og sýnt, auk þess sem KK treður upp í kaffisalnum.

„Við erum alltaf í jólaskapi allt árið,“ segir Óskar Albertsson, talsmaður Ásgarðs. Hann á von á því að mikill fjöldi leggi leið sína í kvosina á laugardag venju samkvæmt. Þar verður hægt að kaupa smíðisgripi í jólapakkana, bæði listmuni og leikföng. **- sh /** **sjá síðu 18**

Misgóðar aðstæður kvenna:

# Konur fastar í viðjum ofbeldis

**SAMFÉLAGSMÁL** Aðstæður kvenna frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem leita ásjár Kvennaathvarfsins eru verri en kynsystra þeirra frá löndum innan svæðisins. Þetta kemur fram í niðurstöðum rannsóknar Hildar Guðmundsdóttur á aðstæðum og upplifun kvenna af erlendum uppruna sem leita til Kvennaathvarfsins.



HILDUR GUÐMUNDSDÓTTIR

Hildur segir erlendar konur utan EES á valdi maka sinna fyrstu árin sem þær hafi dvalarleyfi hér. Nauðsynlegt sé að finna úrræði fyrir þær, sem fastar eru í viðjum ofbeldisfullra sambanda.

Dæmi er um að tvær konur af erlendum uppruna hafa leitað til Kvennaathvarfsins vegna sama mannsins. **- jab /** **sjá síðu 10**

Taktu þátt í skemmtilegum jólaleik á www.jolamjolk.is
Frábærir vinningar!







Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750



## SPURNING DAGSINS



*Sigrún María, er gott andrúmsloft í hópnum?*

„Það er yndislegt og hefur farið hlýnandi en þó ekki of mikið.“

Sigrún María Kristinsdóttir, doktorsnemi í umhverfis- og auðlindafræðum, er í hópi nemenda sem fara á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn.

Formaður rannsóknarnefndar Alþingis segir allar mikilvægar upplýsingar birtar:

# Margt sem kemur hruninu ekkert við

**STJÓRNSÝSLA** „Við höfum safnað saman gríðarlega miklu magni af gögnum úr bönkunum og vinnum úr þeim niðurstöður sem koma fram í skýrslunni. Stór hluti hennar er upplýsingar sem háðar eru bankaleynd eða þagnarskyldu.“

Þetta segir Páll Hreinsson, formaður rannsóknarnefndar Alþingis, um aðdraganda og orsök falls bankanna.

Í nýju frumvarpi forsætisnefndar Alþingis til breytinga á lögum um rannsóknina og meðferð gagna sem verða til við störf nefndarinnar er kveðið á um vörslu Þjóðskjalasafnsins á þeim gagnabönkum sem geyma upplýsingar sem á hvílir þagnarskylda í áttatíu ár, samkvæmt ákvæðum upplýsingalaga.



**PÁLL HREINSSON** „Við notum allar þær upplýsingar sem við þurfum.“

Hefur sú ráðstöfun sætt gagnrýni og vakið ótta um að mikilvægum upplýsingum verði leynt.

„Við notum allar þær upplýsingar sem við þurfum til að útskýra hver var aðdragandinn og meginorsakir fyrir falli bankanna. Í þessum tölvukerfum er fullt af upplýsingum sem koma því ekkert við,“ segir Páll.

Í lögum um rannsóknarnefndina er fyrrgreindum ákvæðum upplýsingalaga vikið til hliðar. Í þeim segir að nefndin geti birt upplýsingar, sem annars væru háðar þagnarskyldu, telji hún slíkt nauðsynlegt til að rökstyðja niðurstöður sínar. Hún skuli þó aðeins birta upplýsingar um persónuleg málefni fólks, þar með talið fjármál þess, að almannahagsmunir vegi þyngra en hagsmunir þess sem í hlut á. - bþs

Norræn blaðamannafélög:

# Segja ráðningu Davíðs slæma

**FJÖLMIÐLAR** Norræn blaðamannafélög hafa þungar áhyggjur af þróun íslenskra fjölmiðla í kjölfar bankahrunsins hér á landi og gagnrýna ráðningu Davíðs Oddssonar í ritstjórastól.

Í tilkynningu sem félögin sendu frá sér segir að brottrekstur fjölda reynslumikilla íslenskra blaðamanna sé aðför að frelsi fjölmiðla og tjáningarfrelsi. Einkum sé ástandið ískyggilegt hjá Morgunblaðinu, þar sem eigendur hafi ráðið fyrrverandi seðlabankastjóra sem ritstjóra, en hann sæti um þessar mundir rannsókn fyrir þátt sinn í íslenska bankahruninu. - asg

Fjórir þingmenn VG:

# Allt um stuðning innrásar verði opinberað

**ALÞINGI** Fjórir þingmenn VG, Ögmundur Jónasson, Lilja Mósesdóttir, Árni Þór Sigurðsson og Þuríður Backman, vilja að öll skjöl og aðrar upplýsingar um ákvörðun um stuðning Íslands við innrásina í Írak verði birt.

Hafa þau lagt fram þingsályktunartillögu þess efnis. Í henni segir að Alþingi álykti að fela forsætisráðherra og utanríkisráðherra að sjá til þess að birt verði öll skjöl og allar aðrar upplýsingar sem fyrir liggja frá ársbyrjun 2002 til desember 2003 sem varpa ljósi á ákvörðun þáverandi ríkisstjórnar um stuðning Íslands við innrás Bandaríkjamanna og Breta og annarra þjóða í Írak árið 2003. - bþs

Reykur út frá jólakerti:

# Fyrsta skreytingin brunnin

**LÖGREGLUMÁL** **Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu var kallað út að einbýlishúsi í Skógargerði í Reykjavík stundarfjórðung yfir sjö í gærkvöldi eftir að eldur kom upp í jólaskreytingu.**

**Húsráðandi taldi sig hafa slökkt á kerti í skreytingunni en svo reyndist ekki vera, samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðinu. Tjón var ekki mikið af völdum eldsins en nauðsynlegt var að reykræsta húsið.**

**Slökkviliðið segir þetta fyrsta tilvikið fyrir jólin í ár sem kvikni í út frá kertum og beinir því til fólks að það hugi að kertum og frágangi á rafmagni. Tilhneiging sé hjá fólki að tengja saman mörg rafmagnstengi og það kunni að blossa úr þeim með alvarlegum afleiðingum.** - jab

# Málþófið skipulagt upp á hverja mínútu

**Stjórnarandstaðan styðst við stundaskrá þar sem tilgreint er upp á mínútu hver sé hvar á mælendaskrá til að tala um Icesave og hverjir veiti síðan andsvör. „Ekki það sem þjóðin þarf á að halda,“ segir fjármálaráðherra.**

**STJÓRNMÁL** Stjórnarandstaðan styðst við stundaskrá um hver skuli ræða Icesave og hvenær. Einnig er tekið fram hverjir skuli veita ræðunni andsvar.

Blaðið hefur komist yfir eintak af stundatöflunum, þar sem tilgreindur er ræðumaður úr stjórnarandstöðu, hvenær ræða hans byrjar og hvenær henni lýkur; heildarlengd ræðutíma, lengd andsvara og hvaða tveir þingmenn úr stjórnarandstöðu skuli veita stjórnarandstöðuþingmanninum andsvar.

Þessi tiltekna stundatafla spannar tímann frá klukkan 16.00 síðastliðinn mánudag og til klukkan 01.30 um nóttina, en sú dagskrá riðlaðist reyndar, þar sem farið var að ræða um fjáraukalög.

„Þetta stríðir gegn anda þingskapalaga,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra og finnst sorglegt að sjá hvernig tíminn fari forgörðum, þegar þingið standi frammi fyrir gríðarlega erfiðum málum. Þingsköp séu ekki þannig hugsuð að fólk sé í andsvörum við sjálft sig.

„Ég hef aldrei heyrt um það áður að menn séu með þaulskipulagt stundaplan um þófið. Það má kannski hrósa þeim fyrir þetta, hvað þau eru skipulögð, en þetta sýnir náttúrlega hvað er á ferðinni,“ segir fjármálaráðherra.

Stjórnarandstaðan taki sér mikla ábyrgð með því að hindra réttkjörinn meirihluta þings að störfum.

„Þetta er ekki það sem landið þarf á að halda,“ segir hann.

Margrét Tryggvadóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, segir stundaskrána til merkis um hversu góð samvinna sé um að draga fram alla þætti málsins.



**ALÞINGI** Þingmenn stjórnarandstöðunnar styðjast við stundatöflu um hver skuli ræða Icesave og hvenær. Margrét Tryggvadóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, segir stundatöfluna til merkis um hversu góð samvinna sé um að draga fram alla þætti málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hún segir Icesave-málið þannig vaxið að það sé „einmitt sannfæringin sem dregur okkur áfram“, spurð hvort það geri ekki lítið úr sannfæringu hvers og eins þingmanns, að veita andsvar samkvæmt stundatöflu.

„Mjög oft er fólk á staðnum sem langar til að taka þátt í umræðunni og þá gerir það bara það. Þá skiptir engu máli hvort það sé skráð með andsvar. Þetta er spilað eftir eyranu, þótt það liggi fyrir grunnplan. Ef einhver þarf að fara frá, þá bara annaðhvort skiptir hann við einhvern eða fer,“ segir Margrét.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segist ekki líta svo á að stjórnarandstaðan beiti málþófi. Það sé ríkisstjórnarinnar að skýra út hvers vegna hún setur eitt en ekki annað mál á dagskrá.

Spurður hvort hann telji að það sé í anda þingskapalaga að ákveða að veita andsvör við ræðu sem ekki hafi heyrst, segir Bjarni: „Þú verður að tala við einhverja þingreyndari menn um það en mig.“

Samkvæmt þingskapalögum má forseti Alþingis leyfa þingmönnum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum. Þar segir að andsvari megi einungis beina að máli ræðumanns, en ekki öðru andsvari.

klemens@frettabladid.is



**RAMMVILLTIR** Nordana Teresa er 6.500 tonn og 115 metrar að lengd. MYND/LHG

Rammvilltir á flutningaskipi:

# Töldu Reykjavík vera Reyðarfjörð

**ÖRYGGISMÁL** **Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar hafði í gærmorgun samband við flutningaskipið Nordana Teresa sem var á siglingu inn til Þorlákshafnar að því virtist. Stjórnstöð hafði upplýsingar um að skipið væri á leið til Reyðarfjarðar.**

**Haft var samband við umboðsmann skipsins, sem er á leið frá Rotterdam til landsins, sem vissi ekki ástæðuna fyrir því að skipið væri á siglingu við Suðvesturland, enda ætti skipið að koma til hafnar á Reyðarfirði í gær.**

**Haft var samband við skipið. Kom í ljós að áhöfn þess taldi Reykjavík vera Reyðarfjörð. Samstundis var stefnu skipsins breytt og er það nú á réttri leið til hafnar.** - shá

## ALHEIMURINN

### Líf hafi þrifist á Mars

Vísindamenn bandarísku geimvísindastofnunarinnar NASA segja að bakteríur á 13.000 ára gömlum lofsteini gefi sterklega til kynna að líf hafi þrifist á Mars.

## ALÞINGI

### Kostnaður RÚV í Brussel

Gunnar Bragi Sveinsson Framsóknarflokki hefur lagt fram fyrirspurn til menntamálaráðherra um hver áætlaður árlegur heildarkostnaður er við áform Ríkisútvarpsins um að koma á starfi fréttaritara í Brussel.






Formaður félagsmálanefndar ekki sannfærður um ágæti fæðingarorlofsfrumvarps:

# Frestun á mánuði ekki góð leið

**FÉLAGSMÁL** Ekki er víst að skynsamlegt sé að fresta töku eins mánaðar af fæðingarorlofi þar til eftir þrjú ár segir Sigríður Ingibjörg Ingadóttir formaður félagsmálanefndar.

Í frumvarpi félagsmálaráðherra um breytingar á fæðingarorlofi er gert ráð fyrir því að foreldrum gefist kostur á því að taka átta mánuði í fæðingarorlof og fá 350 þúsund krónur á mánuði að hámarki eins og nú er, og fresta töku eins mánaðar þar til barnið verður þriggja ára. Þeir mega einnig dreifa fjárhæðinni á fleiri mánuði en þá fellur réttur inn á aukamánuðinum niður.

Sigríður Ingibjörg segir að skoða þurfi alla útreikninga í tengslum við breytingartillögurnar og afleiðingarnar fyrir börn og foreldra, meta kosti og galla. Ekki sé víst að ríkið sé sérlega vel í stakk búið til að greiða aukamánuðinn eftir þrjú ár, meta þurfi hversu stór hluti foreldra muni geyma mánuðinn.



**SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR**



**GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON**

Þar fyrir utan verði að skoða hvernig sveitarfélög séu í stakk búin til að taka fyrr við börnum í daggæslu. Sigríður Ingibjörg bendir á að 1.200 milljónir vanti í sjóðinn til að mæta áætluðum útgjöldum á næsta ári, skera þurfi niður sem því nemur. Nauðsynlegt sé að skoða fleiri leiðir, þar á meðal fyrstu tillögu ráðherra sem fól í sér lækkun hámarksgreiðslna í 300 þúsund.

Frumvarpið verður lagt fram á Alþingi á næstu dögum og lagt fyrir félagsmálanefnd að lokinni fyrstu umræðu eins og venja er.

Guðmundur Steingrímsson, fulltrúi Framsóknarflokksins í félagsmálanefnd, segist ekki sérstaklega hrifinn af hugmyndum sem lúta að styttingu orlofsins. Ef skera þurfi niður eigi frekar að lækka hámarksgreiðslur, en hlífa þeim sem hafa minnst. Hann bendir á að auðveldara sé að endurskoða ákvæði um hámarksupphæð þegar rofar til heldur en að fjölga mánuðum í orlofi. Framtíðarmarkmiðið eigi vitaskuld að vera að lengja það. - sbt



Kringlan
Skemmtilegt úrval og spennandi pakkar,
algjör jólastemmning og ofsakátir krakkar.
Opið til 21 í kvöld
Jólagjafahandbókin er á kringlan.is
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn

## GENGIÐ 02.12.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,06 | 121,64 |
| Sterlingspund | 201,72 | 202,70 |
| Evra | 182,77 | 183,79 |
| Dönsk króna | 24,555 | 24,699 |
| Norsk króna | 21,650 | 21,778 |
| Sænsk króna | 17,612 | 17,7160 |
| Japanskt jen | 1,3852 | 1,3934 |
| SDR | 195,08 | 196,24 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

234,8058

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Faxaflóahafnir byggja upp aðstöðu sem gagnast Sjóminjasafninu Víkinni:

# Einstakt sýningarsvæði byggt

**SAFNAMÁL** Faxaflóahafnir eru að byggja upp aðstöðu þar sem Daníelsslippurinn var starfræktur og mun gagnast Víkinni – sjóminjasafninu í Reykjavík. Byggðir verða upp pallar sem tengjast útisýningaraðstöðu safnsins og göngubrú sem tengist safninu beint.

Eiríkur P. Jörundsson, forstöðumaður safnsins, segir að með framkvæmdum Faxaflóahafna sé að verða til einstakt sýningarsvæði. Hluti svæðisins er dráttarbraut sem nýtist safninu sem minnisvarði um þá miklu starfsemi sem var á slippsvæðinu um áratuga skeið. Safnið er í einstakri stöðu. Varðskipið Óðinn er hluti af safnkosti þess auk dráttarbátsins Magna.

„Við vorum svo heppin að Óðinn kom beint hingað úr þjónustu Landhelgisgæslunnar og þess vegna getum við boðið fólki að sjá skipið eins og því var haldið við á meðan það var starfrækt.“

Blikur eru þó á lofti því fimm milljóna króna fjárveiting til safnsins vegna Óðins var felld niður á fjárlögum. Sú upphæð er í raun rekstrarkostnaður við að halda hita og rafmagni á skipinu en Eiríkur útilokar ekki að fé fáist að lokum. „Það er mjög sjaldgæft að fá svona stórt skip á safn í jafn góðu ástandi. Það væri synd og skömm að glutra því niður.“

Safnið fagnaði fimm ára afmæli sínu á dögunum. Á þessu ári hafa 25 þúsund sótt safnið heim. - shá



**GULLBORGIN Í ÖNDVEGI** Gamli báturinn hans Binna í Gröf, aflakóngsins frá Vestmannaeyjum, stendur í slippnum og bíður þess að verða gerður upp. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SALA Í FULLUM GANGI** Forstjóri GM, sem tekið hefur við í óákveðinn tíma, segir leit standa yfir að nýjum manni í brúnna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Leita að nýjum forstjóra GM:

## Biðin gæti tekið heilt ár

**VIÐSKIPTI** Ed Whitacre, stjórnarformaður bandaríska bílarisans General Motors, sagði í gær leit að nýjum forstjóra fyrirtækisins kunna að taka allt upp undir ár.

Fritz Henderson, fyrrverandi forstjóri, var óvænt sagt upp í fyrradag og varð Whitacre að taka stól hans á meðan arftaka er leitað.

Whitacre, sem á tvö ár eftir í sjötugt, benti á það á starfsmannafundi í gær að þótt leitin stæði yfir að nýjum manni í brúnna vonaðist hann til að starfsemi bílaframleiðandans héldist óbreytt. - jab

Þingmenn Hreyfingarinnar:

## Ósáttir við vinnubrögð

**ALÞINGI** Þingmenn Hreyfingarinnar segjast í bréfi til þingforseta ekki eiga aðild að frumvarpi forsætisnefndar um breytingar á lögum um rannsóknarnefnd Alþingis. Í greinargerð þess segir að samkomulag hafi orðið milli formanna þingflokkanna.

Þvert á móti vilji Hreyfingin að nefnd fimm þingmanna (en ekki níu) fjalli um skýrslu rannsóknarnefndarinnar og að nefndarmenn megi ekki hafa setið á Alþingi fyrir október 2008. Þá vilji hún að fimm menn utan þings fjalli um þá þætti skýrslunnar sem snerta alþingismenn og ráðherra og fjölskyldur þeirra. - bþs

# Rannsaka ofbeldisbrot og fjárkúganir

**Fimm Litháar voru í gær úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald til 30. desember vegna meintrar aðildar þeirra að mansali hér á landi. Þeir sæta einnig rannsókn fyrir innbrot, innheimtu „verndartolla“ og ofbeldisbrot.**

**DÓMSMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum rannsakar enn nokkur hliðarmál við mansalsmálið svonefnda. Þar má nefna innbrot, handrukkanir, innheimtu „verndartolla“ og ofbeldisbrot, sem fimm litháískir menn eru grunaðir um aðild að.

Mennirnir fimm voru í gær úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald til 30. desember. Þeir eru ekki lengur í einangrun en sæta nú svokallaðri lausagæslu á Litla-Hrauni. Lögreglan hefur lokið rannsókn á mansalsþætti málsins og sent það til Ríkissaksóknara.

Upphaf þessarar umfangsmiklu rannsóknar má rekja til þess er nítján ára litháísk stúlka kom hingað til lands með flugi frá Varsjá í Póllandi í október. Grunur vaknaði um að hún hefði verið flutt til landsins sem fórnarlamb mansals og hófust handtökur í framhaldi af því.

Þrír Íslendingar sættu gæsluvarðhaldi um tíma vegna lögreglurannsóknarinnar. Sá þeirra sem lengst sat inni var grunaður um aðild að mansalsþættinum og sat í gæsluvarðhaldi á grundvelli þess. Meðal annars höfðu þrír Litháanna unnið hjá fyrirtæki sem hann rekur. Rannsóknargögn lögreglu varðandi meinta aðild hans að mansalsmálinu hafa einnig verið send til Ríkissaksóknara, sem tekur ákvörðun um hverjir verða ákærðir og hverjir ekki.

Umræddur einstaklingur var einnig grunaður um að hafa óhreint mjöl í pokahorninu varðandi bruna í ágúst síðastliðnum á húsnæði sem hann átti í Grundarfirði. Forræði þess máls er nú komið til Lögreglustjórans í Stykkishólmi.

Mennirnir fimm sem enn sitja í gæsluvarðhaldi eru þekktir að ofbeldisverkum hér á landi. Sumir þeirra tengjast árás á óeinkennisklæddan lögreglumann sem var við fíkniefnaeftirlit á Laugavegi í janúar 2008. Þá veittist hópur manna að honum með höggum og spörkum. Hann fékk heilahristing og sár víðs vegar á líkamanum.

Þá tengjast sumir þeirra sem inni sitja hrottalegri líkamsárás í húsi við Grettisgötu í byrjun júní. Sá sem ráðist var á hlaut lífshættulega áverka af árásinni, sem stóð næturlangt. Hann þurfti að vera um skeið í öndunarvél.

Þriðja líkamsárásin þar sem sumir gæslufanganna koma við sögu var í Smáíbúðahverfinu í Reykjavík, einnig í júní. Þá var ráðist á mann og hann illa leikinn. Hann hlaut brot í andliti og marga langa og gapandi skurði á höfði.



**FRAMLENGING** Fimm Litháar voru úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald til 30. desember í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Sá hluti málsins er snýr að mansalsþætti þess hefur verið sendur til Ríkissaksóknara.

Birgitta Jónsdóttir:

## Nýliðar á þingi lesi leyniskjölin

**ALÞINGI** Birgitta Jónsdóttir Hreyfingunni minnti varaþingmenn og aðra á þingi á að lesa leyniskjölin svonefndu um Icesave-málin sem vistuð eru í húsakynnum nefndasviðs þingsins og aðeins þingmenn fá aðgang að gegn loforði um trúnað.



**BIRGITTA JÓNSDÓTTIR**

Hún benti sérstaklega á tiltekið bréf, það síðasta í möppunni sem skjölin eru geymd í. Það væri athyglisvert, ekki síst dagsetningin á því.

Skjölin sem um ræðir snerta Icesave-málin en þola ekki dagsbirtu þar sem um þau gildir trúnaður. Ekki hefur fengist upplýst um hvað þetta síðasta bréf fjallar. - bþs

Nýtt skattafrumvarp:

## Fara yfir skuldsettar yfirtökur

**SKATTAR Skattayfirvöld geta í ljósi nýs skattafrumvarps rukkað fyrirtæki sem hafa farið í gegnum skuldsettar yfirtökur um marga milljarða króna. Frá þessu var greint í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld.**

**Heimild er til að taka upp framtöl fyrirtækjanna allt að sex ár aftur í tímann. Í nýju skattafrumvarpi er gerð tilraun til að girða fyrir svona viðskiptahætti. Skattayfirvöld hafa lengi haft þá túlkun að gjaldfærsla vaxta af skuldum sem tilkomnar eru vegna svona yfirtöku eigi ekki að vera frádráttarbær. Verði þetta að lögum er ljóst að skattayfirvöld munu fara yfir skuldsettar yfirtökur síðustu ára.**






## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

**BJART SV-LANDS**
Í dag verður fremur hvasst víða norðvestan til en lægir smám saman er líður á daginn. Annars staðar verður heldur hægari vindur. Hitinn þokast upp á við og næstu daga verður hitinn nálægt frostmarki norðan til en allt að 5-6 gráðum allra syðst.



**Á MORGUN** 5-13 m/s, hvassast á Vestfjörðum.

**LAUGARDAGUR** 5-10 m/s, hægast SA-lands.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 6° |
| Billund | 6° |
| Eindhoven | 11° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 7° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 10° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 16° |
| Orlando | 25° |
| Ósló | 0° |
| París | 10° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



Svanhildur Þorsteinsdóttir
útvarpskona á Bylgjunni
er kynnir á Konukvöldi

Evuklæði
Til sýnis er m.a. kjóll sem nota má á átta vegu, ÁTTAN

HELGI BJÖRNS
Tekur lagið af sinni einstöku snilld

True North
Útivistarfatnaður
25% kynningarafsláttur

Ingveldur Ýr
syngur ljúf lög af nýjasta diski sínum.

Kristján Hreinsson,
skáld, les upp úr ljóðabók sinni "Orðayndi"

Sigrún Huld Þorgrímsd.
les upp úr bók sinni "Þegar amma var ung"

OSTAHLAÐBORÐ
FRÍTT FYRIR KONUR
KL.18:30
KONUR MÆTIÐ SNEMMA OG GÆÐIÐ YKKUR Á OSTAHLAÐBORÐI Í BOÐI BLÓMAVALS

# Í Skútuvogi í kvöld kl. 19:00 - 21:00

# KONUKVÖLD

## KAUPTU JÓLAGJÖFINA Á BETRA VERÐI

25% afsláttur
Af allri vöru í Blómavali
Af öllum útivistarfatnaði, jólaljósum, jólaseríum, Remingtonvörum og búsáhöldum hjá Húsasmiðjunni
Aðeins þetta kvöld

25% afsláttur
Af allri vöru í EGG og Soldis
Aðeins þetta kvöld

## DAGSKRÁ KONUKVÖLDS

Nóa Síríus og Quality Street konfekt verður í boði fyrir gesti. Græna torgið býður upp á ýmiskonar smakk, m.a. Nyåkers piparkökur, Yogi te, sykurlaust súkkulaði frá Bel Arte, kókosananassafa og kanil kaffikex. Einnig verður þar kynning á Hafkalki.

Kynning verður á íslenskum jólapappír, skartgripum frá OXXO og SNÖ, skóm frá Desire og íslenskri fatahönnun frá Evuklæðum.
Kynning verður á hitabakstri úr íslensku byggi, baðlínu frá Bergís og að venju verður Salon Ritz með snyrtivörukynningu og gjafabréf frá þeim verður meðal happdrættisvinninga. Enjo kynnir umhverfisvænar hreingerningarvörur og nýja húðlínu frá Edel Weiss.

Til sýnis verða uppdekkuð hátíðarborð að hætti skreytingameistara Blómavals. Einnig verður boðið upp á sýnikennslu í jólaskreytingum og ráðgjöf og meðhöndlun á léttlopa ásamt sérstöku kynningartilboði frá Ístex auk fjölda annara tilboða og skemmtiatriða.

Glæsilegir vinningar
Dregnir verða út þrír happdrættisvinningar:
Gjafabréf frá Blómavali að verðmæti 20.000 kr og 10.000 kr.

Óvæntur glaðningur
Allar konur fá gjöf frá Blómavali

blómaval
heillandi heimur

Soldis · Nói Síríus · OXXO · Quality Street · EGG · SNÖ · Yggdrasill · Bergís · Hvítar Stjörnur · salon ritz · ENJO · TRUENORTH · nyåkers

**KJÖRKASSINN**



*Myndir þú draga úr Icesave-kröfunum ef þú værir í sporum Breta og Hollendinga?*

| | |
|---|---|
| Já | 63,1 |
| Nei | 36,9 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætti að kæra þá frambjóðendur til Alþingis sem ekki skila fjárhagsuppgjöri samkvæmt lögum?*

Segðu skoðun þína á Visir.is

Vísir

Átti að víkja sæti í máli vegna skipunar Þorsteins Davíðssonar í dómaraembætti:

# Vanhæfisúrskurður staðfestur

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um að Sigríður Ingvarsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, viki sæti í máli Guðmundar Kristjánssonar gegn Árna Mathiesen, fyrrum ráðherra og íslenska ríkinu.

Krafan um að Sigríður viki sæti kom frá Árna og ríkinu í kjölfar ummæla Sigríðar á Morgunvakt Útvarpsins 15. janúar 2008. Ummælin eru sögð til þess fallin að unnt væri að draga óhlutdrægni Sigríðar í efa sem dómara í málinu, en þau hafi verið viðhöfð í beinum tengslum við þá ákvörðun Árna, sem setts dómsmálaráðherra, að skipa Þorstein Davíðsson í embætti héraðsdómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra og Héraðsdóm Austurlands.



**ÁRNI MATHIESEN** Í árslok 2007 tók Árni Mathiesen, settur dómsmálaráðherra, Þorstein Davíðsson fram yfir þrjá umsækjendur sem matsnefnd taldi hæfari til að gegna embætti dómara. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Guðmundur var meðal umsækjenda um dómaraembættið og að áliti sérstakrar matsnefndar hæfari en Þorsteinn til starfans. Þegar Þorsteinn var engu að síður skipaður í embætti ákvað Guðmundur að stefna ríkinu og Árna Mathiesen. Tölvuvert var fjallað um skipan Þorsteins í embætti á sínum tíma, en hann er sonur Davíðs Oddssonar fyrrverandi forsætisráðherra og seðlabankastjóra.

Í dómi Hæstaréttar er Guðmundi gert að greiða kærumálskostnað ríkisins og Árna, alls 150 þúsund krónur. **- óká**

Vísitala byggingarkostnaðar:

# Kostnaður við byggingar eykst

**EFNAHAGSMÁL** Vísitala byggingarkostnaðar hækkaði um 4,6 prósent frá desember í fyrra til dagsins í dag. Vinnuliðirnir hækkuðu um 1,2 prósent en efnisliðir um 7,5 prósent. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.

Hreinir vinnuliðir lækkuðu á árinu um 2,1 prósent, og munar þar mestu um áhrif tímabundinnar endurgreiðslu virðisaukaskatts á byggingarstað, en hún hækkaði úr 60 í 100 prósent. Þá er núna endurgreiddur virðisaukaskattur á þjónustu hönnuða og eftirlitsaðila. Blandaðir liðir hækkuðu hins vegar um 15,5 prósent. **- kóp**

Nýr ráðuneytisstjóri:

# Frá EFTA til menntamálaráðuneytisins

**STJÓRNSÝSLA Ásta Magnúsdóttir var í gær skipuð í embætti ráðuneytisstjóra mennta- og menningarmálaráðuneytis frá og með síðustu mánaðamótum.**

**Ásta Magnúsdóttir lauk LLM-prófi í Evrópurétti frá Háskólanum í Leicester á þessu ári en embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1989.**

**Undanfarin ár hefur Ásta starfað sem skrifstofustjóri hjá EFTA í Brussel og stýrt þar þætti sem snertir rekstur EES-samningsins. 25 umsóknir bárust um embættið. Ásta tekur við af Þórhalli Vilhjálmssyni sem gegndi því tímabundið eftir afsögn Baldurs Guðlaugssonar.** **- pg**

**ÖRYGGISMÁL**

### Jóladagatöl Umferðarstofu

Í ár er Umferðarstofa með tvö rafræn jóladagatöl. Annað dagatalið er sérstaklega ætlað grunnskólanemendum en það má finna á vefnum www.umferd.is. Jóladagatal ætlað eldri krökkum og fullorðnum verður á vef Umferðarstofu www.us.is. Á hverjum degi verða heppnir vinningshafar dregnir út.

### 300 milljónir til forvarna

Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands hefur greitt út 300 milljónir króna til þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að Sameignarsjóði EBÍ. Mælst er til þess að fénu verði varið til forvarna og brunavarna.

**ALÞINGI**

### Nýr fulltrúi í landsdóm

Nýr varamaður í landsdóm verður kosinn á Alþingi í dag. Unnur Brá Konráðsdóttir hefur verið varamaður síðustu fjögur árin en hún situr nú á þingi.

# Hætt við að kreppan lengi biðlista að nýju

**Forstjóri Landspítalans óttast að biðlistar eftir aðgerðum lengist að nýju vegna niðurskurðar á fjárveitingum. Síaukinn þrýstingur er á starfsfólk spítalans að þiggja störf erlendis. Starfsfólki fækkar að líkum um 200 manns árið 2010.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég óttast að hluti af fórnarkostnaði kreppunnar hjá okkur verði lenging biðlista að nýju,“ segir Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans.

Biðlistar á sjúkrahúsum fyrir nær allar valdar skurðaðgerðir hafa verið að styttast og staðan er almennt góð, samkvæmt októbertölum frá Landlæknisembættinu. Má sem dæmi nefna að langur biðlisti var fyrir hjartaþræðingar á Landspítala á árunum 2007 og 2008 en sá biðlisti er nú nær horfinn. „Við verðum að minnka framboð á þjónustu eins og á svokölluðum valaðgerðum,“ segir Björn.

Laun eru langstærsti útgjaldaliður Landspítalans. Björn segir að á næsta ári sé fyrirsjáanlegt að starfsfólki fækki um 200 manns. „Við höfum sagt að helmingi þeirrar tölu verði náð með starfsmannaveltu. Í jafn sérhæfðri starfsemi og okkar er það erfitt en reynt verður að fara þessa leið í stað uppsagna.“

Öll laun á Landspítalanum hafa lækkað á þessu ári nema þeirra launalægstu. Það felst í gerbreyttri starfsemi. Öll þjónusta hefur verið minnkuð um kvöld og helgar. Launalækkanir eru misjafnlega miklar eftir stéttum. Meðaltalið er sjö til tíu prósent, segir Björn.

Önnur afleiðing niðurskurðarins, og breytinga af hans völdum innan Landspítalans, sem orðið hefur vart við að undanförnu er landflótti fagfólks: lækna, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða. „Þetta er vissulega byrjað. Ég finn það innan spítalans og mér er sagt að rót sé komið á fólk. Það er verið að bjóða í unga fólkið okkar og sú eftirspurn kemur aðallega frá Norðurlöndunum. Það er gert með því fororði að menn vilji bjarga fólki frá því ástandi sem hér er,“ segir Björn.



**FRÁ LANDSPÍTALA** Mikill missir er af hverjum vel menntuðum heilbrigðisstarfsmanni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Það er verið að bjóða í unga fólkið okkar og sú eftirspurn kemur aðallega frá Norðurlöndunum.“
>
> **BJÖRN ZOËGA**
> FORSTJÓRI LANDSPÍTALANS

Björn nefnir dæmi um að ekki þurfi mikið til að auka þrýstinginn á menntað starfsfólk spítalans. „Síðasta holskeflan sem reið hér yfir var í kjölfar frétta um að McDonald‘s væri að fara úr landi. Þá sáu menn ástæðu til að reyna að „bjarga“ fólki frá aðstæðum sínum. Þetta hangir allt saman.“

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær borgar spítalinn nokkur hundruð milljónir í dráttarvexti á næsta ári vegna skulda við birgja. Björn hefur bent á að á sama tíma og LSH skuldi fyrirtækjum fé standi þau frammi fyrir lokun af hálfu opinberra aðila vegna vanskila á virðisaukaskatti.

**svavar@frettabladid.is**


# FRÁBÆRLEGA UNNIN ÆVISAGA




Ævisaga Runólfs Sveinssonar sandgræðslustjóra og Valgerðar Halldórsdóttur eftir Friðrik G. Olgeirsson.

Glæsileg bók um merka frumkvöðla.

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is



N1 Deildin
2009 - 2010

HSÍ

KARLAR
Fimmtudagur

| | | |
|---|---|---|
| Höllin | Akureyri - Valur | 19:00 |
| Seltjarnarnes | Grótta - Fram | 19:30 |
| Kaplakriki | FH - HK | 19:30 |
| Ásvellir | Haukar - Stjarnan | 19:30 |



Auglýsingasími 512 50 50

Mest lesið


Snerting, Kærleikskúlan 2009, var afhent með viðhöfn í gær:

# Hefur breytt viðhorfum til fatlaðra

**VIÐBURÐIR** Embla Ágústsdóttir er handhafi Kærleikskúlunnar 2009. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra afhenti Kærleikskúluna, sem nefnist Snerting og er eftir Hrein Friðfinnsson, í Listasafni Reykjavíkur í gærmorgun.

„Kærleikskúlan er veitt framúrskarandi fyrirmynd á ári hverju. Okkur hjá Styrktarfélaginu þykir Embla hafa skarað fram úr á árinu með því að vekja athygli á málefnum fatlaðra en einnig með því að hvetja fólk til þess að hafa trú á eigin getu,“ segir í tilkynningu Styrktarfélagsins.

„Embla hefur á engan hátt látið hreyfihömlun sína hindra sig í að lifa lífinu til fulls og ná háleitum markmiðum sínum í námi og starfi. Með því að miðla af reynslu sinni og lífssýn hefur hún unnið að því að breyta viðhorfum til fatlaðra og fengið fólk til að skilja að þó að hreyfihömlun sé sannarlega áskorun sé hún ekki endilega hindrun eða afsökun,“ sagði María Ellingsen leikkona þegar hún afhenti Emblu Kærleikskúluna í gær.

Í ræðu sinni fjallaði María meðal annars um mikilvægi kærleikans og rifjaði upp að hann hefði verið valinn á þjóðfundinum 14. nóvember síðastliðinn sem eitt þeirra gilda sem þjóðin vildi hafa að leiðarljósi í samfélaginu. **- óká**



**FRÁ AFHENDINGU** María Ellingsen leikkona afhendir Emblu Ágústsdóttur Kærleikskúluna 2009 í Listasafni Reykjavíkur. Hr. Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, blessaði kúluna fyrir afhendingu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


JÓLAFÖGNUÐUR
Í SMÁRALIND
Komdu þangað sem fjörið er!
Í Smáralind eru allar verslanir sneisafullar af jólavarningi og afgreiðslufólkið í jólastuði.
Jólagjafahandbókin
Í Jólagjafahandbókinni finnur þú fullt af flottum gjafahugmyndum sem auðvelda þér jólainnkaupin.
GJAFAKORT
Gjafakortið
Þú færð gjafakortið á þjónustuborði Smáralindar eða á smaralind.is
Jólaævintýri Smáralindar
Ókeypis í Vetrargarðinum
laugardag og sunnudag kl. 14.00
Opið til kl. 21 í dag
SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000
Smáralind

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvaða leikari hefur selt þáttaröð til danska sjónvarpsins?*
2. *Hvert er endanlegt eiginfjárframlag ríkisins til Arion banka?*
3. *Hver hlaut verðlaun Velferðarsjóðs barna í ár?*

SJÁ SVÖR Á BLAÐSÍÐU 70

Nýbirtir ársreikningar Ríkisútvarpsins ohf.:

# Auglýsingatekjur 1,2 milljarðar

**FJÖLMIÐLAR** Tekjur Ríkisútvarpsins (RÚV) af auglýsingum námu 1.246 milljónum króna á síðasta rekstrarári samkvæmt nýbirtum tölum. Reikningurinn nær frá septemberbyrjun 2008 til ágústloka á þessu ári.

Auglýsingatekjur stofnunarinnar hafa því dregist saman um 8,7 prósent milli rekstrarára, en á fyrra ári námu tekjurnar 1.364 milljónum króna. Bjarni Kristinsson, fjármálastjóri RÚV, segir raunlækkun þó meiri, þótt vera kunni að afkoma síðasta rekstrarárs sé ágæt miðað við samdrátt í kjölfar hruns fjármálakerfisins í október í fyrra.

„En þarna verður líka að taka tillit til þess að verðbólga á milli áranna nemur 14 til 15 prósentum,“ segir hann.

Á sama tíma eykst sölukostnaður RÚV um 1,2 prósent milli ára, fer úr 332,5 milljónum króna á rekstrarárinu 2007-2008 í 336,3 milljónir á síðasta rekstrarári. Þar að baki segir Bjarni fyrst og fremst liggja markaðskostnað RÚV og sölukostnað af auglýsingum. - óká



**RÍKISÚTVARPIÐ OHF. VIÐ EFSTALEITI** Tap RÚV á síðasta rekstrarári samkvæmt nýbirtum reikningum nam 271,2 milljónum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þrjár líkamsárásir:

# Áverkar í andliti eftir skalla

**DÓMSMÁL Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur ákært þrjá menn fyrir líkamsárásir.**

**Einn skallaði annan mann í andlitið fyrir utan skemmtistaðinn Nasa, þannnig að hann hlaut áverka. Fórnarlambið krefst tæpra 500 þúsunda í skaðabætur. Annar karlmaður var ákærður fyrir að að hafa slegið mann fyrir utan Kaffi París í Austurstræti.**

**Þriðji maðurinn er ákærður fyrir að hafa ráðist á mann í félagsheimilinu Snarfara svo hann féll í gólfið. Árásarmaðurinn gekk síðan í skrokk á honum.** - jss








**AFGANISTAN** Bandaríkin auka herstyrk sinn þar um 30 þúsund menn. Talsmaður talibana telur aukninguna herða talibana í baráttu þeirra gegn innrásarliðinu. NORDICPHOTOS/AFP

Yfirhershöfðingi fagnar ákvörðun Baracks Obama:

# Fjölgun hermanna skiptir miklu máli

**AFGANISTAN** Ákvörðun Baracks Obama Bandaríkjaforseta um að senda 30.000 hermanna liðsstyrk til Afganistan mun herða talibana í baráttu þeirra gegn innrásarliðinu, segir talsmaður talibana.

„Von þeirra um að ná valdi á Afganistan með hernaði verður ekki að veruleika,“ sagði talsmaðurinn, Qari Yousuf Ahamdi, í samtali við AFP-fréttastofuna í gær. „Obama mun sjá fjölmargar líkkistur til viðbótar fluttar til Ameríku frá Afganistan.“

Stanley McChrystal, yfirmaður bandaríska heraflans í Afganistan, hafði óskað eftir 40.000 manna liðsstyrk en fagnaði ákvörðun Obama um að bæta 30.000 manns við heraflann. „Við getum gert mjög mikið með þennan herafla. Ég tel að þetta skipti miklu máli,“ sagði McChrystal.

Fyrir eru um það bil 68.000 bandarískir hermenn í Afganistan, auk 50.000 hermanna frá 28 NATO-ríkjum og 14 öðrum ríkjum. Stríðið í landinu hefur staðið frá því í október 2001.

Stanley McChrystal hershöfðingi segist vonast eftir drjúgum liðsstyrk til viðbótar frá bandalagsríkjum Bandaríkjamanna. Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO, hefur sagt að NATO-ríkin standi við gefin loforð. Þau muni senda 5.000 til viðbótar til Afganistans á næsta ári. „Og jafnvel nokkur þúsund til viðbótar,“ er haft eftir honum á vefútgáfu breska dagblaðsins The Times. -pg




# Frábært verð á jólafatnaði



Kjóll
4.999.-

Kjóll
4.999.-

Jakki
4.999.-

Buxur
4.999.-



Matrósarföt
6.999.-



Skyrta & kjóll
5.999.-

Ungbarnadress
6.999.-

**Skilamiði**
Þessi vara er keypt í Hagkaup og fæst skilað eða skipt.
Skilafrestur bóka 11. jan. 2010
HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

Gildir á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár




**FÓRNARLAMBA MINNST** Mótmælt fyrir framan höfuðstöðvar Dow Chemicals í Brussel í gær, í tilefni af því að 25 ár eru liðin frá Bhopal-mengunarslysinu á Indlandi. Átta þúsund dóu strax á fyrstu dögunum eftir slysið, en 25 þúsund dauðsföll hafa verið rakin til þess. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þjófar stálu miklu af jólaskrauti úr görðum á Akranesi:

# Snjókarl í glugga benti á þýfið

**LÖGREGLUMÁL** Ungir menn á Akranesi töldu sig þurfa jólaskraut í íbúð sína á aðventunni. Þeir létu því greipar sópa í görðum íbúa á staðnum.

Mörgu var stolið, jólaseríum og jólaljósum ýmiskonar, auk þess sem þjófarnir höfðu á brott með sér jólasvein og snjókarl sem fest-ir voru niður á gangstéttarhellur í garði einum. Hellurnar tóku þjófarnir með.

Lögreglumenn á eftirliti áttu leið fram hjá íbúð í fjölbýlishúsi í bænum um síðastliðna helgi. Inn um glugga sáu þeir að íbúarnir höfðu fest upp mikið magn af útijólaljósum inni í stofu og þar á meðal stóð vel upplýstur snjókarl úti í glugga. Bönkuðu lögreglumennirnir upp á og fundu þar megnið af jólaljósunum og skrautinu sem stolið hafði verið undanfarna vikuna.

„Þetta var með því jólalegra sem maður hefur séð,“ sagði lögreglan við Fréttablaðið. „En þeir vissu upp á sig skömmina og gera þetta ekki aftur.“

Og það reyndust orð að sönnu. Daginn eftir bönkuðu þjófarnir upp á á lögreglustöðinni og skiluðu restinni. Jólasveinninn og snjókarlinn komust þar með aftur til síns heima. - jss



**SNJÓKARL** Piltarnir stálu meðal annars snjókarli og jólasveini.

Tveir rummungsþjófar:

## Tveir ákærðir fyrir stórsvik

**DÓMSMÁL** Tveir menn, rúmlega tvítugir, hafa verið ákærðir fyrir stórfelld fjársvik. Á þremur dögum tókst þeim að svíkja út vörur fyrir rúmlega eina milljón króna. Við þetta notuðu þeir stolin greiðslukort sem þeir framvísuðu samtals í tuttugu og fimm skipti.

Mennirnir stunduðu svikin í Reykjavík og á Suðurlandi. Þeir leituðu einkum fanga á bensínstöðvum, en einnig í söluskálum og vínbúð.

Auk þessa eru mennirnir báðir ákærðir fyrir þjófnaði úr verslunum, og annar þeirra jafnframt fyrir innbrot í einbýlishús. - jss



**TF-LÍF** Þyrla Gæslunnar reyndist óþörf þegar til kom. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fjórir í sjálfheldu:

## Þyrla send en reyndist óþörf

**ÖRYGGISMÁL** Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út á sunnudagskvöld þegar stjórnstöð barst beiðni um aðstoð við að flytja björgunarsveitarmenn frá Akureyri upp á Þverárbrekkuhnjúk í Öxnadal. Þar voru fjórir menn í sjálfheldu í klettabelti sem er í 900 metra hæð.

Skömmu síðar var útkallið sett í bið þar sem mennirnir virtust geta komið sér niður af sjálfsdáðum. Um miðnætti var aftur haft samband og fór þyrla í loftið frá Reykjavíkurflugvelli um miðnætti. Mennirnir komust sjálfir heilu og höldnu niður og var þyrlunni snúið við og flogið til Reykjavíkur. - shá

Hækkun virðisaukaskatts:

## Innlend framleiðsla að veði

**ALÞINGI Unnur Brá Konráðsdóttir Sjálfstæðisflokki segir að nýtt fjórtán prósenta virðisaukaskattsþrep á tiltekna matvöru vegi að innlendri matvælaframleiðslu.**

**Á þingfundi í gær sagði Unnur Brá að uppsagnir og launalækkanir væru fyrirsjáanlegar hjá fyrirtækjum sem þyrftu að þola þá hækkun ofan á aðrar hækkanir.**

**Spurði hún hvort atvinnustefna ríkisstjórnarinnar fælist í þessu.** - bþs

# Hjálpa þarf konum frá löndum utan EES

**Konur frá löndum utan EES og leita ásjár Kvennaathvarfsins eru varnarlausari en aðrar. Mikilvægt er að fræða þær um hefðir og venjur hér á landi. Ofbeldismenn hafa hag af því að konur séu ekki upplýstar.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Meirihluti kvenna af erlendum uppruna í ofbeldissamböndum sem leita ásjár Kvennaathvarfsins er frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Aðstæður þeirra eru verri en kvenna frá löndum sem aðild eiga að EES. Þetta er á meðal þess sem fram kemur í niðurstöðum rannsóknar Hildar Guðmundsdóttur, mannfræðings og starfsmanns Kvennaathvarfsins, á aðstæðum og upplifun kvenna af erlendum uppruna sem leita til Kvennaathvarfsins.

Þetta er fyrsta rannsóknin af þessum toga sem gerð hefur verið hér en niðurstöðurnar voru kynntar í gær.

Hildur segir niðurstöðurnar benda til að konur frá löndum utan EES séu varnarlausari en hinar. Dvalarleyfi þeirra fyrrnefndu er tengt maka þeirra en fyrstu fjögur árin sem þær búa hér verður hann að endurnýja dvalarleyfi konu sinnar á ári hverju. Eiginmaðurinn hefur því mikið vald yfir konu sinni fyrstu árin.

Þessu er ekki að skipta fyrir þær konur sem koma frá löndum innan EES. Reglugerðir sem Ísland á hlut að gera þeim kleift að fá dvalar- og atvinnuleyfi hér svo framarlega sem þær hafi fundið vinnu. Þá geta þær sótt um leyfi á eigin forsendum, sem bindur þær ekki við eiginmenn eða sambýlinga, ólíkt konum úr hinum hópinum.

Hildur segir mikilvægt að bæta löggjöfina og finna úrræði fyrir konur af erlendum uppruna sem fastar séu í viðjum ofbeldissambanda. Þótt lög um útlendinga hafi verið bætt með þetta í huga fyrir rúmu ári hvíli rík sönnunarbyrði á konunum. „Það er oft erfitt fyrir þær að sanna að ofbeldi hafi átt sér stað. Þær hafa ekki farið til læknis og fengið áverkavottorð. Svo upplifa þær skömm og segja ekki frá ofbeldinu. Þegar þær loks gefast upp og koma til okkar hafa þær engar sannanir í höndunum,“ segir Hildur.

Hún telur það tiltölulega einfalt að bæta löggjöfina konunum í vil. „Ég sé fyrir mér að auðveldara verði gert fyrir konur að nýta sér þetta ákvæði svo sönnunarbyrðin verði ekki eins erfið, eða setja viðauka við hana sem hjálpi fólki við þessar aðstæður.“ Eins megi fræða konurnar betur um möguleika þeirra, rétt og úrræði þegar þær fái dvalarleyfi hér. Þá verði að kynna þeim hefðir og venjur hér á landi. Það kunni þó að vera erfitt. „Það er ekki hagur ofbeldismanns að konan fái upplýsingar sem hún geti nýtt sér. Konur í þeirri stöðu eru tilvalin fórnarlömb fyrir ofbeldismenn,“ segir Hildur.

jonab@frettabladid.is



**HILDUR GUÐMUNDSDÓTTIR** Helmingur þeirra kvenna sem leituðu ásjár Kvennaathvarfsins á síðasta ári var af erlendum uppruna. Meirihluti þeirra var frá löndum utan EES-svæðisins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## SKÝRSLAN Í HNOTSKURN

Rannsóknin náði til 67 kvenna af erlendum uppruna sem leituðu til Kvennaathvarfsins á tímabilinu 1. október 2007 til 1. júní 2009.

- Í fyrra leituðu 130 konur til Kvennaathvarfsins. Helmingur þeirra var af erlendum uppruna. Þar af voru fjörutíu konur utan EES-svæðisins. Sautján þeirra voru frá Afríku.
- Flestar konurnar frá EES-ríkjunum eru í láglaunastörfum. Þær eru í betri stöðu á vinnumarkaði en kynsystur þeirra í hinum hópnum vegna samninga um frjálst flæði vinnuafls innan EES. Nokkrar konur í seinni hópnum höfðu ekki atvinnuleyfi og áttu í erfiðleikum með að framfleyta sér.
- Makar flestra kvenna frá EES-löndunum hafa svipaðan bakgrunn og konurnar. Áberandi er að karlarnir eiga við áfengis- og/eða fíkniefnavanda að stríða og hefur lögregla þurft að hafa afskipti af þeim.
- Helmingur maka kvenna utan EES-ríkjanna eru Íslendingar. Tæpur helmingur þeirra átti við áfengis- og/eða fíkniefnavanda að stríða.
- Svo virðist sem einhverjir mannanna hafi fundið sér konur í gegnum Netið oftar en einu sinni. Í einu tilviki hefur sú staða komið upp að tvær konur af erlendum uppruna hafa leitað í Kvennaathvarfið vegna sama mannsins.



## REYNSLUSÖGUR ÚR RANNSÓKNINNI

Í rannsókn Hildar eru nokkrar reynslusögur kvenna af erlendu bergi brotnar sem leituðu ásjár Kvennaathvarfsins. Hér eru tvær:

- „Kona kom í lögreglufylgd í Kvennaathvarf. Hún hafði búið á Íslandi í nokkur ár en gat ekki gefið upp heimilisfang. Hún vissi ekki hvar hún bjó enda hafði maður hennar haldið henni einangraðri allt frá því hún kom til landsins.“
- „Eiginmaðurinn lét konuna sína skrifa undir móttekin laun sem hún fékk aldrei. Maðurinn sagði henni að þau færu upp í rafmagns- og hitakostnað og fleira.“




3.840 kr.
5.490 kr.
Eldað af lífi og sál
3.970 kr.
5.680 kr.
Góði elskhuginn
4.540 kr.
6.490 kr.
Hjartsláttur
3.490 kr.
4.990 kr.
Í Kvosinni
Tilnefndar, umtalaðar og títtnefndar
30% afsláttur
1.950 kr.
2.790 kr.
Jólasyrpa 2009
4.190 kr.
5.990 kr.
Kona þriggja eyja - Ása Wright
3.840 kr.
5.490 kr.
Milli trjánna
2.580 kr.
3.690 kr.
Prinsessan á Bessastöðum
3.980 kr.
5.690 kr.
Svörtuloft
4.890 kr.
6.990 kr.
Vigdís
4.190 kr.
5.990 kr.
ÞÞ í forheimskunarlandi
3.980 kr.
5.690 kr.
Nektarmyndin
Tilboð gildir til og með 06.12.09
Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872



**SÓLSETUR Í ÍRAK** Íraskir drengir leika sér í rennibraut í skemmtigarði nærri ánni Tígris í Bagdad um sólsetursbil í gær. Innan við 90 almennir borgarar voru drepnir í nóvember, en það er einhver lægsta dánartíðni í einum mánuði frá innrás Bandaríkjamanna árið 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alls biðu tuttugu og sex bana í sprengjuárás á lest í Rússlandi og um eitt hundrað særðust:

# Íslamistar gangast við mannskæðri árás

**RÚSSLAND** Íslamistar sem berjast gegn yfirráðum Rússa í Norður-Kákasus hafa lýst ábyrgð sinni á sprengjuárás sem var á föstudag í síðustu viku. Árásin varð 26 farþegum að bana í Nevskí-hraðlestinni á leiðinni milli Moskvu og Pétursborgar.

Tilkynning frá samtökunum og leiðtoga þeirra, Doku Umarov frá Tsjetsjeníu, hefur birtist á heimasíðu þar sem segir að fleiri árásir og skemmdarverk séu í undirbúningi. Þeim verði haldið áfram svo lengi sem hernámslið Rússa í Kákasus haldi áfram að ofsækja og drepa venjulega múslima vegna trúar sinnar.

Á vefsíðu BBC segir að Umarov hafi verið í hópi þeirra uppreisnarmanna í Rússlandi sem yfirvöld leggi mesta áherslu á að handsama. Samtök hans, sem nefnast Mujaheddin í Kákasus, berjist fyrir því að hrekja Rússa frá Kákasus og koma þar á íslömsku ríki.

Auk 26 farþega sem létu lífið í hraðlestinni særðust um 100 manns. Talið er að kröftugri heimagerðri sprengju hafi verið komið fyrir í lestinni.

Önnur sprenging, ekki jafn kraftmikil, sprakk við slysstaðinn á laugardag. Að sögn rússneskra yfirvalda særðist þá lögreglumaður sem var við störf á vettvangi. - pg



**FÓRNARLAMB** 26 létust og um 100 manns særðust í sprengjuárás á hraðlest í Rússlandi á föstudag í síðustu viku. Íslömsk hryðjuverkasamtök hafa lýst ábyrgð á hendur sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**ÍSFISKUR** Verðmæti útflutts fisk hefur margfaldast á stuttum tíma.

Útflutningur óunnins afla:

## Verðmæti afla eykst stórum

**SJÁVARÚTVEGUR** Á síðasta fiskveiðiári var fluttur út óunninn afli á erlenda fiskmarkaði með veiðiskipum og gámum að verðmæti 17,8 milljarðar króna. Verðmæti útflutts óunnins afla jókst því um 45,5 prósent á milli fiskveiðiára, eins og kemur fram í frétt frá Fiskistofu. Þar hefur staða íslensku krónunnar mest áhrif.

Útflutt magn jókst úr 56.548 tonnum í 59.349 tonn, eða fimm prósent. Sé litið til heildarverðmæta frá fiskveiðiárinu 2006/2007 hefur verðmæti óunnins útflutts afla aukist um 75 prósent á meðan útflutt magn hefur aukist um tæp nítján prósent. - shá

**SVEITARSTJÓRNARMÁL**

Sigrún Elsa Smáradóttir borgarfulltrúi hefur ákveðið að gefa kost á sér í annað sætið á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. Prófkjör flokksins fer fram 30. janúar næstkomandi.

**TÍMAMÓT**

### Akur 50 ára

Trésmiðjan AKUR á Akranesi hélt upp á 50 ára afmæli fyrirtækisins í nóvember með veislu þar sem starfsfólk, eigendur og fyrrum stofnendur fyrirtækisins fögnuðu tímamótunum. Akur var stofnað árið 1959. Trésmiðjan Akur hlaut snemma á þessu ári viðurkenningu um C-vottun Samtaka iðnaðarins.

# Hagræða með milljarða kaupsamningi

**Hafnarfjarðarbær hefur keypt fasteignir Lækjarskóla, tveggja íþróttahúsa og leikskólans Álfasteins úr þrotabúi Nýsis. „Langstærsta hagræðingin," segir bæjarstjóri. Hafnarfjarðarbær sparar allt að 200 milljónir króna á ári.**

**HAFNARFJÖRÐUR** Hafnarfjarðarbær hefur keypt fjórar fasteignir úr þrotabúi Nýsis hf. fyrir um 3,8 milljarða króna. Áður leigði bærinn þessar byggingar og rekstur þeirra af Nýsi. Kaupin og lok leigusamnings við Nýsi mun spara bænum gríðarlegar fjárhæðir, að sögn Lúðvíks Geirssonar bæjarstjóra.

„Það voru sextán til sautján ár eftir af þessum samningum," segir Lúðvík Geirsson. „Bara hagræðingin af leigu- og rekstrarsamningunum er hátt í 200 milljónir króna á næsta ári. Þetta er stórmál fyrir sveitarfélagið."

Byggingar sem nú eru orðnar eign bæjarins en Nýsir átti áður eru skólahúsið í Lækjarskóla, íþróttahús Lækjarskóla, Íþróttamiðstöðin Björk í Haukahrauni og leikskólinn Álfasteinn á Hvaleyrarholti. Nýsir og Hafnarfjörður sömdu um það árið 2001 að Nýsir byggði þessi hús og annaðist rekstur þeirra í 25 ár gegn því að bærinn greiddi leigu.

Nýsir varð hins vegar gjaldþrota í október á þessu ári eftir að tilraunir til að endurskipuleggja rekstur fyrirtækisins báru engan árangur. Meðan þær tilraunir stóðu yfir leysti bærinn til sín rekstrarsamningana. Samningar um fasteignirnar náðust svo nýlega. Landsbankinn fjármagnar kaupsamninginn fyrir bæinn. Bankinn er einn stærsti kröfuhafinn í þrotabú Nýsis.

Bæjarstjórinn segir að þessi sparnaður sé langstærsti liðurinn í þeirri hagræðingu sem bærinn þurfi að ná fram vegna næsta árs.



**LÆKJARSKÓLI** Hafnarfjarðarbær hefur nú eignast skólahús, tvö íþróttahús og leikskólabyggingu og sparar sér með því nær 200 milljónir króna á ári næstu 16-17 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Bara hagræðingin af leigu- og rekstrarsamningunum er hátt í 200 milljónir króna á næsta ári.
>
> **LÚÐVÍK GEIRSSON**
> BÆJARSTJÓRI HAFNARFJARÐAR

Ekki sé ólíklegt að þarna náist 15-20 prósent af heildarhagræðingu næsta árs. „Það segir okkur hversu óhagstæðir þessir samningar voru á sínum tíma. Framreiknað út samningstímann þýðir þetta 1,5-2 milljarða í sparnað fyrir bæinn. Að auki eigum við nú byggingarnar," segir Lúðvík.

Enn eru í gildi einkaframkvæmdarsamningar sem Hafnarfjarðarbær gerði fyrir 2002 við fyrirtækið Fjarðarhús um rekstur tveggja leikskóla og eins grunnskóla í Hafnarfirði. „Við höfum líka kallað eftir því að komast yfir þá samninga," segir Lúðvík, „en það hefur ekki náðst saman um það." Samningarnir við Fjarðarhús eru hins vegar talsvert hagstæðari bænum en samningarnir við Nýsi, segir Lúðvík.

peturg@frettabladid.is



**TÆKIN SKOÐUÐ** Mest var verslað með hlutabréf Marels og Össurar í Kauphöllinni í síðasta mánuði.

Aukin velta með hlutabréf:

## Mest verslað með Marel

**VIÐSKIPTI** Heildarviðskipti með hlutabréf í Kauphöllinni í síðasta mánuði námu tæpum 1,9 milljörðum króna. Það jafngildir 91 milljón króna á dag. Til samanburðar nam veltan tæpum 1,7 milljörðum króna í október, eða 76 milljónum á dag.

Mest voru viðskipti með hlutabréf Marels í mánuðinum, eða fyrir tæpa 1,5 milljarða króna. Næstmestu viðskiptin voru með hlutabréf stoðtækjafyrirtækisins Össurar, eða fyrir 321 milljón króna.

Markaðsvirði skráðra félaga nam 188 milljörðum króna í nóvemberlok og var það fjögurra prósenta hækkun á milli mánaða, samkvæmt tilkynningu frá Kauphöllinni. - jab

Gullverð á ný í methæðum:

## Ríkisstjórnir birgja sig upp

**VIÐSKIPTI** Heimsmarkaðsverð á gulli fór í 1.210 dali á únsu á markaði í Bandaríkjunum í gær og hefur það sjaldan verið hærra í lok dags. Hæst fór það í 1.218 dali á únsu innan dagsins.



Verðið hefur hækkað nokkuð viðstöðulítið síðustu mánuði og skýrist af uppkaupum fjárfestingasjóða vestanhafs á málminum gyllta, að sögn Reuters. Fréttastofan bendir jafnframt á að ríkisstjórnir víða um heim hafi birgt sig upp af gulli, svo sem stjórnvöld á Srí Lanka og Indlandi, sem hafa keypt gullið úr eignasafni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. - jab

**FENEYJAR**

### Eiga í stríði við hafið

Feneyjar eiga í eilífu stríði við hafið og eiga sjálfsagt ekki von á góðu ef spár um hækkun heimshafanna rætist. Milljörðum og aftur milljörðum hefur verið varið til þess að verja borgina fyrir ágangi hafsins. Flóð eru engu að síður algeng í borginni. Í gær var hásjávað mjög og vatnsdýpi í miðborginni var víða í annan metra. Margar stórfenglegar byggingar eru við Markúsartorgið og eftir hvert flóð fara menn með öndina í hálsinum að skoða hvort eitthvað hafi skemmst.





Ein gjöf sem hentar öllum



Gjafakort Landsbankans er greiðslukort sem býður uppá að gefandinn ákveði upphæðina og viðtakandinn velji gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi Landsbankans.

GJAFAKORT | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

# Ný MacBook



## MacBook 13”

2,26GHz Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
NVIDIA GeForce 9400M 256MB skjákort
Innbyggð iSight vefmyndavél
Tvö USB 2.0 tengi
Þráðlaust WiFi netkort (801.11n), Bluetooth
Allt að 7 klst rafhlöðu ending
Aðeins 2,13 kg

**Verð: 199.990.-**

Nýr snertiflötur
Sterkbyggðari umgjörð
Bjartari skjár
Allt að 7 klst rafhlöðu ending

**Öllum tölvum, sem keyptar eru fyrir jól, fylgir:**

**3 mánaða** áskrift hjá Snara.is
Nánar á www.snara.is

**1 mánaðar** áskrift hjá Tónlist.is
Nánar á www.tonlist.is

## iMac

3,06 GHz | Allt að 2TB Geymsla | Allt að 16GB Minni

21,5” og 27” LED baklýstur skjár
Full HD upplausn (1080p)
Þráðlaust lyklaborð og mús
iLife ‘09 og Snow Leopard
Engir vírusar

**Verð frá: 239.990.-**



Þráðlaus mús og lyklaborð fylgja

## Nýr iPod nano

Nýtt: innbyggð videoupptaka
Nýtt: FM- útvarp
Stærri skjár
2000-4000 lög / 8-16 klst. video
USB snúra og heyrnartól



Tónlist.is
2.000.- kr. inneign fylgir

**Verð frá: 39.990,-**



## Já, getur keyrt Windows

og fer létt með það...

Sífellt fleiri kjósa tölvur frá Apple og nú eru engar afsakanir eftir þar sem tölvurnar geta keyrt hvaða hugbúnað sem er. Verðið ætti heldur ekki að hindra því Apple-tölvur eru orðnar ódýrari en aðrar PC-tölvur af sambærilegum gæðum.



## iLife ‘09

Stafrænn lífsstíll að hætti Apple sem inniheldur iPhoto, iMovie, GarageBand, iWeb og iDVD. iLife gerir Mac-notendum kleyft að skapa ótrúlegustu hluti og halda utan um ljósmyndir og hreyfimyndir á einfaldan máta. Að búa til fallegar heimasíður, ljósmyndabækur og kvikmyndir er leikur einn.



## Frí Apple námskeið

Varstu að kaupa þér Apple tölvu eða langar þig að læra meira? Þá getur þú kíkt á námskeið í Apple búðina að Laugavegi 182 og lært eitthvað nýtt.

**Námskeiðin eru án endurgjalds í allan vetur**
og þú þarft ekki að skrá þig, bara mæta.

Nánar um dagsetningu og tíma:
**www.apple.is/fraedsla**

**Apple búðin** | www.icemac.is
Sími: 512-1300 | **Opnunartími:**
Laugavegi 182 | Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.


Munum
að slökkva
á kertunum
Jólaljósin lýsa nú upp heimili landsmanna. Njótum dýrðarinnar en látum kerta-skreytingar og ljós aldrei loga án eftirlits. Verum örugg um hátíðarnar.
SJÓVÁ



**FÍLAPÓLÓ** Kristján Edwards, fæddur á Íslandi en uppalinn í Nepal, liðsmaður Tiger Tops Tusker (til hægri) slæst um boltann við James Manclark í liði Angus Energy á 28. alþjóðlega fílapólómótinu í Bardiya í Nepal í gær. Lið Kristjáns vann leikinn, 6-3. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Opið bréf frá Mark Zuckerberg, stofnanda og forstjóra Facebook:

# Fjöldi notenda yfir 350 milljónum

**UPPLÝSINGATÆKNI** „Á þessu ári hefur gengið vel að gera heiminn bæði opnari og tengdari. Með ykkar hjálp hafa nú yfir 350 milljónir manna tengst Facebook,“ segir Mark Zuckerberg, stofnandi og forstjóri Facebook, í opnu bréfi til notenda sem birt var á vefnum í gær.

Fram kemur að með auknum fjölda notenda hafi eðli vefsins breyst og tími sé kominn á breytingar á uppbyggingu hans. Samskiptavefurinn er fimm ára gamall.

Hann segir að aðgangsstýringar þær sem Facebook-vefurinn noti nú snúist um svokölluð „tengslanet“ (e. networks) sem séu umgjörð fyrir vinnustaði, skóla eða jafnvel heilu þjóðríkin. „Þetta gafst vel þegar flestir notendur Facebook voru í hópi háskólanema,“ segir Zuckerberg, en bætir um leið við að þegar komin séu milljónatengslanet sé virkni þeirra til aðgangsstýringar takmörkuð.

Zuckerberg upplýsir að til standi að fjarlægja svæðisbundin tengslanet og koma á einfaldari leiðum þar sem notendur ákveði hvaða efni hver tengslahópur þeirra fái að sjá, vinir, vinir vina eða allir. Þá fái notendur betri tæki til að stýra því hverjir fái augum litið stakar færslur sem þeir setji á netið.

Hann varar notendur við því að á næstu vikum kunni þeir að þurfa að uppfæra stillingar fyrir aðgangsstýringu síðna sinna. - óká




**Í DAVOS** Mark Zuckerberg, stofnandi og forstjóri bandaríska samskiptavefsins Facebook, sést hér á fundi í Davos í Sviss snemma á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þíða í makríldeilu:

# Íslendingar loks að borðinu

**SJÁVARÚTVEGUR** ESB, Færeyjar og Noregur hafa nú boðið Íslandi til viðræðna um heildarstjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi í mars 2010. Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur þekkst boðið. Öll strandríkin eru sammála um nauðsyn sameiginlegrar stjórnunar veiða úr þessum mikilvæga stofni.

Jón Bjarnason gaf nýlega út reglugerð sem heimilar einhliða veiðar íslenskra skipa á 130.000 tonnum af makríl á árinu 2010. Á fundinum verður rætt um aflahámark, skiptingu afla, aðgang að lögsögu, vísindasamstarf og eftirlit með veiðum. - shá

Lögregla staðin að lygum:

# Fréttir um fitumorð í Perú voru uppspuni

**PERÚ** **Frétt sem fór eins og eldur í sinu um heimsbyggðina fyrir fyrir tveimur vikum, um að glæpaklíka í Perú hefði myrt fjölda manns og selt fitu fórnarlamba sinna til sápugerðar, var uppspuni frá rótum. Þetta kemur fram á vef BBC.**

**Felix Murga lögregluforingi greindi þá frá því að lögreglusveit hans hefði handtekið fjóra menn sem væru grunaðir um að myrða allt að sextíu manns. Þeir hefðu selt fitu fórnarlambanna vestrænum snyrtifyrirtækjum til sápugerðar fyrir 1.000 dali á lítrann.**

**Vísindamenn véfengdu fréttina og sögðu að fita manna væri verðlaus með öllu. Engar sannanir hafa fundist sem styðja ásakanir Murga gegn fjórmenningunum. Í gær vék ríkislögreglustjóri honum frá störfum fyrir að sverta orðspor lögreglunnar.** - pg

ASÍ mótmælir skattahækkun:

# Vilja hlífa þeim tekjulægstu

**VINNUMARKAÐUR** Alþýðusamband Íslands (ASÍ) hefur þungar áhyggjur af umfangi skattahækkana sem sé mun meira en boðað var við gerð stöðugleikasáttmálans. Þetta kemur fram í ályktun miðstjórnar ASÍ sem birt var í gær.

Í ályktuninni segir að mikilvægt sé að breytingar á sköttum einstaklinga verði með þeim hætti að þeim tekjulægstu verði hlíft sem kostur er. Stjórnin mótmælir jafnframt boðuðum breytingum á skattlagningu tekna sjómanna og bendir á að við gerð stöðugleikasáttmálans í vor hafi því verið heitið að ekki yrði gripið til aðgerða sem hefðu bein áhrif á innihald kjarasamninga. - jab



**VINNUTÆKI Í HRÖNNUM** Á geymslusvæði Lýsingar við Hafnarfjarðarhöfn getur að líta fjölmarga vörubíla og ótal gröfur sem bíða þess að hægt verði að koma þeim í verð. Í flestum tilvikum er um að ræða tæki sem fyrirtækið hefur þurft að leysa til sín vegna greiðsluvandræða kaupenda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**NOTAÐIR BÍLAR** Séð yfir bíla í eigu SP-fjármögnunar við Hafnarfjarðarhöfn. Að sögn framkvæmdastjóra SP notar fyrirtækið svæðið til geymslu og því er ekki hægt að gefa sér að tæki þar séu öll á leið úr landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vinnuvélarnar gera engum gagn á hafnarbakkanum

**Lítill markaður er fyrir bíla og tæki sem fjármögnunarfyrirtæki hafa tekið af kaupendum í greiðsluþroti. Bílar og vinnuvélar hrannast upp á geymslusvæðum. Einhver hreyfing er þó á markaði með notaða bíla.**

**EFNAHAGSMÁL** Verkefnaskortur innanlands og samdráttur í viðskiptalöndum okkar gerir að erfiðlega gengur að koma í verð vinnuvélum og ökutækjum sem fjármögnunarfyrirtæki hafa þurft að leysa til sín.

„Við erum ekkert að senda út úr landinu eins og er,“ segir Guðrún S. Björnsdóttir, markaðsstjóri Lýsingar. „Markaðirnir í Evrópu hafa dregist saman og þar með eftirspurnin og verð er eftir því,“ segir hún en kveðst þó vonast til að sem fyrst megi koma einhverjum af þessum tækjum í verð. „Þetta gerir engum greiða þarna á hafnarbakkanum.“

Guðrún segir erfitt að segja til um þróunina í því hvort fyrirtækið þurfi að leysa mikið til sín til viðbótar af farartækjum eða vinnuvélum. „Það hafa ekki verið neinar sveiflur í þessu og allt frá hruni reynt að koma til móts við fólk eftir megni, svo sem með frystingu lána og frestunum. Það hjálpar mjög mörgum, en því miður eru það verstu dæmin sem lenda í þessu.“

Þá segir Guðrún ekki útlit fyrir að mikil hreyfing komist á markað með vinnuvélar í bráð. „Meðan verkefni eru fá er lítil þörf fyrir tækin,“ segir hún en kveður um leið nokkra hreyfingu á markaði með notaða bíla.

Kjartan Georg Gunnarsson, framkvæmdastjóri SP-fjármögnunar, hefur líka orð á skorti á markaði fyrir notaðar vinnuvélar og þar hjálpi ekki til að ríkið sé hætt að bjóða út ný verkefni. Einhver markaður sé þó til staðar í Evrópu. „Það selst alltaf, en samt aldrei á nógu háu verði til að dugi fyrir skuldinni, því markaðurinn er slæmur úti líka,“ segir hann.

Kjartan kveðst hins vegar vonast til þess að mesti skaflinn sé að baki í að taka tæki til baka. Hann segir þó að nokkrar sveiflur geti verið í þeim málum, svo sem ef taka þurfi tæki hjá stórum verktökum líkt og nýverið hafi gerst.

olikr@frettabladid.is






Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

## „ORÐRÉTT“

### *Er þér stætt á því?*

**„Ég stend fast á því að ég hafi staðið við þetta.“**

ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR FORMAÐUR LEIKSKÓLARÁÐS SKRIFAÐI BRÉF Í BYRJUN MAÍ OG SAGÐIST ÆTLA AÐ VERJA GJALDSKRÁR, SEM HÚN SVO HÆKKAÐI Í SAMA MÁNUÐI.

**Fréttablaðið, 2. desember**

### *Guð blessi Ísland II*

**„Ja, ég segi nú bara Guð blessi okkur ef þetta tekst ekki.“**

JÓN GUNNAR OTTÓSSON, FORSTJÓRI NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUNAR ÍSLANDS, HEFUR ÁHYGGJUR AF ÚTBREIÐSLU LÚPÍNUNNAR.

**Fréttablaðið, 2. desember**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** VILBORG DAGBJARTSDÓTTIR RITHÖFUNDUR

## *Hef fulla trú á Jóhönnu og Steingrími*



„Ég er nú orðin gömul og lítill þátttakandi í þjóðfélaginu,“ segir Vilborg Dagbjartsdóttir rithöfundur, innt eftir tíðindum rétt áður en hún stakk sér til sunds í Neslauginni á Seltjarnarnesi. „Kreppan hefur fengið lítið á mig þannig séð og ég finn ekki fyrir samviskubiti út af þessu öllu saman. En ég verð að segja að ég treysti þeim Jóhönnu og Steingrími til að velja réttu kostina.“

Vilborg er fædd árið 1930, á krepputímum, og þekkir á eigin skinni að öll él styttir upp að lokum. „Það hlýtur að koma að því, mér finnst líklegt að við förum að rétta úr kútnum með hækkandi sól. Ég held við verðum líka að vera dugleg að minna okkur á hvaða tækifæri felast í ástandinu, til dæmis á landsbyggðinni. Hún hefur alltaf verið arðrænd í gegnum tíðina en nú gæti hún aftur á móti sótt í sig veðrið aftur. En ég er alls ekki svartsýn, þvert á móti, það kemur að því að við náum okkur upp úr þessu.“

Vilborg tekur lífinu með ró, að eigin sögn. Hún býr ein í miðbænum og er ekki að gera mikla rellu út af jólaundirbúningnum. „Það er nú lítið að undirbúa. Ég er búin að kaupa öll jólakortin, meira er það nú varla. Jólin hafa aldrei verið kauphátíð í mínum huga, heldur fyrst og fremst heilög hátíð ljóss og friðar þar sem við eigum að huga að andanum frekar en efninu.“

**TUNGUTAK**

## *Skáktafl*

Fjölmörg orðatiltæki í íslensku má rekja til taflmennsku. Þeir sem taka áhættu eru gjarnan sagðir tefla í tvísýnu en jafnvel þá getur komið upp pattstaða. Menn skáka gjarnan í einhverju skjóli til að réttlæta sig, eða skáka jafnvel í hróksvaldi ef þeir telja stöðu sína efni til mikilmennsku, en það bætir ekki endilega úr skák. Þá er ótalin sú iðja að tefla við páfann.



Alþekkt er orðtakið að vera hrókur alls fagnaðar, en einnig eru kunn afbrigðin að vera hrókur allrar skynsemi og að vera hrókur alls fróðleiks, þótt þau séu fátíðari.

**- mt**









**Í TRÉSMIÐJUNNI** Allt iðaði af lífi í trésmiðju Ásgarðs þegar blaðamann og ljósmyndara bar að garði. Ingþór, sem er fremstur á myndinni, var í óða önn að fínpússa íhluti í leikfangalest, og Steingrímur, sem situr við hlið hans, lá ekki á liði sínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Við erum í jólaskapi allt árið

**Nú stendur mikið til hjá starfsmönnum handverkstæðisins Ásgarðs. Þeir hafa aldeilis þurft að spýta í lófana síðustu daga, enda árlegur jólamarkaður á næsta leiti og þá seljast listmunirnir þeirra í bílförmum – eða þar um bil.**

„Við erum alltaf í jólaskapi allt árið,“ segir Óskar Albertsson, talsmaður Ásgarðs, handverkstæðis fyrir fólk með þroskahömlun sem hefur verið starfrækt í Álafosskvosinni í Mosfellsbæ í sextán ár. Óskar hefur unnið í Ásgarði í heil sextán ár og sér nú um matreiðslu ofan í mannskapinn, auk þess að vera sérlegur markaðsstjóri og upplýsingafulltrúi.

Í Ásgarði eru framleiddir listmunir og leikföng, einkum úr tré en einnig beinum, hornum, málmi, steinum og öðru hráefni.

Á laugardaginn heldur Ásgarður sinn árlega jólamarkað í kvosinni, sem hefur verið vel sóttur undanfarin ár. Þar gefst gestum tækifæri til að skoða aðstæður, kaupa framleiðsluna og hlýða á KK leika ljúfa tóna í matsalnum á meðan þeir gæða sér á kaffi og með því.

Og í aðdraganda jólamarkaðarins er ætíð líf og fjör í Ásgarði. Þá þarf að smíða, pússa, púsla, líma og mála sem aldrei fyrr því salan rýkur jú upp úr öllu valdi. Gripirnir njóta enda sívaxandi vinsælda, bæði listmunirnir sem barnaleikföngin. Leikföngin eru framleidd af mikilli natni og þess gætt að börn geti ekki farið sér að voða við leikinn, þau eru vel slípuð og aldrei máluð nema með náttúrulegri málningu sem er algjörlega skaðlaus jafnvel þótt hún rati upp í munn.



**AÐALMAÐURINN** Óskar Albertsson hefur unnið í Ásgarði í sextán ár, eða frá upphafi, og hefur með sannfæringarkrafti sínum fengið marga listamenn til að troða upp á vinnustaðnum.

„Þetta flýgur út eins og elding. Það er engin kreppa hjá okkur,“ segir Óskar. Og Gísli Þór Tryggvason, verkstjóri á smíðaverkstæðinu í bröggunum skammt hjá, segir starfsmenn hafa verið hörkuduglega upp á síðkastið. „Það er búið að vera mikil stemning síðan um síðustu helgi þegar við vorum að selja í Kringlunni og það hefur verið rosalegur kraftur og dugnaður í þeim að framleiða fyrir markaðinn,“ segir Gísli.

Á smíðaverkstæðinu fá aðeins verkstjórar og útvaldir starfsmenn að vinna við stórvirkari vélarnar, en hinir sinna handavinnunni og því mikilvægasta af öllu: hugmyndavinnunni. Þannig er hver viðardrumbur grandskoðaður og starfsfólk kemur síðan með hugmyndir að því hvers konar grip má smíða úr honum.

Í listasmiðjunni svokölluðu eru svo starfsmenn sem kæra sig ekki um stöðugan vélagnýinn í trésmiðjunni og sinna þar léttara handverki.

Í Ásgarði starfa um 40 manns, nokkrir verkstjórar og stór hópur fólks með þroskahömlun sem ýmist vinnur allan daginn eða bara hálfan eftir getu og áhuga. Unnið er alla daga nema föstudaga, þegar starfsmenn funda saman á léttum nótum fram að hádegi. Verslunin á staðnum er jafnframt opin alla daga. Jólamarkaður laugardagsins hefst á hádegi á og stendur til fimm. KK treður upp klukkan tvö.

stigur@frettabladid.is



**JÓN GUNNAR OTTÓSSON** Forstjóri Náttúrufræðistofnunar hefur verið endurkjörinn formaður Bernarsamningsins.

Bernarsamningurinn 30 ára:

# Jón Gunnar endurkjörinn

Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, var einróma endurkjörinn sem formaður Bernarsamningsins á árlegum fundi aðildarríkja sambandsins í Bern nýlega.

Bernarsamningurinn, samningur um vernd villtra dýra og plantna og búsvæða þeirra í Evrópu, er þrjátíu ára. Fundurinn samþykkti sérstaka yfirlýsingu, The Bern Declaration, um framtíðaráherslur á sviði náttúruverndar í tengslum við ár Sameinuðu þjóðanna, 2010, um líffræðilega fjölbreytni.

Fundurinn í ár markaði tímamót þar sem aðildarríkin urðu fimmtíu með aðild Bosníu-Hersegóvínu, Svartfjallalandi og Georgíu. **- shá**

Alþjóðadagur fatlaðra:

# Blindum og sjónskertum veittur styrkur

Styrkur til blindra og sjónskertra nemenda til náms við Háskóla Íslands verður veittur í þriðja skiptið í dag, á alþjóðadegi fatlaðra.

Styrkurinn er veittur úr Þórsteinssjóði og afhendir Jón Torfi Jónasson, forseti menntavísindasviðs, styrkinn við hátíðlega athöfn á Háskólatorgi. Að þessu sinni er hálf milljón króna til úthlutunar sem Blindravinafélag Íslands lagði fram.

Þórsteinssjóður var stofnaður af Blindravinafélaginu í desember árið 2006. Sjóðurinn er hinn fyrsti sinnar tegundar hérlendis en tilkoma hans hefur aukið möguleika blindra og sjónskertra til háskólanáms. Sjóðurinn er til minningar um Þórstein Bjarnason, stofnanda Blindravinafélags Íslands. Auk þess að veita styrki til náms er sjóðnum ætlað að efla rannsóknir sem aukið geta þekkingu á blindu og skertri sýn. Sérstök áhersla er lögð á styrki til rannsókna í félags- og hugvísindum, sem falla að tilgangi sjóðsins. **- th**

Styrktartónleikar í Ármúla:

# Berst fyrir forræði barnanna

Tónleikar til styrktar Borghildi Guðmundsdóttur, sem berst fyrir forræði tveggja drengja sinna, sem nú eru hjá föður sínum í Bandaríkjunum, verða haldnir á Classic Rock-veitingastaðnum í Ármúla klukkan níu annað kvöld.

Mál Borghildar vakti þó nokkra athygli fjölmiðla síðastliðið sumar en þá kvað bandarískur dómstóll upp úrskurð sem skikkaði hana til að snúa til Bandaríkjanna með syni sína. Þar stendur hún nú í forræðismáli og er lögfræðikostnaður vegna þess kominn í 400 þúsund krónur.

Á meðal þeirra sem koma fram á tónleikunum eru: Dark Harvest, Chernobil, Fjandakornið og Storyteller, Morgan Kane og Gunni Bjarni og félagar. Þeim sem vilja veita Borghildi fjárhagslegan stuðning er einnig bent á bankareikninginn: 0323-26-004436 (kt. 290976-4219). **- th**

Þjóðhátíðarsjóður veitti 65 styrki fyrir samtals um 34 milljónir króna:

# Málvísindastofnun fær hæsta styrkinn

Málvísindastofnun Háskóla Íslands fékk hæsta styrkinn úr Þjóðhátíðarsjóði, en tilkynnt var um úthlutanir í Þjóðmenningarhúsinu í fyrradag.

Alls bárust Þjóðhátíðarsjóði 259 umsóknir um styrki að fjárhæð samtals 350 milljónir króna. Sjóðurinn veitti 65 styrki og nema þeir samtals 33,9 milljónum króna. Málvísindastofnun fær 1,5 milljónir króna til að safna málheimildum hjá fólki sem tók þátt í mállýskurannsókn Björns Guðfinnssonar á fimmta áratug síðustu aldar og til rannsóknar á íslensku nútímamáli á níunda áratug 20. aldar.

Sex verkefni fengu einnar milljónar króna styrk hvert. Víkin – Sjóminjasafnið í Reykjavík fékk styrk til að loka dráttar- og lóðsbátnum Magna til að koma í veg fyrir frekari skemmdir.

Ólafsdalsfélagið fékk styrk til að endurreisa Ólafsdal í Dölum, fyrsta búnaðarskóla landsins, sem starfaði frá 1880 til 1907.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fékk tvo einnar milljónar króna styrki. Annars vegar til að þróa áfram bragarháttaeiningu og lagaeiningu í Braga – óðfræðivef. Hins vegar til að skrá stafrænt um 250 af 1100 handritum í vörslu Árnastofnunar í Reykjavík.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur fékk milljón króna styrk til að skanna inn úrval af ljósmyndum atvinnuljósmyndarans Péturs Thomsen. Loks fékk Félag áhugamanna um Bátasafn Breiðafjarðar styrk til að lagfæra hús í eigu Reykhólahrepps og setja upp safn báta, verkfæra og annarra muna sem tilheyra bátasmíði sem og endursmíða gamlan bát sem verður til sýnis á safninu. **- th**




**ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ** Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs og styrkþegar.


Opið í útibúinu
í Kringlunni
til klukkan 21 í kvöld




Starfsfólk okkar í Þjónustuverinu verður einnig við símann til kl. 21 í kvöld. Síminn er 440 4000.

Komdu og kynntu þér úrræði vegna húsnæðis- og bílalána

Að undanförnu höfum við kynnt úrræði með það að markmiði að auðvelda viðskiptavinum að taka upplýstar ákvarðanir um fjármál heimilisins.

Má þar nefna höfuðstólslækkun og greiðslujöfnun fyrir einstaklinga á:
- verðtryggðum húsnæðislánum
- erlendum húsnæðislánum
- bílalánum og bílasamningum

Úrræðin henta viðskiptavinum misvel og við viljum hjálpa þér að vega og meta kosti þeirra og galla. Þess vegna bjóðum við viðskiptavinum að setjast niður með starfsfólki okkar í kvöld og fara ítarlega yfir þau úrræði sem eru í boði. Ekki verður opið hjá gjaldkerum.

**Allir viðskiptavinir Íslandsbanka velkomnir.**

Íslandsbanki

**FRÉTTASKÝRING:** Atvinnumál

# Forvarnir samfélagslega verðmætar

**Atvinnuleysi er alvarlegt mál og takast þarf á við það af sameiginlegum krafti sveitarfélaga og ríkis, segir Oddný Sturludóttir. Hefðbundnar framkvæmdir eru ekki endilega besta lausnin heldur geta forvarnaverkefni og frístundaátak skilað samfélaginu meiru.**

Níu prósent Reykvíkinga voru atvinnulaus í lok október, eða ríflega 6.300 manns. Rík þörf er á að bregðast við þessu mikla atvinnuleysi með aðgerðum og verkefnum sem stuðla að virkni atvinnulausra og vinna gegn neikvæðum afleiðingum atvinnuleysis, segir Oddný Sturludóttir formaður atvinnumálahópsins og borgarfulltrúi Samfylkingarinnar. „Þetta er risavaxið samfélagslegt verkefni sem aldrei næst árangur í nema við snúum bökum saman og hugum að fleiri og fjölbreyttari lausnum.“

### Viðhald betra en nýbyggingar

Í skýrslu atvinnumálahópsins, Leiðbeinandi viðmið um forgangsröðun í atvinnumálum, sem kynnt var í borgarstjórn í fyrradag, eru nýstárlegar tillögur að forgangsröðun fjármagns til að bregðast við atvinnuleysi í Reykjavík. Í henni kemur fram að þó að margt mæli með því að örva atvinnulífið með verklegum framkvæmdum sé viðhald mannvirkja í mörgum tilvikum betri kostur en nýbygging. Verklegar framkvæmdir séu nefnilega takmarkaðar að ýmsu leyti sem tæki til atvinnusköpunar. Þær kalli á kaup og notkun á innfluttum tækjum og hráefni en það fé leiði ekki til atvinnusköpunar. Þá skapi verklegar framkvæmdir störf fyrir karla frekar en konur.

Viðhald mannvirkja sé í mörgum tilvikum betri kostur en nýbygging, en dregið hefur úr fjármagni til viðhalds, bæði fasteigna og gatna, um nær helming á tveimur árum. Það telur Oddný vera áhyggjuefni.

„Borgarstjórn Reykjavíkur hefur markað skýra stefnu um að forgangsraða beri fjármagni til mannaflsfrekra verkefna. Þó hefur það ekki legið fyrir með skýrum hætti hver skilgreiningin er á mannaflsfreku verkefni. Nær væri að tala um framkvæmdir eða verkefni sem skapa flest störf fyrir hverja fjárfesta krónu. Skoða verður alla virðiskeðjuna með tilliti til atvinnuleysis og samsetningar hópsins sem atvinnulaus er. Bygging nýrra húsa leiðir til rekstrarkostnaðar síðar meir,“ segir Oddný, sem þó vill leggja áherslu á að þeir leik- og grunnskólar sem sé á stefnuskrá að byggja rísi sem fyrst. „Á tímum atvinnuleysis er nauðsynlegt að vega og meta hver virðisaukinn af framkvæmdum er áður en ráðist er í þær.“

### Samfélagsleg verðmæti forvarna

Með virðisauka er átt við samfélagslegan hag eða gróða af framkvæmdinni í framtíðinni. Oddný bendir á að auðveldara sé að setja upp reikningsdæmið þegar fjallað sé um húsbyggingar og vegi. Erfiðara geti verið að meta ýmiss konar óefnisleg verkefni sem tengist til dæmis forvörnum, menntun og virkni ungs fólks, frístundum og velferðarmálum. Slík verkefni geti skilað af sér miklum samfélagslegum verðmætum og komið í veg fyrir kostnað í framtíðinni.

„Það borgar sig að hugsa vel um ungu kynslóðina,“ segir Oddný, sem vel getur séð fyrir sér að umfangsmikið forvarnar- og frístundaátak meðal ungs fólks eigi að falla undir mannaflsfrek verkefni. Sama gildi um verkefni sem snúi að því að ná til ungs atvinnulauss fólks og auka virkni þess og menntun. „Þannig verkefni fælu í sér að ráða þyrfti fjölda fólks til að halda utan um verkið og þau væru gríðarlega góð fjárfesting í unga fólkinu okkar.“

Í skýrslunni er bent á að hagnýtur vandi fylgi arðsemisreikningum af þess háttar verkefnum, því aðferðir skorti til þess að mæla skýr orsakatengsl á milli fjárfestinga á þessum sviðum og framtíðartekjustreymis. Hins vegar er bent á að til að mynda í Finnlandi hafi samdráttur í opinberum rekstri samfélagið á endanum kostað meira en það hefði kostað að skapa atvinnu fyrir fleira fólk. Þar duttu nefnilega einstaklingar út af atvinnumarkaði og komust ekki inn á hann aftur, með tilheyrandi fjárhagslegum kostnaði.

### Ný störf henti konum sem körlum

Oddný bendir einnig á að huga þurfi að því að störfin sem skapist við verk á vegum borgarinnar þurfi að henta jafnt körlum sem konum. Karlar vinni flest störf í byggingariðnaði og þó að þar sé mikið atvinnuleysi núna sem þurfi að bregðast við verði líka að skapa störf sem nýtist konum. „Þróun atvinnuleysis er líka þannig að það bitnar fyrr á körlum en verður meira langvarandi hjá konum,“ segir Oddný.

Hún bindur vonir við að viðmiðin verði höfð til hliðsjónar í fjárlagagerð borgarinnar næsta ár. Enn fremur bindur hún miklar vonir við að borgin og ríkið taki saman höndum í baráttunni við atvinnuleysi. Sú samvinna gæti skilað miklum árangri. „Ég vil sjá borg og ríki móta sér samvinnuáætlun hið fyrsta, við berum öll í sameiningu ábyrgð á fólkinu okkar.“ Hún nefnir sem dæmi að borgin komi í auknum mæli að verkefni þar sem starfsmenn væru á atvinnuleysisbótum en borgin greiddi á milli samkvæmt launataxta. Einnig sé vænlegt að koma á fót starfsþjálfunarstörfum, sem nýttust til dæmis þeim sem væru nýbúnir í námi en kæmu að lokuðum dyrum í atvinnuástandinu núna. „Það þarf að halda ungu fólki virku og huga að menntun þess. Dæmin sanna að ef það er ekki gert ber samfélagið á endanum mikinn kostnað af.“



**ODDNÝ STURLUDÓTTIR** Huga þarf að því að atvinnuskapandi verk nýtist bæði konum og körlum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



FRÉTTASKÝRING
SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR
sigridur@frettabladid.is

## METUR ÁHRIF ATVINNULEYSIS

Atvinnumálahópur Reykjavíkurborgar fylgist með þróun og metur áhrif atvinnuleysis í Reykjavík og var skipaður í nóvember á síðasta ári í kjölfar alvarlegs efnahagsástands. Oddný Sturludóttir, borgarfulltrúi Samfylkingar, er formaður hópsins. Auk hennar skipa hópinn borgar- og varaborgarfulltrúarnir Sóley Tómasdóttir frá VG, Jórunn Ósk Frímannsdóttir Jensen Sjálfstæðisflokki, Rafn Einarsson fulltrúi Framsóknarflokks og Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir F-lista. Ellý A. Þorsteinsdóttir situr í hópnum fyrir hönd velferðarsviðs, Markús H. Guðmundsson fyrir hönd Hins Hússins (ÍTR) og Helga Björg Ragnarsdóttir sem stýrir sértækum atvinnuátaksverkefnum.

## VARANLEGT ATVINNULEYSI DÝRT

Tilfært er dæmi um kostnað við fjárhagsaðstoð vegna einstaklings sem missir fótanna og fer fram á fjárhagsaðstoð, 115 þúsund á mánuði, og fær framfærslu þangað til hann verður 67 ára. Núvirði kostnaðar borgarinnar við hann yrði tæpar 33 milljónir króna. Fórnarkostnaður borgarinnar af útsvari miðað við að maðurinn hefði að öðrum kosti verið með 250 þúsund krónur í mánaðarlaun er 4,7 milljónir. Mismunurinn hér er um 28 milljónir og þeirri fjárhæð verður borgin af. Eru þá ekki meðtalin þau neikvæðu áhrif sem líf án þátttöku í samfélaginu hafa á einstaklinginn.

## MEST ATVINNULEYSI Í BREIÐHOLTI*

- Níu prósent Reykvíkinga voru á atvinnuleysisskrá í októberlok, eða 6.374. Næst fjármálastarfsemi var byggingarstarfsemi sú atvinnugrein sem efnahagshrunið hafði mest áhrif á. Í ágústlok höfðu fimmtán prósent atvinnulausra í Reykjavík starfað síðast í byggingariðnaði.
- Atvinnuleysi hefur jafnan verið meira meðal kvenna en karla en nú eru fleiri karlar en konur án atvinnu. Reynslan hefur sýnt að hraðar dregur úr atvinnuleysi karla en kvenna. Reikna má með að sama mynstur verði nú uppi, að atvinnuleysi réni hægar meðal kvenna en meðal karla.
- Þótt höfuðborgarsvæðið sé einn vinnumarkaður er atvinnuleysi mjög misjafnt innan þess, bæði er varðar mismun milli sveitarfélaga og hverfa innan Reykjavíkur. Atvinnuleysi í október er hvað hæst í Reykjavík, um níu prósent, lítlu minna í Hafnarfirði þar sem það er tæp níu prósent og Kópavogi, þar sem það er átta prósent. Atvinnuleysi er lægra í Mosfellsbæ, eða 7,5 prósent, 6,5 prósent í Garðabæ og allra lægst á Seltjarnarnesi, tæplega fimm prósent.



- Innan Reykjavíkur er einnig töluverður munur eftir hverfum, hér miðað við póstnúmer. Atvinnuleysi er mest í póstnúmerum 111 og 116, tæplega 11,5 prósent, en minnst í póstnúmeri 103, 6,3 prósent, og 107 og 108 þar sem það er um átta prósent.



- Töluvert skortir á upplýsingar um félagsleg einkenni hverfanna og því er erfitt að greina til hlítar hvað veldur þessum mun sem í ljós kemur á atvinnuleysi eftir sveitarfélögum og hverfum. Líklegasta skýringin er einfaldlega sú að menntun og færni sé ekki jafn dreift milli hverfa.
- Fyrir liggja upplýsingar um fjölda atvinnulausra eftir hverfum og ríkisfangi. Þær tölur sýna að 22,5 prósent atvinnulausra í 101 og 105 eru með erlent ríkisfang og tæplega tuttugu prósent í 111, en til dæmis aðeins um ellefu prósent í 109 þar sem atvinnuleysi er svipað og í póstnúmeri 105.
- Aldurshópar standa misvel á vinnumarkaði og kemur það alla jafna vel fram þegar atvinnuleysi er mikið. Atvinnuleysi er yfirleitt mest meðal þeirra hópa sem hafa minnsta menntun og minnsta starfsreynslu. Atvinnuleysi er af þessum sökum jafnan mikið meðal ungs fólks. Atvinnuleysi er miklu meira meðal yngra fólks en eldra. Á öðrum ársfjórðungi 2009 var atvinnuleysi ungs fólks í hámarki og var þá 22,5 prósent á höfuðborgarsvæðinu, en lækkaði á þriðja ársfjórðungi niður í 12,9 prósent. Meðal ungra karla er atvinnuleysið meira en meðal kvenna, var 27,4 prósent á öðrum fjórðungi samanborið við 17,1 prósent meðal kvenna.

**Upplýsingar: Leiðbeinandi viðmið um forgangsröðun í atvinnumálum.*




**Söng- og dansflokkur kósakka “Derzhava”**

Sendiráð Rússlands á Íslandi og rússneskur menningarsjóður „Oka“ kynna kósakka söng- og dansflokkinn “Derzhava “ (“Stórveldi”) frá borginni Voronezh í Rússlandi sem mun halda tónleika laugardaginn, 5. desember n.k., kl. 17 í Salnum í Kópavogi.

Á dagskrá eru þekkt rússnesk þjóðlög ásamt hefðbundnum kvæðum Dónárkósakka sem einkennast af sérstökum ljóðrænum stíl. Í flutningi kvæðanna er lögð mikil áhersla á að undirstrika skapgerð og vaskleika þessarar þekktu hermannastéttar Rússlands. Áhorfendur fá þar að auki að sjá sérstæða danslist kósakka þar sem sverðum og svipum verður brugðið á loft.

Hópurinn hefur haldið fjöldamarga tónleika jafnt í heimalandinu sem um heim allan, þar á meðal í Evrópu, Bandaríkjunum og Suður Ameríku, og notið mikilla vinsælda meðal áhorfenda. Í hópnum eru fjórir karlmenn og þrjár konur. Stjórnandi flokksins er Sergey Zolotarev.

Gestum gefst einnig kostur á að skoða sýningu með ljósmyndum úr náttúru Norður-Rússlands sem verður sett upp í andyrri Salsins.

***Aðgangur ókeypis meðan húsrúm leyfir.***

# POTTÞÉTTAR ÆVISÖGUR




Það liggur í loftinu er í senn ævisaga hjónanna Birnu Óladóttur frá Grímsey og Dagbjarts Einarssonar frá Grindavík og að hluta saga byggðarlaganna sem fóstraði þau. Höfundurinn, Jónas Jónasson, vefur þessa tvo þræði saman af snilld. ... Það er augljóst að Jónas Jónasson hefur fengið hjónin til að segja nánast allt um líf sitt og ástir.

*– Reynir Traustason, DV*




Flosi Ólafsson var einn ástsælasti leikari þjóðarinnar í áratugi en var jafnframt afkastamikill rithöfundur og þýðandi. Hann var leiftrandi húmoristi og er þessi bók skýr vottur um það. Hér fer Flosi á kostum um æsku sína í miðbæ Reykjavíkur, ýmis dægurmál, baráttuna við skriffinnskubáknið o.fl.

**Frábærlega skemmtileg bók!**




Bókin er frábær.

*– Bragi Kristjónsson, bóksali*

Epískt þrekvirki og grenjandi húmor.

*– Tolli, myndlistarmaður*

Þegar inn í fléttast svo kostulegar frásagnir af skemmtanalífi og uppátækjum þessa mislita söfnuðar getur útkoman ekki orðið önnur en bráðskemmtileg lesning og um leið fróðleg heimild um hugsunarhátt og lífsstíl ungra róttæklinga á sjöunda áratug síðustu aldar.

*– Sveinn Guðjónsson, tónlistarmaður*




**ÓTRÚLEGT LÍFSHLAUP ÍSLENSKS SÍBROTAMANNS**

Bók sem hlýtur að vekja áhuga allra.

*– Einar Már Guðmundsson, rithöfundur*

Einstæð frásögn úr afkimum samfélagsins.

*– Sigurður G. Tómasson, útvarpsmaður*

**SKRUDDA**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
259
KR.KG
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
598
KR.KG
HOLTA FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
398
KR.PK
GRÍMS POKKFISKUR 400G
FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT.
1698
KR.KG
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
539
KR.KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
1598
KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
998
KR.PK
BÓNUS KONFEKT 700 GR
498
KR.KG
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
2998
KR.KG
FROSNAR ÞÝSKAR UNGNAUTALUNDIR
159
KR.STK
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500G 159 KR
198
KR.PK
DIRAFROST HINDBER 450G
Robin
jólaklementínunnar
2,3 kg
KASSINN KOMINN AFTUR
98
KR.PK
BÓNUS FLATKÖKUR 5 STK
198
KR.PK
BÓNUS NÝBAKAÐ KJALLARABOLLUR
m/osti 4 stk
129
KR.PK
BÓNUS SÓL OG RÚGKJARNABRAUÐ 7 sneiðar
298
KR.PK
BÓNUS PIPARKÖKUR
500G
295
KR.PK
COCOA PUFF 335G
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓN

KOFAREYKT FRÁ KJARNAFÆÐI
ER VINSÆLASTA REYKTA KJÖTIÐ
Í VERSLUNUM BÓNUS

1598 KR.KG
K.F KOFAREYKT HANGILÆRI M.BEINI

1498 KR.KG
K.F LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR

40% AFSLÁTTUR
K.F SALTAÐ FOLALD
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 776 KR.KG.
466 kr.kg.

40% AFSLÁTTUR
K.F KOFAREYKT FOLALD M,BEINI
MERKT VERÐ 776 KR.KG. 40% AFSLÁTTUR
466 kr.kg.

Icelandpet
10% AFSLÁTTUR
ICELAND PET
GÆLUDÝRAFÓÐUR
10% AFSLÁTTUR
FIMMTUD-SUNNUD. AF ÖLLUM TEGUNDUM

198 KR.FL
CLEAN AND FRESH MÝKIR 2 LTR.

159 KR. 2 LTR
BÓNUS APPELSÍN 2 LTR.

159 KR.FL
CLEAN AND FRESH UPPÞVOTTALÖGUR *625ml*

BÓNUS GJAFAKORT

RAFRÆNA BÓNUS
GJAFAKORTIÐ
ER GÓÐ JÓLAGJÖF
Þú kaupir inneign
að eigin vali
Fæst í skrifstofu Bónus í Skútuvogi 12 sími: 588 8699

VINSÆLASTA
JÓLAGJÖFIN
Í BÓNUS

SÉRVALDAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
GULLAUGA OG RAUÐAR
139 KR.KG

259 KR.PK
RIVO KAFFI 400G

98 KR.DS
EGILS MALT Í DÓS 33 CL

Coke kippur 6 fl. x 2 ltr.
Venjulegt-Light-Zero og
4dósir Víking jólaöl í kaupbæti.
Verðmæti kaupauka ca 460 kr.
SAMTALS: 14 LTR.

BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

### Verð á haframjöli

Síðustu 20 ár hefur kílóverð á haframjöli tvöfaldast samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** REYNIR JÓNSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI STRÆTÓ

## *Græddi að lokum á ónýtri íbúð*

„Eitt atvik situr alltaf í mér sem ég tel að sé bæði bestu og verstu kaupin sem ég hef gert,“ segir Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó. „Þetta tengist fyrstu íbúðinni sem ég keypti mér þegar ég var ungur maður. Þegar ég fékk íbúðina afhenta virkaði ekki neitt í henni sem virka átti. Rafmagnið var allt í lamasessi og þegar ég komst loksins inn í íbúðina vall skólpið upp úr niðurfallinu í þvottahúsinu. Það kom í ljós að frárennslislögnin undir íbúðinni var í sundur og það þurfti að byrja á því að brjóta upp allt gólfið í íbúðinni, moka upp drullunni og skipta um allar lagnir.“



Að þessu loknu var íbúðin í rúst, segir Reynir, og án allra innréttinga og gólfefna. Þá vildi svo heppilega til að hann sá auglýst nauðungaruppboð á eignum trésmiðju, sem meðal annars hafði höndlað með innréttingar. Hann keypti því heilan fjörutíu feta gám af innréttingarefni á 75 þúsund krónur. Í honum var nóg af innréttingum fyrir heimilið, auk þess sem hann gat selt afganginn og komið út í plús. „Og það voru í raun mín bestu kaup,“ segir Reynir.

Þar fyrir utan fékk hann uppsetninguna á innréttingunum ókeypis gegn því að leyfa manni að hafa tímabundin afnot af íbúðinni og gat svo selt íbúðina nokkru síðar og hagnast ágætlega á því. „Þetta er í raun klassískt dæmi um að neyðin kennir naktri konu að spinna,“ segir Reynir.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### SYKURMOLI MEÐ SILFRINU

■ *Henry Alexander Henrysson heimspekingur leggur sykurmola hjá silfurborðbúnaðinum*



„Ég luma á einu góðu húsráði, að setja sykurmola ofan í skúffu hjá silfurborðbúnaðinum. Sykurmolinn kemur í veg fyrir að það falli á silfrið,“ segir Henry Alexander Henrysson heimspekingur sem er feginn því að þurfa ekki að verja löngum stundum við það að pússa silfurskeiðarnar. „Ráðið virkar hins vegar ekki fyrir verðlaunabikara og minnismerki úr silfri sem eru uppi við, sykurinn og silfrið þurfa að vera saman í lokaðri hirslu til að molinn virki sem vörn gegn áfalli á silfur.“

■ **Sparnaður fyrir heimilin**

### Umhverfisvænt samstarf

Samkeppnisaðilar í sölu á taubleyjum munu taka höndum saman og kynna fyrir foreldrum umhverfisvæna og hagkvæma leið í bleyjuinnkaupum á réttnefndum taubleyjumarkaði í húsakynnum Manns lifandi í Borgartúni á laugardag.

Á einum stað verður hægt að kynna sér landsins mesta úrval af taubleium, kaupa þær og fá leiðbeiningar um notkun.

Markaðurinn hefst klukkan 11 og lýkur honum klukkan 16.

■ **Uppboð í Góða hirðinum**

### Áritaðar bækur eftir Laxness

Tónlistarmaðurinn KK verður uppboðshaldari hjá Góða hirðinum í Fellsmúla í Reykjavík á morgun klukkan 16.30. Allur ágóði af uppboðinu rennur óskiptur til góðgerðamála.

Á meðal þess sem boðið verður upp er upptrekt járnbrautarlest sem talin er frá fjórða eða sjötta áratugnum, bækurnar Atómstöðin og Paradísarheimt eftir Halldór Laxness og Jón Arason á dönsku eftir Gunnar Gunnarsson. Allar bækurnar eru með áritun höfundanna.

Þá verða jafnframt boðnar upp bækurnar Mannssonurinn með eiginhandaráritun höfundar, Eintak, Album eftir Wilhelm Busch árituð af Jóni Leifs tónskáldi með kveðju, vatnslitamynd eftir Ragnar Lár frá 1965 og fallandi lauf frá Bing og Gröndal.



# Heimilisbókhaldið gert skemmtilegt og fræðandi

**Heimilisfjármálavefurinn meniga.is er einfaldur í notkun og gagnlegur að sögn Georgs Lúðvíkssonar, sem segir notendur geta sparað tugþúsundir árlega.**



**MATUR ER MANNSINS MEGIN** Hægt er að spara í innkaupum með því að kaupa sambærilega vöru í ódýrari verslun.

„Við munum hjálpa fólki að spara tugi þúsunda á ári, sem eru góðar fréttir þegar álögur eru að hækka og kaupmáttur minnkar,“ segir Georg Lúðvíksson, framkvæmdastjóri Meniga, heimilisfjármálavefjar sem nýverið fór í loftið. Vefurinn er ólíkur heimilisbókhaldsforritum sem margir þekkja að því leytinu til að notendur þurfa ekki að slá inn tölur um neyslu heldur sækir vefurinn allar færslur af greiðslukortum og bankareikningum og setur sjálfkrafa upp fjárhagsáætlun byggða á útgjöldum síðustu mánaða. Notendur geta þannig með einföldum hætti fylgst með útgjöldum, tekjum og stöðu heimilisfjármála, og eru þau sett upp á myndrænan hátt.



**GEORG LÚÐVÍKSSON**

Neyslumynstur notandans er einnig greint og forritið bendir notanda þannig á hagstæð tilboð í þeim verslunum sem viðkomandi verslar í og bendir enn fremur á hvar hægt sé að gera hagstæðari kaup á sömu vöru. Georg segir að með því að nýta sér ráð vefsins geti notendur sparað mikið fé árlega, jafnvel tugi þúsunda.

Meniga leggur áherslu á að öryggi og persónuverndar notenda sé gætt í hvívetna og ekki sé hægt að rekja upplýsingar frá vefnum til notanda.

Vefurinn er hugarsmíð Georgs, sem kynnst hefur sambærilegum vefjum í Bandaríkjunum og er reyndar sjálfur mjög duglegur að færa heimilisbókhald og getur að eigin sögn gert grein fyrir hverri einustu krónu sem hann hefur eytt undanfarin tíu ár. Georg hefur unnið hjá ýmsum sprotafyrirtækjum, var til dæmis einn af stofnendum hlutabréfavefsins Updown. Ásamt honum eiga þeir Viggó Ásgeirsson og Ásgeir Örn Ásgeirsson fyrirtækið en þeir unnu báðir hjá Landsbankanum.

Eigendurnir eru farnir að huga að því að fá utanaðkomandi fjármagn til rekstursins, auk þess sem auglýsingar verða seldar inn á vefinn í framtíðinni. Þess verður þó gætt að skilja þær að frá ráðleggingum um bestu kaup og tilboð.

Meniga er í samstarfi við Íslandsbanka um þróun vefsins og fyrst um sinn er hann eingöngu fyrir viðskiptavini bankans. Stefnt er að því að viðskiptavinir annarra banka geti nýtt sér hann í náinni framtíð.

Markið er sett hátt með vefinn en ætlunin er að markaðssetja hann í Evrópu og er þá einkum horft til Norðurlandanna og þýskumælandi landa. **sigridur@frettabladid.is**

## LÆRDÓMSRÍKUR SAMANBURÐUR

Meniga býður notendum upp á fjölmarga skemmtilega möguleika til að bera saman neyslu sína og annarra. Notandi getur borið saman sinn kostnað af bílatryggingum og kostnað meðalmannsins. Hann getur líka borið saman sína neyslu við neyslu annarra í hverfinu sem eru með sambærilegar tekjur og jafn mörg börn. Samanburðurinn getur að sögn Georgs auðveldað raunhæf markmið í eyðslu og til dæmis hvatt notanda til þess að leita eftir hagstæðari samningum við tryggingafyrirtæki ef samanburðartölur eru óhagstæðar.

Auk þess að geta skoðað neyslu heimilisins á meniga.is geta notendur lesið ýmsan fróðleik og sparnaðarráð. Dæmi um vinsæl sparnaðarráð á síðunni núna eru:

- Vendu þig á að drekka vatn yfir daginn í stað gosdrykkja, kaffis og vatns. Það er hollara og ódýrara.
- Bíddu í viku ef þig langar til að kaupa eitthvað dýrt. Líklegra en ekki er að löngunin sé horfin viku síðar.
- Flestir nota of mikið þvottaefni, í flestum tilfellum dugar ein skeið.



**GRAFÍSK FRAMSETNING** Margir hefðu ugglaust gaman af því að sjá útgjöld sín sett fram í skífuriti.





Desember í Múrbúðinni
MÚRBÚÐARVERÐ
Borvél með 132 fylgihlutum
2.495kr.
Verkfærasett 33 stk.
1.495kr.
Jólatré með ljósum 47cm
2.495kr.
Skrúfvél 3,6 v
4.900kr.
Kuldagalli grár
9.900kr.
Jólastjarna með ljósi 60 cm
1.995kr.
Skrall skrúfjárn með bitum og toppum 60 stk.
3.900kr.
Snjóþota með bakstuðning og belti
3.495kr.
Bor-/skrúfvél 2 rafhl. 2Ah,18v
9.900kr.
Gæludýrabúr
2.995kr.
Tvö stækkunargler
245kr.
Snjóþota með bremsum
2.295kr.
Tangasett
295kr.
Halogen veggljós
2.995kr.
Alvöru bílþvottakústur
3.495kr.
Listmálarasett
1.695kr.
Barna verkfærasett
4.995kr.
1200W stein- og flísasög
3.900kr.
Skólasett
1.395kr.
Topplyklasett 33 hlutir
4.900kr.
Black&Decker handryksuga
4.900kr.
Slípirokkur 230mm 2200W
4.900kr.
Bílasett
9.900kr.
Útilegusett úr stáli
4.900kr.
Vasaljós
245kr.
Topplyklasett 3/8' 36 stk.
7.900kr.
Digital MP3 spilari með útvarpi
7.900kr.
Sjónauki 10x50
3.495kr.
Bílskúrshurðaopnari með tvem fjarstýringum
18.900kr.
Aðventuljós
895kr.
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Reykjavík Kletthäls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16
Suðurnes Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Húsavík Garðarsbraut 50.
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Staða kvenna í ofbeldissamböndum frá löndum utan EES er algerlega óviðunandi.

## Konur í fjötrum ofbeldismanna

**STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR**

Undanfarin ár hefur erlendum konum sem leita í Kvennaathvarfið fjölgað verulega. Þær voru til dæmis helmingur þeirra kvenna sem í athvarfið leituðu á síðasta ári.

Í gær var kynnt rannsókn sem unnin hefur verið í athvarfinu á aðstæðum þeirra erlendu kvenna sem þangað komu á liðlega hálfu öðru ári frá hausti 2007 og fram á mitt ár 2009. Rannsóknin er unnin af Hildi Guðmundsdóttur mannfræðingi og vaktstýru í Kvennaathvarfinu.

Meirihluti þeirra erlendu kvenna sem í athvarfið leita er frá löndum utan EES-svæðisins en aðstæður þeirra eru mun verri en hinna sem koma frá löndum sem eru í EES. Aðstæðumunurinn felst einkum í því að konurnar frá EES-löndunum fá dvalar- og atvinnuleyfi svo framarlega sem þær hafa vinnu meðan dvalarleyfi kvenna sem koma frá löndum utan EES-svæðisins er tengt maka þeirra fyrstu fjögur árin sem þær eiga hér heima. Þetta þýðir að við sambúðarslit missa þær dvalarleyfi sitt og eiga þá sjaldnast annarra úrkosta völ en að snúa aftur til fyrri heimkynna, oft í aðstæður sem þær áður höfðu kosið að yfirgefa. Þetta þýðir að í mörgum tilvikum fara þessar konur aftur í óbreyttar aðstæður í sambúð við ofbeldismann.

Allar birtingarmyndir kynbundins ofbeldis eru þungbærar þeim sem fyrir því verður. Heimilisofbeldi er ein birtingarmynd þess og er iðulega samspil andlegs og líkamlegs ofbeldis sem gerir það að verkum að konur geta átt í erfiðleikum með að losa sig út úr samböndunum þrátt fyrir að eiga í umhverfi sínu sterkt net fjölskyldu og vina.

Að búa við heimilisofbeldi og ótryggar aðstæður að öðru leyti, svo sem óvissu um framtíð á Íslandi, óvissu um réttindi, tungumálaörðugleika og án fjárhagslegs sjálfstæðis, eins og fram kemur í skýrslunni að getur verið hlutskipti þessara kvenna, er þungbærara en orð fá lýst.

Fram kemur í skýrslunni að um helmingur þeirra kvenna sem koma frá löndum utan EES og leita í Kvennaathvarfið er að flýja aðstæður í sambúð með íslenskum mönnum. Meira að segja er dæmi um að tvær konur af erlendum uppruna hafi leitað í Kvennaathvarfið vegna sama mannsins.

Sumarið 2008 var bætt við ákvæði í útlendingalögum sem á að taka til aðstæðna kvenna í ofbeldissamböndum. Ákvæðið opnar fyrir þann möguleika að erlend kona geti fengið áframhaldandi dvalarleyfi ef sambúð er slitið vegna misnotkunar eða ofbeldis.

Hildur bendir í skýrslu sinni á að erfitt hefur reynst að nýta ákvæðið, meðal annars vegna þess að sönnunarbyrði getur reynst erfið í heimilisofbeldismálum enda er konunum sem fyrir ofbeldinu verða ekki alltaf kunnugt um að þær geti kallað til lögreglu og/eða fengið áverkavottorð.

Hildur Guðmundsdóttir hefur í skýrslu sinni safnað afar mikilvægum upplýsingum um hóp kvenna sem eru lítt sýnilegar í samfélaginu. Þessar upplýsingar verður að nýta til þess bæta úr aðstæðum þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
HUMARSÚPA
KLAUSTURSBLEIKJA
SKELFLÉTTUR HUMAR
LÚÐUFLÖK
XL JÓLAHUMAR
LAXAFLÖK
TILBOÐ Í VEITINGASAL
Súpa fiskur og kaffi 990
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Hvar er Ömmi?**
Icesave-umræðan hélt áfram á þingi í gær. Margir hafa komið oft í pontu og tjáð sig lengi. Þó ekki allir. Lætur nærri að þetta sé fyrsta málþófið sem Vinstri grænir taka ekki þátt í frá stofnun flokksins fyrir áratug. Fjarvera eins þingmanns VG vekur þó meiri athygli en annarra, það er Ögmundar Jónassonar. Ögmundur var einn helsti hvatamaður þess að Icesave-málinu var vísað aftur til þings og lagði til þess ráðherrastól sinn að veði. Samt hefur hann varla sagt aukatekið orð um málið. Hverju sætir?



**Og engar frímínútur?**
Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, var í banastuði á Alþingi í gær. Þór notaði öll tækifæri til að kvarta. Ein athugasemdin var á þá leið að dagskrá þingsins vantaði. Líkti Þór þessu við að senda barn í skóla án stundaskrár. Þingmaðurinn má að minnsta kosti eiga það að hann gengst við hegðun sinni.

**Getum tafið áfram**
Það má líka segja Þór það til hróss að meðan aðrir þingmenn sem hafa þæft Icesave-málið í skjóli þess að málið þyrfti að „ræða í þaula“ og krefðist „vandlegrar þingmeðferðar“, kemur hann sér beint að efninu, samanber blogg hans í gær: „Við á þinginu getum tafið þetta mál eitthvað áfram en það þarf að heyrast hærra í almennum borgurum þessa lands…“ Svona hreinskilni er hressandi. Að vísu bauð Þór Saari sig fram undir þeim formerkjum að hann vildi ný og betri vinnubrögð á þingi. En þá var hann að vísu í Borgarahreyfingunni. Nú er hann í Hreyfingunni.



bergsteinn@frettabladid.is

## Mannréttindaráðuneytið

Ísland nýtur ekki mikils álits í öðrum löndum eins og sakir standa. Það er skiljanlegt í ljósi þess, að útlendingar hafa tapað um fimmfaldri landsframleiðslu Íslands á viðskiptum sínum við gömlu bankana. Meðvirkni stjórnvalda með bönkunum fram að hruni fór ekki fram hjá fórnarlömbunum. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis hlýtur að gera rækilega grein fyrir þeim þætti málsins, þegar hún verður loksins birt, þar á meðal fyrirgreiðslu bankanna við stjórnmálamenn og embættismenn.

Fjártjón sitt af viðskiptum við bankana fá herskarar skaðbrenndra útlendinga aldrei bætt nema að litlu leyti og heimamenn ekki heldur. Þeim mun brýnna er, að stjórnvöld komi vel og virðulega fram innan lands og utan, sýni viðeigandi auðmýkt, biðjist afsökunar og heiti því að svipta hulunni af orsökum hrunsins og draga ekkert undan, hversu þungbær sem sannleikurinn kann að reynast.



**ÞORVALDUR GYLFASON**
**Í DAG** | Tvö skyld mál

**Með hangandi hendi**
Ekkert af þessu hefur ríkisstjórnin þó gert nema með hangandi hendi. Fyrir fáeinum dögum bauð ríkissaksóknari Noregs Íslendingum hjálp. Boðið sýnir, að rösku ári eftir hrun hafði ríkisstjórnin ekki enn óskað eftir slíkri aðstoð. Ekki bað stjórnin heldur um aðstoð Evu Joly rannsóknardómara að fyrra bragði. Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari neitar að víkja úr starfi gegn tilmælum Jolys vegna vanhæfis. Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri hirti ekki um að spyrja Jón Gerald Sullenberger, eða hvað hann nú annars heitir sá ágæti maður, um 30 milljarðana frá Venesúelu, sem Jón segist í viðtali við DV hafa reynt að leggja inn í Landsbankann 2006 án þess að vita deili á eiganda fjárins, og situr enn í embætti í boði Samfylkingarinnar og Vinstri grænna. Í þessu ljósi þarf að skoða andstöðu ríkisstjórnarinnar við að fela óháðum erlendum mönnum rannsókn hrunsins.

**Breytum bara nafninu!**
Ekki er landinu heldur til vegsauka, að ríkisstjórnin hefur orðið uppvís að mannréttindabrotum og hefur þó ekkert gert enn til að bæta fyrir brotin. Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna birti álit sitt á fiskveiðistjórnarkerfinu í desember 2007 og veitti stjórnvöldum 180 daga frest til að gera nefndinni grein fyrir, hvernig þau hygðust nema mannréttindabrotaþáttinn burt úr fiskveiðistjórninni og bæta skaðann sjómönnunum tveim, sem höfðuðu málið, þeim Erlingi Sveini Haraldssyni og Erni Snævari Sveinssyni. Álitið er efnislega samhljóða dómi Hæstaréttar í máli Valdimars Jóhannessonar gegn ríkinu 1998, en rétturinn sneri við blaðinu í Vatneyrarmálinu 2000 undir þrýstingi af hálfu ríkisstjórnarinnar. Álit mannréttindanefndarinnar er bindandi og endanlegt í þeim skilningi, að því verður ekki áfrýjað. Í nefndinni sitja margir helztu mannréttindasérfræðingar heims.

Í svari sínu til nefndarinnar í júní 2008 lýsti ríkisstjórnin þeirri skoðun, að ógerlegt kunni að vera að búa til fiskveiðistjórnkerfi, sem tryggi, að allir séu jafnir fyrir lögum. Þetta er auðvitað helber fásinna. Hvers vegna í dauðanum skyldu fiskveiðar útheimta mannréttindabrot? Nú er beðið andsvars frá nefndinni. Fara má nærri um, hvert það verður, enda bauð ríkisstjórnin ekki upp á annað í svari sínu en upphituð eldri rök, gamlar lummur, sem nefndin hafði þegar fjallað um og hafnað. Ef nefndin situr föst við sinn keip, svo sem vænta má, mun ríkisstjórnin ekki eiga annarra kosta völ en að breyta fiskveiðilöggjöfinni án frekari tafar og greiða sjómönnunum skaðabætur. Það vekur athygli, einnig erlendis, að ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna hefur ekki lýst neinum áhyggjum af mannréttindabrotunum eða ranglætinu, sem sjómennirnir tveir voru beittir líkt og margir aðrir. Þeim mun háðulegri er breytingin um daginn á nafni dómsmálaráðuneytisins í dóms- mála- og mannréttindaráðuneyti.

**Skyld mál**
Þessi tvö mál tengjast. Kvótakerfið lagði grunninn að misheppnaðri einkavæðingu bankanna og hruni þeirra. Miklar skuldir útvegsfyrirtækjanna, sem þau stofnuðu til með því að veðsetja sameign þjóðarinnar, geta sligað sjávarútveginn og nýju bankana. Sinnuleysi ríkisstjórnarinnar við að bæta fyrir mannréttindabrotin í fiskveiðistjórninni með lagabreytingum og skaðabótum og tilfinnanlegur skortur á frumkvæði við uppgjör hrunsins eru angar á sama meiði. Engan þarf að undra, að aðeins þrettán prósent viðmælenda Capacents sögðust í marz 2009 bera mikið traust til Alþingis. Varla hefur traust þjóðarinnar til þingsins aukizt frá þeim tíma miðað við ástandið þar.

## Frá ríki til sveitarfélaga

**UMRÆÐAN**
Guðrún Erla Geirsdóttir (Gerla) skrifar um atvinnuleysi



**GUÐRÚN ERLA GEIRSDÓTTIR**

Ungt fólk sem aðeins hefur lokið grunnskólaprófi er stór hluti þeirra sem glíma við atvinnuleysi í dag. Könnun leiddi í ljós að mörg þeirra hafa ekkert við að vera, snúa við sólarhringnum og skortir sjálfstraust. Reynsla Finna af kreppu sýnir að hluti þeirra ungmenna sem ekki ná í fasta vinnu, þegar eðlilegt er að hefja atvinnuþáttöku, ber þess aldrei bætur. Við þurfum sértækar aðgerðir fyrir ungt fólk.

Sveitarfélög eru betur til þess fallin en ríkið að upphugsa úrræði sem taka mið af aðstæðum á hverjum stað. Í Reykjavík er hægt að bjóða persónulega þjónustu fyrir atvinnulausa á þjónustumiðstöðvum hverfanna og enginn vandi að hafa þar upplýsingar um störf í boði á landinu öllu og sveitarfélög geta haft samvinnu sín á milli, hvenær sem það hentar. Ekki er liðinn nema áratugur síðan Páll Pétursson félagsmálaráðherra Framsóknar, í boði Davíðs, stækkaði báknið með því að færa málefni atvinnulausra frá sveitarfélögum til ríkis. Lagabreytingin var réttlætt með því að þá yrði allt landið að einu atvinnusvæði og því hægt að úthluta mönnum vinnu hvar sem er á landinu. Almenn andstaða var við hugmyndina, enda bjóða þvingaðir „hreppaflutningar“ upp á að fjölskyldur sundrist, þegar feður eða mæður verða að sækja vinnu víðs fjarri heimili eða að öðrum kosti missa atvinnuleysisbætur. Í Reykjavík var á sínum tíma mikið og gott starf unnið með atvinnulausum ungmennum á vegum ÍTR. Námsflokkarnir buðu einnig úrræði fyrir atvinnulausar eldri konur, sem nefndist Gangskör. Þar var lögð áhersla á tölvukennslu og annað sem tengdist nútíma atvinnulífi og í framhaldinu var mörgum boðin starfsþjálfun hjá stofnunum borgarinnar. Oft gerði þetta gæfumuninn því starfsþjálfun eftir langt atvinnuleysi jók sjálfstraust. Í dag er unnið að því að færa málefni aldraðra og fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga því nærsamfélagið er talið betur í stakk búið til að sinna þörfum einstaklinga. Þetta á einnig við um málefni atvinnulausra, sérstaklega unglinga.

Því skora ég á flokksbróður minn, félagsmálaráðherra, að láta gera úttekt á kostum og göllum þess að sveitarfélögin taki aftur við málefnum atvinnulausra.

*Höfundur er kennari og fyrrverandi varaformaður atvinnu- og ferðamálanefndar Reykjavíkur.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



HOUSE
2
C.S.I.
MIAMI
4
30
ROCK
6
NURSE
JACKIE
8
LIPSTICK
JUNGLE
10
KITCHEN
NIGHTMARES
12
UNITED
STATES
OF TARA
14
LOST IN
TRANS-
LATION
16
THE
AVIATOR
18
FINDING
NEVERLAND
20
LOVE
ACTUALLY
22
TOP GEAR
24
Verður þú áskrifandi númer 20 þúsund?
SkjárEinn þakkar frábærar móttökur
Aðeins 2.200 krónur á mánuði
Áskrifandi númer 20 þúsund hlýtur vegleg verðlaun fyrir jólin:
• Ársáskrift að SkjáEinum
• 30.000 krónu matarkarfa frá Nóatúni
• 20.000 króna flugeldapakki frá Flugbjörgunarsveitunum
• Myndataka fyrir alla fjölskylduna hjá Gamanmyndum
• Jólatré frá Blómavali
• Risa-gjafakarfa frá Te og Kaffi
• Konfekt og góðgæti fyrir jólin frá Ölgerðinni
Pantaðu áskrift að SkjáEinum
• Á vefsíðunni www.skjarinn.is
• Í síma 800 7000 eða 1414
• Í verslunum Símans eða Vodafone
SKJÁREINN
Næstum því ókeypis
FLUGBJÖRGUNARSVEITIN REYKJAVÍK
Quality Street
blómaval
NÓATÚN

# FRÁBÆR




**22 Philips 220X1SW Ambilight**
22" LCD breiðskjár með Ambilight baklýsingu, 1680 x 1050p upplausn, 30000:1 í dýnamískri skerpu, 16.7 milljónir lita, 2ms viðbragðstíma, USB, D-Sub, DVI-D ofl.

**54.990**




**Acer Aspire One D250-1151**
1.6GHz Intel Atom N270 örgjörvi • 1GB DDR2 minni • 160GB SATA harðdiskur • 10,1" TFT WXGA skjár • Intel GMA950 PCI skjástýring • Mjög vönduð snertinæm músarstýring með skruni • Vefmyndavél • Li-ion rafhlaða • Microsoft Windows XP Home

**59.990**




**23 Philips 231E1SB**
23" TFT active matrix LCD breiðskjár með 1920x1080 dpi, 25000:1 í dýnamískri skerpu, 16.7 milljónir lita, 5ms viðbragðstíma, D-Sub, DVI-D ofl.

**44.990**




**Toshiba Satellite L500-12K**
2.1GHz Intel Core 2 Duo T6500 • 3GB minni • 500GB SATA • High Def TruBrite skjár • 1GB Ati Radeon HD 4650 skjákort • Þráðlaust netkort • DVD/CD-RW skrifari • Vefmyndavél • Windows Vista Home Premium val um 32 og 64-BIT

**159.990**

FULLT VERÐ KR. 189.990




**22 Philips 220CW9FB**
22" svartur LCD breiðskjár með 1680 x 1050 dpi, 12000:1 í dýnamískri skerpu, 16.7 milljónir lita, 2ms viðbragðstíma, USB, D-Sub, DVI-D ofl.

**37.990**



**OFFICE HOME**

Microsoft Office

**Microsoft Office Home and Student 2007**
Fullur pakki með Excel, OneNote, PowerPoint og Word 2007 fyrir 3 tölvur.

**14.990**



**SJÓNVARPSSENDIR**

slingbox

**Slingbox SOLO**
Internet sjónvarpssendir sem tengist við tölvur, farsíma og önnur tæki.

**19.990**



EPSON

**MYNDA SKANNI**

**Epson Perfection V30**
A4 skanni með 4800 x 9600 dpi upplausn. USB tengi. Windows og Mac.

**15.990**

**PRENTARI SKANNI**



EPSON

**Epson SX210**
Prentari og skanni sem prentar A4 í 5760 x 1440 punkta upplausn og skannar 1200 x 2400. Prentar allt að 32 bls á mín. Kortalesari. USB. Windows og Mac.

**14.990**



WD

**HD 1080P SPILARI**

**WD TV HD Live Media 1080p**
Fullkominn HD 1080P spilari sem tengist beint á net eða USB flakkara. HDMI, LAN, Composite A/V og USB. Spilar alla staðla.

**39.990**



HDMI

DViCO TViX

**TVFLAKKARI**

**DViCO TViX R-3300**
Sjónvarpsflakkari og PVR/DVR upptökutæki fyrir 3.5" diska, afspilun yfir net, HDMI tengi, aðgerðir á skjá og fullkomin fjarstýring.

**29.990**




**MEDIASPILARI** UNITED

**United HD MMP 9530** 720p/1080i
3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Optical og Composite tengi, innb. SD/MMC kortalesara USB Uplink ofl.

**14.990**

# JÓLATILBOÐ

## ÞÚ FÆRÐ ALLA HÖRÐU JÓLAPAKKANA Á BETRA VERÐI Í TÖLVULISTANUM



ALHLIÐA FJARSTÝRING

**Logitech Harmony Remote 525**

Alhiða fjarstýring sem stýrir allt að 10 tækjum. Með LCD skjár sem sýnir upplýsingar. Innbyggð hjálp. Uppsetning fyrir öll tæki í gegnum netið.

**11.990**



Nikon

10MP MYNDAVÉL

**Nikon S220**

10 millj. punkta uppl., 2,5" LCD skjá, NIKKOR linsu, 4x fókusvörn, 3x Optical og 7x Digital Zoom, rafrænni titringsjöfnun, hreyfiskynjun, besta mynd valin, blikk-prófun, brosstilling, háþróuð AF-andlitsstilling, D-lýsing skugga, hreyfimyndatöku, ísl. leiðarvísir ofl.

**32.990**



VEFMYNDAVÉL

**Logitech WebCam C905**

Vefmyndavél fyrir fartölvur með Carl Zeiss linsu, Premium Autofocus, 2MP myndskeið og allt að 8MP kyrrmyndum, HD breiðtjaldsupptöku, innb. hljóðnema með Rightsound. Virkar á Skype, MSN o.fl.

**19.990**



HÁTALARAR

**Logitech Z320 2.0**

10W RMS kerfi með 2 hátölurum. 360° tækni sem gefur góðan hljóm allstaðar.

**14.990**



SanDisk

MP3 SPILARI

**Sandisk Clip 4GB**

Agnarsmár MP3 SPILARI með 4GB innb. minni, diktafóni, USB 2, hleðslurafhlöðu með allt að 15 tíma spilun ofl.

**13.990**



LYKLABORÐ

**Logitech G15**

Lyklaborð með upplýstu hnappaborði, LCD leikjaskjá, 6 forritanlegum G -leikjatökkum ofl.

**17.990**



HEYRNARTÓL

**Logitech G330**

Leikjaheyrnatól með stillanlegri spöng fyrir aftan eyru og hljóðstilli á snúru. USB hljóðkort fylgir.

**14.990**



WACOM

TEIKNIBORÐ

**Wacom Bamboo Pen A6**

248x176x8,5 mm tölvuteikniborð með penna. Windows og Mac OS X.

**14.990**



LEIKJAMÚS

**Logitech G500**

Laser leikjamús. Innbyggt minni. 10 forritanlegir takkar.

**9.990**



SENNHEISER

ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL

**Sennheiser RS120**

Þráðlaus FM stereó heyrnartól með allt að 100m drægni, Supra-Aural tækni. Kristaltær hljómur og góður bassi.

**9.990**



LEIKJAPINNI

**Logitech Extreme 3D Pro**

Stýripinni fyrir leikina með12 hnöppum, 8 stefnu sjónarhornspinnum, Rapid Fire gikk, Twitch handfangi ofl.

**9.990**



ÍSLENSKT LYKLABORÐ

**Logitech Media 600**

Lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum og USB tengi. fjöldi flýtihnappa. Svart.

**4.990**



MANHATTAN

TALNABORÐ

**Manhattan**

Talnaborð / lyklaborð með USB.

**1.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 |

# Hvert viljum við fara?

**UMRÆÐAN**
Anna Sigríður Pálsdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir, Baldur Kristjánsson, Hjalti Hugason, Pétur Pétursson, Sigrún Óskarsdóttir, Sigurður Árni Þórðarson og Sólveig Anna Bóasdóttir skrifa um íslenskt samfélag


ANNA SIGRÍÐUR PÁLSDÓTTIR


BALDUR KRISTJÁNSSON


ARNFRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR


SIGURÐUR ÁRNI ÞÓRÐARSON


HJALTI HUGASON


SIGRÚN ÓSKARSDÓTTIR


PÉTUR PÉTURSSON


SÓLVEIG ANNA BÓASDÓTTIR

Margt bendir til þess að samfélagið sé smám saman að síga í gamla farið. Lítil merki þess sjást að harkan milli hópa minnki, heldur haldi sig sem fyrr í gamalkunnum skotgröfum. Það vantar rúm fyrir spurningar um grundvallaratriði. Ætluðum við ekki að breyta einhverju? Ætlum við að hafa „nýja“ Ísland eins?

Var hugmyndin sú að reka þá stefnu áfram að fólk þurfi að eiga sínar íbúðir? Ætlum við að hafa þrjá stóra banka? Sextíu og þrjá þingmenn? Fjórflokkinn? Flokksræði? Óglögg skil á milli dómsvalds, framkvæmdavalds og löggjafarvalds? Forseta? Sex háskóla? Óburgðuga landsbyggð? Krónu? Óbreytta stjórnarskrá? Klíkuskap? Kunningjaveldi? Lokaðar nefndir? Stjórnsýslu með þöggunaráráttu? Veika fjölmiðla? Ójafnræði í launum? Sá ótti læðist að okkur að upp sé að rísa það sama Ísland og var. Í samfélögum þróast fastur valdastrúktúr sem breytist oftast aðeins á löngum tíma. Breytingar sem verða við hrun ganga aftur á móti fjótt til baka.

### Hvernig mótast grunngildi?

Augljóst er að margir íbúar þessa lands óska þess að góð og jákvæð grunngildi eins og heiðarleiki, jafnrétti, virðing, ábyrgð, kærleikur, réttlæti, sjálfbærni, frelsi og lýðræði móti okkur . Óskin er sú að þau stjórni ferð okkar í ríkari mæli en áður. Þau gildi verði sett á stall í stað óheiðarleika, virðingarleysis, ójafnaðar, hörku, klíkuskapar, misréttis og græðgi. Fyrrnefnd gildi voru öll í hávegum höfð á þjóðfundinum sem haldinn var í Laugardalshöll fyrir skömmu og endurspegla sennilega vonir og þrár þjóðarinnar. Vandinn er aftur á móti sá að grunngildi er ekki hægt að velja eins og vörur í Stórmarkaði. Grunngildi safnast í sarpinn á löngum tíma. Þjóðir, einstaklingar og fjölskyldur tína þau upp á langri leið. Þau flytjast frá einni kynslóð til annarrar með frásögum, ævintýrum, trúarbókmenntum eða beinni fræðslu en síðast en ekki síst með iðkun þeirra. Börn horfa á atferli mæðra sinna og feðra, nema af þeim, gildin verða inngróin, móta allt lífið og í ljósi þeirra velja þau leiðir á ögurstundum. Grunngildi skipta mestu máli þegar í harðbakkann slær.

Stundum kemst los á hefðbundin gildi. Það getur orðið þegar mikil breyting verður í umhverfi, flutningur úr sveit í borg, við skyndilegt ríkidæmi eða hrap til fátæktar. Los kemst á þegar skil verða milli kynslóða. Eitthvað þessu líkt hefur gerst hjá okkur. Óþarfi er að tala um algjört niðurbrot gilda. Hafi heiðarleiki, jöfnuður, virðing og ábyrgð verið aðalsmerki okkar áður fyrr verður að játast að þessi gildi og önnur álíka hafa að undanförnu ekki sett eins mikinn svip á okkur sem þjóð og æskilegt væri. Ójöfnuður komst á í þjóðfélaginu og þótti sjálfsagður, harka, klíkuskapur, virðingarleysi og græðgi hafa verið áberandi.

Hér þarf meira að koma til en að breyta stjórnarskrá, fækka bönkum eða styrkja fjölmiðla, þó að við ættum að gera allt þetta og miklu fleira. Við komum aðeins á breytingum með því að temja okkur smátt og smátt hin góðu gildi. Við þurfum að láta þau setja svip á líf okkar, með því að kenna börnum okkar með sögum og ævintýrum hvernig gott er að lifa og með því að fara fram með góðu fordæmi. Við þurfum að kenna þeim að setja sig í spor annarra, að bera virðingu fyrir hvort öðru og fyrir fullorðnum – með því t.d. að segja þeim dæmisögur um hve illa fer fyrir þeim sem ljúga, svíkja og stela. Á löngum tíma, hægt og hægt, smátt og smátt geta vaxið upp kynslóðir sem bera af okkur í heiðarleika, jafnréttishugun, kærleika og lýðræðishugsjón. Þetta er langtímaverkefni, eilíft verkefni einstaklinga, fjölskyldna, þjóða, allra jarðarbúa.

Þessi siðræna bylting þarf að eiga sér stað í foreldrahúsum, í skólum, í kirkjum og alls staðar þar sem ungviði kemur. Það þarf að vera viðfangsefni á fundum fullorðinna, viðfangsefni stjórnmálaflokka, lýðræðishreyfinga, trúfélaga, mannúðarfélaga og kjörinna fulltrúa á löggjafarþingi. Þjóðkjörnir fulltrúar ættu að skammast til að hætta nú þegar þrasi og þrætum, ávirðingum og dylgjum og fara að tala saman svo sómi væri að. Samræðuhefð eins og hún hefur þróast í okkar lýðræðiskerfi er hvorki til fyrirmyndar eða sjálfsögð.

### Aðventan býður upp á val

Nú fer aðventan í hönd, undirbúningstími jólahátíðarinnar. Er það ekki einmitt tíminn til að staldra við og spyrja: Hver eru þau gildi sem hafa dugað mér og mínum best til þessa? Hvernig get ég tryggt raunverulega hagsæld og andlega velferð til framtíðar – fyrir mig, þá sem mér eru kærir, þjóð mína, mannkyn allt. Hvernig vil ég mæta þeim sem standa höllum fæti, mínum minnstu systkinum nær og fjær. Hvernig vil ég vera? Hver er ég? Á hvaða leið er ég? Hvert vil ég fara?

*Höfundar eru guðfræðingar.*




# Hver vill mig í vinnu?

**UMRÆÐAN**
Sigrún Bragadóttir skrifar um atvinnuleysi


SIGRÚN BRAGADÓTTIR

Ég er að verða fertug og hef verið á vinnumarkaðnum í 20 ár. Ég er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Ég útskrifaðist árið 2000 og hef unnið á tveimur vinnustöðum síðan. Ég hef mikla reynslu í eignastýringu fagfjárfesta. Sjóðurinn sem ég stýrði var með eina af bestu ávöxtun á síðasta ári. Ég hef unnið í bókhaldi frá því ég var í menntaskóla. Ég þekki merkingu fylgiskjala, afstemmingu og uppsetningu ársreikninga frá a-ö. Ég er harðdugleg og samviskusöm. Líst ykkur ekki vel á mig? Jú kannski, en samt fæ ég hvergi vinnu.

Ég hef verið frá vinnu í tæpa 6 mánuði, er komin á atvinnuleysisbætur og var að fá útborgað kr. 96.589. Ég veit að ég er ein af 16.000 en það lætur mér ekkert líða betur. Ég hef gert allt sem mér dettur í hug til að næla mér í atvinnu. Ég er á skrá hjá atvinnumiðlunum, ég hef látið alla sem ég þekki vita að ég er að leita mér að vinnu. Ég hef sent upplýsingar um mig til starfsmannastjóra fyrirtækja. Ég fylgist með atvinnuauglýsingum í blöðum og á netinu og hef sótt um a.m.k. 60 störf. Ég hef einu sinni komist í viðtal og síðan ekki söguna meir. Ég pantaði mér viðtal hjá Vinnumálastofnun. Ég vildi fá aðstoð við að reyna enn betur. „Haltu áfram því sem þú ert að gera, ekki gefast upp.“ Nei, nei ég er ekkert að gefast upp en hvað get ég gert meira? Jú, ég hef boðið mig fram sem sjálfboðaliða hjá Rauða krossinum og ABC en þeir hafa ekki þegið aðstoð mína.

Hvað ætla stjórnvöld að gera? Að semja um greiðslur á Icesave reddar mér ekki vinnu. Að skerða fæðingarorlofsgreiðslur reddar mér ekki vinnu. Að herða reglur þeirra sem þiggja atvinnuleysisbætur reddar mér kannski vinnu. Ég má ekki afþakka boð um vinnu þá missi ég bæturnar. Ég vil bara segja það við hæstvirtan félagsmálaráðherra að ég mun ekki afþakka boð um vinnu. Ég menntaði mig og náði mér í starfsreynslu til þess að vera á vinnumarkaðnum. Verði mér boðið afgreiðslustarf, skúringastarf eða annað þjónustustarf mun ég segja já takk.

Ég hef aldrei verið atvinnulaus áður og mér finnst þessi staða ömurleg. Ég hálfpartinn skammast mín fyrir stöðu mína. Mér finnst eins og ég hafi brugðist, eins og ég hafi ekki staðið mig nógu vel. En ef ég lít aðeins upp úr svartnættinu, getur þá verið að fleiri en ég hafi brugðist? Getur verið að ég hafi misst vinnuna vegna þess að útrásarvíkingar, eftirlitsaðilar og stjórnvöld töpuðu sýn í góðærinu? Getur verið að þessir aðilar séu meginástæða þess að við þessi 16.000 sitjum heima og fáum krafta okkar ekki nýtt? Ég vil vinna, ég þrái það að komast út á morgnana, hitta vinnufélagana, fá mér kaffibolla og setjast við tölvuna og kljást við verkefni. Það er það sem ég vil gera. Í staðinn sit ég heima, kraftar mínir og andlegt þrek dalar með degi hverjum og ég fyllist hálfgerðu vonleysi.

*Höfundur er atvinnulaus viðskiptafræðingur.*

# Lúxus eða lífsnauðsyn?

**UMRÆÐAN**
Þóranna Jónsdóttir skrifar um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja


ÞÓRANNA JÓNSDÓTTIR

Í gegnum tíðina hefur hlutverk fyrirtækja í hugum flestra verið einskorðað við að hámarka hagnað hluthafa þó að góðviljuð og aflögufær fyrirtæki hafi á stundum lagt eitthvað af mörkum til góðra málefna. Nú eru breyttir tímar, í dag er gerð sú krafa til fyrirtækja að þau hagi starfsemi sinni þannig að þau geti talist sjálfbær, ekki einungis með tilliti til fjárhagslegrar afkomu, heldur einnig í samfélags- og umhverfislegu tilliti.

Það má líta svo á að það sé sjálfsögð skylda fyrirtækja sem flest hver byggja starfsemi sína á auðlindum lands og þjóðar að huga að áhrifum starfsemi sinnar á samfélag og umhverfi, bæði til lengri og skemmri tíma. Hins vegar er enn áhugaverðara að skoða þau tækifæri sem í þessu felast fyrir fyrirtækin í því ljósi að fyrirtæki sem leggja sig fram um að vera ábyrg gagnvart samfélagi og umhverfi muni áður en langt um líður skara fram úr þeim fyrirtækjum sem láta slíkt undir höfuð leggjast.

Það er algengur misskilningur að áhersla á sjálfbærni sé lúxus sem fyrirtæki geti einungis leyft sér þegar vel árar. Sjálfbærni snýst fyrst og fremst um hvaða leiðir fyrirtæki velur sér til að ná árangri. Áhersla á sjálfbærni er oftar en ekki megin drifkraftur nýsköpunar og nýrra úrlausna sem bæta nýtingu aðfanga, minnka sóun, hraða vöruþróun og auka verðmætasköpun. Þar að auki njóta þessi fyrirtæki gjarnan aukins trúverðugleika í augum viðskiptavina, fjárfesta og yfirvalda, auk þess sem þau eru alla jafna eftirsóttari vinnustaðir.

Neytendur gera í auknum mæli þá kröfu að fyrirtæki stundi sjálfbæra viðskiptahætti. Samkvæmt rannsóknum frá Bretlandi og Bandaríkjunum fer umhverfismeðvitund neytenda vaxandi en þar kemur meðal annars í ljós að 75% neytenda hafa á undanförnum tveimur árum gert umtalsverðar breytingar á lífsstíl sínum vegna aukinnar umhverfismeðvitundar. Eftirspurn eftir sjálfbærri framleiðslu hefur stóraukist á síðustu árum, má þar nefna að hlutdeild „fair trade“ matvæla, lífrænt ræktaðra matvæla og „fair trade“ fatnaðar hefur vaxið um tugi prósenta.

Fjölmargar vísbendingar eru á lofti um að þessi þróun sé rétt að byrja þar sem einungis 4% af öllum heimilisvörum sem keyptar voru í Bretlandi árið 2007 voru samfélags- eða umhverfisvæn. Enn fremur kveðst rúmur helmingur neytenda vilja kaupa meira af sjálfbærum vörum en þeir gera í dag. Vaxtarmöguleikarnir eru því óþrjótandi á þessu sviði.

Enn fremur felast talsverð fjárfestingartækifæri í fyrirtækjum sem leggja áherslu á sjálfbærni. Rannsókn The Economist á tímabilinu 2005-2008 sýndi fram á að fyrirtæki sem lögðu áherslu á sjálfbærni skiluðu meiri hagnaði og hlutabréf þeirra hækkuðu meira en hjá þeim fyrirtækjum sem minnsta áherslu lögðu á sjálfbærni. Eftirspurn fjárfesta eftir samfélagslega ábyrgum fjárfestingum hefur einnig vaxið til muna. Á árunum 2005-2007 jukust samfélagslega ábyrgar fjárfestingar hjá fagfjárfestum í Bandaríkjunum um tæp 20% á sama tíma og heildareignir í stýringu fagfjárfesta jukust um tæp 3%.

Það er löngu tímabært að fyrirtæki axli sína ábyrgð gagnvart samfélagi og umhverfi. Fleiri og fleiri fyrirtæki sjá ávinning í því að beina sjónum sínum að þessum þáttum. En ávinningurinn takmarkast síður en svo við fyrirtækin sjálf. Ávinningurinn er miklu víðtækari og skilar sér í bættu samfélagi, skýrari leikreglum og aukinni virðingu fyrir náttúruperlum og auðlindum. Það er hins vegar að miklu leyti undir neytendum komið hversu hröð þessi þróun verður. Með því að beina viðskiptum sínum til fyrirtækja sem leggja sig fram um að stunda sjálfbæra og ábyrga viðskiptahætti geta neytendur lagt sitt af mörkum til að bæta viðskiptalíf, samfélag og umhverfi.

*Höfundur er framkvæmdastjóri samskiptasviðs Auðar Capital.*

MILLENNIUM ÞRÍLEIKURINN EFTIR STIEG LARSSON OG TÝNDA TÁKNIÐ EFTIR DAN BROWN. SPENNA, SPENNA, SPENNA!

# VINSÆLUSTU
# HÖFUNDAR Í HEIMI

Þriðja og síðasta bókin í heimsfrægri Millennium-trílógíu Stiegs Larsson er komin út hjá Bjarti. Sem og langþráð spennusaga eftir frægasta höfund í heimi, höfund Da Vinci lykilsins.




DYNAMO REYKJAVIK

BJARTUR

# Um endurreisn tannheilsu barna

**UMRÆÐAN**
Sigurður Benediktsson skrifar um tannheilsu


SIGURÐUR BENEDIKTSSON

Nú eru liðin tuttugu ár síðan Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti sáttmála um réttindi barna. Sáttmálinn sem oft er nefndur Barnasáttmáli var seinna staðfestur af íslenskum stjórnvöldum. Nú kann einhver að hugsa sem svo hvað Barnasáttmálinn komi tönnum við en það vill svo til að í téðum sáttmála er sérstaklega tekið fram að tryggja eigi öllum börnum nauðsynlega læknis- og heilbrigðisþjónustu. Tennur og tannheilsa eru mikilvægur þáttur í heilbrigði hvers barns og því mikilvægt að tryggt sé að barn hafi greiðan aðgang að tannheilsugæslu. Hér á landi er það því miður ekki raunin og hefur ekki verið undanfarin ár. Sýnt hefur til dæmis verið fram á að beint samband er milli tannskemmdartíðni barna og tekna fjölskyldna þeirra og hefur þessi vitneskja legið fyrir í þó nokkur ár. Efnaminni fjölskyldur hafa því ekki sama aðgengi að tannheilsugæslu fyrir börn sín vegna þess að stjórnvöld þessa lands hafa stöðugt dregið úr greiðsluþátttöku vegna tannlækninga. Ég fullyrði að stjórnvöld og heilbrigðisyfirvöld hafa sýnt börnum þessa lands vanrækslu á háu stigi og skellt skollaeyrum við viðvörunum tannlækna og þeirra sem láta sig tannheilbrigði varða. Við sem störfum á tannlæknastofum verðum því miður vitni að afleiðingum þessa í hverri viku á stofum okkar og var það þyngra en tárum taki að starfa á Hjálparvakt tannlækna sl. vetur og upplifa þá neyð sem sum þessara barna eru í. Litlar líkur eru á að þessi Hjálparvakt verði endurtekin því Tannlæknafélag Íslands stóð eftir með töluverðan kostnað sem svona lítið félag getur ekki staðið undir til lengdar. Tannlæknar hafa þó í einhverjum mæli verið að aðstoða börn og unglinga sem búa við kröpp kjör gegnum ýmis hjálparsamtök sem starfandi eru hér á landi.

**Tannheilsa er langhlaup**

Tannheilsa er langhlaup og ekki er hægt að bjarga henni fyrir horn með litlu átaki. Við þekkjum samt alla þá áhættuþætti sem koma við sögu og höfum öll þau meðul og mannskap sem þarf til að viðhalda góðri tannheilsu. Skipta þar mestu góðar venjur og gott mataræði, ásamt því að mæta reglulega til tannlæknis og fá þar þær forvarnir sem eiga við í hverju tilfelli fyrir sig. Mikilvægt er að tannlæknir geti greint börn sem eru í áhættuhópi fyrir tannskemmdum og veitt þeim þá meðferð sem þau þurfa tafarlaust og á skilvirkan hátt. Við hættum t.d. ekki að bólusetja þó að ekkert bóli á sjúkdómnum. Nú reynir á yfirvöld sem aldrei fyrr að endurreisa tannheilsu íslenskra barna. Bæði þarf að bregðast við þeim mikla vanda sem nokkuð stór hluti barna glímir við og eins að stórauka forvarnir til tannlækninga bæði í skólum og á tannlæknastofum. Við þurfum ekki enn eitt loforðið, bara að þetta sé gert!

**Afgangur af fjárlögum!**

Eins undarlega og það kann að hljóma þá hefur verið afgangur af fjárlögum til tannlækninga síðustu átta til tíu ár. Hvernig má það vera að sú upphæð sem ákveðin er til tannlækninga ár hvert af Alþingi skili sér ekki til þegna landsins? Hvernig getur eiginlega staðið á þessu þegar þörfin er æpandi á okkur dag hvern og nú stefnir allt í að metafgangur verði fyrir árið 2009? Hér eru það aðeins þeir tekjuhærri sem geta nýtt sér almannatryggingakerfið. Hinir nýta sér ekki styrk ríkisins. Þetta veldur m.a. því að kerfið viðheldur versnandi tannheilsu íslenskra barna. Núverandi fyrirkomulag, sem stuðlar að versnandi tannheilsu, er hluti af þeirri góðu heilbrigðisþjónustu sem við teljum okkur hafa eða er það kannski bara tálsýn? Nýjustu upplýsingar sýna núna að undanfarna mánuði hefur sú upphæð sem greidd er til tannlækninga úr ríkissjóði minnkað um 15-20% miðað við sama tímabil fyrir ári. Hér er líklegasta skýringin versnandi efnahagsástand og afkoma heimila sem skilar sér í færri heimsóknum og verri heimtum barna til tannlækna. Endurgreiðsluhlutfallið lækkar síðan stöðugt hlutfallslega þrátt fyrir afgang af því fé sem Alþingi veitir þó til þessa málaflokks. Hvernig ætla stjórnvöld að verja þá staðreynd að afgangur er á hverju ári af fjárlögum til tannheilsugæslu? Hvernig ætla þau að koma í veg fyrir að vinnandi fólk, barnafólk sem kemur til með að bera byrðar Hrunsins, flytjist ekki úr landi og setjist að þar sem yfirvöld tryggja jafnan aðgang barna að heilbrigðisþjónustu eins og lögð er áhersla á í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna?

*Höfundur er formaður Tannlæknafélags Íslands.*

# Eldri borgarar hundsaðir

**UMRÆÐAN**
Björgvin Guðmundsson skrifar um kjör eldri borgara


BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Það veldur eldri borgurum og öryrkjum áhyggjum hve stjórnvöld hafa verið neikvæð gagnvart þessum hópum á liðnu ári. Kjör aldraðra og öryrkja voru skert verulega 1. júlí sl. Landssamband eldri borgara og Öryrkjabandalag Íslands mótmæltu kjaraskerðingunni harðlega en stjórnvöld hafa skellt skollaeyrum við þeim mótmælum. Ríkisstjórnin situr löngum á fundum með aðilum vinnumarkaðarins, ASÍ og SA og tekur mark á óskum þessara aðila. En ríkisstjórnin hundsar samtök eldri borgara og samtök öryrkja. Þessir aðilar hafa ekki verkfallsrétt og ríkisstjórnin virðist ekki hafa miklar áhyggjur af þessum hópum. Þó var það yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að hún vildi hafa samráð við hagsmunasamtök um þær ráðstafanir sem þyrfti að gera, t.d. í ríkisfjármálum.

Eldri borgarar hafa að undanförnu rætt það í sinn hóp að nauðsynlegt sé að fara nýjar leiðir í kjarabaráttunni. Þessi mál hafa verið rædd í stærstu félögum eldri borgara, Félagi eldri borgara í Reykjavík og Félagi eldri borgara í Kópavogi. Málið hefur einnig verið rætt í Landssambandi eldri borgara. Aðilar eru sammála um nauðsyn þess að breyta baráttuaðferðum. Kurteislegar ályktanir og mótmæli duga ekki lengur. Ráðherrar stinga þeim ofan í skúffur. Heitstrengingar stjórnmálamanna fyrir kosningar um ný og betri vinnubrögð virðast hafa gleymst. Hefur ríkisstjórnin gleymt búsáhaldabyltingunni? Hefur ríkisstjórnin gleymt því að það átti að hlusta á almenning, fólkið í landinu og taka tillit til þess. Það er ekki nóg að ræða við verkalýðshreyfingu og atvinnurekendur. Forseti ASÍ og framkvæmdastjóri SA eru ekki fulltrúar alls fólksins í landinu. Það þarf að hlusta á aldraða og öryrkja og fleiri hagsmunasamtök og ekki bara hlusta. Það þarf að taka tillit til þessara hagsmunasamtaka.

Verkafólk hefur nú fengið kauphækkanir tvívegis á þessu ári, 1. júlí og 1. nóvember. Á sama tíma hafa aldraðir og öryrkjar orðið að sæta kjaraskerðingu. Þeir þurftu raunar einnig að þola kjaraskerðingu 1. janúar sl. þegar þorri aldraðra og öryrkja fékk aðeins 9,6% verðlagsuppbót á lífeyri, en verðlagsuppbótin átti að vera 20%. Aðeins þeir, sem voru á „strípuðum bótum“ fengu fulla uppbót. Í lögum um almannatryggingar segir, að breyting á lífeyri aldraðra og öryrkja eigi að taka mið af launabreytingum en einnig af verðlagsþróun. Ég tel, að samkvæmt því eigi lífeyrir að hækka í samræmi við hækkanir á kaupgjaldi 1. júlí og 1. nóvember. Í lögum um málefni aldraðra segir, að aldraðir eigi að njóta jafnréttis á við aðra. Það getur ekki talist jafnrétti að skerða kjör aldraðra á sama tíma og launþegar fá kauphækkun. Þetta kallast misrétti. Ekki veit ég hve margir launþegar fengu kauphækkun 1. júlí og 1. nóv. sl. En það hafa verið margir tugir þúsunda, sennilega 40-50 þús. Það þýðir ekki að vísa í það í þessu sambandi, að nokkuð hundruð eldri borgara hafi fengið góða hækkun á lífeyri 1. september 2008. Það er ekki nóg.

Stjórnvöld munu komast að raun um til hvaða baráttuaðferða eldri borgarar ætla að grípa. Þeir ætla ekki að sitja aðgerðalausir. Eldri borgarar vilja fá þær kjarabætur, sem þeir eiga rétt á.

*Höfundur er stjórnarmaður í Félagi eldri borgara.*



JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is

# „Verulega góð ævisaga.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

★★★★

„... björt saga með djúpum og dimmum sorgarköflum ... með hreinskilni um ósigra og skýrri boðun um erindi og árangur mætrar konu.“
Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið

„Ég er mjög ánægð með þessa bók ... mjög vel skrifuð ... mér finnst við komast nálægt manneskjunni.“
Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

„... framúrskarandi vel unnin ... enda Páll með ritfærustu mönnum. Hann hefur fullkomið vald á efninu ... Eftir situr mynd af gáfaðri og geðþekkri konu sem var landi sínu og þjóð til sóma.“
Hrafn Jökulsson / Viðskiptablaðið

„Við fáum að vita ýmsa hluti um Vigdísi sem við vissum ekki ... Vel unnið verk.“
Egill Helgason / Kiljan

„Mjög gott og mikið verk. Hér er fjallað um hluti sem enginn vissi neitt um og sýna Vigdísi í algerlega nýju ljósi.“
Sigurður G. Tómasson / Útvarp Saga

„Þetta er mjög samviskusamlega unnin samfélagslýsing með þessa stúlku sem þungamiðju ... hún gengur mjög vasklega fram og af mikilli hugdirfsku.“
Páll Baldvin Baldvinsson / Kiljan




1. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON
Ævisögur, handbækur 02.12.09

2. PRENTUN VÆNTANLEG



## Páll Valsson bregður upp einstakri mynd af Vigdísi, sorgum hennar og sigrum, þannig að saga hennar verður lesanda bæði nákomin og hugstæð.

# Er fjölþrepaskattkerfi okkur ofviða?

UMRÆÐAN

Jón Steinsson skrifar um skattamál



JÓN STEINSSON

Nú liggur fyrir Alþingi stjórnarfrumvarp um breytingar á skattkerfinu. Um er að ræða einhverjar mestu breytingar á skattkerfinu í áraraðir. Í raun má segja að þetta frumvarp feli í sér algjör straumhvörf hvað varðar þróun skattkerfisins. Skattastefna stjórnvalda síðustu tvo áratugi hefur í stórum dráttum gengið út á það að auka hlut lág- og millitekjufólks í heildarskatttekjum þannig að unnt væri að lækka jaðarskatta, lækka skatta á fjármagn og draga úr tekjutilfærsluáhrifum skattkerfisins. Rauði þráðurinn í tillögum stjórnvalda nú er hið gagnstæða, þ.e. að auka hlut þeirra sem mest hafa milli handanna í heildarskattbyrði þjóðarinnar. Sitt sýnist hverjum um þessa stefnubreytingu eins og vænta mátti.

### Flækjustig skattkerfisins í alþjóðlegu samhengi

Ein af stærstu breytingunum sem stjórnvöld leggja til er að tekinn verði upp fjölþrepatekjuskattur á launatekjur. Í stað þess að allir séu í sama skattþrepi er lagt til að skattþrepin verði þrjú: 24,1% á tekjur undir 200 þ.kr. á mánuði, 27% á tekjur frá 200 til 650 þ.kr. á mánuði og 33% á tekjur yfir 650 þ.kr. á mánuði.

Þessi tillaga hefur mætt mikilli andstöðu. Ein helstu rökin sem sett hafa verið fram gegn þessari breytingu er að fjölþrepaskattkerfi „auki flækjustig kerfisins“. Þessi rök hafa fengið svo mikla vigt í umræðum um skattamál á Íslandi á undanförnum árum að jafnvel vinstri flokkar hafa veigrað sér við að leggja til fjölþrepaskattkerfi.

Að þessu leyti er umræða um skattamál á Íslandi afskaplega frábrugðin umræðu um skattamál í öðrum efnuðum ríkjum. Það vill nefnilega svo til að öll önnur efnuð OECD-ríki búa við fjölþrepaskattkerfi. Ísland er bókstaflega eina ríkið í Vestur-Evrópu sem ekki starfrækir slíkt skattkerfi. Í flestum OECD-ríkjum eru fleiri en þrjú skattþrep. Í Bandaríkjunum eru til dæmis sex skattþrep. Og pólitísk umræða þar í landi er þannig að meira að segja George W. Bush vogaði sér aldrei að leggja til veigamiklar breytingar á fjölda þrepa. Þar í landi teljast rökin um aukið flækjustig fjölþrepaskattkerfis léttvæg í samanburði við önnur rök (bæði með og á móti).

### Skattkerfi sem er til hægri við það bandaríska

Við smíði skattkerfis takast í stórum dráttum á tvö sjónarmið. Annað sjónarmiðið er að gera eigi skattkerfið eins flatt og hægt er með það að markmiði að lágmarka jaðarskatta og vinnuletjandi áhrif skatta. Þetta er iðulega sjónarmið „hægrimanna“ í stjórnmálum. Hitt sjónarmiðið er að skattar eigi að „leggjast frekar á þá sem betur eru í stakk búnir til þess að bera þá“ svo vitnað sé í markmið núverandi stjórnvalda í skattamálum. Þetta er iðulega sjónarmið „vinstrimanna“ í stjórnmálum.

Hægrisinnað skattkerfi leggur höfuðáherslu á að „stækka kökuna“ en skeytir litlu um það hve ójafnt kökunni er skipt. Vinstrisinnað skattkerfi leggur meiri áherslu á jafna skiptingu kökunnar á kostnað stærðar hennar. Þessi valkvöð milli hagkvæmni og jafnaðar er ein helsta grundvallarvalkvöð í stjórnmálum þegar kemur að efnahagsmálum og miklir hugsuðir hafa fært rök fyrir mismunandi sjónarmiðum frá siðferðilegu sjónarmiði (t.d. Robert Nozick til hægri og John Rawls til vinstri).

Skattkerfið sem við Íslendingar höfum búið við undanfarin ár hefur verið það hægrisinnaðasta af skattkerfum allra efnaðra ríkja innan OECD. Skattkerfið okkar hefur t.d. verið langt til hægri við skattkerfi Bandaríkjanna. Og eru Bandaríkjamenn sjaldnast taldir sérlega vinstrisinnaðir. Á Íslandi hefur verið eitt skattþrep með tiltölulega lágum persónuafslætti, skattar á fyrirtæki og fjármagnstekjur hafa verið með því lægsta sem þekkist á meðal efnaðra ríkja, erfðaskattar og eignaskattar hafa verið lagðir niður og stærstum hluta tekna hins opinbera er aflað með virðisaukaskatti. Þetta skattkerfi er afrakstur markvissrar stefnu Sjálfstæðisflokksins yfir 18 ára tímabil. Og undir það síðasta komu miklir frjálshyggjufrömuðir í röðum til Íslands til þess að dásama þetta kerfi.

Það er yfirlýst markmið stjórnvalda að færa skattkerfið til vinstri. Ef mið er tekið af umræðu um skattamál á Íslandi undanfarin ár má ef til vill segja að fyrirliggjandi frumvarp stjórnvalda sé róttækt skref í átt að þessu markmiði. En ef horft er til annarra efnaðra landa ganga tillögur stjórnvalda ekki sérlega langt. Jafnvel eftir þessar breytingar verður skattkerfið á Íslandi talsvert til hægri við skattkerfið í Bandaríkjunum (þegar kemur að tekjutilfærsluáhrifum þess – en ekki heildarskattstiginu sem hefur verið og verður áfram hærra á Íslandi).

### Af hverju er enginn hátekjuskattur í nýja kerfinu?

Það sem helst stingur í auga varðandi hið nýja skattkerfi er hversu lágt tekjumarkið er á hæsta skattþrepinu. Í nýja skattkerfinu er í rauninni ekki gert ráð fyrir sérstöku skattþrepi á virkilega háar tekjur. Þetta virðist á skjön við yfirlýst markmið breytinganna. Ef markmið stjórnvalda er virkilega að færa skattbyrðina til þeirra sem mest hafa milli handanna er erfitt að skilja af hverju tillögur

*Skattkerfið sem við Íslendingar höfum búið við undanfarin ár hefur verið það hægrisinnaðasta af skattkerfum allra efnaðra ríkja innan OECD. Skattkerfið okkar hefur t.d. verið langt til hægri við skattkerfi Bandaríkjanna.*

þeirra gera ekki ráð fyrir fjórða skattþrepi á tekjur yfir 1 m.kr. á mánuði og ef til vill fimmta skattþrepi á tekjur yfir svo sem 2,5 m.kr. á mánuði.

Tekjumarkið fyrir hæsta skattþrepið í tillögum stjórnvalda er álíka hátt og tekjumarkið fyrir þriðja hæsta skattþrepið í Bandaríkjunum. Bandaríkjamenn eru síðan með annað skattþrep á tekjur yfir u.þ.b. 1,5 m.kr. á mánuði og enn eitt skattþrep á tekjur yfir 3,5 m.kr. á mánuði. Skattþrepin í Kanada eru svipuð tillögum stjórnvalda nema hvað Kanadamenn eru með eitt skattþrep til viðbótar á tekjur yfir rúmri 1 m.kr. á mánuði.

Annað atriði sem virkilega stingur í augu er að tekjumörkin fyrir skattþrepin séu ekki vísitölutengd. Með því að gera það ekki eru vinstrimenn klárlega að skjóta sig í fótinn til lengri tíma. Nema Alþingi breyti tekjumörkunum ár eftir ár með sérstökum lagabreytingum þá mun verðbólga og kaupmáttaraukning smátt og smátt færa fólk upp í hærri skattþrep. Það mun til lengri tíma grafa undan tekjutilfærsluáhrifum kerfisins og án efa einnig grafa undan pólitískum stuðningi við það og auðvelda hægrimönnum að gagnrýna það.

Þegar á heildina er litið fela fyrirliggjandi tillögur stjórnvalda í sér markvert skref í átt að þeim markmiðum sem þau hafa sett sér og voru kosin til þess að ná fram. Þar ber hæst að skattar á fjármagn eru hækkaðir umfram skatta á laun þannig að mismunur á skattlagningu tekna eftir uppruna minnkar verulega, að eignaskattur er lagður á með háu fríeignamarki og að tekið er upp fjölþrepaskattkerfi á launatekjur einstaklinga. Tillögur stjórnvalda eru hins vegar ekki gallalausar. Til þess að laga tillögur sínar enn betur að markmiðum sínum þurfa stjórnvöld að bæta við skattþrepum á verulega háar tekjur og vísitölutengja tekjumörk skattþrepanna.

*Höfundur er lektor í hagfræði við Columbia-háskóla í New York.*

# Algjör óvissa um framtíð Strætó bs.

UMRÆÐAN

Björk Vilhelmsdóttir skrifar um almenningssamgöngur



BJÖRK VILHELMSDÓTTIR

Síðastliðið sumar var ákveðið einróma í borgarráði og umhverfis- og samgönguráði Reykjavíkurborgar að greiða ekki viðbótarframlag til Strætó bs. nema að lokinni stefnumótun um þjónustu fyrirtækisins auk heildarendurskoðunar á stofnsamþykktum þess. Ástæða þessa var að ekki hafði tekist að fylgja eftir stefnu Reykjavíkurborgar um öflugar almenningssamgöngur í samstarfi við önnur sveitarfélög innan stjórnar Strætó bs. og stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Þessi einróma samþykkt var merkileg þar sem stjórn SSH (en þar situr borgarstjóri) hafði ákveðið að fara í endurfjármögnun sem byggði á því að allar fjárveitingar til Strætó yrði frystar að krónutölu í 5 ár, að fargjaldatekjur hækkuðu um þriðjung og fyrirsjáanlegum umframkostnaði yrði mætt með frekari þjónustuskerðingum. Fulltrúar Samfylkingarinnar gátu á engan hátt sætt sig við þessi skilyrði fyrir endurfjármögnun og eftir nokkra fundi var ákveðið að Reykjavíkurborg gerði best í að halda á lofti sinni samgöngustefnu og standa saman að því að byggja upp fyrirtækið og þjónustuna og hafna þessum skilyrðum. Allt því í það að Reykjavík myndi standa í lappirnar gagnvart samstarfssveitarfélögunum og borgarstjóri falla frá fyrri samþykkt sinni.

### Borgarstjóri gefur eftir

Borgarráð ákvað ekki bara að hafna endurfjármögnun með yfirtöku lána, heldur hélt eftir 60 milljón króna aukastofnframlagi sem greiða átti á þessu ári, enda litið á það sem hluta endurfjármögnunarinnar. Í borgarráði nú 19. nóvember gafst meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks upp á að ná fram vilja Reykvíkinga um almenningssamgöngur og samþykkti 60 milljón króna greiðslu án þess að komin væri nokkur ásættanleg niðurstaða um framtíð byggðasamlagsins og þjónustunnar innan stjórnar SSH. Borgarstjóri var ennfremur nýbúinn að segja á aðalfundi SSH að ekki yrði tekið á málum almenningssamgangna og Strætó bs. fyrr en að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Borgarstjóri sýnir ekki bara kjarkleysi í aðdraganda kosninga heldur verður ekki annað séð en að borgarstjóri hafi orðið undir í samskiptum við önnur sveitarfélög og gefist upp á því verkefni sem borgarráð fól henni. Með eftirgjöf á framlaginu og því að aflétta öllum þrýstingi borgarinnar á réttlátar breytingar í stjórn Strætó bs. er verið að festa í sessi skammsýnar þjónustuskerðingar síðustu missera og opna fyrir frekari öfugþróun í þjónustunni.

### Tillögur um útboð unnar áfram

Borgarstjóri og aðrir bæjarstjórar í stjórn SSH létu nú á haustmánuðum gera úttekt og fengu tillögur frá utanaðkomandi ráðgjafarfyrirtæki um framtíð Strætó bs. Í skýrslu úttektaraðila er lýst tillögum sem ganga í þveröfuga átt við þær áherslur sem Reykjavíkurborg hefur hingað til haft. Yfir fyrirtækinu vofir að bjóða eigi alla þjónustu þess út en það þýðir uppsögn allra vagnstjóra og sölu vagna. Eins á það að vera í höndum nágrannasveitarfélaga hvort og þá í hvaða mæli þau bjóða upp á almenningssamgöngur. Þeim er boðið upp á að þróa sig alfarið út frá einkabílnum með tilheyrandi kostnaði og mengun fyrir borgarbúa, en flestir á þessu sameiginlega atvinnu- og búsetusvæði starfa í borginni. Tillögur ráðgjafanna voru kynntar fyrr í mánuðinum á aðalfundi SSH og þar sótti borgarstjóri, ásamt stjórn SSH, sérstakt umboð til aðalfundarins til að vinna áfram á grundvelli þeirra. Var það samþykkt gegn mótatkvæði frá fulltrúa Samfylkingarinnar í Reykjavík.

### Skammtíma- eða langtímasýn

Þegar við fulltrúar Samfylkingarinnar í borgarráði vorum ekki tilbúin að styðja þá skammtímalausn að veita 60 milljón króna viðbótarframlag til strætó, vorum við sökuð um að vilja skerða þjónustuna. Maður skilur ekki slíkt steinkast frá þeim sem hafa staðið fyrir umfangsmiklum þjónustuskerðingum síðustu ár, nú síðast í febrúar á þessu ári. Reykjavíkurborg hafði einstakt tækifæri til að standa fast á sínu þar sem baklandið heima fyrir var tryggt. En þar sem samningsaðilinn nýtti sér það ekki má ætla að hann hafi ekki haft trú á þeim hagsmunum sem honum var ætlað að koma í höfn.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



# Til hamingju með tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

# Við erum stolt af að hafa prentað eftirtaldar tilnefndar bækur.

Í flokki fræðirita og rita almenns efnis:




Í flokki fagurbókmennta:




Prentun frá A til Ö

Prentsmiðjan Oddi ehf., Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

# Sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins

**UMRÆÐAN**
Úlfar Hauksson skrifar um örlög íslensks sjávarútvegs í ESB


ÚLFAR HAUKSSON

Fiskveiðar eru meðal elstu athafna mannsins og eina atvinnugreinin sem byggist á veiðimennsku sem er enn stunduð í umtalsverðum mæli með viðskiptasjónarmið í huga. Ásókn í gjöful fiskimið voru lítil sem engin takmörk sett til ársins 1976 en fram að þeim tíma voru flest fiskimið öllum opin. Á seinni hluta áttunda áratugarins var þróun í hafréttarmálum mjög hröð og segja má að 200 mílna efnahagslögsaga hafi orðið viðtekin venja frá árinu 1976 þótt slíkt hafi ekki fengist staðfest fyrr en á þriðju hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 1982. Lögsaga strandríkja var mikilvægt skref í þá átt að afmarka nýtingarrétt á fiskstofnunum. Margir fiskistofnar virða hins vegar ekki lögsögu ríkja og veiðum úr þeim þarf að stjórna á þverþjóðlegum vettvangi. Það er hins vegar hápólitískt úrlausnarefni hvernig ber að stýra nýtingu á sameiginlegum fiskistofnum; sú pólitík snýst um hver fær hvað, hvenær og hvernig. Evrópusambandið er lýsandi dæmi um slíkt og samstarf aðildarríkjanna í sjávarútvegsmálum hefur mótast af nauðsyn en jafnframt af mikilli hagsmunabaráttu bæði innan landanna og þeirra í milli.

### Aðildarumsókn Íslands

Umræða um hvort Ísland eigi að sækja um aðild að ESB hefur til þessa strandað á sjávarútvegsmálum. Nú þegar Ísland hefur sótt um aðild er mikilvægt að varpa ljósi á þennan málaflokk á yfirvegaðan hátt og út frá staðreyndum. Í þessari fyrstu grein af þremur verður gerð grein fyrir tilurð og þróun sjávarútvegsstefnu ESB. Í næstu grein verður farið yfir aðildarsamning Norðmanna um sjávarútvegsmál frá árinu 1994 og samning Maltverja frá 2004. Að síðustu verður farið yfir samningsstöðu Íslendinga á sviði sjávarútvegsmála og ályktað um hugsanlega niðurstöðu aðildarsamninga.

### Sjávarútvegsstefna ESB

Upphaf sjávarútvegsstefnu ESB má rekja til alþjóðlegrar þróunar í sjávarútvegsmálum á áttunda áratugnum. Í hnotskurn snýst stefnan um sameiginlega nýtingu á sameiginlegum fiskistofnum sem virða ekki mörk efnahagslögsögu ríkja. Skynsamleg nýting fiskistofna, stöðugt framboð sjávarafurða til neytenda og sómasamleg lífskjör fólks sem byggir afkomu sína á sjávarútvegi eru höfuðmarkmið sjávarútvegsstefnunnar. Sjávarútvegsstefnu ESB má skipta upp í fjögur svið: Markaðsskipulag sem á að tryggja stöðugt framboð af sjávarfangi í ESB sem er stærsti markaður í heimi fyrir sjávarafurðir. Samskipti við þriðju ríki þar sem framkvæmdastjórnin kemur fram fyrir hönd aðildarríkjanna og hefur umsjón með alþjóðlegum samningum. Styrkjakerfi til uppbyggingar og nýsköpunar í greininni og loks fiskveiðistjórnun sem byggir á lögmálinu um jafnan aðgang fyrir utan 12 mílur, hámarksafla, hlutfallslegum stöðugleika auk tæknilegra ráðstafana til verndunar og stjórnunar á nýtingu fiskistofna. Hér munum við einkum beina sjónum okkar að fiskveiðistjórnun og aðgangi að veiðisvæðum aðildarríkja.

### Skipting veiðiheimilda og fiskveiðistjórnun

Hámarksafli á miðum ESB er ákveðinn af sameiginlegri yfirstjórn og byggir á áliti fiskifræðinga. Framkvæmdastjórnin leggur tillögur fyrir ráðherraráðið sem ákveður heildarafla helstu fisktegunda. Sjávarútvegsráðherrar aðildarríkjanna taka því endanlega ákvörðun um heildarmagn og deila á milli þjóða eftir svokölluðum hlutfallslegum stöðugleika. Hlutfallslegi stöðugleikinn var tekinn upp árið 1983 og ræðst hlutdeild einstakra ríkja af veiðireynslu, mikilvægi sjávarútvegs og þeim missi sem ríkin urðu fyrir þegar strandríki færðu efnahagslögsögu sína út í 200 sjómílur og aðgengi að fiskimiðum takmarkaðist við þjóðerni. Ríkin úthluta síðan hlutdeildinni eftir sínu eigin kerfi og bera ábyrgð á eftirliti með veiðum innan sinnar lögsögu og geta sett strangari reglur en ESB svo fremi sem slíkar reglur mismuni ekki aðilum á grundvelli þjóðernis.

Hlutfallslegi stöðugleikinn tryggir strandríkjum hlutdeild í heildarafla á því svæði sem ákvörðun um hámarksafla nær til. Útgangspunkturinn er veiðireynsla í viðkomandi fisktegund. Nánar verður vikið að hlutfallslega stöðugleikanum í seinni greinum.

### Jafn aðgangur að fiskimiðum

Meginreglan um jafnan aðgang kemur til út af ákvæði í stofnsáttmála ESB sem bannar mismunun á grundvelli þjóðernis. Ákvæðið takmarkast hins vegar mjög af reglunni um hlutfallslega stöðugleikann og greint var frá hér að ofan. Aðgangurinn er því skilyrtur sem felst m.a. í því að hlutdeild ríkja í fisktegundum, sem falla undir ákvörðun um heildarafla, er bundin við ákveðin svæði sem aftur byggir á veiðireynslu. Ákvæðið um jafnan aðgang þýðir sem sagt ekki að um opinn og frjálsan aðgang að fiskimiðum ríkjanna sé að ræða. Ríkin geta hins vegar skipst á veiðiheimildum ef þeim hugnast slíkt. Að auki eru fordæmi fyrir því að aðgangur að ákveðnum miðum sé einskorðaður við tiltekin strandsvæði séu þau verulega háð fiskveiðum og fiskistofnarnir staðbundnir. Dæmi um slíka ráðstöfun má meðal annars finna í kringum Hjaltlandseyjar. Í gegnum tíðina hefur þessi svæðisbundna mismunun reynst afar mikilvæg fyrir landfræðilega afvikin svæði. Af ofan sögðu má því draga þá ályktun að ákvæðið um jafnan aðgang hafi í raun mjög takmarkaða þýðingu.



### Umdeild stefna

Fiskveiðistjórnun ESB hefur, líkt og íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið, það markmið að gera fiskveiðar efnahagslega hagkvæmar án þess að það hafi í för með sér félagslega upplausn. Það er hins vegar hápólitískt deiluefni hvernig ber að ná því markmiði. Þetta vandamál er af allt annarri og ósambærilegri stærðargráðu í ESB en á Íslandi. Í ESB ná fiskveiðihagsmunir nær undantekningarlaust út fyrir lögsögu þjóðríkja þar sem lögsögur skarast með miðlínu og eða út á alþjóðlegt hafsvæði. Þrátt fyrir að Íslendingar hafi undanfarin ár sótt í auknum mæli í úthafið teljast flestir okkar helstu nytjastofnar vera staðbundnir. Þar að auki er efnahagslögsaga Íslands tiltölulega einangruð.

Sjávarútvegsstefna ESB er, líkt og íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið, langt frá því hafin yfir gagnrýni. En hvar liggur vandinn? Er það sjávarútvegsstefnan sem slík, þ.e. hinn sameiginlegi vettvangur aðildarríkjanna til að ráða ráðum sínum sem er höfuð meinsemdin eða hangir fleira á spýtunni? Frá upphafi hefur stefnan verið umdeild og dæmi eru um þrýstihópa sem berjast fyrir því að sjávarútvegsmál verði alfarið færð til aðildarríkjanna. Aðildarríkin myndu þá einhliða ákveða hámarksafla innan sinnar lögsögu og hverjir hefðu rétt til veiða þar. Slíkar raddir hafa verið háværar og hafa fallið í frjóan jarðveg í sumum sjávarbyggðum ESB.

### Einföldun á staðreyndum

Að sama skapi og uppi hafa verið háværar raddir sem finna sjávarútvegsstefnu ESB allt til foráttu eru til raddir sem benda á það sem mikla einföldun að kenna sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni alfarið um það sem miður hefur farið í sjávarútvegi í ESB.

Þvert á móti er því haldið fram að sameiginleg stefna sé eina von sjávarútvegsins; allar tilraunir í þá veru að stjórna nýtingu fiskistofna í Norðaustur-Atlantshafi með einhliða aðgerðum strandríkja sé dæmd til að mistakast. Slíkt fyrirkomulag yrði ávísun á stjórnlausar veiðar; þorskastríð allra gegn öllum. Þrátt fyrir að tilkoma sjávarútvegsstefnunnar hafi á sínum tíma verið liður í pólitískri refskák er alveg ljóst að aðstæður eins og þær eru núna kalla á samvinnu ríkja á milli og á einhverjum tímapunkti hefði þurft að koma á sameiginlegum vettvangi strandríkja.

Sameiginleg sjávarútvegsstefna innan ESB í einhverri mynd virðist vera besti vettvangurinn til að semja um þessi mál. Það hefur a.m.k. ekki tekist að sýna fram á annað með afgerandi hætti.

Niðurstaðan er því sú að þeir sem kalla eftir því að stjórn fiskveiða í ESB verði alfarið færð til þjóðríkja afhjúpa í senn vanþekkingu sína á fiskveiðum og á landfræðilegum aðstæðum strandríkja við Norðursjó og nálægum hafsvæðum; höfða til þjóðernistilfinninga en ekki heilbrigðrar skynsemi.

Í næstu grein verður fjallað um aðildarsamning Norðmanna og Maltverja.

*Höfundur er stjórnmálafræðingur og vélstjóri á Sólbaki EA-1. Greinin byggir á rannsókn höfundar sem birtist í bókinni Gert út frá Brussel? árið 2002. Jafnframt er studst við grein höfundar „Hvalreki eða skipbrot“ sem birtist í bókinni Ný staða Íslands í utanríkismálum frá 2007.*




# Sameining sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**UMRÆÐAN**
Kristján Sveinbjörnsson skrifar um sveitarstjórnarmál


KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON

Eftir bankakreppu hefur sameining sveitarfélaga komist aftur í umræðu. Jafnvel á höfuðborgarsvæðinu hafa ýmsir rætt þau mál óformlega. Flest sveitarfélög, m.a. á höfuðborgarsvæðinu, eru í miklum erfiðleikum vegna lækkandi tekna og framkvæmdastöðnunar. Álftanes stendur þar einna verst og nú eftir flopp D-listans með stofnun nær óstarfhæfs meirihluta er Sveitarfélagið Álftanes í andarslitrunum. Er lausnin að sameina, og/eða þarf að gerbreyta rekstri sveitarfélaga?

Hugmynd um að mynda eina yfirstjórn yfir öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hefur verið nefnd, eða jafnvel að sameina suðursveitarfélögin frá Kópavogi til Voga. Nú er komið að sveitarstjórnarmönnum að skoða alvarlega þessi mál. Raunhæfast er að gera það með stofnun starfshóps á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Samfylkingin á Álftanesi ætlar að hefja þessa umræðu á opnum fundi og fær til sín góða gesti frá Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Þar mun íbúum höfuðborgarsvæðisins einnig gefast kostur á að leggja orð í belg. Fundurinn verður í hátíðarsal Íþróttamiðstöðvar Álftaness fimmtudaginn 3. des. kl. 20.

*Höfundur er bæjarfulltrúi á Álftanesi.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

**NÆRFATATÍSKA SONIU RYKIEL** sem hún hefur hannað fyrir verslunarkeðjuna H&M var frumsýnd á tískupöllum í París í vikunni. Á sviðinu var mikið um dýrðir, heill Eiffel-turn, parísarhjól, róla og óteljandi ljós. Fremst í flokki fyrirsætna fór Lily Cole, sem hélt í beislið á risastóru hestshöfði.



Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics
Plokkari með ljósi


SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR



Opið virka daga frá kl. 9 -18 og laugardaga til jóla kl. 11-16
www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25



Lín Design, gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is



Tinna Kristjánsdóttir í ullarpeysu, með ullarsjal og ullarhandstúkur sem hún heldur mikið upp á. „Ullin heldur í mér lífinu þessa dagana," segir leikkonan upprennandi en Tinna stefnir á leiklistarnám í New York á nýju ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Í ull frá toppi til táar

**Tinna Kristjánsdóttir velur fötin sín út frá því hvort þau haldi á henni hita. Einkum og sér í lagi heldur hún upp á handstúkur sem ylja henni við jólaskrautsgerðina sem hún stundar grimmt.**

„Í raun eru eftirlætisflíkurnar mínar hlýja, gleði og góð lykt," segir Tinna Kristjánsdóttir glaðlega þegar hún er innt eftir fatastíl sínum. „Á myndinni er ég hins vegar í ullarfatnaði frá toppi til táar og það er það sem heldur í mér lífinu þessa dagana," segir hún og heldur mest upp á handstúkurnar. „Þær gaf vinkona mín, Anna Hallin myndlistarkona, mér í þrítugsafmælisgjöf. Þær halda hita á höndunum mínum sem er gott því ég er að búa til jólaskraut sem ég sel í Heimili og hugmyndir í gamla Fálkahúsinu á Suðurlandsbraut."

Ullarpeysuna og -sjalið keypti Tinna á útsölumarkaði hjá Noa Noa fyrir nokkrum árum og telur það ein bestu kaup sín í gegnum tíðina. En hvernig fötum klæðist hún þegar ekki er kalt í veðri? „Ég er nú yfirleitt alltaf í sokkabuxum og iðulega í kjólum því mér finnst óþægilegt að ganga í buxum," segir Tinna. Hún vill einnig „ekta" efni í sín föt, bómull, ull og silki en helst ekki gerviefni.

Tinna mun föndra skrautið sitt fram að jólum en eftir áramót breytir hún um stefnu, flytur til New York þar sem hún hefur fengið inni í leiklistarskóla. „Þetta er búið að vera í maganum á mér frá því ég man eftir mér," segir hún og hlakkar til að búa í stóra eplinu enda hefur hún komið þangað nokkrum sinnum og líkað vel. Og ætlar hún að vera lengi? „Námið er stíft og því má reka mig heim hvenær sem er en ég vona nú að ég fái að vera þarna í tvö ár," segir hún. *solveig@frettabladid.is*



6 mán. vaxtalausar greiðslur
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00
www.svefn.is

**TÍSKUHÚSIÐ CHRISTIAN LACROIX** virðist liðið undir lok. Fyrirtækið var tekið til gjaldþrotaskipta í vikunni en ekki hefur reynst unnt að bjarga tískurisanum þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Lacroix hefur verið leiðandi í tískuheiminum frá 1987.



# Prjónað úr mokkaskinni

**Sigríður Sunneva hefur þróað sérstakt mokkaskinnsband og hannar nú peysur sem prjónaðar eru úr bandinu. Áferð efnisins er mjúk og létt og eins og besta kasmír að sögn hönnuðarins.**

Hönnuðurinn Sigríður Sunneva hefur í áraraðir sérhæft sig í hönnun og framleiðslu á mokkaskinnsflíkum. „Í öll þessi ár hef ég geymt afklippurnar, því ég hendi aldrei neinu. Ég safna þeim öllum og flokka eftir litum og geymi á vísum stað. Ég var viss um að einn daginn gæti ég nýtt þær í eitthvað sem væri stórkostlegt," segir Sigríður Sunneva og brosir. Og fyrir skömmu rann sá dagur upp. „Ég þróaði sérstakt mokkaskinnsband og með hjálp aðstoðarmanna, því þetta er tímafrekt og kallar á mannshöndina fremur en vélina, vorum við komin með fleiri fleiri kíló af mokkaskinnsbandi. Ég hef síðan verið að hanna prjónapeysulínu sem er alveg dásamleg, því áferðin er mjög mjúk og létt og eins og besta kasmír. Það er Kristín Ingunnardóttir sem hefur haldið utan um hópinn sem hefur séð um prjónaskapinn, en það þarf sérstaka tækni til þess að prjóna úr bandinu. Við erum búnar að vera fjóra mánuði að þróa þetta."

Sigríður Sunneva segir að þetta sé alveg nýtt af nálinni. „Þetta er í raun og veru hálfgerð uppfinning því þetta hefur aldrei verið gert áður svo að ég viti. Ég nota þarna vannýtt efni og breyti í hreina hátískuvöru sem í felst verðmætasköpun. Ég hef fengið geysilega góð viðbrögð og mér finnst þetta einnig spennandi útflutningsvara."

*unnur@frettabladid.is*



Sigríður Sunnvea við fallega peysu sem prjónuð eru úr mokkaskinnsbandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Hlý, rauð og fögur húfa og kragi.

Íslenski veturinn bítur ekki á þessa lambhúshettu, sem er bæði úr mokkaskinni og mokkaprjóni.



Glæsileg hönnun, peysa prjónuð úr mokkaskinnbandi.



Fagurbláir hælar. Skór.is 15.995 krónur.



Fjólubláir skór hafa hingað til ekki verið áberandi en nú fást þeir í úrvali. Skór.is 13.995 krónur.



Belti og axlarbönd í einu. Flott yfir kjól eða síðan bol til að undirstrika brjóst og mitti. Tónar vel við bláa skó. Einvera 6.900 krónur.

# *Fjólublátt frá toppi til táar*

**Úrvalið í skóverslunum er nokkuð frábrugðið því sem verið hefur en þar ríkir fjólublái liturinn líkt og í fataverslununum.**

Fjólublár er liturinn í ár og er varla til sá tískuvöruverslunargluggi sem ekki skartar fjólubláum fötum. Skórnir eru ekki undanskildir í þeim efnum og er litaúrvalið í skóverslunum því nokkuð frábrugðið því sem verið hefur, en hingað til hafa fáar konur fallið fyrir fjólubláum skóm. Þeir tóna hins vegar vel við fjólubláa kjólinn, töskuna, beltið eða klútinn.

Blái liturinn lætur líka á sér kræla og fyrir þær sem vilja síður fara út í í fjólublátt gæti hann verið valkostur.

- ve



Þótt litaúrvalið sé mikið eru svörtu skórnir ekkert á undanhaldi. Þessir geta bæði verið uppreimaðir og hælar en efra stykkinu má hneppa af. Einvera 21.900 krónur.



Fjólubláir platform-hælar fyrir ofurpæjur. Skór.is 18.995 krónur.



Bláir konfektmolar eins og þessir geta verið valkostur fyrir þær sem vilja síður fara út í fjólublátt og eru smart við svartar flíkur með bláu ívafi. Einvera 21.900 krónur.




MARIA LOVISA
FATAHÖNNUÐUR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 6B
SÍMI 562 6999



Mikið úrval af hversdags- og sparifatnaði
Kjólar, pils, kjólabolir, leggings, buxur, jakkar, toppar, ermar, peysur, skart og klútar
Stærðir 40-60
Vertu vinur okkar á Facebook verslunin Belladonna
Opnunartími:
Mán.-fös. 11-18
laugardag 11-15
belladonna
Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is

Flott fyrir jólin



Ný sending af kjólum og skokkum
Stærðir 36-50
20% afsl. fimmtudag-laugardag.
Lufsupeysur
áður 6990
Nú 3990
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París



## Gorkúlur nútímans

Í verslun er sífellt leitað leiða til að svara þörfum viðskiptavina og kannski ekki síst að skapa þeim nýjar þarfir. Í kreppunni verður þetta enn mikilvægara þegar almenningur á erfitt með að láta vaða og eyða, ekki síst fyrir jólin, sem fyrir marga kaupmenn er mikilvægasta tímabil ársins í versluninni. Reyndar má segja að í tískuheiminum séu jólin ekkert sérstaklega mikilvæg þar sem dýrari fatnaður selst ekki svo mikið þá. Árinu er að ljúka, vetrarútsölur á næsta leiti og vorvörur komnar í verslanir.

Nýjasta tískan í verslunarrekstri er að opna búðir sem eiga að ganga í mjög takmarkaðan tíma og lokunardagur er ákveðinn þegar verslunin er opnuð. Í dag eru jafnvel fyrirtæki sem sérhæfa sig í að hanna þessar búðir sem kallast á fagmáli pop-up-stores sem eins og nafnið gefur til kynna, spretta upp líkt og gorkúlur en hverfa eins fljótt og þær birtast. Hugmyndin er bandarísk og notuð til að markaðssetja vöru líkt og Microsoft gerði með opnun Windows-café daginn sem Windows 7 kom á markaðinn. Annað sem er af þessum meiði er þegar ákveðið merki vill kynna sig líkt og hinn nýi japanski fataframleiðandi, Uniqlo, þegar hann opnaði búð í Mýrarhverfinu í París. Henni var svo lokað áður en stórverslun fyrirtækisins var opnuð á Haussmann-búlvarðinum í nóvember og hefur reyndar slegið öll met í aðsókn síðan. Þannig skapaði fyrirtækið tengsl við komandi viðskiptavini og kannaði um leið markaðinn. Næsta sumar munu baðfataframleiðendur gera slíkt hið sama í nokkrum strandbæjum og þannig spara sér kostnað við að opna varanlegar verslanir sem ekki standa undir sér nema í nokkra mánuði á ári. Í kreppunni eru þeir sem eiga húsnæðið ánægðir með að leigja það út í það minnsta í stuttan tíma frekar en að það standi tómt.

Ítalska tískuhúsið Prada opnaði í júlí verslun í áttunda hverfi Parísar sem er ætlað að vera opin fram í janúar 2010 meðan unnið er að breytingum á versluninni við Rue Faubourg St. Honoré þar sem í framtíðinni verður meðal annars boðið upp á herratísku. Í versluninni eru brýrnar yfir Signu í forgrunni á sérhönnuðum veggmyndum og taska í takmörkuðu upplagi, aðeins tíu eintök, er til sölu og er ætlað að draga að tískuspírur borgarinnar. Nú er jafnvel hægt að gera jólainnkaupin í pop-up-búðum en þar kristallast þó gallar þessarar hugmyndar því fyrir vikið minnkar verslun hjá hefðbundnum verslunum sem annars eru opnar allt árið. Þeir sem standa að pop-up-verslunum geta fleytt rjómann af versluninni í stuttan tíma án þess að kosta miklu til, nokkuð sem heilsárskaupmenn, sem eru til þjónustu reiðubúnir árið um kring, geta ekki gert.

*bergb75@free.fr*

# Vilja ekkert leður í klæði og skó

**Stella McCartney og Morrissey taka höndum saman og hanna leðurlausa skó.**

Tískuhönnuðurinn Stella McCartney og söngvarinn Morrissey, sem bæði eru grænmetisætur, eru á fyrstu stigum samstarfs síns sem felast mun í að hanna skó sem verða alveg lausir við leður.

Áhugi Stellu á dýravernd kemur ekki á óvart, hún er þekkt fyrir skoðanir sínar og nýlega fundaði hún einnig með söngkonunni Leonu Lewis með það fyrir augum að hanna tískufatnað án þess að nota nokkrar dýraafurðir.

Bæði Morrissey og Leona eru dýraverndunarsinnar en hin 24 ára gamla Leona er einnig grænmetisæta og gengur ekki í rúskinni, leðri eða öðrum efnum sem unnin eru af dýrum. Þá er hún einnig talsmaður PETA.

Leona sagði nýlega: „Ég er í herferð. Ég myndi gjarnan vilja kynna leðurfríar töskur og skó sem eru á viðráðanlegu verði.

*- sg*



Morrissey er annt um umhverfið og dýrin og Stella McCartney er grænmetisæta og vill leðurlausa tísku.

## Westwood í Japan

TÍSKUSÝNING VIVIENNE WESTWOOD FÓR FRAM Í BOXHRING Í TÓKÝÓBORG.

Breski tískuhönnuðurinn Vivienne Westwood hélt tískusýningu í Tókýó í lok nóvember. Staðsetning sýningar þótti allsérstæð en hún var haldin í boxhring þar í borg. Sýningin þótti þó vel lukkuð og boxhringurinn átti vel við rokkaraleg föt Westwood. Hún er enda þekkt fyrir það að koma pönki og rokki inn í meginstraum tískuheimsins.

Tískudrottningin hefur um lengri tíma verið vinsæl meðal almennings í Japan, en villtur fatastíll hennar passar vel við götutísku ungmenna í Tókýó.



Við lok tískusýningarinnar, sem haldin var í boxhring. NORDICPHOTOS/AFP






**FRAMHALDSSKÓLANEMAR** sem tóku þátt í námskeiði Listasafns Reykjavíkur munu sýna afrakstur námskeiðsins í fjölnotasal Hafnarhússins í kvöld klukkan 20. www.listasafnreykjavikur.is





Margrét við kertastakann Bjarma. „Hringurinn er tákn eilífðarinnar, enda hefur hann hvorki upphaf né endi," segir hún.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Járnið er sveigjanlegt, stílhreint og sterkt

**Margrét Halldórsdóttir sálfræðingur ákvað fyrir nokkrum árum að minnka við sig vinnu og eyða meiri tíma í áhugamál sín. Hún hannar nú og býr til fallega kertastjaka úr járni sem hún segir heillandi efnivið.**

Það stafar bjarma og birtu af kertunum á kertastjökum Margrétar Halldórsdóttur. Margrét er sálfræðingur að mennt og starfar sem klínískur sálfræðingur en ákvað fyrir þremur árum að minnka við sig vinnu og eyða meiri tíma í áhugamál sín. Hún fór þá í Iðnskólann í Hafnarfirði.



„Það hefur lengi blundað í mér að fara í nám í hönnun enda hef ég lengi verið að vinna ýmislegt með höndunum. Þessir kertastjakar eru afrakstur fyrsta vetrarins en þar er ég að vinna með grunnformin og járnið. Það síðastnefnda hefur alltaf heillað mig. Það er sterkt, sveigjanlegt, stílhreint, fagurt, eilíft en samt svo breytilegt, fyrir utan að það er sterk hefð fyrir því á Norðurlöndum. Mínir stjakar eru þó alveg rammíslenskir," segir sálfræðingurinn. Þegar skammdegið hellist yfir okkur þurfum við öll ljós. Skammdegið kallar á birtu og það er notalegt að kveikja á kerti en mörgum finnst það róandi og ylja jafnvel sálartetrið. Kertastjakinn Bjarmi virðist hafa sérstaklega góð og róandi áhrif á fólk. „Mér hefur verið sagt að hringurinn sé tákn eilífðarinnar. enda hefur hann hvorki upphaf né endi. Punkturinn inni í hringnum táknar ljósið og orkuna sem er drifkraftur lífsins. Ég hef þetta nú ekki eftir vísindalegum heimildum en ég get ekki neitað því að mér finnst þetta áhugaverðar pælingar," segir Margrét og brosir.



Kertastjakinn Logi sem til er í mörgum litum. Hann má útfæra á mismunandi vegu á vegg.

Stjakar Margrétar eru fáanlegir í Mýrinni og hjá Fríðu á Strandgötu 43 í Hafnarfirði.

*unnur@frettabladid.is*

# Gott málefni og menning

**Ketkrókur er á jólaóróa Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra í ár. Sá er hannaður af Hrafnkeli Birgissyni og með ljóði eftir Gerði Kristnýju.**

Íslensk hönnun og ritsnilld eru virkjuð fjórða árið í röð í þágu fatlaðra barna og ungmenna. Það er gert með jólaóróa úr stáli sem seldur er til ágóða fyrir uppbyggingu og þróunarstarf Æfingastöðvarinnar en þar fer fram hæfing barna og ungmenna sem þurfa aðstoð við að bæta færni sína í leik og starfi. Í þetta sinn er það listafólkið Hrafnkell Birgisson og Gerður Kristný sem leiða saman hesta sína við gerð óróans. Hrafnkell fæst við stálið en Gerður Kristný orðin. Ljóð hennar heitir Ketkrókur kemst í feitt og er ólíkt mörgum jólaljóðum en hefst á þessum línum:

*Norðanbálið hamast*
*svo hvorki heyrist*
*spunahljóð né spjall*

Fyrsti óróinn í seríunni var Kertasníkir eftir Sigríði Heimisdóttur og Sjón, síðan kom Hurðaskellir sem Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir og Andri Snær Magnason túlkuðu og í fyrra kom Grýla sjálf fram á sjónarsviðið. Hún var eftir Ólínu Pétursdóttur og Hallgrím Helgason.

Óróarnir eru framleiddir hjá Geislatækni í Garðabæ og pakkað hjá Vinnustofunni Ási. Verkefnið sameinar því margt, svo sem atvinnusköpun, menningararf og gott málefni.

Sala óróans fer fram 5. til 19. desember í Casa Skeifunni og Kringlunni, Epal Skeifunni og Leifsstöð, Kraum Aðalstræti og í Rakel Hafberg Work-Shop á Laugavegi. Á landsbyggðinni fæst hann í Blóma- og gjafabúðinni Sauðárkróki, Blómaturninum Ísafirði, Norska húsinu Stykkishólmi, Póley Vestmannaeyjum og Valrós Akureyri.



Hönnuðurinn sér fyrir sér að hægt sé að stinga fingrum gegnum augnholurnar og krækja í kjötið í pottinum.

*-gun*














Þýskar gæðabuxur - tvær síddir
www.hjahrafnhildi.is
hjá Hrafnhildi
Engjateigur 5 - 105 Reykjavík - s: 581 2141









# JAKKAFÖT

SÉRBLAÐ • FIMMTUDAGUR 3. DESEMBER 2009





PARKS jakkaföt
39.990 kr.

MAO skyrta
6990 kr.

MAO slaufa
2990 kr.

Vasaklútur
990 kr.



PARKS jakkaföt
39.990 kr.

MAO skyrta
6990 kr.

MAO bindi
2990 kr.

Vasaklútur
990 kr.



MAO jakkaföt
39.990 kr.

MAO skyrta
6990 kr.

MAO bindi
2990 kr.



MAO jakkaföt
34.990 kr.

MAO skyrta
6990 kr.

Marco Pascali bindi
6990 kr.

Vasaklútur
990 kr.

gallerí sautján



**● SLAUFAÐU EKKI AÐALATRIÐINU** Slaufa, eða þverslaufa eins og hún er stundum nefnd, er formlegt hálsklæði sem hnýtt er eftir kúnstarinnar reglum, rétt eins og bindi, svo úr verði slaufa sem liggur á þverveginn. Reyndar eru þessar kúnstarinnar reglur það flóknar að flestar slaufur í dag eru forhnýttar. Einfaldasta gerðin af slaufum er svonefnd smelluslaufa sem fest er með smellum við skyrtuna, en vinsælli eru þverslaufur með ásaumuðum linda fyrir aftan hnakka og þá annað hvort með frönskum rennilás í endanum eða krókapari. Þverslaufur eru mikið notaðar við smóking og jakkaföt en sumir nota þær þó daglega. Í ár er slaufan aðalmálið, eins og punktur yfir i-ið, í alls konar litum. Það þarf ekki annað en að líta til hátískuhúsanna.



„Nú þegar þrengt hefur að eru vönduð og endingargóð föt metin meira en áður," segir Sindri Snær, verslunarstjóri í Gallerí 17 í Kringlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Steingrár litur sterkur inni

**Fín jakkaföt eru sígildur fatnaður herramanna og kannski bestu kaupin þegar allt kemur til alls því þau endast vel og eru viðeigandi við ótal tækifæri. Sindri Snær Jensson, verslunarstjóri í Gallerí 17 í Kringlunni, veit allt um það.**

„Við erum með vel sniðin jakkaföt á góðu verði, það er það sem menn vilja núna. Ekkert flækja þetta og flippa of mikið heldur fókusera á það sem er sígilt. Svo er hægt að poppa fötin upp með aukahlutum, beltum, slaufum eða vasaklútum," segir Sindri Snær, sem telur það besta oft hafa gleymst þegar kaupmátturinn var sem mestur. „Nú þegar þrengt hefur að eru vönduð og endingargóð föt metin meira," fullyrðir hann. Þá er komið að því að forvitnast um sniðin. „Fötin eru eins og þau hafa verið undanfarin ár. Ég segi ekki snolluð en bara passleg að stærð," svarar Sindri Snær og lýsir þeim nánar. „Jakkarnir eru aðsniðnir og flottir og svo þrengjast flestar jakkafatabuxur aðeins niður. Það er orðið nær algilt. Sumir verða vantrúaðir á að slíkt snið henti þeim þegar þeir skoða buxurnar fyrst en komast svo að því að þær eru mjög klæðilegar því þetta er alltaf mjög smekklegt. Ekkert gulrótardæmi."

Flest fötin í Gallerí 17 eru úr blöndu af ull og polýester, 60/40 eða 70/30, með ullina í meirihluta. En hvað með mynstur og liti? „Fötin eru mest einlit núna, svört og dökkgrá. Steingrár litur er mjög sterkur bæði í jakkafötum og öllu öðru. Þetta er sem sagt klassískt en með nútíma útfærslu og svo koma aukahlutirnir og þá breytist útlitið snarlega," segir hann og bendir á vasaklúta, rauðar slaufur og jafnvel hatta sem mikið úrval er af í versluninni. Hvað skyldu svo góð jakkaföt kosta í Gallerí 17 í dag? „Þau eru frá 34.900 krónum upp í 39.900 þannig að við höfum reynt að halda verðinu þokkalega góðu," segir verslunarstjórinn.

Gallerí 17 er með eigin framleiðslu á jakkafötum með merkjunum Mao og Parks. Sindri Snær segir fötin saumuð í Kína úr efnum frá Ítalíu. Þó er saumastofa hér, þar sem verslunarstjórar og fleiri innan fyrirtækisins hittast að sögn Sindra Snæs vikulega með klæðskeranum og fara yfir það sem þeir vilja láta gera. „Við köllum okkur ekki hönnuði en leggjum línurnar. Erum samt ekkert að finna upp hjólið og okkar hugmyndir eru víða að," lýsir hann. En er hægt að láta sérsníða föt í 17 ef fólk kemur með málin? „Nei, en á saumastofunni eru ýmsar breytingar gerðar á fötunum ef þörf krefur," segir hann.

# Stjörnurnar teknar til fyrirmyndar

Stjörnurnar hafa leynt og ljóst áhrif á tískuna og því er ekki að undra að hönnuðir keppist um að klæða þær. Oft getur verið erfitt að fylgja því allra heitasta eftir enda taka sniðin og litirnir breytingum frá ári til árs. Þá er ráð að líta í fataskáp heitustu hjartaknúsaranna hverju sinni enda má slá því föstu að þeir séu klæddir af helstu tískuspekúlöntum heims. Hér má sjá nokkra sjóðheita karlmenn í sínu fínasta pússi. *- ve*



Gerard Butler er klassískur en ef vel er að gáð má greina glansáferð á aðsniðnum jakkafötunum.

Brad Pitt spókar sig oft í hvítum jakkafötum og hvað er nú jólalegra? NORDICPHOTOS/GETTY

Jude Law ber jakkafötin við bol og gula strigaskó með ómótstæðilegri útkomu.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Hlynur Steingrímsson hlynurs@365.is s. 512 5439



Í söngleikjamyndinni Victor/Victoriu fer Julie Andrews með hlutverk konu sem leikur mann sem leikur konu. Í mörgum atriðum myndarinnar klæðist Andrews annaðhvort smóking eða klæðskerasniðnum jakkafötum.



Skemmtikrafturinn og þáttastjórnandinn Ellen Degeneres klæðist iðulega jakkafötum eða buxnadrögtum við fínni tilefni. Hér er hún ásamt sambýliskonu sinni leikkonunni Portia de Rossi.

# KYNÞOKKAFULLAR í karlaklæðum

Allt frá því að þekktir tískuhönnuðir á borð við Coco Chanel og seinna Yves Saint-Laurent tóku að leika sér með hefðbundin karlasnið í hönnun sinni á konur, hefur skapast hefð fyrir því að konur klæðist jakkafötum. Sú tíska hefur eins og annað gengið í bylgjum í gegnum tíðina og náði síðast miklum vinsældum á níunda áratugnum þegar stjörnur eins og Darryl Hannah, Grace Jones, Madonna og fleiri spígsporuðu um í jakkafötum, gjarnan í þeim tilgangi að undirstrika kvenleika sinn, vald og kynþokka. - rve



Leikkonan Marlene Dietrich klæddist jakkafötum og öðrum strákslegum klæðnaði á hvíta tjaldinu sem og í einkalífinu.



Leikkonan og kynbomban Scarlett Johansson í smóking.



Söngkonan Celine Dion mætti á Óskarverðlaunahátíðina árið 1999 silkijakka sem hún lét snúa öfugt. Uppátækið vakti misjöfn viðbrögð og þykir sumum þetta eitt versta tískuslys í sögu hátíðarinnar.

# Aðsniðin jakkaföt eru í tísku

**Aðsniðin jakkaföt eru helst í tísku um þessar mundir þótt þau hefðbundnu séu ávallt vinsæl að sögn verslunarstjóra Kultur Menn í Kringlunni.**



„Paul Smith, Tiger of Sweden og Matinque, þetta eru okkar helstu merki," segir Olgeir og bætir við að Exibit Italia sé nýjasta viðbótin við merkjaflóru Kultur Menn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í versluninni Kultur Menn í Kringlunni fást jakkaföt af öllum stærðum og gerðum handa þeim sem annaðhvort vilja halda sig við klassísk snið eða fylgja nýjustu stefnum og straumum úr heimi tískunnar. Olgeir Líndal verslunarstjóri var beðinn um að lýsa þeim.

„Aðsniðin, tveggja tölu jakkaföt, þau eru heitust um þessar mundir," segir Olgeir og bætir við að fremur stuttir jakkar þyki jafnframt flottir. „Áherslur í litavali liggja í svörtu og gráu. Lítið er um liti fyrir þessi jól eins og fjólublátt hjá dömunum, þótt skyrtur í slíkum litum séu reyndar fáanlegar. Svo eru fínköflótt eða fínteinótt jakkaföt inni, en þessi grófköflóttu eða -teinóttu úti." Hvað efni varðar segir hann ull og ullarblöndur koma sterkt inn. Bómullarblöndur, sem eru stífari og þykkari, séu vinsæll hjá yngri kynslóðinni. Jakkafötin segir hann helst almennt sniðin að aldurshópnum 20 til 35 ára þótt um það gildi engar sérstakar reglur.

Karlar sem kjósa fremur hefðbundin jakkaföt en tískusveiflur ættu þó ekki að koma að tómum kofunum í Kultur Menn því þar fæst gott úrval af slíkum fatnaði. Um muninn þar á milli segir Olgeir að slík föt séu ekki eins þröng, buxurnar séu víðari og jakkarnir einnig síðari.

Þá segir Olgeir að við jakkafötin séu hvítar skyrtur vinsælastar fyrir jól og áramót. Svo megi lífga upp á klæðnaðinn með alls kyns fylgihlutum, svo sem litríkum ermahnöppum, bindum, bæði mjóum og breiðum, og svo treflum og klútum sem séu í mikilli uppsveiflu um þessar mundir. „Hvort tveggja eigum við í ýmsum litum, einlitt, röndótt, köflótt, þykkt og þunnt," segir hann og bætir við að vinsælt sé að hafa hálsklútana til dæmis yfir jakkann eða frakkann.

Olgeir tekur fram að þrátt fyrir efnahagslægð í þjóðfélaginu sé varan á mjög góðu verði, þökk sé skilningi og sveigjanleikja þeirra erlendu birgja sem verslunin hefur átt í viðskiptum við um langt skeið. Til marks um það verði jakkaföt, sem fást frá 39.900 krónum og upp úr, og skyrtur seldar með 20 prósenta afslætti fyrir jól.




Matinique jakkaföt
49.990 kr.

Tiger of Sweden skyrta
19.990 kr.

Marco Pascali bindi
6.990 kr.



Tiger of Sweden jakkaföt
79.990 kr.

Tiger of Sweden skyrta
19.990 kr.

Marco Pascali bindi
6.990 kr.



Paul Smith jakkaföt
79.990 kr.

Paul Smith skyrta
21.990 kr.

Paul Smith bindi
13.990 kr.



Exibit Italia jakkaföt
55.990 kr.

Matinique skyrta
17.990 kr.

Bindi
4.990 kr.

Kultur menn



FELIX jakkaföt
44.900 kr.

LINDBERGH skyrta
9.990 kr.

ESPRIT bindi
7.990 kr.



ESPRIT jakki
37.990 kr.
(buxur seldar stakar 21.990 kr.)

ESPRIT skyrta
14.990 kr.

ESPRIT bindi
7.990 kr.



LINDBERGH jakkaföt
29.990 kr.

BRUUN & STENGADE
skyrta
14.990 kr.

CONNEXION bindi
6.990 kr.



FELIX jakkaföt
44.900 kr.

LINDBERGH skyrta
9.990 kr.

CONNEXION bindi
4.990 kr.

DEBENHAMS



**● GÆÐI OG NOTAGILDI Á KOSTNAÐ ÚTLITS** Í síðari heimsstyrjöldinni varð almennt mikill vöruskortur, sem hafði meðal annars áhrif á klæðnað og tísku. Þá var ekki óalgengt að karlmenn klæddust gömlum einkennisbúningum og um það leyti komust líka hattar aftur í tísku. Gæði og notagildi náðu yfirhöndinni á kostnað útlits og ekki var óalgengt að mismunandi efni væru notuð í buxur og jakka vegna skorts á hráefni. Þá voru nælonskyrtur kærkomin tilbreyting frá bómullarskyrtum, þar sem þær voru fljótar að þorna og þurfti ekki að strauja. *Heimild: visindavefur.is.*

# Eitthvað til fyrir alla, óháð hæð, þyngd eða efnahag

**Enginn þarf að fara í jakkafatajólaköttinn, hvorki stórir né smáir, breiðir né mjóir. Mínerva Jónsdóttir, deildarstjóri í Debenhams, lofar því að þar fáist jakkaföt handa öllum. Og að sjálfsögðu í nýjustu tísku.**

„Jakkaföt eru mest dökk núna, mikið svart,“ segir hún. „Skyrturnar eru hefðbundnar, hvítar og svartar en fjólublátt aðalliturinn fyrir þessi jól. Það er þessi fallegi dökkfjólublái vetrarlitur, bæði á skyrtum og bindum. Bindin eru bæði einlit og mynstruð og við erum með margar útgáfur og skyrturnar fást líka bæði einlitar og röndóttar.“

Mínerva segir jakkaföt seljast vel fyrir jólin. „Karlmenn kaupa sér jólaföt og salan er mjög góð. Við aðstoðum viðskiptavinina við að velja fallegustu fötin sem klæða hvern og einn sem best.“

Í Debenhams fer enginn í jakkafataköttinn því þar fást jakkaföt af öllum stærðum og gerðum. „Við erum með mjög breiða línu, bæði venjuleg jakkaföt og aðsniðin frá mörgum merkjum. Við eigum stærðir frá 44-64 og 25 upp í 118 fyrir styttri menn og lengri. Stóra menn vantar oft jakkaföt,“ segir hún og bætir við: „Svo erum við með breitt úrval af skyrtum, bæði með venjulegum ermum og ermalengri fyrir handleggjalanga menn, aðsniðnar og beinar. Skyrtur eigum við í stærðum frá 37-51 sentrimetra í hálsmál,“ segir Mínerva og bendir enn fremur á að 25 prósenta afsláttur sé af öllum jakkafötum til áramóta. „Ódýrustu jakkafötin eru á 29.900 krónur og svo er 25 afsláttur,“ segir Mínerva svo allir ættu að geta verið fínir yfir hátíðarnar.




**Mínerva Jónsdóttir hjá Debenhams aðstoðar viðskiptavini við að finna hin fullkomnu jakkaföt.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Ekki fer á milli mála við hvaða lit flokkur Steingríms J. Sigfússonar kennir sig. Grænn jakki, græn skyrta og grænt bindi klæða enda hinn rauðbirkna Steingrím einkar vel.**



**Dökkblá jakkaföt, dökkblátt bindi, hvít skyrta og blá tjöld Alþingis í baksýn. Bjarni Benediktsson svíkur ekki lit.**



**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson leggur áherslu á að vera með falleg og litskrúðug hálsbindi.**

# Í uppáhaldslitunum í vinnunni

Hér um árið var ekki þverfótað fyrir mönnum í jakkafötum á leiðinni á mikilvæga fjármálafundi. Eitthvað hefur þeim fækkað sem ekki geta farið út úr húsi öðruvísi klæddir en í jakkafötum og með bindi en þó klæðast enn margir jakkafötum við störf sín. Alþingismenn voru á vordögum leystir undan þeirri skyldu að vera með hálsbindi í vinnunni, en af þeirri kvöð höfðu alþingiskonur aldrei haft neinar sérstakar áhyggjur. Steingrímur, Sigmundur og Bjarni eru samt oftast með bindin sín um hálsinn og í jakkafötunum enda ekki um margt annað að velja, nema kannski stakan jakka, ef þeir ætla sér að vera teknir alvarlega í starfi. Þeir formennirnir eiga til að velja fötin sín og þó sérstaklega bindin eftir flokkslínum og þeir eru heppnir með það hvað þessar línur fara þeim vel. *- bb*


JÓL Í SELECTED /HOMME
NÝJAR VÖRUR VIKULEGA
JAKKAFÖT
FRÁ 29900
VESTI
7990
8990
7990
3990
2490
3990
12900
SELECTED
HOMME
Smáralind / sími 555 2900 / Kringlan / sími 581 1944



Kvikmyndin North by Northwest sem skartar Cary Grant í aðalhlutverki hefur verið kosin „most stylish“ mynd allra tíma af tímaritinu GQ. Því er skæslegum jakkafötum Grant að þakka.



# Jakkaföt sem skóku heiminn

**Þótt sumum finnist jakkaföt lítið breytast er raunin önnur þegar litið er yfir söguna. Hér eru talin upp nokkur jakkaföt sem þóttu marka tímamót í tísku á sínum tíma.** - *sg*

Hvítu jakkaföt Toms Wolfe, sem stundum er kallaður faðir nýrrar blaðamennsku, eru orðin einkennismerki hans. Hann keypti fyrstu jakkafötin árið 1962 og þótti gott að vera sér á báti. Í dag á hann heilan fataskáp af hvítum jakkafötum.



Winston Churchill vakti mikið umtal þegar myndir birtust af honum árið 1940 þar sem hann var í teinóttum jakkafötum með hríðskotabyssu og líktist argasta mafíósa.



Bítlarnir höfðu án efa mikil áhrif á tísku síns tíma. Flest föt þeirra á fyrstu árum velgengninnar voru hönnuð af klæðskeranum Douglas Millings. Hin aðsniðnu jakkaföt sem hljómsveitarmeðlimir skarta í myndinni A Hard Day's Night höfðu áhrif á hönnuði á borð við Hedi Slimane og tónlistarmenn á borð við Pete Doherty.



Malcolm X klæddist svokölluðum zoot-jakkafötum. Zoot-fötin tengjast jakkafötum sem uppreisnargjarnir unglingar, sem voru kallaðir zooters, klæddust og voru allt of stór og mjög há í mittið.

Söngvarinn Gram Parsons klæddist jakkafötum skreyttum maríjúanalaufum, nöktum konum og stórum rauðum krossi. Jakkafötin urðu fljótt nokkurs konar gríntákn fyrir hippahreyfinguna. Fötin voru hönnuð af Nudie Cohn sem einnig hannaði gullgalla Elvis Presley.




50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár




Marlene Dietrich var fyrsta kvenstjarna veraldar til að klæðast karlmannsjakkafötum. Síðan þá hafa margar konur fylgt í kjölfarið. Konur á borð við Madonnu, Judy Garland, Díönu prinsessu og Catherine Deneuve.



Föt litla umrenningsins sem leikinn var af Charlie Chaplin einkenndust af mótsögnum. Þröngur jakki við allt of víðar buxur, lítill hattur og allt of stórir skór.

# Úr niðurmjóu í stutt

Niðurmjóar karlmannsbuxur hafa átt vinsældum að fagna undanfarin ár og hefur tískan verið lífseigari en margir höfðu spáð. Eflaust hafa sumir karlmenn verið farnir að renna hýru auga til beinni sniða og jafnvel „boot cut“ en þeir þurfa að sýna biðlund því nú er von á stuttum buxum.

Ef marka má línurnar sem franskir og breskir hönnuðir leggja fyrir vorið og sumarið þá ná buxurnar rétt niður fyrir miðja kálfa og má sjá skína í bera ökkla og stöku sokkapar. Hvort tískuhönnuðir séu meðvitað að leggja sig fram um að gera karlmenn hlægilega skal ósagt látið en ef marka má vinsældir niðurmjóu buxnanna, sem var ekki spáð góðu gengi í fyrstu, er aldrei að vita nema annar hver karlmaður verði kominn í allt of stuttar buxur áður en langt um líður. *- ve*






Hér er sokkunum skartað og skórnir njóta sín til fulls við stuttar buxur frá Louis Vuitton.



Hér má sjá framlag franska hönnuðarins Franck Boclet sem hannar fyrir Emanuel Ungaro tískuhúsið.



Gunni tekur sig vel út í versluninni Herra Hafnarfjörður, sem er við Fjarðargötu í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Komdu með gömlu og fáðu ný

**Herra Hafnarfjörður er orðin ein af rótgrónari herrafatabúðum landsins. Um næstu helgi verður sérstakt afmælistilboð þar sem gott málefni verður styrkt um leið.**

„Búðin átti afmæli núna á sunnudaginn, 29. nóvember. Þá var ég búinn að vera hérna í fimmtán ár. Fimmtán ár í þessum geira, það er nú svolítið mikið. Með sömu kennitöluna í fimmtán ár, það eru ekki allir sem geta státað af því,“ segir Gunni í versluninni Herra Hafnarfjörður við Fjarðargötu, stoltur og hress því hann er nýkominn úr ræktinni þar sem hann hefur misst 30 kíló síðustu fimm mánuði.

„Svo nú um helgina verður algjört afmælistilboð! Maður er náttúrlega að hugsa um fólkið á landsbyggðinni og fólkið sem á varla fyrir mat. Ég er með svona tilboð fram á sunnudag að þeir sem kaupa jakkaföt hjá mér geta komið með gömlu jakkafötin, sem hanga inni í skáp, en þá fá þeir 10.000 króna afslátt,“ segir Gunni og útskýrir að gömlu fötin sem passa ekki lengur eða eru ekki í notkun fari svo til Mæðrastyrksnefndar.

En hvernig er svo herratískan í ár? „Það er náttúrlega allt voðalega drungalegt og dökkt, það er bara allt svart. Það er náttúrlega hægt að poppa það upp með rauðu bindi eða hafa skyrtuna rauða og bindið svart. Nú er allt voðalega stílhreint og spáð í notagildinu,“ segir Gunni og lýsir því að viðskiptavinirnir hafi breyst frá því áður. Nú komi menn ekki lengur inn og kaupi tvenn jakkaföt án þess að spyrja hvað þau kosti. „Það er bara mjög gott, bara æðislegt að hafa hugsandi viðskiptavini,“ segir Gunni. Þá segir hann ekkert teinótt sjást nútildags en eitthvað sé hins vegar um köflótt. „Svo er mikið í tísku að klæðast vesti, skyrtu og bindi og vera þá jafnvel í gallabuxum við.“

Um helgina býður Gunni upp á kaffi og kransakökur í versluninni og á Þorláksmessu ætlar hann að vera með koníak fyrir viðskiptavini. En fólk má ekki láta sér bregða þótt það komi ekki auga á Gunna við afgreiðslustörf í búðinni, hann er ekki hættur heldur bara orðinn svo grannur að hann þekkist varla lengur.




BERTONI jakkaföt
24.990 kr.

Daniel Bessi skyrta
6990 kr.

Bindi
4990 kr.



BERTONI jakkaföt
49.990 kr.

Daniel Bessi skyrta
10.990 kr.

Bindi
3990 kr.



BERTONI jakkaföt
24.990 kr.

Daniel Bessi skyrta
10.990 kr.

Bindi
3.990 kr.



BERTONI jakkaföt
49.990 kr.

Daniel Bessi skyrta
6.990 kr.

Bindi
4.990 kr.

Herra
hafnarfjörður



George Clooney og unnusta hans, Elisabetta Canalis, mæta til frumsýningar á kvikmyndinni Up in the Air, en Clooney fer með eitt af aðalhlutverkunum.
NORDICPHOTOS/AFP

# Clooney flottur í tauinu að vanda

Leikarinn George Clooney hefur margoft lent á lista yfir myndarlegustu og best klæddu menn veraldar. Því skal engan undra að gamli silfurrefurinn skyldi stela senunni þegar hann mætti á frumsýningu kvikmyndarinnar Up in the Air í Kaliforníu nú á dögunum.

Clooney, sem klæðist yfirleitt svörtu og hefur af þeirri ástæðu meðal annars verið líkt við sveitasöngvarann sáluga Johnny Cash, brá ekki út af vananum í þetta sinn. Hann klæddist svörtum jakkafötum úr smiðju Ralph Lauren, svartri fráhnepptri skyrtu og skóm í stíl.

Kærasta Clooneys, fyrirsætan þokkafulla Elisabetta Canalis, kom á óvart með því að feta í fótspor síns heittelskaða og klæðast svörtu frá toppi til táar. Sömu sögu má segja um móður Clooneys og aðra frumsýningargesti. *- rve*

## HNÚTAR UM HÁLS

Hálsbindið er oft punkturinn yfir i-ið þegar klæðast á jakkafötum og vera fínn en þá er lykilatriði að kunna að hnýta hnútinn. Það hefur hins vegar vafist fyrir mörgum enda ekki augljóst við fyrstu sýn hvernig bera skal sig að. Þetta er ekki nýtt vandamál heldur hefur það loðað við frá því hálstau varð að mikilvægum hluta af klæðaburði karlmanna. Fyrsta handbókin í hálstaushnýtingum kom út árið 1820. Það var bókin Neckclothitania og þar var að finna skýringarmyndir og leiðbeiningar fyrir fjórtán mismunandi hnúta á hálsklúta, sem þá voru mikið í tísku, og má telja næsta öruggt að séu forverar hálsbinda nútímans. Á netinu er hægt að finna margar gagnlegar síður ef bindishnýtingar vefjast fyrir mönnum. Til dæmis má finna gagnlega hnúta á www.boardroomties.com en svo rákumst við á íslenskar hnýtingarleiðbeiningar á jonsdottir.blogcentral.is.





Vandasamt getur verið að binda bindishnúta en ef handbók er ekki við hendina er ráð að reyna að dreifa athyglinni.



Norwood Young mætir með vinkonu sinni á bandarísku tónlistarverðlaunahátíðina í Los Angeles í nóvember.

## TIL HEIÐURS JACKSON

Michael Jackson var sannarlega með sérstæðan fatasmekk en líklega má þó segja að hann hafi aldrei þótt sérlega smart í allt of stuttum buxum, hvítum sokkum, skrautlegum jökkum og steinum skreyttum hanska á annarri hendi.

Við lát hans virðist áhuginn á söngvaranum hafa aukist til muna, jafnvel á fatastíl hans. Þannig klæddist söngvarinn Norwood Young ansi sérstökum búningi þegar hann mætti á bandarísku tónlistarverðlaunahátíðina á dögunum. Vísunin í Jackson var öllum ljós en hvort Young hafi þótt bera af í smekklegheitum fylgir ekki sögunni.





NÝ SENDING!! Kjóll 9.900 kr. Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 www.emilia.is




# HEILSA

## Heilsuvörur






### Shaktimat

Indverska nálastungumottan sem er búin að slá rækilega í gegn í Svíþjóð. Verð 13.900.- nú á TILBOÐI 8800,-. Hefur 6210 nálastungupunkta sem geta haft græðandi, afslappandi og róandi áhrif fyrir líkama og sál.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**






Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

### ÓKEYPIS RÁÐGJÖF Í ÞYNGDARSTJÓRNUN!

Hringdu núna, Drífa 695 8464, Pétur 773 1025, Katrín 699 6617.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**Heilnudd**
www.hairandbodyart.net

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

### J. B. HEILSULIND Dekurdagar?

Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin.

## Þjónusta

### Er andlega orkan á þrotum?

Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Tímapantanir Guðrún 695 5480.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Dýrahald



Yorkshire terrier tíkin Maia hvarf sl. laugardag frá Forsæti í V-Landeyjum og er hennar sárt saknað. Fundarlaun 50.000. Sími 845-0009, Klara.

## Húsnæði í boði

STAY APARTMENTS

### STAY APARTMENTS - VIKULEIGA

Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 35.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

Til leigu 9 fm herbergi í Hlíðum. Sér inngangur, wc og sturta. 20.000 kr. uppl. 844 3252

HERB. TIL LEIGU MEÐ HÚSG.8-20FM. VERÐ FRÁ 35.000 Á MÁN. LEIGUTÍMI FRÁ EINNI VIKU EÐA LENGUR. SJÁ WWW.HOTELFLOKI.IS BJARNI S. 660-7799. Senda.

### Leiguliðar ehf Fossaleyni 16

Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Rúmott herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími. 863 6687

### Stúdíóíbúð

Nýuppgerð 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð 59 þ. S. 824 6692.

45 fm einstaklingsíbúð. Óska eftir reglusömum einstakling. Neðri hæð í einbýlishúsi, með sérinngangi. 30 ára og eldri. S. 663 9714.

### ATH ATH !

Íbúð í 101 til leigu fyrir góða manneskju og jafnvel bíll líka. Frá 10. des - 27. feb nk. Skilyrði að viðkomandi geti hugsað um heimilisköttinn. S. 896 4457.

### Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

2 herb 52fm íbúð á jarðhæð með ser inngangi.108 rvk verð 87þus thrainna@mi.is

## Húsnæði óskast

Óska eftir 4-5 herb. eða húsi, helst nýlegt. Reglusemi og skilvísi. S. 616 8667 e. kl. 18.

## Sumarbústaðir

Til leigu vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km. frá Rvk. Heitur pottur. S. 663 2712.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 300 fm hæð í Höfðahverfi Gott húsnæði. Góðar innkeyrsludyr. Gott verð. Sími 861-8011.

Til leigu 70fm iðnaðarhúsnæði á Dalvegi Kóp. Gott húsnæði með góðum innkeyrsludyrum. Uppl. í s. 699 4185.

Bæjarlind 14-16 - Til leigu 2-400fm versl.-/skrifst.húsn. á jarðhæð. Innkeyrsludyr, næg bílastæði, góð aðkoma. S:895-5053 - Tilboð.

Til leigu 120 fm atvinnuhúsnæði í Seljahverfi, 109 rvk. Í götuhæð. S. 557 6084 &. 694 6309.

TIL LEIGU 70m2 NÝL IÐNAÐARBIL Í GARÐABÆ GÓÐ HURÐ GOTT PLAN WC V 85ÞÚS. S. 892 7858.

BREIÐHELLA HF. Til leigu eða sölu 134 fm iðnaðarbil. Hurð 4x4m. Ýmis skipti. Uppl. S 822 5588.

## Geymsluhúsnæði

### Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.

Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

### www.buslodageymsla.is

Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

### geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

### www.geymslaeitt.is

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

### Geymsluhús.is

Mjög gott 3000m2 upphitað geymsluhús í Innri Njarðvík, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar, bílar ofl. ATH!gott verð!! Uppl. í síma 770-5144.

## Bílskúr

### Mosfellsbær

Bílskúr 28 fm til leigu. Laus nú þegar. Uppl. í s. 451 4037

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

### GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

## Bókakynning

Cafe Catalina
**Hamraborg 11 • S: 554 2166**

**Vestfirsk bókakynning**
**Laugardaginn 5. des. kl. 20:30**

**Þá lesa úr nýjum bókum sínum:**
Hafliði Magnússon, Ólafur Helgi Kjartansson, Tryggvi Þorsteinsson, Guðrún Lára Ásgeirsdóttir og Gunnlaugur Júlíusson
Einnig segja Hafliði og Ólafur Helgi vestfirskar gamasögur

**Hljómsveitin Granít frá Vík í Mýrdal leikur Rolling Stones þar sem Ólafur Helgi tekur lagið og vestfirskt gæðapopp**

**Kl. 23 – 03 Rolling Stones dansleikur með Granít - Gestasöngvari Ólafur Helgi Kjartansson**



# ATVINNA

## Atvinna í boði

vinna.is
Umsækjendur – kíkið inn á www.vinna.is
Skráning er umsækjendum að kostnaðarlausu.

kol ehf - hringjum út

### Kvöld- og helgarvinna

Kvöld- og helgarvinna. Tímakaup og bónusar. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Hringdu núna í síma 550 3610 kol@kol.is

Ritari lögmanna Óskum eftir ritara í fullt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf ekki síðar en 1. janúar 2010. Umsóknir óskast sendar fyrir 9. desember til Opus lögmanna ehf, b.t. Lilju, Austurstræti 17, 101 Reykjavík.

### STÖRF.IS

Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

Vantar barngóða konu til að sinna 8 mán dreng og léttum heimilisstörfum virka daga frá 9 - 17 frá janúar og fram á sumar. Meðmæli nauðsynleg. Upplýs í síma 557 5679 eða á siggathor@yahoo.com.

Starfsmaður óskast til þjónustustarfa á veitingahúsi í Reykjavík. Heiðarleiki, dugnaður og Íslenskukunnátta skilyrði. Kvöld og helgarvinna. Áhugasamir hafi samband í netfangið spice@spice.is. Uppl. s. 868 0049.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Símadömur 908 1616**
**Nú er ný stúlka að byrja bráðum! Stundum dettur hún inn.**

**Hringdu og láttu okkur vera góðar, hvernær sem þú vilt.**

**Vodafone/Tal 908 1616**

## Fasteignir

FASTEIGNASALAN GIMLI **570 4800**
Árni Stefánsson, lögg. fasteignasali
Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800

**HÁTEIGSVEGUR 3 (GENGIÐ INN FRÁ ÞVERHOLTI)**
**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 16:30-17:30**




Vorum að fá í sölu mjög fallega og rúmgóða 2ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Sameiginlegur inngangur með einni íbúð. Falleg innrétting í eldhúsi, stáltæki. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Þvottaherbergi innan íbúðar. Rúmgóð stofa. **Eignin er laus nú þegar, sölumaður verður á staðnum.**

## Fundir / Mannfagnaður

### Greiðslustöðvun Straums-Burðaráss fjárfestingabanka hf.

# - Fundarboð -

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 16. júní 2009, var heimild Straums-Burðaráss - fjárfestingabanka, kt. 701086-1399, Borgartúni 25, Reykjavík, til greiðslu-stöðvunar framlengd til föstudagsins 11. desember 2009, kl. 13:00, er málið verður tekið fyrir að nýju í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, dómsal 102.

Unnið er að því að hámarka virði eigna og undirbúa aðgerðir til að koma nýrri skipan á fjármál félagsins. Með vísan til 13. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og fl. er hér með boðað til fundar með lánardrottnum Straums-Burðaráss - fjárfestingabanka hf. og verður hann haldinn á Hótel Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík, þriðjudaginn 8. desember, kl. 10:00.

Reykjavík, 24. nóvember 2009,

Virðingarfyllst,
Hörður Felix Harðarson, hrl.



Jói Fel bakarameistari

# ENN EIN METSÖLUBÓKIN!

## Nýja brauð og kökubókin

framreidd af Jóa Fel, einum færasta bakara landsins!

## MEST SELDA BÓKIN Í DAG *






**1.999kr.**

*226 nýjar uppskriftir!*

*Samkv. metsölulista Morgunblaðsins 29.nóvember.

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár



†

*Elskulegur sonur okkar, bróðir, barnabarn og frændi,*

**Hlynur Þór Sigurðsson**
Grófarseli 18, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Seljakirkju föstudaginn 4. desember klukkan 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Hlyns Þórs Sigurðssonar, kt. 411209 0160 banki 115-05-60550.

**Sigurður B. Arnþórsson** — **Aðalheiður Diego Hjálmarsdóttir**
**Arnþór Sigurðsson** — **Elísabet Lúðvíksdóttir**
**Kristján Þór Sigurðsson**
**Arnþór Sigurðsson** — **Arndís Árnadóttir**
**Hjálmar Diego Arnórsson** — **Anna Kristjánsdóttir**
**og frændsystkin.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Tryggva Guðmundsdóttir Söebech**
Huldugili 31, Akureyri,

lést 26. nóvember á Dvalarheimilinu Hlíð. Jarðsungið verður frá Akureyrarkirkju 7. desember kl. 13.30.

**Sigurgeir Söebech** — **Þuríður Hauksdóttir**
**Ágústína Söebech** — **Heimir Jóhannsson**
**Benedikt Haukur Sigurgeirsson**
**Gunnlaugur Magnús Sigurgeirsson**
**Rannveig Björk Heimisdóttir**
**Tryggvi Jóhann Heimisson**
**Petra Sæunn Heimisdóttir.**
**og langömmubörn.**



†

*Ástkær sambýlismaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, fósturfaðir og bróðir,*

**Guðjón Sigurðsson**
Hátúni 10b, Reykjavík,

lést á heimili sínu sunnudaginn 22. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Sigríður Ásgeirsdóttir**
**Sigurður Auðberg**
**Guðrún Guðjónsdóttir**
**Jóhann Kristinn, Andri Snær og Heiða Diljá**
**Jenný Hildur Clausen**
**Brynjar Örn Clausen**
**Halldór Jón Sigurðsson**
**Sigrún Auður Sigurðardóttir**
**Ingibjörg Sigurðardóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

†



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýju og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, afa, sonar, bróður, mágs og tengdasonar,*

**Jóhanns Más Jóhannssonar**
Heiðardal 1, Vogum.

Við viljum þakka öllu starfsfólki á D-deild á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fyrir frábæra umönnun og kærleik í okkar garð. Enn fremur viljum við þakka lækninum hans, Friðbirni Sigurðssyni, Hrönn Finnsdóttur hjúkrunarfræðingi og öllum öðrum á deild 11B sem hlúðu að honum á Landspítalanum fyrir frábæra umönnun og hlýhug. Við þökkum Ísfelli fyrir frábæran stuðning.

**Ragnhildur B. Svavarsdóttir**
**Íris Ósk Jóhannsdóttir** — **Kristján Guðbrandsson**
**Helga Dögg Jóhannsdóttir**
**Aron Freyr Kristjánsson**
**María Jóhannesdóttir** — **Jóhann Th. Þórðarson**
**Jóhanna V Jóhannsdóttir** — **Ingi K. Ingibergsson**
**Hermann F. Jóhannsson** — **Bryndís María Björnsdóttir**
**Anna Bergmann Guðbjörnsdóttir** — **Guðmundur Waage**

**OZZY OSBOURNE ER 61 ÁRS.**

*„Ég elska ykkur öll. Ég elska ykkur meira en lífið sjálft, en þið eruð öll snarklikkuð.“*

***Ozzy Osbourne er söngvari þungarokksveitarinnar Black Sabbath. Hann og fjölskylda hans hafa vakið athygli í raunveruleikaþáttunum The Osbournes.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



**ÓLÖF NORDAL** hæstaréttarlögmaður er 43 ára.



**JULIANNE MOORE** leikkona er 49 ára.



†

*Okkar ástkæra*

**Sigurbjörg Ingvarsdóttir**
Hrafntóftum 2, áður Langholtsvegi 44,

andaðist að heimili sínu laugardaginn 28. nóv. 2009. Útför hennar verður gerð frá Oddakirkju á Rangárvöllum laugardaginn 5. desember kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hinnar látnu láti Dvalarheimilið Lund á Hellu njóta þess.

**Ragnheiður Jónsdóttir** — **Hafsteinn Ingvarsson**
**Þórunn Jónsdóttir** — **Steinn Þór Karlsson**
**Elísabet Vilborg Jónsdóttir** — **Steinar Þór Jónasson**
**Pálína Jónsdóttir** — **Björgúlfur Þorvarðsson**
**Margrét Fjeldsted**
**Jóna Borg Jónsdóttir** — **Ludvig Guðmundsson**
**og afkomendur.**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Katrín Káradóttir**
ljósmyndari, Boðahlein 5, Garðabæ,

lést á Landspítala Fossvogi þriðjudaginn 1. desember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Eiríkur Svavar Eiríksson**
**Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir** — **Dirk Lubker**
**Steinunn Eiríksdóttir** — **Þorsteinn Lárusson**
**Þóra Eiríksdóttir** — **Ómar Guðjónsson**
**og barnabörn.**



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jenný Guðlaugsdóttir**

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Grund föstudaginn 27. nóvember. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 4. desember kl. 15.00.

**Björn Jónsson** — **Erna Nielsen**
**Kristín Jónsdóttir**
**Guðlaugur Jónsson** — **Sigríður Þorsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**ÞETTA GERÐIST:** 3. DESEMBER 1967

## *Fyrsta hjartaígræðslan*

Þennan dag árið 1967 var nýtt hjarta grætt í hinn 53 ára gamla Lewis Washansky í spítalanum Groote Schuur í Höfðaborg í Suður-Afríku. Þetta var í fyrsta sinn sem hjarta var grætt í mann.



Washansky var suðurafrískur kaupmaður sem var langt leiddur af hjartasjúkdómi. Hann fékk nýja hjartað úr Denise Darvall, 25 ára konu, sem lést í bílslysi.

Skurðlæknirinn Christiaan Barnaard framkvæmdi aðgerðina sem hafði verið þróuð af bandarískum vísindamönnum á sjötta áratugnum en fyrsta hjartaígræðslan sem heppnaðist var gerð á hundi árið 1958.

Eftir uppskurðinn fékk Washansky lyf sem héldu ónæmiskerfinu niðri svo að líkaminn hafnaði ekki hjartanu. Af þeim sökum sýktist Washansky af lungnabólgu og lést átján dögum síðar. Nýja hjartað hafði hins vegar starfað eðlilega þessa átján daga.



**MYNDARLEGT SAUMAVÉLASAFN** Kristmann státar af myndarlegu saumavélasafni. Hér situr hann við elstu Pfaff-saumavélina sem hefur fundist á Íslandi en hún er frá árinu 1904. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**PFAFF:** ÁTTATÍU ÁRA FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI

# Skynsemi í rekstri alla tíð

Verslunin Pfaff er áttatíu ára en hún hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar frá upphafi. „Þetta byrjaði árið 1929 þegar föðursystir mín bað föður minn Magnús Þorgeirsson að athuga hvort hann gæti ekki útvegað sér Pfaff-saumavél sem hún hafði heyrt að væru sérstaklega góðar. Hann gekk í málið en fékk það svar að hann gæti ekki fengið eina vél en ef hann treysti sér til að kaupa sex gæti hann fengið umboðið,“ segir Kristmann Magnússon, sonur Magnúsar Þorgeirssonar sem síðar tók við fyrirtækinu af föður sínum.

Magnús sló til, vélarnar voru fluttar til landsins og var sú fyrsta seld hinn 28. október sama ár. „Sá dagur hefur síðan verið álitinn afmælisdagur fyrirtækisins. Pabbi rak það á haftaárunum en ég tók við árið 1963 og þá var reksturinn farinn að glæðast,“ segir Kristmann sem var einungis 25 ára þegar hann tók við framkvæmdastjórastöðunni. „Ég hafði þá starfað hjá fyrirtækinu í mörg ár við viðgerðir og annað tilfallandi og hafði síðan föður minn innan handar við reksturinn. Það sama hefur síðan átt við um mín börn,“ upplýsir Kristmann en dóttir hans er framkvæmdastjóri og sonur þjónustustjóri fyrirtækisins í dag. Þó Kristmann hafi að mestu dregið sig í hlé segist hann enn notaður í sendiferðir auk þess sem hann þýðir alla saumavélarbæklingana yfir á íslensku.

Kristmann segir fyrirtækið standa vel í dag þó kreppan segi auðvitað eitthvað til sín. „Við tókum ekki þátt í neinum fjárfestingarlátum enda þurftum við á öllu okkar fé að halda til að geta haldið lager og rekið fyrirtækið. Við höfðum ekkert aukafé og tókum engin lán,“ segir Kristmann. Hann segir skynsemi í rekstri arfleið frá föður sínum. „Gamli maðurinn kenndi bæði mér og dótturinni að reikningana ætti að borga á gjalddaga og var ég einu sinni hundskammaður fyrir að borga víxil á þriðja degi þó að það hafi verið leyfilegt á þeim tíma. Pabbi kallaði mig inn á skrifstofu til sín og sagði mér að ef ég skrifaði upp á víxil til greiðslu á ákveðnum degi þá ætti að greiða hann á þeim degi og þeirri stefnu höfum við fylgt síðan.“

Stjórnarhættirnir virðast hafa skilað árangri og hefur Kristmanni og fjölskyldu hans haldist einstaklega vel á starfsfólki. „Okkar helsta vandamál er að við losnum ekki við það starfsfólk sem byrjar hjá okkur,“ segir Kristmann og hlær.

Pfaff, sem er til húsa að Grensásvegi 13, er nú með umboð fyrir hina ýmsu framleiðendur en þar fást saumavélar, símabúnaður, hljómflutningstæki, ljós og fleira. „Við ákváðum að setja eggin í fleiri körfur en við rákum okkur á nauðsyn þess þegar sauma- og prjónaiðnaðurinn hrundi fyrir fimmtán árum. Sú þróun hefur þó heldur betur snúist við upp á síðkastið enda hefur mikið prjóna- og saumaæði gengið yfir landann.“

vera@frettabladid.is

LYFJA
- Lifið heil

www.lyfja.is



# Christina Aguilera



**3.995 kr.**
**Christina Aguilera** gjafaaskja: Eau de Parfum 15 ml. Sturtugel 50 ml. Body lotion 50 ml.

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 48293 12/09

# Lancôme



**7.450 kr.**
**Lancôme** gjafaaskja með **Hydra Zen Neurocalm** kremi 50ml, **Hydra Zen Essence** 10ml, augnkremi 5ml og næturkremi 5ml.

# Trind



Verð frá **1.995 kr.**
**Trind** gjafasett.

# Decubal




**3.611 kr.**
**Decubal** ferðasnyrtitaska fyrir dömur sem inniheldur **Decubal** Face Wash, **Decubal** Shower and Bath Oil, **Decubal** Face Cream og mjúkan baðsvamp.

# Maybelline



**2.890 kr.**
Gjafabudda með svörtum **Maybelline Colossal** maskara með collageni, sem gefur einstaka þykkt og lengd, ásamt svörtum **Kohl Blam Maybelline** augnblýanti.

# Surgi




**20% afsláttur til jóla**
**Surgi** háreyðing á 20% afslætti fram til jóla.
Einfalt, fljótlegt og þægilegt.

# Sothys




Verð frá **3.950 kr.**
Hágæðasnyrtivörur fyrir konur á öllum aldri. Glæsilegar gjafaöskjur frá **Sothys** með vörum fyrir líkama og/eða andlit.

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík




# Ilmandi smákökur

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**

Það brakaði í snjónum undan fótum mínum þar sem ég dró sleðann á eftir mér snemma morguns og ískalt loftið fyllti lungun. Á sleðanum sat litla skottan og var ekki síður ánægð með veðurfarið, sagðist finna svo góða lykt af snjónum. Enn þá var aldimmt nema ljósastaurarnir vísuðu okkur veginn. Það voru fáir á ferli þetta snemma og þeir sem við mættum voru álíka útbúnir og við, á snjóþotu eða sleða og dúðaðir upp fyrir haus. Farþegarnir sem sátu sleðana voru glaðir, borðuðu snjó og köstuðu honum yfir sig.



**ÉG FAGNAÐI** líka þegar fór að snjóa um daginn. Þó að kuldinn bíti í kinnar þá finnst mér snjórinn alltaf lýsa upp skammdegið.

**VIÐ ÁTTUM** ekki langa ferð fyrir höndum mæðgurnar, bara rétt út götuna og fyrir hornið. En þótt leiðin sé stutt getur hún dregist á langinn á svona morgnum og við vorum heldur ekkert að flýta okkur. Þræddum okkur gegnum hvern skafl og skoðuðum spor í snjónum eftir jólaköttinn og aðrar kynjaverur.

**ÉG VAR HÁLFPARTINN** annars hugar. Ég átti erfitt með að hrista úr höfði mér frásögn fólks sem ég sá í sjónvarpinu um daginn sem hafði misst allt á síðasta ári, þrátt fyrir að vera reglufólk sem stóð í skilum með sitt. Ég gæti trúað að þessi saga ætti við um marga aðra. Nú er það að gerast það sem ég vissi að meðaljóninn sem settur var til hliðar í „björgunaraðgerðunum“ svokölluðu, er að sligast. Fólkið sem féll ekki í hóp þeirra „sem mest þurfa á aðstoð að halda“ á síðasta ári er komið í þann flokk í dag eftir að hafa borgað og borgað linnulaust.

**ÉG HRISTI** þessar hugsanir af mér þegar litla skottan minnti mig á að við þyrftum að halda för okkar áfram. Í gluggum húsanna við götuna tindruðu jólaljósin sem hafa verið að tínast upp síðustu daga og þar fyrir innan mátti sjá fólk tygja sig til vinnu. Röndóttum flannelnáttfötum og rjúkandi kaffibollum brá fyrir milli gardína og einhver söng í sturtunni. Einhverjir höfðu líka tekið daginn snemma til annars en að drífa sig í vinnuna því smákökuilmur fyllti skyndilega vitin þar sem ég þrammaði áfram með sleðann. Ilminn lagði gegnum frostið og við fengum vatn í munninn.

**VANGAVELTURNAR** um bágt ástandið í þjóðfélaginu viku fyrir notalegri tilfinningu í maganum. Jólin eru að koma. Veturinn verður kannski ekki svo langur eftir allt saman.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





DESEMBER
TILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
WINDOWS 7
MEÐ ÖLLUM NÝJUM FARTÖLVUM
9.990
UPPFÆRSLA
14.900
TIL AFGREIÐSLU STRAX
500GB
LACIE HARÐDISK FLAKKARI
14.900
1TB
LACIE HARÐDISK FLAKKARI
19.900
4
BLAÐSÍÐUR
STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM
HVERGI BETRA VERÐ
SPILARI
MARGMIÐLUNARSPILARI
TENGIST USB FLAKKARA
720P UPSCALING
9.990
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

! **ath. kl. 21.**

*Þá er komið að síðustu tónleikum Múlans í ár. Þar kemur fram hljómsveit sem bassaleikarinn Ólafur Stolzenwald leiðir með gítaristunum Ásgeiri Ásgeirssyni og Ómari Guðjónssyni ásamt Scott Maclemore sem leikur á trommur. Þemað er tónlist eftir Kenny Burrell sem lék með Coltrane og Jimmy Smith. Ásamt tónlist Burrells hljóma stef Charlies Haden og manna hans. Tónleikar Múlans fara fram í Jazzkjallaranum, á Café Cultura, Hverfisgötu 18, gegnt Þjóðleikhúsinu.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Sálumessa Mozarts flutt um nótt

Árlegur flutningur Óperukórsins að viðbættum kröftum á sálumessu Mozarts verður í Langholtskirkju aðfaranótt 5. desember, það er upp úr miðnætti föstudags 4. des og er kirkjan opin frá kl. 23.50 föstudagskvöld. Auk sinfóníusveitar koma fram söngvararnir Þóra Einarsdóttir sópran, Sesselja Kristjánsdóttir messósópran, Garðar Thór Cortes tenór og Kristinn Sigmundsson bassi. Stjórnandi er Garðar Cortes.

Ástæða þessa sérstæða tónleikatíma, kl. 00.30 aðfaranótt 5. desember, er sú að verkið er flutt á dánarstundu tónskáldsins, Mozarts, sem lést laust eftir miðnætti aðfaranótt 5. des. 1791, aðeins 35 ára að aldri. Vitandi að hverju stefndi, lagði hann síðustu krafta sína í að reyna að ljúka tónsmíðinni, en tókst ekki, og eru því lokakaflar verksins samdir af nemanda hans Syßmayr. Tónleikum Óperukórsins mun ljúka á síðustu tónunum sem Mozart samdi og skráði.



**TÓNLIST** Kristinn Sigmundsson syngur í Sálumessu Mozarts aðfaranótt laugardags.

Það er orðin hefð að Óperukórinn flytji sálumessuna á dánarstund skáldsins og hefur flutningurinn verið tileinkaður föllnum félögum úr hópi tónlistarmanna, þeim sem látist hafa á liðnu ári sem virðingarvottur við ævi þeirra og störf enda er sálumessa flutt. Þeir eru Rúnar Júlíusson, Andrés Kolbeinsson, Guðmundur Finnbjörnsson, Ingólfur Guðbrandsson, Árni Elfar, Halldór Vilhelmsson, Sigurveig Hjaltested, Óskar Ingólfsson, Jónína Gísladóttir, Sigríður Maggý Magnúsdóttir, Haraldur Bragason og Helga Ingólfsdóttir.

Áhugamönnum um tónlist gefst einstakt tækifæri til að sjá og heyra Kristin Sigmundsson leiða hópa fínna krafta í flutningi á einstöku verki og slík tækifæri gefast ekki oft. Miðasala er á midi.is og takmarkað er af sætum í kirkjunni sem best er að tryggja sér sæti í tíma. - pbb

## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

25.11.09 – 01.12.09



**1** Svörtuloft – Arnaldur Indriðason



**2** Vigdís – Páll Valsson



**3** Loftkastalinn sem hrundi – Stieg Larsson



**4** Karlsvagninn – Kristín Marja Baldursdóttir



**5** Jólasyrpa 2009 – Walt Disney



**6** Horfðu á mig – Yrsa Sigurðardóttir



**7** Brauð og kökubók Hagkaups – Jói Fel



**8** Týnda táknið – Dan Brown



**9** Snorri – Óskar Guðmundsson



**10** Umsátrið – Styrmir Gunnarsson

Eymundsson.is Eymundsson Bóksali frá 1872

# Ástríður Alda leikur Chopin

**Í tilefni þess að 200 ár eru liðin frá fæðingu Chopins á næsta ári leikur Sinfóníuhljómsveit Íslands báða píanókonserta meistarans með ungum íslenskum píanistum í vetur. Það er Ástríður Alda Sigurðardóttir sem ríður á vaðið á tónleikum í kvöld.**

Ástríður Alda Sigurðardóttir flytur hinn undurfagra og tregafulla píanókonsert nr. 2, sem raunar var fyrri til að vera saminn þótt talan segi annað. Einnig verður fluttur Coriolan, forleikur og 3. sinfónía Beethovens. Tónleikarnir eru hluti af Rauðu röðinni og er uppselt á þá.

Ástríður Alda lauk námi frá Indiana-tónlistarháskólanum 2003 með hæstu einkunn og hefur síðan komið víða fram og fengið afar góðar undirtektir. Hún hóf nám í píanóleik sex ára gömul hjá móður sinni, Guðrúnu Guðmundsdóttur. Vorið 1999 lauk hún einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Önnu Þorgrímsdóttur. Á árunum 2000-2003 stundaði hún nám hjá Reiko Neriki við Indiana University – Jacobs School of Music í Bloomington þar sem hún lauk Artist Diploma með hæstu einkunn.

Robert Spano er hljómsveitarstjóri á tónleikunum. Hann er einn virtasti hljómsveitarstjóri Bandaríkjanna um þessar mundir. Hann hefur gegnt stöðu aðalhljómsveitarstjóra við Sinfóníuhljómsveitina í Atlanta frá árinu 2001 en var einnig meðal þeirra sem voru orðaðir við stöðu aðalstjórnanda hjá Fílharmóníunni í New York nú nýverið. Þá hefur hann hlotið fjölda verðlauna fyrir flutning sinn, meðal annars allnokkurn fjölda Grammy-verðlauna. Spano hefur glæsilegan og þróttmikinn stíl og það er SÍ sannur heiður að bjóða þennan frábæra tónlistarmann til Íslands í fyrsta sinn.



**TÓNLIST** Ástríður Alda Sigurðardóttir leikur í kvöld píanókonsert Chopins nr. 2 með Sinfóníunni.

Hetjuhljómkviða Beethovens er sem sniðin að tilþrifamiklum stíl Spanos. Það var með þessu verki sem Beethoven setti mark sitt á sinfóníska formið svo um munaði. Sinfónían er full af spennu og þrótti enda átti hún upphaflega að vera tileinkuð sjálfum Napóleóni Bónaparte þótt tónskáldinu snerist hugur þegar ljóst varð að Napóleón yrði ekki sá talsmaður jafnréttis sem margir bundu vonir við og afturkallaði tileinkunina, en í tónsmíðinni má glögglega greina þær miklu vonir sem bundnar voru við Napóleon á tímabili evrópskrar vitundar.

Síðari tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem eru tileinkaðir Chopin eru 25. og 26. febrúar, en þá leikur Víkingur Heiðar Ólafsson píanókonsert nr. 1. Nær uppselt er á fyrri tónleikana og því hefur verið bætt við aukatónleikum á föstudeginum 26.

Tónleikarnir í kvöld verða sendir út beint á rás 1 Ríkisútvarpsins og þeir sem náðu sér ekki miða gera best að lækka ljósin, loka sig af og skrúfa græjurnar í botn.

pbb@frettabladid.is

# Andri fær peninga í verðlaun

Tilkynnt var á fullveldisdaginn að Andri Snær Magnason væri þess heiðurs aðnjótandi að fá Kairos-verðlaunin þýsku sem stofnun Alfreds Toepfer í Hamborg veitir listamönnum sem hafa mótandi áhrif á samtíð sína.

Verðlaunin verða afhent 28. febrúar 2010 og nemur verðlaunaféð 75.000 evrum. Alfred Toepfer-stofnunin hefur starfað frá 1931 og er staðsett í heimaborg Alfreðs, Hamborg, þar sem hann rak verslun og átti jarðir. Hún stendur fyrir margháttuðu starfi og eru Kairos-verðlaunin aðeins hluti af umfangsmiklu menningarstarfi sem stofnunin annast. Þessi verðlaun eru ætluð listamönnum á sviði myndlistar, tónlistar, arkitektúrs, kvikmyndunar, ljósmyndunar, bókmennta og fjölmiðlunar. Verðlaunin eru nefnd eftir gríska guðinum Kairos sem var guð hinnar „réttu stundar" og eru hugsuð sem hvatningarverðlaun.

Alfred Toepfer-stofnunin hefur um langt skeið veitt verðlaun á sviði menningar og lista, og er fólk eins og Harold Pinter, Pina Bauschs, Imre Kertész og Ólafur Elíasson meðal þeirra sem þau hafa hlotið.



**BÓKMENNTIR** Andri Snær Magnason rithöfundur. MYND FRETTABLADID

Dómnefndin, sem í sitja þekktir áhrifamenn á sviði menningarmiðlunar á þýska málsvæðinu, byggði val sitt meðal annars á því að höfundi hafi tekist að snúa við friðsælu sambandi skálda við náttúruna, í stað hyllingar hvetji hann til virkni. Í áliti hennar segir: Andri Snær „telur ekki að ljóðlist og barátta í þágu móður jarðar, fagurfræðileg skynjun og friðsamleg mótmæli útiloki hvert annað, heldur styðji þau hvert annað". Enn fremur að bók hans Draumalandið, sem kom út árið 2006, þar sem hann fjallar um áhrif stóriðju á íslenska náttúru hafi átt sinn þátt í valinu.

Í fréttatilkynningu Alfred Toepfer-stofnunarinnar segir: „Með húmor og sannfæringarkrafti ljær hann óhugmyndafræðilegri en kraftmikilli grasrótarhreyfingu á Íslandi rödd sína og sköpunarhæfileika." Ekki er ljóst hvaða aðgang dómnefndin hefur haft að verkum Andra þó þau hafi farið víða.

Fyrr í vikunni voru tvær bóka Andra valdar vinsælastar í tengslum við tilnefningar Íslensku bókmenntaverðlaunanna og stóð valið milli verka sem tilnefnd höfðu verið frá upphafi. Þá er Andri nýsnúinn heim frá kvikmyndahátíðinni í Amsterdam þar sem Draumalandið var sýnt en myndin er nú komin í alþjóðlega dreifingu. Andri vinnur nú ásamt Þorleifi Arnarssyni að frágangi texta fyrir leiksýninguna Eilíf óhamingja sem flutt verður í Borgarleikhúsinu á komandi ári.

pbb@frettabladid.is



JÓLATILBOÐ
42"
Vreal4
100Hz
DVB-T
Panasonic
Panasonic TXP42X10
42" Plasma BREIÐTJALD með 1024x768 punkta uppl., Vreal 4 Engine (meiri myndgæði), 100Hz, 24p Playback, Viera Link, x.v Colour, Real Black Drive 20.000:1 skerpu (native), Progressive Scan, 3D Colour Management, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, stafrænum háskerpu DVB-T móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara (JPEG), 20w Nicam Stereó V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (RGB), 3 HDMI (1.3), Component, SVHS, CVBS, PC tengi, CI rauf ofl.
TILBOÐ 184.990
FULLT VERÐ kr. 249.990
32"
Vreal4
DVB-T
Panasonic
Panasonic TXL32X10
32" HD LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., Vreal 4 Engine, IPS Alpha, 24p, 15.000:1 skerpu, 3D Colour, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, VIERA Link, stafr. háskerpu DVB-T móttakara , SD/SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó V-Audio Surround, 2 x Scart , 3 HDMI tengi ofl.
TILBOÐ 149.990
FULLT VERÐ kr. 179.990
50"
Vreal4
DVB-T
RECOMMENDED
Panasonic
Panasonic TXP50X10
50" 100Hz Plasma BREIÐTJALD með 1366x768p uppl., Vreal 4, 24p, Real Black Drive 20.000:1 skerpu, x.v Colour, 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, Viera Link, háskerpu DVB-T stafr. mótt., SD/SDHC kortalesari 2 x Scart, 3 HDMI, CI rauf, PC tengi ofl.
TILBOÐ 289.990
FULLT VERÐ kr. 349.990
22"
DVD
INNBYGGÐUR DVD SPILARI
UNITED
United 22DD91HD
22" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara, stafrænum móttakara (DVB-T), 1440x900 upplausn, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðvaleit, HDMI, Scart, S-Video & VGA (PC) tengjum. Tekur 12v og 220v straum.
TILBOÐ 72.990
FULLT VERÐ kr. 79.990
32"
PIP/PAP
2 HDMI
UNITED
United LTV9732
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p uppl., 3D Comb filter, FullPIX2 / FullPIX HD, 100.000:1 skerpa, PIP (mynd í mynd) og PAP, DVB-T stafr. móttakari, 2 x HDMI, VGA ofl.
TILBOÐ 119.990
FULLT VERÐ kr. 139.990
42"
PIP/PAP
2 HDMI
UNITED
United LTV9742
42" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 p uppl., 3D Comb filter, FullPIX2 / FullPIX HD, 100.000:1 skerpa, PIP (mynd í mynd) og PAP, DVB-T stafr. móttakari, 2 x HDMI, VGA ofl.
TILBOÐ 189.990
FULLT VERÐ kr. 219.990
Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2008
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

# Heiðarleg heimild um hetju

Tónlist ★★★

**Segðu ekki frá (með lífsmarki)**

Megas & Senuþjófarnir



Í seinni tíð koma íslenskar tónleikaplötur í flestum tilfellum út undir misgáfulegu yfirskini á borð við samstarf við Sinfóníuhljómsveit, órafmagnaðar útgáfur af helstu smellum viðkomandi, afmælistónleika, sérhannaða dúetta og þar fram eftir götunum. Skýr og ærleg heimild um tónleikaröð, eins og þá sem finna má á Segðu ekki frá (með lífsmarki) er því nokkuð hressandi tilbreyting í sjálfu sér. Um er að ræða upptökur frá tónleikum Megasar & Senuþjófanna vítt og breitt um landið árið 2007, og fá margar af helstu perlum meistarans (og þar af leiðandi íslenskrar tónlistarsögu) að hljóma í bland við nýrri og lítt þekktari lög.

Í gegnum tíðina hefur Megas verið einkar laginn við að velja sér meðreiðarsveina við hæfi, enda hafa helstu hæfileikamenn landsins löngum verið boðnir og búnir til samstarfsins. Reggíboltarnir í Hjálmum og gítarsnillingurinn Guðmundur Pétursson falla átakalaust í þennan flokk, mynda feikilega vel spilandi band sem býr yfir gagnkvæmum skilningi við söngvaskáldið. Senuþjófarnir mættu þó að ósekju gera fleiri tilraunir til að standa undir nafni, dýnamíkurinnar vegna. Líður í því hefði getað verið að velja á plötuna fleiri lög sem standa hefðbundinni hljóðfæraskipun á tónleikum (trommu, bassa, gítar og orgeli) örlítið fjær miðað við upphaflegar útsetningar, til að mynda af Höfuðlausnum, Hættulegri hljómsveit og glæpakvendinu Stellu, og píanóplötunni Svanasöng á leiði. Að því sögðu er hæpið að kvarta yfir smíðunum sem völdust á plötuna. Allar eru þær jú í landsliðsklassa.

Söngur Megasar er almennt góður á plötunni og má nefna leikrænu tilburðina í Önundi Póla, Ábendingu (þar sem röddin virðist keyra í gegnum ógurlegt hæsi á laglegan hátt) og illgirnislegan blæ Álafossúlpunnar (með norðlenskum hreim) sem dæmi. Þá er hlustendum mikill akkur í tíðum uppfærslum textanna. Dagur hefur tekið við af Bigga sem borgarstjóri í Heimspekilegum vangaveltum, Ljótu kallarnir sem liggja mömmu í Jólanáttburði eru endurskilgreindir sem lögfræðingar, litli drengurinn í Reykjavíkurnóttum er ekki lengur tuskulegur heldur tussulegur, og svo mætti lengi telja.



**TÓNLIST** Megas & senuþjófarnir: Ná vel saman á plötu jafnt sem sviði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Segðu ekki frá (með lífsmarki) flæðir prýðilega, hljómar vel og vantar lítið sem ekkert á kraftinn, en að sama skapi eru útsetningarnar misspennandi. Margar sigla lygnan sjó. Sumt virkar fullkomlega, eins og kántrýskotið Vertu mér samferða inní draumalandið amma og Saga úr sveitinni, téð Álafossúlpa og Tvær stjörnur. Annars staðar gengur grunnnálgunin illa upp og hamagangurinn fer langt með að bera fegurðina ofurliði. Til dæmis er Orfeus og Evridís ekki svipur hjá sjón. Þá skortir Kvöld í Atlavík tilfinnanlega þann stigvaxandi hrynjanda sem á svo vel við frásögnina og gerir orginalinn nánast fullkominn.

Slíkar umkvartanir eru þó algengar og eðlilegar þegar um tónleikaupptökur er að ræða. Hér er á ferð fínasta plata sem kemur stemningunni vel til skila og þjónar sínu hlutverki.

**Kartan Guðmundsson**

**Niðurstaða:** Góðar tónleikaupptökur af meistaralegu lagasafni.

Bókmenntir ★★★

**Horfðu á mig**

Yrsa Sigurðardóttir

**Veröld 2009**

## Sök bítur sekan



Yrsa Sigurðardóttir hóf feril sinn sem spennusagnahöfundur fyrir krakka en sneri sér svo að smíði krimma sem útgefendur hennar hafa markaðssett af mikilli hind. Henni hefur, jafnframt vinsældum hér á landi, tekist að ná fótfestu á erlendum markaði. Allar sögur hennar bera þess vott að hún er hraður höfundur sem liggur ekki yfir texta sínum, frásagnarháttur hennar er hefðbundinn, hún er langorð og mætti útgefandinn taka sér næði til að freista þess að láta hana vanda stíl sinn betur og þjappa langdregnum köflum saman.

Styrkur Yrsu er sannarlega í hugkvæmni við að finna sögum sínum kveikjur og fléttu. Aðalpersóna hennar, lögfræðingurinn Þóra, er sérkennalítil, heimilishagir hennar hversdagslegir, kærastinn lítið spennandi, en áhugi höfundarins beinist frekar að tæknilegum atriðum sem varða oft hugkvæma plottbyggingu: hér er sagan miðjusett í kringum sambýli fatlaðra og bak við heldur kaldranalegan stílinn skilar hún miklum harmi þeirra sem lifa við ríka fötlun.

Annað sem birtist í þessari sögu eins og nokkrum fyrri: Yrsa er veik fyrir að skrifa spennandi kafla þar sem ýjað er að yfirnáttúrulegum öflum. Hér er það svipur sem fylgir barni. Í þeim köflum verksins sem eru mun meira vandaðir í uppbyggingu með ritstíl tekst henni best upp í Horfðu á mig. Væri gaman að sjá hana einbeita sér að spennusögu sem byggði alfarið á slíkum hindurvitnum, hreinum horror-bókmenntum sem eru þrátt fyrir landlæga trú hér á draugum heldur magnlitlar og njóta ekki áhuga höfunda almennt.

Yrsa er sannarlega í fremri röð íslenskra höfunda afþreyingarbóka og þessi saga mun svala áhuga lesenda sem vilja halda sig við það rólið. Í verkum hennar leynast samt sýnishorn um metnaðarfyllri og beittari sögur – hafi hún og útgefandi hennar á því áhuga.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Hefðbundin Yrsu-saga, en vel undirbyggt plott að vanda.

Bókmenntir ★★★★

**Komin til að vera, nóttin**

Ingunn Sædal



**Bjartur 2009**

## Á mínum aldri

Á fáum árum hefur Ingunn Sædal þrengt sér fram í framvarðarsveit ljóðskáldanna, hispurslaus og lítið afsakandi yfir framkomu sinni og framgöngu: hér erum við. Nú á hún að baki þrjú lítil ljóðakver sem útgefandi hennar hefur látið brjóta um og binda af smekkvísi, stundum eru útgefendur svo penir í pakkningum ljóða að menn undrar hið hófstillta smekkvísa ekkert-segjandi kápuval. Hvar eru öskrandi litirnir, hamingjuglóðin og blossinn, gott fólk?

Alla vega, þegar flett er inn í ljóðheim Ingunnar eru þar engin vettlingatök; myndir snarpar, ákafar, snöggar og leiftrandi. Að þessu sinni eru á fimmtíu og sex síðum fjörutíu og sex ljóð, margbrotin í frjálsu formi og lúta hvert sinni merkingu með knöppum stíl. Ljóðmælandinn er kona heima og heiman, í þorpi borg og héraði. Náttúrulýsingar og náttúrukenndir sem taka víða á sig erótískan munaðarblæ í sárri ástarþrá, svo líkamlegri að tekur í. Hún er hispurslaus í spaugi sínu á flandri um heiminn, leikur sér aðeins með ljóðið sem hinn stramma ramma þrár og drauma og rýfur það kankvís á orðinu.

Þessi þriðja bók hennar er hressileg gusa, lostafull og leikandi með næmri myndbyggingu, hlátri og sól. Svona skáldskap er brýnt að hafa reglulega við rúmstokkinn til að minna sig á að heimurinn er líka heiður og golan ber með sér ilm af nýslegnu túni, ástin möguleg fram yfir fertugt:

*„þessvegna drekk ég stundum*
*þar til ég er orðin sautján ára*
*og farin að æla á*
*annarra manna parkett“ (52)*

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Full skál af ferskri ást, heitum dögum og þrám.



**BÓKMENNTIR** Bryndís Loftsdóttir, sölustjóri hjá Pennanum Eymundsson.

# Bóksalan almennt tekin að glæðast

Hið árlega bókafyllerí íslendinga er að hefjast. Sölulistar Pennans Eymundssonar fyrir liðna söluviku voru birtir í gær. Að sögn Bryndísar Loftsdóttur sölustýru þar á bæ hafa inn á borð þeirra komið 793 nýir íslenskir bókatitlar það sem af er árinu en inni í þeirri tölu eru reyndar líka endurútgáfur, til dæmis í kiljuformi. Hún segir: „Árið 2008 tókum við 947 titla inn svo það liggur nú fyrir að eitthvað er útgáfan að dragast saman á milli ára. Ég skýt á að heildarfjöldi nýrra titla í verslunum okkar verði um áramót eitthvað í kringum 850 þannig að við erum að sjá um tíu prósenta samdrátt í útgáfu íslenskra bóka á þessu ári.“ Hún fer ekki í grafgötur með áhyggjur sínar af breytingu á samsetningu útgáfunnar og lítur þá til framtíðar: „Hins vegar er samdrátturinn einna mestur í útgáfu barnabóka, í fyrra komu 247 nýir barnabókatitlar inn í verslanir okkar en í ár eru þeir nú orðnir 188 og verða tæpast fleiri en 200. Við erum því að sjá tuttugu prósenta samdrátt í útgáfu barnabóka og jafnframt nokkurn samdrátt í sölu þeirra á meðan salan helst áþekk í fullorðinsbókum á milli ára. Þessi þróun er afar neikvæð og enn meira áhyggjuefni er staða hefðbundinna barnaskáldverka á vinsældarlista okkar. Þar er ég ekki að gera lítið úr teiknimyndasögum, sönglaga- og ljóðabókum eða handbókum af öðru tagi fyrir börn. En á lista vikunnar geta varla talist nema sjö hefðbundin skáldverk fyrir börn af þeim fimmtán titlum sem þar eru taldir og allar eru þær frekar í neðri kanti listans.“

Ef flett er í bókatíðindum er ljóst að frumsömdum sögum fyrir börn á breytilegum aldri fækkar. Verð á barnabókum er lægra en á verkum fyrir fullorðna lesendur og því minna sem fellur í hlut höfunda fyrir vinnuna. Þar er skýringarinnar að leita að hluta. Bryndís segir: „Mér var þetta ofarlega í huga í gær við tilnefningu Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Sú breyting hefur nú verið gerð á þeim að þýðingar mynda nú þriðja flokkinn í tilnefningunum og er það vel. Enn bíðum við þó eftir að sjá barnabækur hafnar á sama stall og aðrar íslenskar bækur með tilnefningum og verðlaunum líkt og fagurbókmenntir, fræðirit og þýðingar. Það yrði óneitanlega mikil hvatning fyrir höfunda og lesendur.“

Söluhæstu titlar liðinnar viku voru þessir í búðum Pennans Eymundssonar: í fyrsta sæti Svörtuloft Arnalds Indriðasonar, þá ævisaga Vigdísar Finnbogadóttur eftir Pál Valsson, í þriðja sæti þriðja sagan í þúsaldar þríleik Stiegs Larssons. Fjórða sætið vermir Karlsvagn Kristínar Marju Baldursdóttur, þá Jólasyrpa Disney 2009, í sjötta sætinu er Horfðu á mig eftir Yrsu Sigurðardóttur, þá Brauð- og kökubók Hagkaupa, í áttunda sæti nýja Dan Brown-bókin, en lestina reka ævisaga Snorra Sturlusonar eftir Óskar Guðmundsson og hrunsbók Styrmis Gunnarssonar, Umsátrið.

**- pbb**





Hvað er eiginlega að gerast á Íslandi?
Er allt að verða vitlaust?
„… feikna stílisti … fyndinn og beittur í gegn …“
Hrund Ólafsdóttir / Morgunblaðið
„… fádæma stílisti …“
Jón Yngvi Jóhannsson / pressan.is
Fyndin og tímabær saga um blóðugan samtímann eftir óþekktarorm íslenskra bókmennta
EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL
Gæska
MÁL OG MENNING
www.forlagid.is
Fullkomið landslag
En hvað býr undir niðri?
„… bók sem vekur til umhugsunar …“
Ingibjörg Rögnvaldsdóttir / bokmenntir.is
„Vel skrifuð og vel unnin … látlaus á yfirborðinu en þarna býr margt undir niðri. Þannig gerð að hún situr í manni eftir lesturinn.“
Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan
„Vel kompónerað verk, margföld í roðinu þessi saga.“
Páll Baldvin Baldvinsson / Kiljan
Saga með kraumandi ástríðum, öfund og undirferli eftir rithöfundinn, myndlistarmanninn og listgagnrýnandann Rögnu Sigurðardóttur
RAGNA SIGURÐARDÓTTIR
HIÐ FULLKOMNA LANDSLAG
Skáldsaga




**Basarinn**

**Nytjamarkaður Kristniboðssambandsins**
**Grensásvegi 7, 2. hæð.**

Full búð af fjölbreyttum vörum á góðu verði. Bækur, föt, búsáhöld og skrautmunir. Vörur frá Afríku, jólavörur o.fl. Látið skynsemina ráða og verslið ódýrt.
**Opið virka daga kl. 12-17 og laugardaginn 5. des. kl. 11-16.**

***Aðventutónleikar***

**Kór Kristskirkju í Landakoti og söngfólk úr Biskupstungum**

**halda aðventutónleika sunnudaginn 6. desember 2009 kl. 16.00 í Kristskirkju í Landakoti**



**Einsöngvarar: Sigrún Hjálmtýsdóttir, Egill Ólafsson**

**Konsertmeistari: Hjörleifur Valsson**

**Stjórnandi: Hilmar Örn Agnarsson**

**Flutt verða ýmis verk sem tengjast aðventu og jólum.**

**Aðgangur kr. 2500,- kr. – Miðar seldir á midi.is**

**Aukatónleikar í Kristskirkju sunnudaginn 6. desember kl. 20.00.**

**Miðar á seinni tónleikana seldir í Kjötborg, Ásvallagötu 19 og Klausturvörum, Garðastræti 17. Upplýsingar í síma 869 8110.**

# Salurinn á aðventunni

Tónleikahald í Salnum verður með blómlegasta móti í desember og kennir þar ýmissa grasa. Þann 5. desember verða aukatónleikar Jóns Ólafssonar, Af fingrum fram, þegar hann fær Stefán Hilmarsson til sín í spjall og söng. Tónleikarnir hefjast kl. 21.

Fyrr sama dag, eða kl. 17, stendur Sendiráð Rússlands á Íslandi fyrir kynningu á kósakka söng- og dansflokknum „Derzhava“ („Stórveldi“) frá borginni Voronezh í Rússlandi. Á dagskrá eru þekkt rússnesk þjóðlög ásamt hefðbundnum kvæðum Dónárkósakka sem einkennast af sérstökum ljóðrænum stíl. Í flutningi kvæðanna er lögð mikil áhersla á að undirstrika skapgerð og vaskleika þessarar þekktu hermannastéttar Rússlands. Áhorfendur fá þar að auki að sjá sérstæða danslist kósakka þar sem sverðum og svipum verður brugðið á loft. Hópurinn hefur haldið fjöldamarga tónleika jafnt í heimalandinu sem um heim allan, þar á meðal í Evrópu, Bandaríkjunum og Suður-Ameríku, og notið mikilla vinsælda meðal áhorfenda. Í hópnum eru fjórir karlmenn og þrjár konur. Stjórnandi flokksins er Sergey Zolotarev. Aðgangur er ókeypis og opið meðan húsrúm leyfir.

Á sunnudeginum, 6. desember, eru það svo Ljótu hálfvitarnir sem bjóða upp á fjölskyldutónleika kl. 15. Tónleikarnir eru ekki síst hugsaðir til þess að aðdáendum hálfvitanna í yngri kantinum gefist kostur á að sjá þá á tónleikum, en



**TÓNLIST** Megas og Senuþjófarnir eru ómissandi á aðventunni segja þeir Salarmenn. MYND FRÉTTABLAÐIÐ/

hljómsveitin hefur orðið þess vör að hún á talsverðu fylgi að fagna í yngsta aldurshópnum. Og reyndar upp eftir öllu aldurstrénu, þannig að vonandi verða í Salnum heilu kynslóðirnar frá börnum upp í langömmur. Sniglabandið heldur jólatónleika í Salnum fimmtudaginn, 10. desember, þar sem það tekur lög af nýrri plötu bandsins, Jól, meiri jól. Það er ekki laust við að í tónlistinni gæti írskra áhrifa en einnig finnur hlustandinn keim af sænsku berjalyngi og íslensku stuðlabergi. Má búast við hressilegum tónleikum að hætti Sniglabandsmanna, en þeir hefjast kl. 20.30.

Kakó og kósýheit er yfirskriftin á jólatónleikum 13. desember kl. 16. Sverrir Árnason og Jón Gunnar Biering Margeirsson hófu að spila saman fyrir um átján árum á þaki leikfangaskúrs í austurbæ Kópavogs. Samstarfið var slípað í Digranesskóla þar sem dúettinn „Viskustykki og sultutau“ fæddist. Sá dúett kom svo fram annað veifið allt til ársins 2000. Félagarnir héldu svo jólatónleika að Sólheimum í Grímsnesi 2007 og höfðu gaman af. Stefnt er að afslappaðri, kakósötrandi, piparkökunartandi jólastemningu.

Megas og Senuþjófarnir verða með tónleika 16. desember kl. 20.30 í tilefni af útkomu nýrrar plötu, „Segðu ekki frá“, sem er tvöföld tónleikaplata. Á henni hefur verið safnað saman upptökum síðustu ára af tónleikum Megasar & Senuþjófanna. Niðurstaðan er ómetanlegt safn bestu og þekktustu laga Megasar í glæsilegum tónleikabúningi. Megas er ómissandi á aðventunni!

Lárusdætur, þ.e. tónleikar með systrunum Ingibjörgu, Þórunni og Dísellu Lárusdætrum, verða í Salnum 18. desember kl. 21.00. Jólatónleikar af bestu gerð enda ekki á hverjum degi sem fólki gefst kostur á að hlýða á systurnar saman á tónleikum.

Miðasala er í Salnum á þessa viðburði. **- pbb**

íslensk hönnun og handverk



fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR

Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454 | www.fridaskart.is

# Norræn klúbbakvöld í London

Jajaja er norrænt tónlistarsamstarf í London sem unnið er af ÚTÓN og norrænum systurskrifstofum. Samstarfið er ætlað tónlistarmönnum frá Norðurlöndunum sem vilja kynna tónlist sína í Bretlandi. Hljómsveitin Kira Kira lék á fyrsta kvöldinu sem haldið var hinn 19. nóvember. Anna Hildur Hildibrandsdóttir, framkvæmdastjóri ÚTÓN, segir kvöldið hafa gengið mjög vel og að troðið hafi verið út að dyrum.

„Þetta er keyrt sem prufuverkefni til maíloka, en ef vel gengur ætlum við að halda þessu áfram. Hljómsveitir sækja um þátttöku á netinu og svo eru þekktir aðilar úr breska tónlistariðnaðinum fengnir til að velja þær hljómsveitir sem spila. Það eru ekki alltaf valdar hljómsveitir frá hverju landi fyrir sig en fyrstu þrjú skiptin hafa hljómsveitir frá Íslandi verið valdar til þátttöku,“ segir Anna Hildur. Hljómsveitin Bloodgroup mun leika á jólatónleikunum nú í desember og í janúar munu piltarnir í Leaves taka þátt. „Hljómsveitirnar fá ferðasjóð frá ÚTÓN en mesti styrkurinn er auðvitað þessi öfluga kynning sem hlýst af því að spila. Hljómsveitirnar fá góða kynningu og geta skapað tengsl við fólk í breska tónlistariðnaðinum,“ segir Anna Hildur að lokum.



**GÓÐ KYNNING** Anna Hildur Hildibrandsdóttir, framkvæmdastjóri ÚTÓN, segir Jajaja-klúbbakvöldin í London vera góða kynningu fyrir norrænar hljómsveitir.

Áhugasamir geta sótt um á www.sonicbids.com/jajaja. **- sm**



**JÓLAGJÖF LJÓÐAUNNANDANS**

**„Kraftmikil bók sem löðrungar lesandann veggja á milli.“**
GERÐUR KRISTNÝ / FRÉTTABLAÐIÐ

Nýjasta ljóðabók **Sigurðar Pálssonar** er einstök ljóðahljómkviða sem endurspeglar margbrotin tengsl einstaklings og samfélags. Hér mætast í sterkum hljómi ljóðmyndir sem ýmist eru léttúðugar, alvarlegar, lífsglaðar, mælskar eða meitlaðar.




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Netverslun Leikfangaland.is
Ný lína í leikföngum frá USA
Við erum tveggja ára.



Dúkkuhús með og án húsgagna.
Kastalar fyrir stráka og stelpur.
Stór dúkkurúm, vöggur, matarstólar og fataskápar
Eldhús
bruder plasto DORA playmobil BABY born
Vefversl.: www.leikfangaland.is. S. 5873215. leikland@simnet.is

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

**Fimmtudagur 3. desember 2009**

**➜ Tónleikar**



**12.00 Dísella Lárusdóttir** sópran og **Antonía Hevesi** píanóleikari koma fram á hádegistónleikum í Hafnarborg við Strandgötu. Á efnisskránni verða m.a. amerísk jólalög og aríur.

**12.15 Garðar Cortes** tenór og **Róbert Sund** píanóleikari halda jólatónleika á Kjarvalsstöðum við Flókagötu.

**20.00 Jólatónleikar Skagfirsku** Söngsveitarinnar fara fram í Bústaðakirkju við Tunguveg. Sérstakur gestur verður **Sigrún Hjálmtýsdóttir (Diddú).**

**20.30 Áshildur Haraldsdóttir** þverflautuleikari og **Katie Buckley** hörpuleikari halda tónleika í Breiðamýri í Þingeyjarsveit. Á efnisskránni verða meðal annars jólalög og verk eftir Paul Angerer, Saint-Saëns og Þorkel Sigurbjörnsson.

**21.00 Ólafur Stolzenwald** og hljómsveit koma fram á tónleikum í jazzkjallaranum í Cafe Cultura á Hverfisgötu 18. Á efnisskránni verða lög Kenny Burrell, Charlie Haden og fleiri.



**21.00 Ragnheiður Gröndal** flytur þekkt og óþekkt jólalög á tónleikum á Græna Hattinum við Hafnarstræti á Akureyri.

**➜ Opnanir**

**20.00** Í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu verður opnuð sýning þar sem sýndur verður afrakstur námskeiðs sem framhaldskólanemendur á listnámsbrautum sóttu hjá safninu. Aðeins þetta kvöld. Allir velkomnir.

**20.00 Rakel McMahon** opnar sýningu sína „Feed me" í versluninni KronKron á Laugavegi 63. Opið mán.-fim. kl. 10-18, fös. kl. 10-18.30 og lau. kl. 10-17.

**➜ Sýningar**

**Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir** hefur opnað sýninguna „Snjór á himnum" í Kling og Bang gallerí við Hverfisgötu 42. Opið Fim.-sun. kl. 14-18.

Í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu hefur fornleifasýningin „Endurfundir" verið framlengd. Sýningin er ætluð öllum aldurshópum. Þar hefur einnig verið opnuð sýning á gripum sem Ása G. Wright gaf safninu á 7. áratug síðustu aldar. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17.

Í Þjóðdeild Landsbókasafnsins við Arngrímsgötu 3 hefur verið opnuð jólasýning sem er helguð áramótum, álfum og vættum og öðrum verum sem fara á kreik. Opið mán-fös. kl. 8.15-22, og lau.-sun. 10-18.

Í Gamla sjúkrahúsinu á Eyrartúni á Ísafirði, hefur verið opnuð jólasýningin tileinkuð jólaskeiðinni. Opið virka daga kl. 13-19 og lau. kl. 13-16.

Í Náttúrufræðistofu Kópavogs við Hamraborg 6a stendur yfir sýning á verkefni Þrihnúka ehf. og VSÓ Ráðgjafar um nýstárlega nýtingu á Þríhnúkagíg í þágu ferðamennsku og fræðslu. Opið mán.-fim. kl. 10.20, föst kl. 11-17 og lau. og sun. kl. 13-17.

**➜ Pub Quiz**



**20.00 Fótbolta Pub Quiz** verður haldið á Enska barnum við Austurstræti vikulega fram að jólum. Gestaspyrill í kvöld verður **Hörður Magnússon.** Vegleg verðlaun í boði og enginn aðgangseyrir. Nánari upplýsingar á www.sammarinn.com.

**➜ Leikrit**

**20.00** Sýningar á verkinu **Hnykill,** þar sem farið er um óravíddir mannsheilans, fara fram í Norðurpólnum við Bygggarða 5. Nánari upplýsingar á www.hnykill.blogspot.com.

**➜ Fyrirlestrar**

**12.00 Dagný Kristjánsdóttir** flytur erindi um kenningar Júlíu Kristevu um þunglyndi og birtingarmyndir þess í listum og menningum. Fyrirlesturinn fer fram hjá HÍ, Öskju (st. 132) við Sturlugötu 7.

**20.00 Tor Einar Olaisen,** norskur blóðgreinir, heldur fyrirlestur um blóðgreiningu og pH kraftaverkið hjá Maður lifandi að Borgartúni 24. Nánar á www.madurlifandi.is.

**20.00 Sonja Sif Jóhannesdóttir** ræðir um rannsókn á heilsufari og líkamsástandi sjómanna og Hlín Gylfadóttir segir frá jólum til sjós í fyrirlestrum sem fluttir verða í Sjóminjasafni Reykjavíkur í Víkinni við Grandagarð.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Sönglög Jórunnar flutt á tónleikum

Nýverið kom út geisladiskurinn Jórunn Viðar, sönglög – Lieder þar sem Helga Rós Indriðadóttir sópran og Guðrún Dalía Salómonsdóttir píanóleikari flytja öll útgefin sönglög Jórunnar ásamt nokkrum þjóðlögum í útsetningum hennar. Geisladiskurinn var gefinn út í tilefni stórafmælis Jórunnar á síðasta ári og er að því leyti merkur að ekki hafa áður verið á einum stað sönglög Jórunnar sem bregða samankomin nýju ljósi á hana sem tónskáld. Jórunn hefur um langan aldur verið í hópi okkar virtustu tónskálda og fór fyrst kvenna inn á svið sem áður var karlheilagt.

Nú eru þær stöllur komnar á kreik og munu á næstunni halda tónleika með efni af disknum. Hefst tónleikaröðin annað kvöld á Blönduósi en þar verða tónleikarnir í kirkjunni og hefjast kl. 21.

Þaðan liggur leið þeirra á Sauðárkrók þar sem sungið verður og leikið í Sal frímúrara 5. desember kl. 16.00. Svo snúa þær suður og halda tónleika hinn 7.desember kl. 20.00 í Dómkirkjunni. Það er Menningarráð Norðurlands vestra sem styrkir tónleikana norðanlands en aðgangseyrir er enginn og allir eru velkomnir. **- pbb**



**TÓNLIST** Helga Rós og Guðrún Dalía flytja sönglög Jórunnar á þrennum tónleikum næstu daga.





BLOODGROUP


DÓNADÚETTINN

> Í SPILARANUM

**Bloodgroup** - Dry land
Andri Arngrímsson - Orrustan um Esjuna
Jóhann G - Á langri leið
Sigurður Guðmundsson & Memfismafían - Jóla smáskífa
**Dónadúettinn** - Venjulegt kynlíf

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Spenntur fyrir Glastonbury

Bono, söngvari U2, segist vera himinlifandi og auðmjúkur yfir því að hljómsveitin verði eitt af þremur aðalnúmerunum á Glastonbury-hátíðinni næsta sumar. Þá verða fjörutíu ár liðin síðan hún var haldin í fyrsta sinn á Englandi. „Allir í hljómsveitinni eru mjög spenntir fyrir þessu," sagði Bono. Þetta verður í fyrsta sinn sem U2 spilar á tónlistarhátíð í rúm 25 ár og því um merkisviðburð að ræða. Sveitin mun fljúga sérstaklega til Bretlands úr tónleikaferð sinni um Norður-Ameríku vegna tónleikanna.

Glastonbury-hátíðin verður haldin dagana 25. til 27. júní á sama tíma og heimsmeistarakeppnin í fótbolta fer fram í Suður-Afríku. Engir aðrir stórir flytjendur hafa verið tilkynntir. David Bowie hefur neitað orðrómi um að hann stígi þar á svið. Aftur á móti er talið líklegt að rokkararnir í Muse mæti á svæðið. Einnig hefur orðrómur verið uppi um að The Rolling Stones verði einn af þremur stærstu flytjendunum á hátíðinni en hún hyggur á tónleikaferð um heiminn á næsta ári.

Miðar á Glastonbury seldust upp skömmu eftir að þeir fóru í sölu í síðasta mánuði.


**U2** Bono og félagar í U2 eru fullir eftirvæntingar yfir því að spila á Glastonbury-hátíðinni.



> **Plata vikunnar**

Gunnar Þórðarson – Vetrarsól
„Á Vetrarsól eru tónleikar Gunnars Þórðarsonar frá því í októberbyrjun á hljóð- og mynddiski. Innileg og góð kvöldstund með einum af meisturum íslenskrar poppsögu."



**TÓNNINN GEFINN**
**Trausti Júlíusson**

# *Rokkstjarna ársins á Ítalíu*

Þó að rokkið hafi komið fram um miðja síðustu öld þá hefur manni virst það lifa enn góðu lífi. Endurnýjun hefur verið töluverð og ný afbrigði sífellt að bætast við til að auðga hina stóru heildarmynd. Nú þegar það eru liðin nokkur ár af nýrri öld má samt alveg spyrja sig hvað verði eiginlega um rokkið á 21. öldinni? Í sögunni hafa fyrstu ár nýrrar aldar oft farið í að vinna úr öldinni á undan, en svo koma stóru breytingarnar.

Ástæðan fyrir þessari fyrirsögn hér að ofan eru tvær nýlegar forsíður stórra rokktímarita. Annars vegar er það forsíða janúarheftis hins breska Q. Á henni er stór fyrirsögn: „Listamaður aldarinnar" og undir henni mynd af stærstu rokkstjörnum 21. aldarinnar að mati blaðsins. Og hverjir skildu það svo vera? Jú, Paul McCartney, U2 og Oasis eru þarna fremstir í flokki. Ef stærstu rokkarar nýrrar aldar eru tónlistarmenn sem gerðu sín bestu verk upp úr miðri síðustu öld þá jafngildir það að sjálfsögðu dánarvottorði. Þetta er búið. Hvíl í friði… Hin forsíðan er svo forsíða ítalska Rolling Stone. Á henni er falleg mynd af Silvio Berlusconi unnin af Shepard Fairey sem gerði Hope-myndina af Obama og undir er fyrirsögnin „Rokkstjarna ársins:Silvio". Nú er auðvitað auðvelt að sjá rokkstjörnu í Berlusconi. Tæplega sjötugur saurlífisseggur sem giljar kornungar fyrirsætur og lætur eins og hann eigi heiminn. Lýsingin gæti eins átt við Mick Jagger. Ítalir hafa víst ekki allir húmor fyrir rokkaranum Silvio sem er kannski skiljanlegt. Hvað er eftir af rokkinu ef valdasjúkur og siðblindur stjórnmálamaður og auðjöfur er mesti rokkarinn? Á móti má auðvitað halda því fram að Q og Rolling Stone séu kannski ekki bestu miðlarnir til að skoða ef maður hefur áhuga á framtíð rokksins. Það þarf kannski að leita á ferskari mið.







Fyrirtæki á Höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.

Bjóðum upp á örugga og hraða sendingarþjónustu fyrir jólin. Pakkar, bögglar og nafnamerkt blöð.

Nánari upplýsingar veitir Pósthúsið í síma 585-8300 eða á posthusid.is

Póst húsið


# Putti á mús og pönk í hjarta

**Belafonte nefnist plata með samnefndum dúett Styrmis Sigurðssonar og Söru Marti Guðmundsdóttur. Sara söng með hljómsveitinni LHOOQ áður en hún sneri sér að leiklistinni, en Styrmir spilaði með í Pax Vobis og Grafík á 9. áratugnum áður en hann sneri sér að kvikmyndagerð. Á Belafonte plötunni mætast gamlir og nýir straumar með nokkuð nýstárlegri niðurstöðu.**


**ANGURVÆRAR HARMÓNÍUR** Sara og Styrmir í Belafonte kanna skrýtna hljóðheima á nýrri plötu.

„Þetta byrjaði nú bara þannig að ég stóð úti á svölum á gamlárskvöld fyrir mörgum árum og ákvað að mig langaði til að gera þessa plötu," segir Styrmir. „Ég hafði einhverja hugmynd um hvert þetta ætti að stefna og langaði að vinna með söngkonu, án þess þó að vita hvaða söngkonu. Ríkislistamaðurinn Ragnar Kjartansson benti mér á Söru. Ég talaði við hana og leyfði henni að heyra efni sem ég hafði verið að grúska í og henni leist vel á það. Hún sagðist að vísu vera á leið í leiklistarnám og því í framkomubanni, en það reyndist ekki skipta neinu máli. Nú er hún í mastersnámi í London loksins þegar platan kemur út."

## Skrýtnir hljóðheimar

Belafonte platan hefur tekið langan tíma í vinnslu. „Maður er búinn að vera að rölta með þetta á hörðum diskum milli húsa árum saman svo það er léttir að platan sé að koma út," segir Styrmir. „Ég er vissulega búinn að vera mikið einn með músina að dingla mér, svo það var gaman þegar einhver kom í heimsókn. Menn eins og Sigtryggur Baldursson og Helgi Svavar. Þá lifnaði yfir þessu. Ég hafði verið upptekinn af elektrónískum hljóðheimum en mig langaði til að máta þá við hefðbundnari lagasmíðar. Að koma með eldri og angurværari harmóníur inn í einhverja skrítna hljóðheima. Ferlið allt var mjög tilraunakennt. Svona, „hvernig myndi það hljóma ef öllum bassatrommuslögum í þessu lagi væri nú skipt út fyrir þennan fína vængjaþyt í hrafni sem er búið að lækka niður um áttund?". Það tók kannski þrjá daga og þá sagði maður: Nei, þetta er alveg glatað, ég ætla að gera eitthvað annað. Það er nú kannski þess vegna sem mig langar að þróa nýtt efni með öðru fólki frekar en mús. Þannig hafa hlutirnir tilhneigingu til að gerast aðeins hraðar."

Styrmi vefst tunga um tönn þegar hann þarf að lýsa músíkinni. „Þetta er elektróník, og líka popp, harmoníurnar kannski svolítið djassskotnar. Samt er maður alltaf pönkari í hjartanu. Maður vill að það sé eitthvað óvænt og allt vaðandi í litríkum sköpunarkrafti. Því vildi ég helst ná fram. Að það væri fullt af hugmyndum í þessu og stuð."

## Hópæði í Árseli

Þrátt fyrir að hafa verið lengi viðloðandi músik er Belafonte fyrsta platan sem Styrmir getur kallað sína eigin. Hann sneri sér snemma að kvikmyndagerð og vinnur við hana, þótt hann hafi nú gefið út Belafonte plötuna og sé að auki í píanónámi. „Ég var í hljómsveitarbrölti þegar ég var unglingur," segir hann. „Ég hafði líka mikinn áhuga á kvikmyndum og þetta togaðist á í mér. Ég kynntist aðeins lífi atvinnutónlistarmannsins á Íslandi og fannst það bara svo óáhugavert. Manns beið einhver lágdeyða, ímyndaði ég mér, að spila á stórsýningum á Hótel Íslandi og svona. Mér fannst það ekki spennandi. Ég var eitthvað smeykur um að mér myndi reynast erfitt að viðhalda ástríðunni í tónlistinni. Það hafa reyndar fjölmargir síðan náð að sameina þetta tvennt á fallegan hátt. Kvikmyndagerðin var samt líka tækifæri til að gera bæði. Oftar en ekki vil ég hugsa kvikmynd sem einhvers konar tónlist og öfugt."

Styrmir var viðloðandi hljómsveitir á 9. áratugnum. „Ég var voða mikið fenginn með. Spilaði sem svona session-gæi með Pax Vobis og seinna með Grafík. Ég var miklu yngri en þeir. Þeir í Grafík voru í kringum þrítugt en ég þá 17 ára. Þá upplifði ég eitt lítið poppstjörnumóment sem mér þykir vænt um. Ég var að spila með Grafík í Árseli í Árbæ og það varð hópæði hjá krökkunum í minn garð. Líklega af því að ég var yngri en hinir í bandinu. Ég þurfti að bíða þetta af mér inni á skrifstofu. Þegar þessu pínlega glamúr mómenti svo lauk gat ég loksins tekið strætó heim til mömmu. Mér fannst þetta eitthvað svo skemmtilegt og lýsandi að fá að vera poppstjarna í augnablik og svo út að skrapa fyrir farinu til að komast heim til mömmu."

drgunni@frettabladid.is

# Plastströnd Gorillaz


**GORILLAZ** Þriðja platan væntanleg í mars.

Damon Albarn, sem er nýbúinn að klára Blur kombakkið, er með margt í pípunum. Lengst er komin næsta plata Gorillaz, sem mun fylgja eftir plötunni Demon Days frá 2005. Nýja platan heitir Plastic beach. Það er það sem Damon kallar ströndina fyrir utan húsið sitt. en hún er full af plastflöskum og drasli sem rekið hefur á land. Ýmist frægðarfólk treður upp. Á Gorillaz-plötunni heyrist í Snoop Dogg, Lou Reed, Barry Gibb, Mos Def, The Syrian National Orchestra, Bobby Womack og hljómsveitinni the Horrors.

Það eru fleiri járn í eldinum. Damon er með verk í smíðum með teiknimyndagúrúnum Alan Moore, sem á að setja upp í The Royal Opera House og hann er að taka upp plötu með afró-trommaranum Tony Allen og Flea úr Red Hot Chili Peppers.

Í janúar er svo von á heimildarmyndinni No Distance Left to Run, sem fjallar um hljómsveitina Blur.


MORA MMIX
25% KYNNINGARAFSLÁTTUR
TENGI
Öll Mora blöndunartæki eru vottuð í samræmi við þær gæðakröfur og reglugerðir sem til þeirra eru gerðar, er varðar flutning á neysluvatni (matvælum) og rennslishávaða í neysluvatnskerfum.
MORA OG TENGI SAMAN Í 25 ÁR
Gæði, þjónusta og ábyrgð - það er TENGI
mora
ARMATUR
Fagmennska í fyrirrúmi
Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050
Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

> BOURNE 4 Í UPPNÁMI

Leikstjórinn Paul Greengrass hefur tilkynnt forsvarsmönnum Universal að hann ætli ekki að leikstýra fjórðu myndinni um leyniþjónustumanninn Jason Bourne. Þetta er nokkurt áfall fyrir aðdáendur Bourne því Greengrass hefur leikstýrt tveimur síðustu. Ekki liggur fyrir hver taki við keflinu og hvort númer fjögur verði gerð.



bíó

bio@frettabl

# Úlfamaðurinn er á leiðinni

Mikil eftirvænting ríkir í Hollywood eftir hryllingsmyndinni The Wolfman sem verður frumsýnd vestanhafs 12. febrúar og um svipað leyti hérlendis.

Framleiðandinn Universal hefur tvívegis frestað frumsýningardeginum. Upphaflega átti að sýna myndina í apríl á þessu ári en henni var frestað fram í nóvember. Núna hefur 12. febrúar loksins verið staðfestur. Ein ástæðan fyrir seinkuninni er sú að mikið púður hefur farið í tæknibrellur og eftirvinnslu, enda var mikil áhersla lögð á að gera úlfamanninn eins raunverulegan og hægt var.

The Wolfman er endurgerð samnefndrar hryllingsmyndar frá árinu 1941. Sögusviðið er Bretland seint á nítjándu öld þar sem Lawrence Talbot heldur í heimabæ sinn til að leita horfins bróður.

Hann kemst að því að blóðþyrst vera hefur drepið hvern bæjarbúann á fætur öðrum og ekki líður á löngu þar til rannsóknarlögregla frá Scotland Yard mætir á svæðið.

Með aðalhlutverkin í myndinni fara engir aukvisar, eða þau Benicio Del Toro, Anthony Hopkins, Emily Blunt og Hugo Weaving. Leikstjóri er Joe Johnston sem hefur áður gert Hidalgo, Jurassic Park III, October Sky og Honey, I Shrunk the Kids.



**THE WOLFMAN** Mikil eftirvænting ríkir í Hollywood eftir hryllingsmyndinni The Wolfman.

# Zombieland í þrívídd

**Kvikmyndin Zombieland með Woody Harrelson sló nokkuð óvænt í gegn í kvikmyndahúsum beggja vegna Atlantshafsins. Það þarf því ekki að koma neinum á óvart að framhaldsmynd sé í undirbúningi. Forsvarsmenn kvikmyndadeildar Sony eru þegar farnir að undirbúa jarðveginn og samkvæmt verfsíðu Empire er talið líklegt að framhaldsmyndin verði í þrívídd. Framleiðendurnir eru þegar sestir við samningaborðið með Woody enda ljóst að Zombieland 2 verður aðeins skugginn af sjálfum sér ef sá mæti maður verður ekki um borð.**

# Tökum á Tinna lokið

**Tökum er lokið á nýrri kvikmynd Stevens Spielberg um myndasöguhetjuna Tinna. Þrátt fyrir það er langt þangað til að myndin lítur dagsins ljós því tvö ár til viðbótar þarf til að ljúka tæknibrellunum í myndinni. „Tinni er frábær. Henni er lokið og það er búið að klippa myndina saman. Núna ætlum við að taka næsta skref," sagði Peter Jackson, sem framleiðir myndina.**



**TINNI** Tökum er lokið á kvikmyndinni um Tinna. Nú eru bara brellurnar eftir.

# Clint hamingjusamur

Gamla kempan Clint Eastwood er á forsíðu tímaritsins GQ og þar ræðir hann um nýjustu mynd sína sem leikstjóri, en sú ber heitið Invictus og fjallar um ævi Nelsons Mandela.

„Heimurinn þarf á svona sögum að halda. Það er eins og öll þjóðin sé orðin þunglynd vegna heimskreppunnar," sagði Clint og bætir við: „Við erum orðin mjög barnaleg þjóð. Kynslóðin sem upplifði seinni heimsstyrjöldina er að hverfa og í staðinn sitjum við uppi með hóp af kjánalegum unglingum."

Eastwood, sem er 79 ára gamall, er enn við hestaheilsu enda hugleiðir hann tvisvar á dag og forðast feitan mat. Hann er einnig hamingjusamlega kvæntur. „Áður fann ég tilgang í því að eltast við kvenfólk en nú er ég hamingjusamur einkvænismaður. Ég trúði ekki að sá dagur myndi koma, en hann kom og ég er hamingjusamur."



**GLAÐUR** Clint Eastwood er hamingjusamlega kvæntur.

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Tollkvótar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum frá Evrópubandalaginu.

Með vísan til samnings milli Íslands og Evrópubandalagsins um viðskipti með landbúnaðarvörur á grundvelli 19. gr. EES-samningsins og til reglugerðar dags. 1. desember 2009 um úthlutunina, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta vegna innflutnings á kjöti, ostum og unnum kjötvörum, upprunnum í ríkjum Evrópubandalagsins fyrir tímabilið 1. janúar 2010 til 31. desember 2010

**Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, www.stjr.is/slr**

Skriflegar umsóknir skulu berast til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík, 5. hæð eða á postur@slr.stjr.is, fyrir kl. 15:00 miðvikudaginn 9. desember n.k.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 2. desember 2009.

# MERYL HIN FULLKOMNA

**Bandaríska leikkonan Meryl Streep er lifandi goðsögn í Hollwyood og er á sama stalli í huga bandarískra leikkvenna og Marlon Brando og Robert De Niro hjá körlunum.**

Nýjasta kvikmynd Meryl Streep heitir Julia & Julia og verður frumsýnd hér á landi um helgina. Myndin flakkar á milli tímabila og segir annars vegar frá hinu fræga matargúrúi Juliu Child og árunum hennar í Frakklandi í kringum 1960 en þar sökkti hún sér ofan í franska matargerð. Og hins vegar frá Juliu Powell sem ákveður dag einn að elda allar uppskriftirnar hennar Child úr hinni víðfrægu matreiðslubók Mastering the Art of French Cooking á einu ári en þær eru 524. Auk Streep fara þau Stanley Tucci og Amy Adams með stór hlutverk í myndinni en leikstjóri og handritshöfundur er Noah Ephron.

Meryl Streep er algjörlega einstök leikkona í Hollywood. Ferill hennar hófst fyrir alvöru árið 1978 þegar hún lék í hinni mögnuðu kvikmynd Michael Cimino, The Deer Hunter, á móti Robert De Niro og Christopher Walken. Þar hlaut Streep sína fyrstu tilnefningu af fimmtán til Óskarsverðlauna fyrir túlkun sína á Lindu. Fjórum árum seinna var hún komin með styttuna góðu upp í skáp fyrir Sophie's Choice. Streep er fædd árið 1949 og ólst upp í smábænum Bernardsville í New Jersey. Streep fékk snemma áhuga á leiklist og útskrifaðist af leiklistarbraut Yale snemma á áttunda áratugnum. Fyrstu hlutverk hennar voru á sviði í New York en hana fór fljótlega að dreyma um hvíta tjaldið. Sagan segir að hún hafi mætt í inntökupróf fyrir King Kong-kvikmynd Dino De Laurentiis en sá hafi vísað henni á bug á þeim forsendum að Streep væri ljót. Dino kom þessari skoðun sinni á framfæri við aðstoðarmann sinn á ítölsku og honum til mikillar undrunar svaraði Streep honum fullum hálsi til baka. Á ítölsku. Og það hefur kannski verið eitt helsta einkennið á nánast flekklausum ferli leikkonunnar. Hún hefur getað brugðið sér í allra kvikinda líki, náð næstum öllum tungumálum fullkomlega. Streep hefur enn fremur átt frekar auðvelt með að halda einkalífi sínu utan kastljóss fjölmiðlanna, en hún hefur verið gift bandaríska höggmyndalistamanninum Don Gummer síðan 1978.

Meryl Streep hefur samkvæmt kvikmyndavefnum imdb.com verið tilnefnd til 82 verðlauna fyrir kvikmyndaleik, þar af 22 til Golden Globe. Ferill hennar í Hollywood er því einstakur og verður eflaust seint eða aldrei leikinn eftir. Og ef til vill lýsti Jack Nicholson henni best þegar AFI, bandaríska kvikmyndastofnunin, heiðraði hana fyrir nokkru. „Þú ert einfaldlega fullkomin." - fgg



**SÚ BESTA**

**Meryl Streep** er einfaldlega besta leikkonan sem Hollywood hefur alið af sér og kannski helsta sönnunin fyrir því að leikkonur þurfa ekki langa leggi og snoppufrítt andlit til að ná langt ef þær eru hæfileikaríkar. Meryl hlaut Óskarsverðlaun fyrir aukahlutverk í **Kramer vs. Kramer** árið 1979 og fyrir aðalhlutverk í **Sophie´s Choice** árið 1982.

**HELSTU MYNDIR MERYL STREEP**

| | |
|---|---|
| The Deer Hunter | (1978) |
| Kramer vs. Kramer | (1979) |
| Sophie's Choice | (1982) |
| Out of Africa | (1985) |
| Postcards from the Edge | (1990) |
| Adaptation | (2002) |
| Hours | (2002) |

# Poppstjarna í ninjubúning

Fjórar kvikmyndir verða frumsýndar um helgina. Extract er ný gamanmynd frá höfundum Office Space með Jason Bateman í aðalhlutverki. Batman leikur Joel sem verður að bjarga fyrirtækinu sínu frá undirförlum starfsmönnum sem vilja komast yfir það. Einnig þarf hann að bjarga hjónabandi sínu sem er í bráðri hættu. Myndin fær 7 af 10 mögulegum á kvikmyndasíðunni Imdb.com.

Ninja Assassin fjallar um Raizo sem er einn hættulegasti leigumorðingi heims. Frá æskuárunum hefur hann verið í strangri þjálfun hjá Ozunugenginu. Hann ákveður að hefna sín á genginu eftir að það myrðir bróður hans. Framleiðendur myndarinnar eru Wachowski-bræður sem leikstýrðu Matrix-myndunum. Leikstjóri er James McTeigue sem sendi frá sér V for Vendetta. Myndin fær 7 á Imdb.com. Aðalleikari myndarinnar, Rain, er ein helsta poppstjarna Asíu en það höfðu Wachowski-bræðurnir ekki hugmynd um þegar þeir réðu hann til verksins.

Teiknimyndin Arthúr 2: Maltasar snýr aftur fjallar um Arthúr sem snýr aftur heim til Mínimóanna með ömmu sinni til að heimsækja afa sinn. Þá fær hann neyðarkall frá Selenu prinsessu sem býr við stöðugar árásir frá Maltazard. Leikstjóri er sjálfur Luc Besson, höfundur Léon, Nikita og The Fifth Element.



**POPPSTJARNA FRÁ ASÍU** Rain er ein helsta poppstjarna Asíu en það höfðu framleiðendur Ninja Assassin ekki hugmynd um þegar þeir réðu hann í aðalhlutverkið.


Opið til kl. 21
Julien Macdonald
Leðurhanskar
7990
fyrir mömmuna
Jasper Conran
Trefill
5.990,-
fyrir dótturina
Red Herring
Pallíettu toppur
11.990,-
Julien Macdonald
Leðurjakki
59.990,-
Gjöfin
handa henni
Julien Macdonald
Toppur
15.990,-
Octopus
Leðureyrnalokkar
6.990,-
fyrir eiginkonuna
Red Herring
Belti
3.790,-
fyrir systurina
Red Herring
Blómakjóll
7.990,-
fyrir skvísuna
Collection
Leðurtaska
Fæst í brúnu, svörtu & rauðu
6.990,-
Red Herring
Pils
7.990,-
fyrir frænkuna
Rokk – klútur
Margir litir
4.990,-
Red Herring
Jakki
13.990,-
Red Herring
Taska
9.990,-
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

> SKÓRNIR Í LAGI

Katie Holmes sagði háu hælana sem dóttir hennar klæðist vera dansskó sem ekki færu illa með fætur barnsins. „Hún elskar háa hæla, eins og allar litlar stelpur. Ég fann hennar skó í dansskóla og hún dáir þá," sagði leikkonan.



# Fólk

folk@fretta

# Íslenskir hönnuðir til Færeyja

Líkt og Fréttablaðið hefur greint frá mun skemmtistaðurinn Sirkús verða opnaður 11. desember í Færeyjum. Á jarðhæð hússins verður að auki starfrækt tískuverslun sem hefur hlotið nafnið Zoo, en þar verður til sölu hönnun eftir íslenska og færeyska hönnuði.

Árnheiður Edda Hermannsdóttir klæðskeranemi er einn þeirra upprennandi hönnuða sem munu selja vörur sínar í versluninni sem er rekin af Jóel Briem og Sunnevu Eysturstein. Hún segir verkefnið bæði vera spennandi auk þess sem það virki sem hvatning fyrir unga hönnuði. Ásamt Árnheiði Eddu munu Gígja Ísis Guðjónsdóttir, Philippe Clause, Sesselja Hlín Rafnsdóttir, Katrín Alda Rafnsdóttir og Eygló Lárusdóttir selja hönnun sína í versluninni. „Sesselja hefur verið að hanna kraga, peysur og ýmislegt annað og ég verð með kjóla, gallabuxur og leggings svo fátt eitt sé nefnt. Philippe er að hekla skemmtilega kraga úr endurunnu efni og Katrín Alda og Eygló hafa vakið mikla athygli undanfarið fyrir fallega hönnun sína."

„Þetta er í fyrsta sinn sem hönnun mín fer í sölu einhvers staðar svo þetta er mjög spennandi," segir Árnheiður Edda sem ætlar að vera viðstödd opnunina. „Ég fer út og ætla að taka þátt í opnuninni. Það hitti líka svo vel á að ég klára prófin deginum áður þannig að þetta verður langþráð frí," segir Árnheiður Edda að lokum. - sm



**SPENNANDI VERKEFNI** Árnheiður Edda Hermannsdóttir er ein þeirra hönnuða sem munu selja hönnun sína í nýrri verslun í Færeyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐ F37021209



**FRED DURST** Durst og félagar í Limp Bizkit eru hvergi nærri hættir. Ný plata er væntanleg á næsta ári.

## Gold Cobra frá Bizkit

**Næsta plata rokkaranna í Limp Bizkit hefur fengið nafnið Gold Cobra. Það var söngvarinn Fred Durst sem greindi frá þessu á Twitter-síðu sinni. Platan er væntanleg fyrri hluta næsta árs og verður hún sú fyrsta síðan The Unquestionable Truth (Part 1) kom út árið 2005. Platan verður einnig sú fyrsta með upprunalegum hljómsveitarmeðlimum síðan Chocolate Starfish and the Hot Dog Flavored Water kom út árið 2000. Limp Bizkit virðist því vera komin á góða siglingu í fyrsta sinn í langan tíma, aðdáendum hennar væntanlega til mikillar ánægju.**



**MARGRÉT OG KRISTÍN** Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Kristín Marta Hákonardóttir fengu sér jólaglögg.



**Í STUÐI** Loftur S. Loftsson og Svavar Knútur voru í góðu stuði.



**ÞRJÚ Í JÓLAGLÖGGI** Guðrún Dóra, Halli Valli og Harpa Hrund mættu í jólaglöggið.



**ÓLAFUR OG SVERRIR** Ólafur Haraldsson og Sverrir Stormsker litu inn.

# Tónlistarmenn súpa á jólaglöggi

**Útón hélt árlegt jólaglögg sitt á Café Rosenberg fyrir skömmu. Þar söfnuðust saman félög tónlistarmanna og útgefenda og báru saman bækur sínar. Helstu hagsmunafélög tónlistarmanna og útgefenda kynntu starfsemi sína á markaðstorgi og tónlistarmaðurinn Svavar Knútur sá um að koma gestum í jólaskap. Í boði var Rosenberg-glögg og piparkökur sem runnu ljúft ofan í gestina.**



**JAKOB OG AÐALSTEINN** Jakob Frímann Magnússon, formaður Félags tónskálda og textahöfunda, og Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson voru á meðal gesta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**ANNA OG SIGTRYGGUR** Anna Hildur Hildibrandsdóttir hjá Útón og trommarinn Sigtryggur Baldursson báru saman bækur sínar.


Við leitum að
metnaðarfullum
veitingastjóra



**Ein stærsta og glæsilegasta veitingadeild landsins hefur falið okkur að auglýsa eftir metnaðarfullum veitingastjóra sem hefur drifkraft og hæfileika til að stýra margþættri veitingastarfsemi.**

Starfið felst í yfirumsjón og skipulagningu á kvöld- og hádegisverðarstað, fundar- og ráðstefnuhaldi, árshátíðum og öðrum atburðum.

*Hæfniskröfur:*

Próf í framreiðslu, matreiðslu, hótelrekstrarfræði eða sambærileg menntun og/eða reynsla af veitingarekstri.

Starfið krefst þjónustulundar, stjórnunarhæfileika og hæfni í mannlegum samskiptum.

*Áhugasamir eru beðnir um að fylla út umsóknarform á vef okkar, argus.is.* ***Fullum trúnaði heitið.***

argus
síðan 1967

Sækið um á **argus.is**


# Reese vildi ekki giftast Jake strax

Í gær birtust fréttir í tímaritum hið vestra þess efnis að Jake Gyllenhaal og Reese Witherspoon hefðu slitið sambandi sínu. Talsmenn þeirra beggja neituðu sögusögnunum og sögðu parið enn vera saman. People Magazine heldur því fram að þau skötuhjú séu þó að ganga í gengum einhvers konar sambandserfiðleika, enda hafi parið ekki sést saman opinberlega síðastliðnar vikur.

Witherspoon á að hafa sagt nánum vinum á þakkargjörðardag að hún og Gyllenhaal væru ekki lengur saman og samkvæmt heimildum eyddi hún deginum ein síns liðs. „Fólk heldur að þau séu mjög hamingjusöm en málið er að Jake vill giftast Reese en hún er ekki á þeim buxunum. Hún er nýskilin og ekki tilbúin til að ganga aftur í hjónaband," var haft eftir heimildarmanni sem bætir við að Witherspoon vilji ekki leggja það á börnin sín tvö að ganga strax aftur í hjónaband. „Þau eru mjög hrifin hvort af öðru og þau eru gott teymi, en Reese er sátt við lífið eins og það er núna og finnst óþarfi að æða af stað í eitthvað hjónaband."





**ÁNÆGÐ MEÐ LÍFIÐ** Reese Witherspoon er ekki tilbúin til að ganga í það heilaga strax með **Jake Gyllenhaal**. Talsmenn þeirra segja þau þó ekki hætt saman.

**Jólalukkupottur:**
Allir gestir geta skráð sig í lukkupott. Glæsilegir vinningar frá Tekk-Company, Habitat og Dorma

**Kynnir kvöldsins:**
Hinrik Ólafsson

# Holtagarðar
Allt fyrir heimilið

# Kósí aðventukvöld 3. desember hálfsjö til tíu

## Komdu í heimsókn og veldu jólagjafirnar í hlýlegri jólamarkaðsstemmningu




Þrjár raddir og Beatur taka lagið og árita nýja jóladiskinn

ÍSLENSK HÖNNUN
Kynnum nytjahluti, skraut og skart:
Raven-design
Kærleikskveðjur frá Mydesign
Hjördís Jónsdóttir
Hekla
Kristbjörg Guðmundsdóttir
Sædís







habitat
20% afsláttur af öllum vörum

TEKK COMPANY
20% afsláttur af öllum vörum
30% afsláttur af UMBRA

Upplestur úr jólabókum frá Sölku, m. a:
Kristján Hreinsson
Vesturbæjarskáld kynnir ljóðabókina *Orðayndi*

Kynning á alls kyns girnilegu góðgæti frá Ásgeiri Sandholt konditor

Snyrtivöru- og ilmvatnskynning

Kaffismakk frá TE & KAFFI

UMA kynnir fallegar gjafavörur
*www.uma.is*

PROFILM kynnir nýjan DVD-disk um Ísland.
Jólagjöf fyrir alla nær og fjær

DORMA
FJÖLMÖRG JÓLATILBOÐ

**Gómsætt glögg og Nóakonfekt**

Kökuform ❀ Krúsir ❀ Lampar ❀ Loftljós
Rúm ❀ Rúmteppi ❀ Sængurver ❀ Skálar ❀ Skápar ❀ Sófaborð ❀ Sófar ❀ Svefnsófar

# Ekki krumpa kjólinn


**DÍVA** Mariah Carey er þekkt fyrir dívustæla.

Söngfuglinn Mariah Carey mætti í sjónvarpsviðtal í morgunþáttinn GMTV í Bretlandi fyrir stuttu. Annar þáttastjórnandinn, Kate Garraway, sagðist hafa heyrt ýmsar sögur um meinta dívustæla söngkonunnar en aldrei trúað þeim fyrr en hún hitti hana sjálf. „Ég hef heyrt sögur af dívustælum Mariuh Carey í gegnum árin og getið þið hvað? Þær eru allar sannar! Mariah var mjög viðkunnanleg en það var út í hött hversu marga hún þurfti að hafa með sér í viðtalið til að þjóna sér. Tveir aðstoðarmenn létu hana síga ofan í sófann til okkar til þess að koma í veg fyrir að hún krumpaði kjólinn sinn, og annar aðstoðarmaður þurfti alltaf að ganga aftur á bak beint fyrir framan hana ef ske kynni að hún dytti fram fyrir sig," var haft eftir Garraway.

# Vinsælt þjálfunarkerfi

„Þetta er bara búið að slá algjörlega í gegn," segir Íris Huld Guðmundsdóttir. rekstrarstjóri og yfirleiðbeinandi Heilsuakademíunnar, um nýtt þjálfunarkerfi sem kallast TRX Suspension training. Þjálfunarkerfið er upprunnið í Navy Seals í Bandaríkjunum, en TRX-æfingar byggja upp jafnvægis- og djúpvöðvakerfi líkamans. „Þetta eru æfingar sem eru gerðar í ákveðnum ströppum eða böndum sem maður festir í króka í loftinu. Þú vinnur alfarið með þína eigin líkamsþyngd í stað lóða og það fer eftir hvernig þú hallar þér í æfingunni hversu erfið hún er," útskýrir Íris. „Þetta er alveg jafnt fyrir byrjendur, atvinnu- og íþróttamenn og eldri borgara því æfingarnar er hægt að sníða að hverjum og einum og að tilteknum íþróttum," bætir hún við.

Eitt námskeið er þegar yfirstaðið í Heilsuakademíunni og morgun- og kvöldnámskeið þegar hafin. „Það er allt að fyllast. Miðað við gengið núna í dag er ég viss um að þetta er komið til að vera," segir Íris Huld. - ag


**NÝJASTA HEILSURÆKTARÆÐIÐ?** Íris Huld segir TRX-þjálfunarkerfið njóta mikilla vinsælda og er viss um að það sé komið til að vera. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


**SKIPULEGGUR TÓNLEIKAFERÐALAG** Shakira vinnur nú að væntanlegu tónleikaferðalagi, en viðurkennir að hún vilji fara að eignast börn fljótlega með kærasta sínum **Antonio de la Rua.**

# Shakira djörf

Kærasta Shakiru brá þegar hann sá hana fáklædda í nýlegu tónlistarmyndbandi. Í viðtali við fjölmiðla vestanhafs viðurkennir söngkonan að honum hafi brugðið við að sjá hana í húðlitaðri samfellu einni fata í myndbandi við lag hennar She Wolf. „Hann bjóst alls ekki við þessu og spurði hvort ég hefði ekki að minnsta kosti getað verið með trefil," segir söngkonan um kærasta sinn Antonio de la Rua, son fyrrverandi forseta Argentínu.

Aðspurð segist Shakira, 32 ára, vel getað hugsað sér að eignast börn með Antonio, en aðeins þegar hún sé tilbúin til að hætta að vinna. „Ég get ekki hugsað um neitt annað en að setja saman næsta tónleikaferðalag mitt núna. Ég er eins og lest sem getur ekki stoppað, en ég held að næsta stoppistöð verði barneignir. Ég mun samt ekki stoppa lengi því ég verð að halda áfram að skapa. Það er bara í eðli mínu," segir söngkonan.

# VILDI ÖMMU FREKAR EN JOLIE

**Eitt umtalaðasta par Hollywood í seinni tíð er viðfangsefnið í nýrri bók kanadíska blaðamannsins Ian Halperin. Myndin sem hann dregur upp af parinu er ekki í samræmi við glansmyndina sem þau gefa af sér í fjölmiðlum.**


## STORMASAMT HJÓNABAND

Rithöfundurinn Ian Halperin hefur gefið út bók um samband **Brads Pitt** og **Angelinu Jolie**. Þar kemur ýmislegt misjafnt fram, meðal annars heldur Halperin því fram að Pitt hafi haldið fram hjá Jolie oftar en einu sinni. Að auki kemur fram af hverju hjónaband **Jennifer Aniston** og Pitts hafi endað með skilnaði.

Bókin Brangelina:The Untold Story of Brad Pitt and Angelina Jolie, eftir Ian Halperin, kom í bókabúðir í Bandaríkjunum í gær. Bókin hefur fengið mikla umfjöllun og þá sérstaklega vegna þess að margir telja að Halperin notist ekki við mjög áreiðanlegar heimildir. Blaðamaðurinn sjálfur er vanur því að valda fjölmiðlafári þegar bækur hans koma út því í desember í fyrra hélt hann því fram í fjölmiðlum að Michael Jackson ætti sex mánuði eftir ólifaða. Hann dó í júní á þessu ári, hálfu ári eftir að yfirlýsing Halperins birtist. Hann gaf út bókina Unmasked: The Final Years of Michael Jackson í júlí á þessu ári þar sem þessi orð hans eru útskýrð.

En þá að bókinni um Brad og Angelinu. Þar kemur meðal annars fram að Pitt og Jolie rífist eins og hundur og köttur þegar þau eru saman. „Ég hafði meiri áhyggjur af hans velferð heldur en hennar. Hún gat algjörlega misst stjórn á skapi sínu og hótaði honum gjarnan líkamsmeiðingum. Ég skil ekki hvernig nokkur maður gæti hugsað sér að eyða hverjum degi með henni, sama hversu falleg hún er, hún er með hræðilegt skap," sagði fyrrverandi bílstjóri parsins.

Halperin heldur því einnig fram að Pitt hafi haldið fram hjá Jolie með súdanskri fyrirsætu að nafni Amma sem hann hitti á góðgerðasamkomu í þágu Darfúr. Halperin ritar að sést hafi til Pitts í félagsskap Ömmu oftar en einu sinni, meðal annars á að hafa sést til þeirra á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Rithöfundurinn segir Jolie ítrekað hafa ásakað Pitt um framhjáhald og sé það uppspretta ófárra rifrilda þeirra á milli.

Í bókinni kemur einnig fram að Jennifer Aniston, fyrri eiginkona Pitts, hafi tvisvar misst fóstur á meðan á hjónabandi þeirra stóð og sé það ástæðan fyrir því að fór sem fór. Fjölmiðlar fjölluðu ítarlega um þann skilnað og var því haldið fram að Jolie hefði verið hjónadjöfull en Pitt og Jolie léku saman í kvikmyndinni Mr. & Mrs. Smith þar sem talið er að örvar Amors hafi hæft þau í hjartastað. Með reglulegu millibili hafa verið fluttar fréttir af væntanlegum sambandsslitum Pitts og Jolie en hingað til hafa þær ekki reynst réttar. Hvort bókin verði dropinn sem fylli mælinn skal hins vegar ósagt látið. - sm


FORLAGIÐ
www.forlagid.is

SÚFISTINN BÓKAKAFFI

Brot af því besta

Upplestrarkvöld á Súfistanum,
Laugavegi 18, í kvöld kl. 20

Þórarinn Eldjárn / Alltaf sama sagan
Viktor Arnar Ingólfsson / Sólstjakar
Páll Valsson / Vigdís – Kona verður forseti
Ragna Sigurðardóttir / Hið fullkomna landslag

Allir hjartanlega velkomnir


# MAC styður HIV-Ísland alnæmissamtök

„Efnahagsástandið hefur sett strik í reikninginn hjá HIV-Ísland alnæmissamtökunum þar sem mikið hefur dregið úr fjárframlögum til samtakanna. Því má segja að ekki hefði orðið af árlegri fræðslu til unglinga ef MAC Aids fund hefði ekki notið við," segir Lísa Einarsdóttir, vörumerkjastjóri MAC á Íslandi. Á laugardaginn fer fram árleg Viva Glam-fjáröflun Alnæmissjóðs MAC. Sjóðurinn hefur um árabil stutt við bakið á samtökunum HIV-Ísland og í ár hefur verið ákveðið að framlag MAC á Íslandi renni til fræðsluverkefnis þar sem farið verður til allra 9. og 10. bekkinga í grunnskólum landsins með fræðslu um HIV og alnæmi.

Alnæmissjóður MAC hefur fyrst og fremst aflað fjár með sölu á Viva Glam-varalitunum, en sú lína samanstendur af sex litum, allt frá sígildum rauðum að fjólubleikum. Sjóðurinn er í fararbroddi í baráttunni gegn HIV-smiti og alnæmi og styður rúmlega 700 stofnanir um allan heim, en framlag MAC á Íslandi hefur verið eyrnamerkt fræðsluverkefni HIV-Ísland.

Fjáröflunin fer fram í verslun MAC í Debenhams, Smáralind, næstkomandi laugardag milli klukkan 14 og 16, en þar munu 3 Raddir og Beatbox meðal annars taka lagið. „Þjóðþekktir einstaklingar verða á staðnum að selja rauða borðann og safna fyrir samtökin. Jónsi í Í svörtum fötum er talsmaður Viva Glam-dagsins og mun afhenda HIV-Ísland ávísun upp á 2,2 milljónir klukkan 15 á laugardag, en Ilmur Kristjánsdóttir leikkona er verndari samtakanna og mun taka við ávísuninni fyrir þeirra hönd," segir Lísa. - ag


**AFHENDIR ÁVÍSUN** Jónsi í Í svörtum fötum er talsmaður Viva Glam-dagsins og mun afhenda HIV-Ísland ávísun upp á 2,2 milljónir klukkan 15 á laugardag.




Hvað á að gefa í jólagjöf?
Dekraðu við elskuna þína
Þessi snotra askja inniheldur glitrandi húðnæringu (125ml), sturtusápu (250ml), varasalva (15ml) og sápustykki (100g) – allt saman vörutegundir með himneskum "Cranberry"-ilmi – auk baðlilju
Sams konar askja er einnig fáanleg með annars vegar "Nutmeg & vanilla"-ilmi og hins vegar "Black velvet apricot"-ilmi
4790 kr.
Kemur að góðum notum
Askjan inniheldur nuddtæki úr tré og baðhanska auk "Divine calm"-sturtusápu (200ml) og sams konar nuddolíu (100ml) sem innihalda m.a. róandi lofnarblóms- og kamillu-ilmkjarnaolíur
5360 kr.
Fyrir besta pabba í heimi
Snyrtitaska sem inniheldur "Activist"-sturtusápu (200ml) og sams konar herrailm (100ml)
4990 kr.
Það sem Systu langar í
Snyrtibuddan inniheldur auk baðlilju eftirtaldar vörutegundir með "White musk"-ilminum sívinsæla: Sturtusápu (60ml), húðnæringu (60ml) og ilmvatni (30ml) Hver er eiginlega uppáhaldsilmurinn hennar Systu? Buddan er nefnilega fáanleg með sams konar vörutegundum úr eftirfarandi ilmlínum: "Aqua lily", "Neroli jasmin" og "Vanilla"
3790 kr.
Handa stóra bróður
Kassinn inniheldur "Of a man"-sturtusápu (200ml) og sams konar svitalyktareyði (75ml)
3690 kr.
Þessi gleður góða vinkonu
Gjafakarfan inniheldur auk baðhanska eftirtaldar vörutegundir með hlýlegum og sætum vanilluilmi: Sturtugel (200ml), húðnæringu (200ml), hörundsúða (100ml) og sápustykki (100g)
5590 kr.
Gleðileg jól, Gunna mín!
Askjan inniheldur auk baðlilju 5 vörutegundir með smjörtrésmauki (þ.e. "She butter") sem gerir hörundið silkimjúkt: Sturtusápu (250ml), hörundsskrúbbkrem (200ml), húðnæringu (250ml), varasalva og sápustykki (100g)
Askjan er ennfremur fáanleg með sambærilegum vörutegundum úr eftirfarandi vörulínum: "Coconut", "Strawberry", "Olive" og "Moringa". "Coconut"-vörutegundirnar innihalda þannig allar næringarríka kókosolíu, "Strawberry"-vörutegundirnar innihalda allar olíu unna úr jarðarberjakjörnum o.s.frv.
5990 kr.
Handa uppáhaldsfrænkunni minni
Gjafakassinn inniheldur auk baðlilju eftirtaldar vörutegundir með kókosolíu: Sturtusápu (250ml), "body butter"-húðnæringu (50ml), skrúbbkrem (50ml) og sápustykki (100g)
Einnig er hægt að fá gjöf sem þessa með vörutegundum úr eftirfarandi vörulínum: "Cocoa", "Mango", "Moringa", "Olive", "Satsuma", "Shea", "Strawberry" og "Wild cherry"
3990 kr.
Góðar gjafir – enn betra verð!
Gjafakubbar í miklu úrvali. Hver kubbur inniheldur 3 vörutegundir: Sturtusápu (60ml), húðnæringu (60ml) og baðlilju
Fást með vörutegundum úr eftirfarandi vörulínum: "Aqua lily", "Coconut", "Neroli jasmin", "Moringa", "Shea", "Strawberry", "Vanilla", "White musk" og "Wild Cherry"
1490 kr.
Þú átt það skilið að ég dekri við þig
Buddan inniheldur eftirtaldar vörutegundir með rakagefandi og mýkjandi kókosolíu: Sturtusápu (60ml), "body butter"-húðnæringu (50ml), skrúbbkrem (50ml) og baðlilju að auki
Fæst ennfremur með vörutegundum úr eftirfarandi vörulínum: "Mango", "Moringa", "Shea", "Strawberry" og "Wild cherry"
2990 kr.
THE BODY SHOP ®
Litlar, sætar töskur
sem innihalda 2 vörutegundir: Sturtusápu (60ml) og húðnæringu (60ml)
Fást með vörutegundum úr eftirfarandi vörulínum: "Coconut", "Moringa", "Neroli jasmin" og "Strawberry"
1090 kr.
KRINGLUNNI, SMÁRALIND, AKUREYRI
Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

# Lily Allen tekur sér frí

**Breska söngkonan Lily Allen ætlar að taka sér eins eða tveggja ára frí frá upptökum og tónleikum til að einbeita sér að öðrum verkefnum. Allen, sem er 24 ára, ætlar að snúa sér að útgáfufyrirtæki sínu, opna tískubúð og einfaldlega slaka á heima hjá sér. „Síðustu tónleikarnir mínir verða með Dizzee Rascal í O2-höllinni í mars. Eftir þá er ekkert annað í bígerð,“ sagði Allen. „Ég ætla að einbeita mér að því að vera á bak við tjöldin. Mig langar að styðja við bakið á nýjum listamönnum.“**

# Stofnuðu Framkvæmdafélag listamanna

„Það má segja að þetta sé alhliða aðstoð við myndlistarmenn,“ segir Margrét Áskelsdóttir listfræðingur, en hún hefur stofnað Framkvæmdafélag listamanna, eða Frafl, ásamt vinkonu sinni Hörpu Fönn Sigurjónsdóttur lögfræðingi. Félagið stofnuðu þær í nóvember og er markmið þess að skapa ný tækifæri fyrir myndlistarmenn, sjá um kynningu og sölu á verkum og gæta réttinda þeirra.

„Þegar ég útskrifaðist úr listfræðinni fór ég að vinna fyrir myndlistarkonuna Rakel McMahon. Stuttu eftir það leitaði Snorri Ásmundsson til mín og allt í einu var ég orðin eins konar aðstoðarkokkur þessara listamanna. Ég fann að mig vantaði meiri undirstöðu því ég kunni ekki inn á lögin. Þá leitaði ég til Hörpu Fannar og við ákváðum að gera þetta saman, stofnuðum fyrirtæki og erum í frumkvöðlafræði í HR núna, sem hefur hjálpað okkur mikið við uppbygginguna,“ útskýrir Margrét og segir þær stöllur hafa í mörgu að snúast, enda starfsemin tekið stakkaskiptum eftir að þær stofnuðu fyrirtækið og starfsemin meira verkefnatengd.

„Við erum að gefa út bók með Snorra Ásmundssyni, Beauty swift generation revolution, undirbúa sýningu með Rakel McMahon í Kronkron og svo erum við með saumaklúbbakynningar á myndlist sem við köllum gjarnan Tupperware-kynningar,“ segir Margrét brosandi. „Þá erum við að taka hámenninguna sem myndlistin er á annað stig svo það má segja að það sé pínulítill gjörningur í leiðinni,“ bætir hún við og segir örfá kvöld vera laus í saumaklúbbakynningar í desember, en áhugasamir geta sent póst á frafl@frafl.is. - ag



**ÖNNUM KAFNAR** Margrét og Harpa Fönn hafa í mörgu að snúast í nýstofnuðu fyrirtæki sínu, en þær gefa út bók og undirbúa myndlistarsýningu auk þess sem þær halda saumaklúbbakynningar á myndlist. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



# Hrá Rihanna

Á fjórðu plötunni sinni vill söngkonan Rihanna vera klúrari og meira töff en á poppsmellum eins og „Umbrella“. Platan heitir Rated R og kemur með viðvörunarmiða vegna sóðaorðbragðs. Tónlistin er harðari og hrárri en áður og Rihanna tekur fyrir persónuleg málefni, eins og stormasamt samband sitt við Chris Brown. „Það getur hver sem er búið til poppsmelli en ekki allir gert góðar plötur,“ segir Rihanna, sem vill sanna sig á þessari plötu sem listamann, en ekki bara vera poppdíva. Undirtektir gagnrýnanda hafa verið mjög góðar. „Ein af poppplötum ársins,“ lýsti Rolling Stone til að mynda yfir.

**RATED R** Rihanna vill sanna sig með nýjustu plötu sinni.



**STÓR HÁTÍÐ** Tilnefningahátíðin í ár er sú stærsta hingað til, en tuttugu ár eru frá því að fyrst var tilnefnt til verðlaunanna.

# TILNEFNT TIL ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNANNA

**Tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna voru kynntar á þriðjudag í Listasafni Reykjavíkur. Tuttugu ár eru liðin frá því að fyrst var tilnefnt til verðlaunanna og var tilnefningahátíðin sú stærsta hingað til. Verðlaun eru veitt fyrir bækur í tveimur flokkum, flokki skáldverka og flokki fræðibóka, en í samstarfi við Bandalag þýðenda og túlka er einnig tilnefnt til Íslensku þýðingaverðlaunanna.**

**Þriggja manna dómnefnd velur verðlaunabækur úr hópi þeirra tilnefndu og veitir forseti Íslands verðlaunin á Bessastöðum í lok janúar.** - ag



**STÆRSTA TILNEFNINGAHÁTÍÐIN TIL ÞESSA** Egill Örn Jóhannsson hjá Forlaginu og Jónas Skúlason mættu í Listasafn Reykjavíkur á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Í LISTASAFNI REYKJAVÍKUR** Bjarni Bjarnason og Magnús Sigurðsson létu sig ekki vanta í Listasafn Reykjavíkur á þriðjudaginn.


Jólaskeiðin 2009

Íslendingar haf safnað Jólaskeiðinni frá GAM allar götur frá 1946.
Íslensk hönnun í 63 ár.
Það er aldrei of seint að bætast í hóp ánægðra safnara.



Guðlaugur A. Magnússon
Anno 1924
Skólavörðustíg 10 • Sími 562 5222 • www.gam.is

Í dag er kynning á Golden Rose förðunarvörum kl: 13-17.




Glæsilegar vörur. Góð verð.
Verð frá 699 kr.

Kíktu í heimsókn:
Förðunarfræðingur veitir ráðgjöf.
Spennandi kaupauki fylgir með.

Verið velkomin.

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is


# Heiðrar Helgu Möller

Ólafur Josephsson hefur lengi gert út einmenningssveitina Stafrænn Hákon og gefið út margar plötur undir því nafni, síðast plötuna Gummi árið 2007. Jólatónlist hefur lengi verið Ólafi hugleikin og hann hefur sett á netið sínar útgáfur af frægum jólalögum. Í ár heiðrar hann jólaarf Helgu Möller og tekur fyrir tvö sígild jólalög með Helgu, „Hátíðarskap“ og „Heima um jólin“. Þessa netútgáfu kallar hann vitanlega Möllerinn. Magnús Freyr Gíslason syngur með Ólafi í lögunum.

„Jólalögin hennar Helgu Möller verða bara að heyrast um jólin og því fannst mér kominn tími til að taka þau,“ segir listamaðurinn. Möllerinn og öll hin jólalögin með Stafrænum Hákoni eru aðgengileg frítt á netinu á slóðinni **shakon.com/christmas**. - drg



**Í HÁTÍÐARSKAPI** Ólafur Josephsson er Stafrænn Hákon.

# Eivør syngur í Fríkirkjunni

**Færeyska söngkonan Eivør Pálsdóttir heldur tónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík laugardagskvöldið 12. desember. Þar mætir hún berskjölduð til leiks, án hljómsveitar, sem hún hefur ekki gert í háa herrans tíð á Íslandi. Eivør er nýbúin að senda frá sér tónleikaplötuna Live sem inniheldur upptökur frá árunum 2005-2009 af tónleikum í Færeyjum, Íslandi, Japan, Danmörku, Austurríki og Þýskalandi. Þessa dagana er hún önnum kafin við upptökur á sinni næstu hljóðversplötu. Forsala á tónleikana í Fríkirkjunni hefst í dag kl. 10 á Midi.is og eru aðeins 350 miðar í boði. Miðaverð er 2.500 krónur.**



**EIVØR PÁLSDÓTTIR** Eivør heldur tónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík laugardagskvöldið 12. desember. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Lög handa mömmu og pabba

Fjórða sólóplata Fabúlu, Margrétar Kristínar Sigurðardóttur, kemur út á föstudaginn. Platan heitir In Your Skin og inniheldur tólf lög sem eru flest sungin á ensku.

Tvö lög eru sungin á íslensku og eru þau bæði tileinkuð foreldrum hennar. „Þau áttu gullbrúðkaupsafmæli í fyrra. Ég bjó til lög við ljóð sem ég hafði samið til þeirra áður,“ segir Margrét.

Hún hóf vinnu við plötuna síðasta vetur og segir hana poppaðari en þá síðustu sem hún gaf út, hina lágstemmdu og draumkenndu Dusk. Á In Your Skin má finna naktar og fíngerðar framsetningar í bland við stórar hljóðmyndir og kraftmikla kafla. Stíll Fabúlu einkennist af tregablandinni leikgleði og óvæntum uppákomum eins og kemur berlega í ljós á plötunni.

Hún ætlar að fylgja gripnum eftir með útgáfutónleikum í Þjóðmenningarhúsinu á föstudaginn. Einnig fer hún í tónleikaferð um landið eftir áramót. „Ég hef ekki áður farið hringinn með tónlistina mína. Ég hef bara skotist stutta túra og á fáa staði þannig að ég á það eftir. Ég hlakka til að gera það,“ segir Margrét. Einnig hyggur hún á spilamennsku á Norðurlöndunum með vorinu og verður það í fyrsta sinn sem hún fer þangað í tónleikaferð.

Hægt verður að fylgjast með Fabúlu á nýrri vefsíðu, Fabula.is, sem verður opnuð á föstudaginn. **- fb**



**FABÚLA** Fjórða sólóplata Fabúlu kemur út á föstudaginn. Hún nefnist In Your Skin.



**NÚMER 10 ÞÚSUND** Jón Torfason ásamt þeim Harry og Heimi á sýningunni í Borgarleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gestir orðnir tíu þúsund

**Tíu þúsundasti gestur leikritsins Harry og Heimir var leystur út með gjöfum í miðri sýningu í Borgarleikhúsinu á þriðjudagskvöld. Jón Torfason var sá heppni og fékk hann í sinn hlut veglegan blómvönd, gjafakort í Borgarleikhúsinu og plötu með fyrstu útvarpsleikritunum eftir þá félaga Harry og Heimi. Leikritið Harry og Heimir – með öðrum morðum var frumsýnt 12. september síðastliðinn. Síðan þá hafa verið leiknar fimmtíu sýningar fyrir troðfullu húsi og ljóst að þeir félagar hafa svo sannarlega hitt í mark á meðal almennings. Uppselt er á leikritið langt fram í janúar.**



**MONROE** Marilyn Monroe er ein þekktasta kvikmyndastjarna allra tíma og þótti með eindæmum fögur.

# Monroe reykir jónu

**Myndband sem sýnir leikkonuna Marilyn Monroe nota ólögleg efni í heimahúsi verður sett á sölu á uppboðsvefnum eBay innan skamms. Myndbandið er talið vera frá árinu 1958 og sýnir leikkonuna ásamt tvemur vinkonum reykja marijúana. Upprunalegur eigandi myndbandsins hefur staðfest að Monroe hafi verið að nota vímuefni. „Ég átti marijúanað. Við fengum okkur jónu sem var svo látin ganga manna á milli. Þetta var engin veisla, bara lítil samkoma fólks sem vildi hittast og spjalla,“ var haft eftir upptökumanninum sem vildi ekki láta nafns síns getið.**



# Gaga fékk mikið þjórfé

**Söngkonan Lady Gaga prýðir forsíðu janúarheftis breska Elle og þykir furðu venjuleg. Í viðtali við blaðið sagðist hún í framtíðinni vilja mann og börn eins og hver annar. „Eftir átta til tíu ár mundi ég vilja börn fyrir pabba minn til að leika við. Og mig langar í eiginmann sem elskar mig og styður, alveg eins og allir aðrir. Ég mundi aldrei taka karlmann fram yfir frama minn einmitt núna, og ég mundi aldrei elta karlmann út um allt,“ sagði söngkonan, sem spjallar einnig við blaðamann um fyrri störf sín. „Ég var mjög fær og fékk mikið þjórfé. Ég klæddist alltaf háum hælum og sagði sögur.“**



**FÆR ÞJÓNN** Lady Gaga vann áður sem þjónn og sagðist hafa verið fær í því starfi.

# Bókaútgefandinn á bak við linsuna

**Fréttablaðið hefur að undanförnu greint frá því að bókaútgefandinn Jóhann Páll Valdimarsson sé maðurinn á bak við fjölmargar ljósmyndir sem prýða bækur Forlagsins. Þótti því rétt að heyra í Jóhanni sjálfum.**

„Ég hef í lífinu eiginlega aldrei átt neitt önnur áhugamál, vinnan hefur alltaf átt hug minn allan. Ég get ekki einu sinni farið í bíó án þess að hugsa um bækur en þegar ég er að sinna ljósmyndunum, vinna þær og framkalla þá gleymi ég bæði stund og stað,“ segir Jóhann Páll í samtali við Fréttablaðið. Að undanförnu hafa birst molar um að Jóhann bæði kápumyndina af Vigdísi Finnbogadóttur sem prýðir ævisögu forsetans fyrrverandi. Þá hafi hann einnig myndað flesta rithöfunda sem eru á mála hjá Forlaginu og þar að auki hafi Jóhann myndað fyrir þær bækur sem notast við ljósmyndir, eins og ævisögu Snorra Sturlusonar. „Mér var meira bara ýtt út í þetta en að ég hafi tranað mér fram. Þetta var kannski hluti af sparnaðaraðgerðum og nú er svo komið að áhugamálið er orðið hluti af vinnunni, eins kaldhæðnislega og það kann að hljóma.“

Ljósmyndaáhugi útgefandans kviknaði fyrst í kringum sautján ára aldurinn en þá fékk hann sína fyrstu myndavél. Hún var frumur frumstæð en útgefandinn kom sér upp framköllunargræjum og hóf myndavélina á loft. „Svo komu stafrænu myndavélarnar og í framhaldi af því fór ég að læra á myndvinnsluforrit, fór á námskeið og hef verið nokkuð duglegur við að lesa mér til um ljósmyndun og ljósmyndavinnslu,“ segir Jóhann en hann á í dag Canon Mark 2. „Góð ljósmynd er hins vegar ekki háð bestu tækninni, það er augað sem skiptir mestu máli.“ Jóhann viðurkennir engu að síður að hann sé heillaður af græjum og tækninýjungum. Hann sé ekkert annað en stór strákur. „Ég hef alltaf verið mikið fyrir dót; hvort sem það eru talstöðvar, sjónaukar eða tölvur. Mér hefur hins vegar ekki fundist neitt nýtt koma að undanförnu nema þessir GSM-símar en þeir eru í mínum huga verkfæri djöfulsins og fara létt með að rústa tilveru fólks,“ segir Jóhann í fullri alvöru enda sjálfur ekki með neitt slíkt djöflatól.



**INNI Á KLÓSETTI** Jóhann Páll segist fara með myndavélina sína hvert sem er, meira að segja inn á klósett enda sé birtan þar engri lík.

En það eru ekki bara rithöfundar og viðfangsefni þeirra sem eiga hug Jóhanns allan. Hann segist til að mynda síðustu fimm árin hafa gert meira af því að fara í Skorradalinn í Hvalfirðinum í sérstakar ljósmyndaferðir. Og svo myndar hann kýr og sjálfan sig inni á klósetti. „Kýrnar virka þannig á mig að þær hafi ekki hugmynd um hvað er að gerast í kringum sig, þær eru algjörlega hrekklausar. Inni á klósettum er síðan ákaflega sérstök birta og ég á margar myndir af sjálfum mér inni á klósettum úti um allan heim.“ Jóhann útilokar hins vegar að hann muni opna ljósmyndasýningu eða gefa út bók með myndum eftir sjálfan sig. „Nei, ég vil ekkert vera að monta mig af þessu, þetta er bara áhugamálið mitt.“ **- fgg**








**KOLBEINN OG BJÖRN BERG** Kolbeinn Tumi Höskuldsson og Björn Berg Gunnarsson stjórna pöbba-spurningakeppni á Enska barnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Spyrja einu sinni í viku

Pöbba-spurningakeppni fótboltasíðunnar Sammarinn.com sem hefur verið haldin á Enska barnum er orðin að vikulegum viðburði. Spurningakeppnin hófst í sumar og var þá haldin mánaðarlega. „Við erum dottnir í þennan vikulega pakka því aðsóknin er að aukast. Fyrst var þetta mikið til sama fólkið sem var að koma en núna er alls konar lið að mæta,“ segir Kolbeinn Tumi Höskuldsson, annar af ritstjórum síðunnar. Hann stjórnar einnig Fótboltaþættinum á Útvarpi Sögu ásamt hinum ritstjóra síðunnar, Birni Berg Gunnarssyni. Spyrill á næsta spurningakvöldi, sem verður í kvöld klukkan 20, verður íþróttafréttamaðurinn Hörður Magnússon.

# Framleiðir gamanþátt

**Nicole Richie er nú með sinn eigin sjónvarpsþátt í smíðum. Richie, sem er þekkt fyrir að leika í raunveruleikasjónvarpsþáttum og hanna skartgripi og föt, sagði frá þættinum á heimasíðu sinni á mánudag, en hann verður sýndur á ABC-sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum.**



**„Ég er svo spennt að segja frá því að ég er að búa til hálftíma gamanþátt sem ég mun leika í og framleiða. Þátturinn mun fjalla um unga og efnilega nútímakonu sem reynir að halda jafnvægi á milli starfsframans og fjölskyldulífsins. Hún þarf að takast á við allar þær hugmyndir sem eru uppi um hlutverk kvenna. Við erum enn á byrjunarstigi en ég get ekki beðið eftir að segja frá meiru á næstunni,“ segir Richie á heimasíðu sinni.**


ZO•ON
ICELAND
Við erum í jólaskapi!
Í dag 3. desember
er ZO-ON verslunin
í Kringlunni í jólaskapi.
Páll Óskar treður upp,
syngur vel valin lög
fyrir framan verslunina
kl: 16:30 og áritar.
Af þessu tilefni
verður 10% afsláttur
af ZO-ON fatnaði
í versluninni okkar.
Þeir sem líta við
fá flottan ZO-ON bol
á meðan birgðir endast.
ZO•ON
ICELAND
Kringlunni - www.zo-on.is










SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 6 - 8 - 9 - 10:50 | 12 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:20 - 8 - 10:50 | VIP |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| PANDORUM | kl. 8 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 10:20 | 16 |
| MORE THAN A GAME | kl. 5:50 | 7 |
| COUPLES RETREAT | kl. 8 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 síðasta sýn. | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:20 - 8 - 10:10 - 10:50 | 12 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50(3D) | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8(3D) Ótextuð | 7 |
| MY LIFE IN RUINS | kl. 5:50 - 8 | L |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE TWILIGHT SAGA | kl. 5:30 - 8 | 12 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 6 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl 8 | 7 |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE BOX | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| LOVE HAPPENS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| 2012 | kl. 4.45 - 8 - 10 | 10 |
| 2012 LÚXUS | kl. 4.45 - 8 | 10 |
| DESEMBER | kl. 8 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 5.30 SÍÐUSTU SÝNINGAR | L |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI | kl. 3.40 | L |
| JÓHANNES | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| WHATEVER WORKS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| A SERIOUS MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| 2012 | kl. 5.45 - 9 | 10 |
| DESEMBER | kl. 6 - 8 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 10 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 6 - 9 | 10 |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 10 | 16 |
| LOVE HAPPENS | kl. 8 | L |
| 9 | kl. 6 | 7 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| THE BOX | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| RAJEEV REVISITED | kl. 6 | L |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 10 | 16 |
| 2012 | kl. 6 - 9.15 | 10 |
| ZOMBIELAND | kl. 8 | 16 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus










LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| COCO BEFORE CHANEL | kl. 5.50, 8 og 10.10 | L |
| 2012 | kl. 7 og 10(Power) | 10 |
| JÓHANNES | kl. 6, 8 og 10 | L |




# Woods biðst afsökunar

Lögreglan í Flórída tilkynnti í gær að kylfingurinn Tiger Woods yrði ekki ákærður fyrir að sýna gáleysi undir stýri, en eins og kunnugt er orðið ók hann bíl sínum á brunahana og inn í garð nágranna sinna. Honum var þó gert að greiða 164 dali í sekt.

Fjölmiðlar hið vestra fylgjast þó enn grannt með málum og hefur Linda Adams, nágranni Woods, þurft að ráða lögfræðing vegna ágangs þeirra. Adams var sú sem hringdi á lögregluna nóttina sem slysið átti sér stað og því telja fjölmiðlar að hún gæti mögulega lumað á frekari upplýsingum.

Hvað Rachel Uchitel varðar birtist síðulangt viðtal við hana í New York Times þar sem hún þvertekur fyrir að hafa átt í sambandi við Woods. „Þetta er lygi. Tiger sagðist aldrei elska mig. Stúlkurnar sem seldu söguna eru heimskar dræsur. Þetta er heimskulegt, ég hef aldrei fengið smáskilaboð frá Tiger og hef aldrei rætt við hann í síma.“ Hins vegar hefur önnur stúlka nú stigið fram og viðurkennt að hafa átt í ástarsambandi við kylfinginn. Stúlkan, sem starfar sem gengilbeina í Las Vegas, segist fyrst hafa hitt Tiger árið 2007 og að þau hafi síðan þá hist reglulega, síðast fyrir aðeins tveimur mánuðum. Stúlkan, Jaimee Grubbs, segist búa yfir fjölda smáskilaboða og talskilaboða frá Woods sem sanni mál hennar.

Í gær steig svo þriðja stúlkan fram og sagðist einnig hafa átt í sambandi við Woods. Kalika Maquin, framkvæmdastjóri skemmtistaðarins The Bank í Las Vegas, eyddi helgi með Woods í október síðastliðnum. Hún neitaði þó að tjá sig frekar um atvikið við fjölmiðla.

Í kjölfar þessara ásakana sendi Woods frá sér tilkynningu í gær þar sem hann sagðist sjá eftir brotum sínum. „Ég hef sært fjölskyldu mína. Ég er ekki gallalaus og langt frá því að vera fullkominn. Ég tekst nú á við hátterni mitt og mín persónulegu mistök í einrúmi ásamt fjölskyldu minni.“




**SIRKUSINN HELDUR ÁFRAM** Tiger Woods og fjölskylda eiga ekki sjö daga sæla um þessar mundir. Fjöldi kvenna hefur komið fram og vilja þær meina að Woods sé mikill glaumgosi sem hafi aldrei verið konu sinni trúr. Fyrst bárust sögur af sambandi Woods og Rachel Uchitel sem sést hér.

# Ævisögur poppara fljúga út

**Aldrei áður í útgáfusögunni hafa ævisögur poppara verið jafn margar og í ár. Áður var hending ef ein ævisaga um tónlistarmann datt í hús á ári. Allar þessar bækur virðast ganga mjög vel.**

Hreinræktaðar poppævisögur eru þrjár: Reyndu aftur, um Magga Eiríks, Sjúddirarí rei, um Gylfa Ægisson og Söknuður, um Vilhjálm Vilhjálmsson. Til viðbótar má nefna Papajazz, um Guðmund Steingrímsson, fyrstu ár dægurtónlistar og djass-senuna, og ævisögu tónskáldsins Jóns Leifs.

Stór ástæða fyrir fjölgun poppævisagna er að plötuútgáfan Sena sneri sér að bókaútgáfu í ár og gefur út bækurnar um Gylfa og Vilhjálm, auk doðrantsins 100 bestu plötur Íslandssögunnar.

„Okkur fannst að bækur um músík gætu passað vel inn í hjá okkur og því dembdum við okkur í þetta,“ segir Jón Þór Eyþórsson hjá Senu. „Við sjáum ekki eftir því, þetta hefur gengið vonum framar. Bæði Gylfi og Villi eru uppseldir hjá okkur og komnir í endurprentun.“

Jón Þór segir Senu eflast í trú sinni á bókaútgáfunni og segir að fyrirtækið sé þegar farið að huga að útgáfum fyrir næsta ár. „Titlunum mun fjölga og við munum ekki bara gefa út fyrir jólin,“ segir hann. Of snemmt sé þó að opinbera hvað um sé að ræða.

„Besta vísbendingin um sölu er að ég er búinn að prenta annað upplag,“ segir Tómas Hermannsson hjá Sögum um bókina um Magga Eiríks. „Hún gengur bara mjög vel, en ég get ekki svarað nákvæmlega hversu vel fyrr en í fyrsta lagi á Þorláksmessu.“

Tómas sjálfur skrifar bókina um Magnús. Maggi hefur orðið og fer engum vettlingatökum um sjálfan sig. Bókin er bersöglari en maður á að venjast á Íslandi. Í sinni bók hefur Gylfi Ægisson líka orðið og fer heldur ekki mjúklega um eigin feril. Hann leggur öll spilin á borðið. Magnús og Gylfi voru svallarar svo sögurnar litast af því líferni. Í bókinni um Villa Vill er verið að fjalla um löngu látinn mann sem hefur orðið eins konar hálfguð á síðustu árum fyrir sína sígildu popptónlist. Jón Ólafsson er mjög vandvirkur í bókinni og fer vel í saumana á lífshlaupi Vilhjálms. Þar kemur margt á óvart, en einhverjir vilja þó meina að horft sé á söguna í gegnum fullmatt gler. Mjög góð bók engu síður.

Vonandi er þessi aukning í ár á stórfínum poppævisögum ekki einsdæmi.

drgunni@frettabladid.is

## ÁTTA ÁÐUR ÚTKOMNAR ÆVISÖGUR:

**Bubbi** e. Silju Aðalsteinsdóttur (1990)
**Lífssaga Ragga Bjarna** e. Eðvarð Ingólfsson (1992)
**Til eru fræ (ævisaga Hauks Morthens)** e. Jónas Jónasson (1993)
**Army of She (ein af mörgum ævisögum Bjarkar)** e. Evelyn McDonnell **(2001)**
**Þangað sem vindurinn blæs (ævisaga KK)** e. Einar Kárason (2002)
**Herra Rokk (ævisaga Rúnars Júl)** e. Ásgeir Tómasson (2005)
**Pétur poppari (ævisaga Péturs Kristjánssonar)** e. Kristján Hreinsson (2005)
**Hljómagangur (ævisaga Gunnars Þórðarsonar)** e. Jón Hjartarson (2008)



**RJÚKA ÚR BÓKABÚÐUNUM** Stjörnur ævisagnanna þriggja, Magnús Eiríksson, Gylfi Ægisson og Vilhjálmur Vilhjálmsson. Bækurnar hafa mælst vel fyrir, bæði hjá gagnrýnendum sem og lesendum.

# Samkynhneigðir spila bingó

Jólabingó Samtakanna 78 verður haldið í kvöld klukkan 20. „Þetta er ein helsta einstaka fjáröflun samtakanna,“ segir Lárus Ari Knútsson, formaður samtakanna. „Bingóið hefur stækkað ár frá ári og nú er svo komið að ekki dugar annað en sjálft mekka bingósins í Vinabæ í Skipholti. Saga bingósins er sú að það hefur eiginlega aldrei verið haldið á sama stað því það sprengir alla sali utan af sér. Við vorum síðast í Iðnó og þangað mættu um 250 manns svo það varð alltof troðið. Við sjáum til hvort við þurfum Laugardalshöllina að ári.“

Lárus og fleiri hafa verið á haus síðustu daga við að finna vinninga. Og uppskeran er góð. „Það eru fínir vinningar í boði. Ferðir til útlanda, hótelgistingar, og fleira og fleira.“

Bingómeistarar kvöldsins verða Ragnhildur Sverrisdóttir blaðamaður og Sigurborg Daðadóttir leikkona.

- drg



**BINGÓ-MEISTARI** Ragnhildur Sverrisdóttir er af annar bingómeisturum kvöldsins.

nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*



BIRKIREYKT HANGILÆRI
ÚRBEINAÐ

**2.239** kr/kg
áður 3.198 kr/kg

# *Gleðjumst saman á aðventu*

### HAMBORGARHRYGGUR



30% afsláttur

**998** kr/kg
áður 1.425 kr/kg

KJÖTSEL

### NAUTAPIPARSTEIK
FERSK



41% afsláttur

**1.889** kr/kg
áður 3.198 kr/kg

### REYKTUR GRÍSABÓGUR



30% afsláttur

**599** kr/kg
áður 855 kr/kg

KJÖTSEL

### HANGIFRAMPARTUR
ÚRBEINAÐUR



30% afsláttur

**1.399** kr/kg
áður 1.998 kr/kg

KJÖTSEL

### HUMAR
2kg ASKJA




20% verðlækkun

### UNGNAUTAHAKK

ÓDÝRT



**948** kr/kg

### KALKÚNABRINGUR
FERSKAR



40% afsláttur

**1.791** kr/kg
áður 2.985 kr/kg

### ÝSU FISKIBOLLUR
1kg

ÓDÝRT



**798** kr/kg

### FÓTBOLTAMYNDIRNAR
FÁST HJÁ OKKUR




### GILLE PIPARKÖKUHJÖRTU
TIL AÐ SKREYTA




**198** kr/pk.

### KÖTLU GLASSÚR
GULUR, RAUÐUR, GRÆNN EÐA HVÍTUR



**149** kr/stk.

### GALA SMÁEPLI
Í POKA, 1,5kg



50% afsláttur

**149** kr/pk.
áður 298 kr/pk.

Birt með fyrirvara um prentvillur

www.markhonnun.is

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Tilboðin gilda 3. - 6. desember eða meðan birgðir endast

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

## > Stóðst læknisskoðun



Ólafur Ingi Skúlason er búinn að gangast undir læknisskoðun hjá því félagi sem hann hefur átt í samningaviðræðum við síðustu vikur. Hann vill þó ekki greina frá því hvaða félag það er en danskir fjölmiðlar hafa fullyrt að það sé SönderjyskE sem Sölvi Geir Ottesen leikur með. „Læknisskoðunin gekk mjög vel og ég ætti að geta tjáð mig meira um þetta um helgina,“ sagði Ólafur Ingi. Hann lék áður með Helsingborg í Svíþjóð en félagið staðfesti á heimasíðu sinni á dögunum að Ólafur Ingi myndi yfirgefa félagið.

**sport**
sport@frettabladid.is

**DAVÍÐ ÞÓR VIÐARSSON:** STADDUR Í SVÍÞJÓÐ OG MUN LÍKLEGA SEMJA VIÐ ÖSTER

# *Þarf á því að halda að prófa eitthvað nýtt*



Davíð Þór Viðarsson mun að öllum líkindum ganga frá samningum við sænska B-deildarfélagið Öster á næstunni. Hann var staddur í Svíþjóð í gær þar sem hann ætlaði að skoða aðstæður hjá félaginu. „Ef okkur líst vel á bæinn mun ég væntanlega gangast undir læknisskoðun. Ef ég stenst hana verður væntanlega ekkert eftir nema að skrifa undir samninginn,“ segir Davíð Þór.

„En ég tel að líkurnar á því að ég semji við félagið séu miklar. Miðað við það sem ég hef heyrt um bæinn þá er hann ágætur,“ bætir hann við.

Öster var úrvalsdeildarfélag fyrir fáeinum árum en féll um tvær deildir á jafn mörgum árum. Liðið er nú komið upp í næstefstu deild og ætlar sér stóra hluti á næstu árum.

„Mér líst vel á þau markmið sem félagið hefur sett sér. Þetta er ekkert risastórt skref á mínum ferli en þetta er tilbreyting og ég held að ég þurfi á því að halda að prófa eitthvað nýtt,“ segir Davíð Þór. „Ég hef rætt við Helga Val Daníelsson sem lék með Öster í nokkur ár og hann gat mælt með því að ég færi til liðsins.“

Davíð Þór hefur áður staðið til boða að fara í atvinnumennsku en nú segir hann að tími sé kominn til að slá til.

„Ég er búinn að vinna titilinn heima fimm sinnum og þar hefur allt gengið ótrúlega vel. Ég var með besta þjálfara sem ég hef haft á Íslandi – Heimi Guðjónsson – og mér fannst tími til kominn að breyta til. Ég vildi fá að upplifa nýja hluti og búa í öðru landi.“

Davíð Þór var reyndar á mála hjá Lilleström í Noregi í tvö ár en annars hefur hann alla tíð leikið með FH.

„Það er mjög erfitt fyrir mig að kveðja FH en ég held að allir viti að ef ég spila á Íslandi aftur kemur aðeins til greina að spila með FH. Ég tel að FH-ingar skilji mína afstöðu vel.“

Samningur hans við FH rennur út um áramótin og fer hann því án greiðslu frá félaginu. „Það hjálpaði vissulega til að vekja áhuga liða á mér og ég tel líklegt að ég hefði ekki fengið jafn góðan samning, hefði þurft að kaupa mig. Miðað við landslagið í peningamálunum í dag skipti það miklu máli.“



**EINI KANINN** Semaj Inge hefur verið eini Bandaríkjamaðurinn á vellinum í 6 af 9 leikjum KR í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Iceland Express-deild karla:

# KR-ingar sleppa við Kanana

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar heimsækja í kvöld Keflvíkinga í Iceland Express-deild karla og enn á ný „hafa þeir heppnina með sér“ og mæta liði sem hefur ekki Bandaríkjamann innanborðs.

Keflvíkingar ráku í gær Bandaríkjamanninn Rashon Clark og mæta KR með í Toyota-höllinni í kvöld með alíslenskt lið. Þetta verður sjöundi leikur KR-liðsins af tíu þar sem það mætir Kanalausu liði.

KR-ingar mættu FSu og Tindastóli áður en þau lið voru komin með sína Bandaríkjamenn, mættu Blikum á meðan þeir voru að skipta um Kana og þegar KR-ingar spiluðu við Grindvíkinga voru þeir nýbúnir að reka Kanann sinn eftir tap á móti Njarðvík alveg eins og í tilfelli Keflavíkur nú. **- óój**

**MÓTHERJAR KR Í VETUR**

| | |
|---|---|
| FSu | Kanalausir |
| ÍR | Kanalausir |
| Tindastóll | Kanalausir |
| Grindavík | Kanalausir |
| Njarðvík | Kanalausir |
| Fjölnir | Með Kana |
| Hamar | Með Kana |
| Breiðablik | Kanalausir |
| Stjarnan | Með Kana |
| Keflavík | Kanalausir |

# Ekki fallegt skot en það virkar

**Marvin Valdimarsson er loksins sprunginn út að mati margra. Hann hefur farið á kostum með Hamri í Iceland Express-deildinni í vetur og er sem stendur stigahæsti íslenski leikmaðurinn í deildinni með 25,6 stig í leik. Marvin segist ekki hafa kunnað að skjóta á körfuna fyrr en hann var orðinn tvítugur.**

**KÖRFUBOLTI** Það er allt í blóma hjá Marvini Valdimarssyni þessa daganna, hann fer á kostum með Hamarsliðinu í Iceland Express-deild karla og er nýbúinn að eignast dóttur. „Það er tóm hamingja hjá manni,“ segir Marvin enda heilsast dótturinni og kærustunni vel.

Marvin er á sínu sjöunda tímabili í úrvalsdeild og hafði mest skorað 15,2 stig að meðaltali veturinn 2004-05.

„Það er búið að vera bíða eftir því í nokkur ár að maður næði almennilegu tímabili,“ segir Marvin í léttum tón en hann segist blómstra í góðu andrúmslofti í blómabænum. „Það er góður andi í liðinu og Gústi þjálfari er búinn að búa til helling fyrir mig. Ég hef alltaf vitað hvað ég get og maður þurfti kannski að læra á sjálfan sig,“ segir Marvin. Hann er þakklátur fyrir að spila við hlið Svavars Páls Pálssonar sem hefur gefið 5,1 stoðsendingu að meðaltali í leik og stóran hluta þeirra á Marvin. „Það eru forréttindi að vera með stórum manni í liði sem er svona virkilega góður sendingamaður því hann er oft með sendingar eins og framúrskarandi bakvörður. Við erum búnir að spila saman í sjö til átta ár og þekkjum hvor annan mjög vel,“ segir Marvin.

Marvin kom fullur sjálfstrausts til leiks í haust eftir að hafa skorað 31,1 stig að meðaltali í 1. deildinni í fyrravetur.

„Ég ætlaði að standa mig mun betur sóknarlega en ég hef gert í úrvalsdeild síðustu ár. Ég átti afbragðstímabil í 1. deildinni í fyrra og ég vildi fylgja því eftir. Ég vildi ekki detta niður í einhverja meðalmennsku í úrvalsdeild. Það var það sem ég var að einblína mest á að vera virkari í sóknarleiknum. Ég þarf þess líka því það er hellings ábyrgð á mér. Við erum ekki með breiðasta hópinn í deildinni og þá þarf maður að eiga góða leiki,“ segir Marvin.

Mikilvægi Marvins fyrir Hamar leynir sér ekki í tölfræðinni. Hann er búinn að skora 33,0 stig að meðaltali í fjórum sigurleikjum liðsins en í tapleikjunum fimm hefur hann „bara“ skoraði 19,6 stig í leik. „Við erum með svo ungt lið að það er á ábyrgð mína og Svavars að taka af skarið. Þetta eru bara guttar sem eru með okkur í Hamri,“ segir Marvin en tveir af fimm byrjunarliðsmönnum Hamars eru fæddir eftir 1990. „Oddur og Raggi eru að standa sig alveg fáránlega vel á sínu fyrsta tímabili í úrvalsdeild. Þeir eiga hrós skilið fyrir það. Páll Helgason er líka þvílíkt öflugur þegar hann kemur inn af bekknum. Þetta eru strákar sem maður átti ekki von á að myndu springa út en eru að gera það allavega enn sem komið er. Það hjálpar okkur helling,“ segir Marvin.

Hamar er í 8. sæti deildarinnar með átta stig en þau hefðu auðveldlega verið tíu ef liðið hefði ekki misst niður 16 stiga forskot í fjórða leikhluta á móti KR. „Það var hræðilegt að tapa þessum KR-leik en hann fer bara í reynslubankann,“ segir Marvin og bætir við: „Okkar markmið er að vinna hvern einasta heimaleik þó svo að við séum búnir að tapa á móti Njarðvík en okkur fannst við eiga að vinna hann. Við ætlum að vinna heimaleikina og svo verður þetta barátta út í gegn í útileikjunum þar sem við munum reyna að stela einhverjum sigrum. Okkar markmið er að fara í úrslitakeppnina.“

Marvin hefur skorað 25,6 stig að meðaltali í fyrstu níu leikjum Hamars en hann hefur meðal annars skorað 3,0 þriggja stiga körfur að meðaltali í leik. Marvin er mikill skorari og getur skorað allstaðar á vellinum en það hefur ekki alltaf verið þannig.

„Ég byrjaði sem leikstjórnandi og gat ekki skotið fyrr en ég var orðinn tvítugur. Þá var ég með alveg vonlaust skot og skoraði bara úr sniðskotum og með því að keyra upp að körfu. Pétur Ingvarsson lét mig í þá stöðu sem hentaði mér betur og svo fór maður bara að skjóta eins og vitleysingur í Hveragerði. Ég er ekki með fallegasta skotið en það virkar ágætlega,“ segir Marvin og sjálfstraustið spilar einnig stóra rullu í velgengninni.

„Ég veit að ég get hitt og ég get verið mjög eigingjarn stundum. Ég stend bara og fell með því. Ef maður ætlar að vera skorari og skotmaður þá verður maður að vera eigingjarn. Maður verður að taka skotin því það þýðir ekkert að hika.“

ooj@frettabladid.is



**SPRUNGINN ÚT Í BLÓMABÆNUM** Marvin Valdimarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ




Katrín Jónsdóttir telur langlíklegast að hún verði áfram í Val á næsta tímabili:

# Erlent félag hefur áhuga á Katrínu

**FÓTBOLTI** Katrín Jónsdóttir landsliðsfyrirliði hefur ákveðið að halda áfram í knattspyrnu og á hún nú í viðræðum við Val um nýjan samning.

Hún sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að önnur félög hefðu einnig sýnt henni áhuga, þeirra á meðal eitt frá Norðurlöndunum.

„Ef ég á að segja alveg eins og er finnst mér það nú ólíklegt að ég komi til með að skoða það af mikilli alvöru,“ segir Katrín. „Eins og stendur er það langlíklegast að ég leiki með Val á næsta tímabili.“

Katrín er 32 ára gömul og á að baki langan feril með Val, Breiðabliki, Stjörnunni og Kolbotn í Noregi þar sem hún varð Noregsmeistari. Hún hefur verið lykilmaður í íslenska landsliðinu og verður væntanlega áfram.

„Atvinnumennskan horfir öðruvísi við mér en mörgum ungum stelpum sem eru að hefja sinn ferill. Ég fékk að prófa að vera úti í dágóðan tíma en ég er nú komin með fjölskyldu og vinnu, sem flækir málin talsvert fyrir mér,“ segir Katrín.



Undankeppnin fyrir HM 2011 í Þýskalandi hófst í sumar og stefnir Katrín á að taka þátt í þeim landsliðsverkefnum sem eru fram undan.

„Ef okkur tekst að komast inn á HM held ég áfram í tvö ár, annars finnst mér líklegt að ég hætti næsta haust þótt það sé aldrei hægt að fullyrða neitt um það,“ segir hún.

Katrín segir einnig að hún hefði ekki verið tilbúin að hætta í haust eins og hún var að íhuga. „Ég er enn mikla löngun til að spila og var ekki tilbúin að hætta. Meðan svo er verður maður að halda áfram.“

Katrín hefur fjórum sinnum orðið Íslandsmeistari með Breiðabliki (1991, 1992, 1994 og 1996) og fimm sinnum með Val, fyrst árið 2004 og svo undanfarin fjögur ár. Hún á að baki 92 landsleiki og hefur skorað í þeim fimmtán mörk. Hún er þriðji markahæsti leikmaður í sögu landsliðsins, á eftir Margréti Láru Viðarsdóttur og Ásthildi Helgadóttur. **- esá**

**LANDSLIÐSFYRIRLIÐINN** Katrín Jónsdóttir á EM í Finnlandi í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/OSSI AHOLA

# Frábær jólatilboð

## á heimilistækjum

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum




**TOSHIBA**



**Toshiba 32" LCD sjónvarp** 32AV603PG
- 32" 16:9 LCD sjónvarp
- Active Vision
- HD-Ready 720p
- Upplausn: 1366x768p
- Skerpa: 18.000:1
- Svartími: 8ms
- Birtustig: 500cd/m²
- Sjónsvið: 178°
- 20w Stereó hljóðkerfi
- VGA(PC) tengi - Auðvelt að tengja við tölvu
- 2x HDMI & 2x scart tengi
- Component, Composite & heyrnatólsteng

**109.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**UNITED**



**United 22" sjónvarp með innbyggðum DVD og stafrænum móttakara** 22DD91HD
- 22" LCD sjónvarp
- 16:9 breiðtjald
- Innbyggður fjölkerfa DVD spilari
- Innbyggður stafrænn móttakari (DVB-T)
- 12v og 220v
- Upplausn: 1680x1050
- Styður PAL(BG/DK/I) og SECAM(BG/DK)
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Textavarp, sjálfvirk leit
- HDMI, Scart, S-Video & VGA(PC) tengi

**72.990kr** Fullt verð 79.990

**UNITED**



**United DVD ferðaspilari með 7" LCD skjá**
DVP8077
- Fjölkerfa ferða DVD spilari
- 7" LCD Skjár með LED baklýsingu
- Innbyggð Lithium hleðslurafhlaða með allt að 2ja tíma endingu
- 12v og 220v
- Styður DVD, DivX, VCD, MP3, MP4, CD & JPEG
- Hægt að tengja við sjónvarp og hátalara/magnara
- Fjarstýring fylgir
- Kaplar og taska fylgir

**19.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**OLYMPUS**



**Olympus myndavél** FE4000
- 12 MegaPixel - Myndir í plakat stærð ef þú vilt
- 4x Optical Zoom
- Brennivídd 4.65 - 18.6 mm (samb:. 35mm: 26.3-105mm)
- 1/2.33 '' CCD flaga
- Intelligent Auto Mode
- Advanced Face Detction - Þekkir andlit og aðlagar skýrleika
- Stór 2.7" LCD skjár með 230.000 punktum
- Magic Filters - Gefur myndum listrænt touch
- Hreyfimyndataka með hljóði (640x480 @ 30FPS)
- Sjálfvirkt ISO 100-1600
- Innbyggt flass með Red Eye Reduction
- Lithium hleðslurafhlaða(LI-42B), hleðslutæki, USB(7) og AV kaplar, ól, leiðbeiningabæklingur og hugbúnaður fylgja
- Styður xD og microSD kort (19MB innbyggt minni)

**27.990kr** Fullt verð 29.990



**Melissa**

**Melissa blandari 0,5l + 0,3l kvörn** 646064
- 200w blandari
- 0,5l blandari
- 0,3l kvörn (tilvalið fyrir kaffibaunir)
- Steinless stál hnífur
- Rofi með púls hraða
- Öryggisrofi

**3.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**KENWOOD**



**Kenwood matvinnsluvél með blandara** FP180
- Mjög handhæg matvinnsluvél og blandari
- 16 Notkunarmöguleikar
- Öflugur 450w mótor með Dual Drive System
- 1 Hraðastilling og púls möguleiki
- 0,8 lítra skál
- 1,0 lítra blandari
- Stál hnífur
- Barnalæsing
- Auðvelt að hreinsa

**9.990kr** Verð áður 12.990.-



**UNITED**

**United ferðatæki**
RCD6408BL
- Útvarp með geislaspilara og kasettutæki
- Heyrnatólstengi
- Gengur fyrir straum eða rafhlöðum

**7.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**exido**



**Exido hársnyrtisett** 235027
- 8 í 1 hársnyrtisett sléttu og krullujárn
- 3 mismunandi krullujárn (19,25 og 32mm)
- Sléttujárn
- 2 hitastillingar
- 360° snúningur á snúru (laus við flækju)

**5.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



**Vidal Sassoon sléttujárn**
VS109LE
- 25mm keramík plötur
- Ultra-slim hönnun
- Stillanlegur hiti að 200°
- Hitnar á 30 sek

**6.490kr** FRÁBÆRT VERÐ



**Melissa**

**Hárblásari, 1400w**
635103
- 400w hárblásari
- 3 hraðastillingar
- Ofhitunarvörn

**1.990kr** Fullt verð 2.490

Gildir til 10. desember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

Dregið á morgun í riðla fyrir úrslitakeppni heimsmeistaramótsins í knattspyrnu í Suður-Afríku:

# Frakkland og Portúgal ekki í efsta flokki

**FÓTBOLTI** Alþjóðaknattspyrnusambandið tilkynnti í gær hvernig liðin sem taka þátt í úrslitakeppni heimsmeistaramótsins í knattspyrnu munu skiptast í styrkleikaflokka. Dregið verður í riðlana á morgun.

Í raun er bara einn styrkleikaflokkur í drættinum. Átta sterkustu liðin eru saman í flokki og geta því ekki lent saman í riðli.

Raðað er í hina flokkana eftir landsvæðum. Þannig eru þær átta Evrópuþjóðir sem ekki komust í efsta styrkleikaflokk saman í einum flokki. Á meðal þeirra eru Frakkland og Portúgal, sem hafa verið meðal sterkustu knattspyrnuþjóða álfunnar en þurftu að fara í gegnum umspil í undankeppninni til að komast til Suður-Afríku.

Við niðurröðun í styrkleikaflokka var ákveðið að miða við stöðu liða á heimslista FIFA í október – ekki í nóvember.

„Okkur fannst staðan í október gefa bestu myndina af stöðu bestu liðanna sem taka þátt í keppninni,“ sagði Jerome Valcke, framkvæmdastjóri FIFA.



**THIERRY HENRY** Lagði upp umdeilt mark sem kom Frökkum á HM.
NORDIC PHOTOS/AFP

„Ákvörðunin var tekin í október enda áttu liðin sem tóku þátt í umspilinu færi á að spila fleiri leiki en önnur lið og komast þannig ofar á listann.“

Liðin frá Asíu, Eyjaálfu og Norður- og Mið-Ameríku eru saman í flokki annars vegar og suðuramerísk og afrísk lið hins vegar.

Sá fyrirvari er reyndar settur á að lið úr efsta styrkleikaflokki geta ekki dregist í riðla með öðrum liðum úr sömu álfu. Það á reyndar ekki við um Evrópuþjóðirnar enda ekki hjá því komist að fimm riðlar verði skipaðir tveimur Evrópuþjóðum hver.

Liðin 32 skiptast í fjóra flokka og verður dregið í átta fjögurra liða riðla á morgun. Bein útsending verður frá drættinum á RÚV og hefst hún klukkan 17.00. **- esá**

### FLOKKARNIR Á HM

**Efsti styrkleikaflokkur:**
Suður-Afríka, Brasilía, Spánn, Holland, Ítalía, Þýskaland, Argentína, England.

**2. fl. (Asía, Eyjaálfa, N-Ameríka):**
Japan, Suður-Kórea, Norður-Kórea, Ástralía, Nýja-Sjáland, Bandaríkin, Mexíkó, Hondúras.

**3. flokkur (Afríka og S-Ameríka):**
Fílabeinsströndin, Gana, Kamerún, Nígería, Alsír, Paragvæ, Chile, Úrúgvæ.

**4. flokkur (Evrópa):**
Frakkland, Portúgal, Slóvenía, Sviss, Grikkland, Serbía, Danmörk, Slóvakía.



512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**ANCELOTTI** Kann að slá á létta strengi.
NORDIC PHOTOS/AFP

Carlo Ancelotti:

## Brandararnir slá í gegn

**FÓTBOLTI** Ray Wilkins, aðstoðarknattspyrnustjóri Carlo Ancelotti hjá Chelsea, segir að góður húmor Ítalans hafi hjálpað honum mikið til að komast inn í hlutina hjá enska félaginu. Chelsea hefur aðeins tapað tveimur af 21 leik undir stjórn Ancelottis og er sem stendur með fimm stiga forskot á toppi ensku úrvalsdeildarinnar.

Það hefur ekki reynst Ancelotti erfitt að aðlagast hlutunum á Brúnni. „Ég hef verið sérstaklega hrifinn af hans persónulegu hlið. Hann er mjög fyndinn og alltaf að segja brandara. Ég þarf reyndar að þýða brandarana ef hann ætlar að gefa meira af sér í þá,“ segir Wilkins.

„Hann segir leikmönnum mikið af bröndurum og honum gengur vel að eiga við leikmennina. Húmorinn hans á örugglega sinn þátt í því hversu vel gengur inni á vellinum,“ segir Wilkins en tekur jafnframt fram að Ancelotti þekki vel stund og stað sem passa fyrir góðan brandara.

„Ancelotti er besti þjálfari í heimi,“ segir Didier Drogba, sem hefur farið á kostum síðan Ancelotti tók við liðinu. „Ég elska það hvernig hann stjórnar liðinu og hvernig hann róar okkur niður. Við vinnum vel fyrir hann með bros á vör. Hann er líka mjög fyndinn, bæði á æfingasvæðinu sem og í búningsherberginu, þar sem alltaf er mjög gott andrúmsloft,“ segir Drogba. **- óój**



**FLUTNINGUR** Hólmar Örn og félagar þurfa að sætta sig við að spila í Njarðvík.

Pepsi-deildarlið Keflavíkur:

## Spilar heimaleiki í Njarðvík

**FÓTBOLTI** Keflvíkingar þurfa að spila fyrstu heimaleiki sína í Pepsi-deild karla næsta sumar á heimavelli nágranna sinna í Njarðvík. Þetta kemur fram á vefsíðunni fotbolti.net.

Ákveðið hefur verið að taka upp grasið á Keflavíkurvelli næsta vor og samkvæmt heimildum fótbolta.net munu heimaleikir á móti Breiðabliki, Fylki, Selfossi, Haukum og Fram fara fram á Njarðvíkurvelli. Líklegt er að fyrsti leikurinn á nýlögðum Keflavíkurvelli verði á móti Íslandsmeisturum FH í 10. umferð.

„Reykjanesbær kemur til með að setja upp stúku sem verður byggð fljótlega,“ sagði Þorsteinn við Fotbolti.net. „Upphaflega var hugmynd um að hún tæki 350 áhorfendur en að öllum líkindum endar hún í 500,“ sagði Þorsteinn.

Kvennalið Keflavíkur spilar heimaleiki sína í 1. deild kvenna næsta sumar á Iðavöllum 7 sem er æfingasvæði félagsins. **- óój**


**GRÉTAR RAFN** Bjartsýnn á framhaldið.

Grétar Rafn Steinsson:

# Munum halda okkur uppi

**FÓTBOLTI** Grétar Rafn Steinsson sagði við enska fjölmiðla í gær að hann efaðist ekki um að Bolton myndi halda sér uppi í ensku úrvalsdeildinni.

Grétar var í byrjunarliði Bolton í fyrsta sinn á leiktíðinni er liðið gerði jafntefli við Fulham. Liðið er þó enn í fallsæti.

„Okkar markmið er að komast í efri hluta deildarinnar," sagði Grétar Rafn. „Við þurfum að taka einn leik fyrir í einu og sjá hvað það fleytir okkur langt."

Bolton mætir Wolves í miklum botnslag um helgina en síðarnefnda liðið er í nítjánda sæti, tveimur stigum á eftir Bolton. „Það er leikur sem við verðum að vinna. Við þurfum að spila vel en allra mikilvægast er að fá þrjú stig." - esá


**LIONEL MESSI** Örugglega eru einhverjir ósammála því að hann væri ekki góður fyrir ítalska landsliðið. NORDIC PHOTOS/AFP

Marcello Lippi:

# Ekki alltaf gott að vera með Messi

**FÓTBOLTI** Marcello Lippi, þjálfari ítalska landsliðsins, segir að súperstjörnur eins Lionel Messi og Cristiano Ronaldo skili sér ekki alltaf í góðum árangri liða. Hann segist frekar vilja samheldan hóp en einhverja af bestu leikmönnum heims.

„Þegar maður býr til sigurlið er nauðsynlegt að hafa hóp leikmanna sem setja hag liðsins í fyrsta sæti en eru ekki uppteknir af því hversu góðir þeir eru," segir Lippi í viðtali við La Repubblica.

„Lið sem eru byggð upp af slíkum leikmönnum í bland við menn sem eiga að þjónusta þá inni á vellinum ná aldrei þeim stöðugleika sem oft er nauðsynlegur til að ná langt," segir Lippi.

„Sjáið bara Zlatan Ibrahimovic hjá Svíþjóð, Lionel Messi hjá Argentínu og Cristiano Ronaldo hjá Portúgal. Svíar komust ekki á HM og hin liðin lentu í miklum vandræðum í undankeppninni. Það er betra að hafa góða liðsheild en bestu knattspyrnumenn heims," segir Lippi. - óój



## ÚRSLIT

### IE-deild kvenna:

| | |
|---|---|
| KR-Grindavík | 81-56 |
| Stig KR: Margrét Kara Sturludóttir 28, Signý Hermannsdóttir 17, Guðrún Þorsteinsdóttir 10, Unnur Tara Jónsdóttir 10, Helga Einarsdóttir 9, Jóhanna Sveinsdóttir 3, Brynhildur Jónsdóttir 2, Hildur Sigurðardóttir 2. | |
| Stig Grindavíkur: Jovana Stefánsdóttir 15, Mary Sicat 15, Michele DeVault 12, Berglind Magnúsdóttir 4, Íris Sverrisdóttir 4, Helga Hallgrímsdóttir 4, Katrín Rúnarsdóttir 2. | |
| Hamar-Njarðvík | 85-71 |
| Stig Hamars: Sigrún Ámundadóttir 22, Koren Schram 20, Kristrún Sigurjónsdóttir 15, Fanney Guðmundsdóttir 11, Guðbjörg Sverrisdóttir 9, Íris Ásgeirsdóttir 6, Hafrún Halfdánardóttir 2. | |
| Stig Njarðvíkur: Shantrell Moss 30, Harpa Hallgrímsdóttir 15, Ólöf Pálsdóttir 9, Helga Jónasdóttir 7, Auður Jónsdóttir 6, Heiða Valdimarsdóttir 2, Anna Ævarsdóttir 2. | |
| Keflavík-Valur | 83-37 |
| Stig Keflavíkur: Birna Valgarðsdóttir 19, Bryndís Guðmundsdóttir 17, Kristi Smith 16, Pálína Gunnlaugsdóttir 7, Marín Rós Karlsdóttir 6, Hrönn Þorgrímsdóttir 5, Rannveig Randversdóttir 4, María Jónsdóttir 2, Halldóra Andrésdóttir 2, Eva Guðmundsdóttir 1, Sigrún Albertsdóttir 1. | |
| Stig Vals: Hrund Jóhannsdóttir 13, Birna Eiríksdóttir 11, Þórunn Bjarnadóttir 6, Sigríður Viggósdóttir 4, Hanna Halfdánardóttir 2, Berglind Ingvarsdóttir 1. | |

### Enski deildabikarinn:

| | |
|---|---|
| Man. City-Arsenal | 3-0 |
| Tevez, Wright-Phillips (69.), Weiss. | |
| Blackburn-Chelsea | Leik ekki lokið |
| Kalinic, Emerton - Drogba, Kalou. | |

### Evrópudeildin:

| | |
|---|---|
| Anderlecht-Dinamo Zagreb | 0-1 |
| FC Timisoara-Ajax | 1-2 |
| Slavia Prag-Genoa | 0-0 |
| Valencia-Lille | 3-1 |
| Celtic-Hapoel Tel Aviv | 2-0 |
| HSV-Rapid Vín | 2-0 |
| Levski Sofia-Villarreal | 0-2 |
| RB Salzburg-Lazio | 2-1 |
| FC Sheriff-Steaua Búkarest | 1-1 |
| FC Twente-Fenerbahce | 0-1 |
| AEK Aþena-Everton | 0-1 |
| 0-1 Diniyar Bilyaletdinov (6.) | |
| BATE Borisov-Benfica | 1-2 |



**HÖFUNDURINN** Víðir með bókina sína í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslensk knattspyrna 2009:

## Komin í bókabúðir

**FÓTBOLTI** Bókin íslensk knattspyrna 2009 kom út í gær. Bókin er sem fyrr rituð af Víði Sigurðssyni íþróttafréttamanni en þetta er í 29. bókin í samnefndum bókaflokki.

Víðir spjallar í bókinni einnig við Atla Guðnason FH-ing, Valsstúlkuna Sif Atladóttur og landsliðsþjálfarana Ólaf Jóhannesson og Sigurð Ragnar Eyjólfsson.

Bókaútgáfan Tindur heiðraði við útkomu bókarinnar í gær þá þrjá leikmenn sem lögðu upp flest mörk í Pepsi-deild karla síðasta sumar. Knattspyrnudeild Selfoss fékk síðan sérstök heiðursverðlaun. - hbg

Federico Macheda:

## Samdi við United til 2014

**FÓTBOLTI** Ítalinn Federico Macheda hefur framlengt samning sinn við Manchester United til loka tímabilsins 2014.

Macheda sló í gegn á síðasta tímabili er hann skoraði sigurmarkið í uppbótartíma í deildarleik gegn Aston Villa en það var hans fyrsti leikur með aðalliði United.

„Allir hjá félaginu gera sér grein fyrir hversu hæfileikaríkur hann er. Vonandi heldur hann áfram að bæta sig á næstu árum," sagði Alex Ferguson, stjóri United, um hinn átján ára gamla Macheda. - esá

Átta liða úrslitum enska deildabikarsins lauk í gær – varalið Arsenal tapaði gegn Man. City:

# Manchester-liðin mætast í undanúrslitum

**FÓTBOLTI** Manchester-liðin munu mætast í undanúrslitum enska deildabikarsins þetta árið en átta liða úrslitin kláruðust í gær.

Arsenal sótti City heim og Arsene Wenger, stjóri Arsenal, tefldi fram óreyndum strákum gegn feikisterku liði City. Kjúklingar Wengers stóðu í City fram í síðari hálfleik þegar City skoraði þrjú mörk.

Fyrst skoraði Carlos Tevez með frábæru skoti í slána og inn eftir magnað einstaklingsframtak. Shaun Wright-Phillips skoraði einnig glæsilegt mark eftir einstaklingsframtak en hann setti boltann efst í markhornið. Stórkostleg mörk bæði tvö. Það var svo hinn ungi Slóvaki Vladimir Weiss sem skoraði síðasta markið á lokamínútu leiksins.



**GLÆSILEGT MARK** Carlos Tevez skoraði fyrsta mark City í gær með glæsilegu skoti sem fór í slána og inn. NORDIC PHOTOS/AFP

Chelsea hvíldi einnig leikmenn og lenti í kröppum dansi gegn Blackburn sem komst yfir í leiknum. Chelsea svaraði með tveim mörkum áður en Emerton jafnaði fyrir Blackburn. Leiknum var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun en framlenging var þá í gangi.

Búið er að draga í undanúrslit og þar mætast Manchester-liðin og svo Aston Villa gegn sigurvegaranum í leik Chelsea og Blackburn. - hbg

# KR-ingar virðast óstöðvandi

**KR vann sinn túnda sigur í jafnmörgum leikjum er liðið vann lið Grindavíkur á heimavelli örugglega, 81-56, í Iceland Express-deild kvenna í gærkvöldi. Liðið hefur átt í þónokkrum meiðslavandræðum en það virtist ekki koma að sök.**

**KÖRFUBOLTI** KR vann í gær nokkuð öruggan sigur á KR, 81-56, á heimavelli í Iceland Express-deild kvenna. Þetta var túndi sigur KR í deildinni og er liðið enn með fullt hús stiga. Fátt virðist geta stöðvað KR-inga en Grindavík var fyrir leikinn í gær búið að vinna fjóra leiki í röð.

KR-ingar byrjuðu mjög vel og náðu mjög snemma um tíu stiga forystu. Liðið lék afar sterkan varnarleik sem Grindvíkingar áttu í vandræðum með framan af.

En í öðrum leikhluta fóru Grindvíkingar sjálfir að bíta frá sér með öflugum varnarleik. Í kjölfarið gengu sóknirnar betur og gestunum tókst að halda í við KR-inga. Staðan í hálfleik var 38-28.

En snemma í síðari hálfleik var ljóst að KR-ingar ætluðu ekki að hleypa Grindvíkingum nær en það. Signý Hermannsdóttir átti stórleik, bæði í vörn og sókn, og þær Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir og Margrét Kara Sturludóttir voru einnig afar erfiðar viðureignar fyrir gestina. Unnur Tara Jónsdóttir og Helga Einarsdóttir áttu einnig fínar innkomur.

Hildur Sigurðardóttir meiddist í baki í leiknum og gat því lítið spilað með KR.

„Fyrir voru tveir leikstjórnendur hjá mér meiddir og var ég því ekki með leikstjórnanda í leiknum lengst af," sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, eftir leikinn. „Þar að auki var ég með mína sterkustu varnarmenn í villuvandræðum og því var þetta eiginlega aldrei 100 prósent öruggt hjá okkur. En sem betur fer tókst okkur að leysa þetta vel og ég var mjög ánægður með hvernig við kláruðum leikinn miðað við aðstæður."

Benedikt sagði einnig að fyrir utan Hildi eru fjórir leikmenn KR frá vegna meiðsla – þeirra á meðal hin bandaríska Jenny Pfeiffer-Finora. „Það reyndi mikið á breiddina og það kom á daginn að hún hélt vel í kvöld," bætti hann við.



**Í FRÁKASTINU** Margrét Kara Sturludóttir var stigahæst KR-inga í gær með 28 stig. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Grindavík sýndi inn á milli hvað í liðið er spunnið og náði á köflum að standa vel í KR-ingum. En betur má ef duga skal.

„Við vorum skrefinu á eftir KR stærstan hluta leiksins, bæði í vörn og sókn. KR-ingar eru með mjög gott lið og ef okkur ætlar að takast að vinna það verðum við að vera á fullu allar 40 mínúturnar," sagði Jóhann Þór Ólafsson, þjálfari Grindavíkur.

Hann segir ljóst að KR er í sérflokki í deildinni eins og er. „En það er enn nóg eftir og ég tel að mitt lið eigi helling inni. Við náðum að vinna fjóra leiki í röð og við þurfum ekki nema að fínpússa leik og þá eigum við möguleika."

eirikur@frettabladid.is



**RON ARTEST** Á engan sinn líkan. NORDIC PHOTOS/GETTY

Ron Artest:

## Fékk sér koníak í hálfleik

**KÖRFUBOLTI** Ron Artest, leikmaður LA Lakers, er ekki hættur að ganga fram af fólki en hann hefur nú viðurkennt að hafa neytt áfengis í miðjum leik á meðan hann spilaði með Chicago Bulls en það var á árunum 1999-2002.

Þá erum við ekki að tala um einn kaldan heldur var hann í hörðu áfengi. Artest valdi nefnilega að fá sér Hennessy koníak.

„Ég átti það til að fá mér Hennessy í hálfleik. Ég geymdi flöskuna í klefanum mínum. Ég keypti koníakið venjulega bara í búð sem er rétt hjá höllinni," sagði Artest í viðtali við Sporting News-tímaritið.

Artest fer annars um víðan völl í viðtalinu og greinir meðal annars frá því að hafa drukkið mikið og reykt slatta af kannabisefnum þegar hann var 19 ára faðir.

Svo segist hann ekki sjá eftir slagsmálunum í Detroit um árið er hann stökk upp í stúku og lamdi áhorfanda. Hann segir að það hafi einfaldlega ekki verið neitt annað í boði.

Blaðið kemur annars út 7. desember næstkomandi og verður eflaust rifið úr hillunum. - hbg

Framarar særðir gegn Gróttu eftir að Magnús Stefánsson meiddist – betra andrúmsloft með nýjum þjálfara:

# Styttra í spaugið hjá mönnum eftir að Viggó fór

**HANDBOLTI** Framarar eru í miklum vandræðum fyrir leikinn gegn Gróttu í kvöld en fjóra sterka leikmenn mun vanta í liðið. Haraldur Þorvarðarson er meiddur, Andri Berg Haraldsson og Lárus Jónsson í leikbanni og svo var Magnús Stefánsson að meiðast illa á ökkla og verður ekki með næstu vikurnar.

„Þetta lítur ekki vel út og ökklinn er stokkbólginn. Ég er bara í gifsi og á hækjum. Ég veit ekki hversu alvarlegt þetta er fyrr en í næstu viku þegar bólgan hefur hjaðnað," sagði Magnús, sem spilar væntanlega ekki meir á þessu ári. Hann segist vera orðinn þreyttur á meiðslum en hann fingurbrotnaði í tvígang í fyrra á sama fingrinum.

Gengi Fram í vetur hefur verið afleitt og stjórn félagsins greip til þess ráðs á dögunum að reka Viggó Sigurðsson úr starfi þjálfara.

„Það er öðruvísi andrúmsloft eftir að Viggó fór. Það er styttra í spaugið hjá mönnum og einhvern veginn eins og yngri strákarnir eigi auðveldara með að koma út úr skelinni," sagði Magnús, sem ber Viggó annars vel söguna en segir að hans aðferð hafi ekki gengið upp núna.

„Viggó er ákveðinn og hvass en það hentaði kannski ekki liðinu á þessum tíma. Það vantaði að hafa leikgleðina meira í fyrirrúmi og sérstaklega þar sem breiddina vantaði. Það var eitthvað dauft yfir mönnum."

Magnús segir að arftaki Viggós, Einar Jónsson, hafi ekki breytt miklu enn sem komið er.

„Það er ekki hægt að breyta miklu á stuttum tíma en hann hefur komið með einhverja punkta sem hann náði ekki í gegn þegar Viggó var með liðið. Það hjálpar manni því við erum að leika langt undir getu og þurfum að fara að rífa okkur upp," sagði Magnús Stefánsson. - hbg



**Á HÆKJUM** Magnús Stefánsson verður ekki með Fram á næstunni eftir að hafa meitt sig illa á ökkla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# BÓKMENNTAÞRENNA




*„. . . hrein unun er að lesa bókina.“*
Bókmenntavefurinn, Ingvi Þór Kormáksson

*„. . . leiftrandi sköpunargleði . . . hreinn listgaldur.“*
Fréttablaðið, Bergsteinn Sigurðsson

*„Mjög fín þýðing og að öllu leyti flott saga.“*
Kiljan, Páll Baldvin Baldvinsson

# Til hamingju!

Uppheimar óska rithöfundunum Böðvari Guðmundssyni og Gyrði Elíassyni til hamingju með að vera tilnefndir til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir bækur sínar *Enn er morgunn* og *Milli trjánna*.

Ennfremur óskum við Sigurði Karlssyni þýðanda til hamingju með tilnefningu til Íslensku þýðingaverðlaunanna fyrir finnsku skáldsöguna *Yfir hafið og í steininn* eftir Tapio Koivukari.

**UPPHEIMAR**

Uppheimar | Vesturgötu 45 | 300 Akranes | 431 3271 og 863 4972 | uppheimar@uppheimar.is | www.uppheimar.is



**> Jonny Lee Miller**

„Þó að leikari sé ekki heimsfrægur er ekki þar með sagt að hann sé lélegur.“

***Miller fer með hlutverk lögfræðingsins Eli Stone í samnefndum þætti sem Sjónvarpið sýnir kl. 20.40 í kvöld.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR BJARNASON **SÁ HEIMILDARMYND UM KVENNALANDSLIÐIÐ**

## *Hópmeðferðin skilaði frábærum árangri*

Heimildarmyndin um íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu sem var sýnd í Ríkissjónvarpinu var sérlega áhugaverð. Þar var fylgst með baráttu liðsins við að komast í úrslit Evrópukeppninnar sem var haldin í sumar. Myndinni lauk með glæstum sigri Íslands á Írum í úrslitaleik um það hvort liðið kæmist í lokakeppnina. Þar var ég einmitt á meðal áhorfenda í nístingskulda á Laugardalsvellinum og hugsaði með mér: „Grey stelpurnar“. Völlurinn var gaddfreðinn og háll eftir því og í rauninni ótrúlegt að leikurinn skuli hafa farið fram. En sem betur gerði hann það því stelpurnar komust í úrslitin, sem er besti árangur sem íslenskt knattspyrnulandslið hefur náð. Sannarlega eitthvað til að státa af og ljóst að stelpurnar áttu þetta skilið, enda lögðu þær gríðarlega hart að sér í undirbúningnum undir styrkri stjórn landsliðsþjálfarans Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar. Nærgætið og yfirvegað spjall hans við stelpurnar fyrir og eftir leiki og líka í hálfleik virkaði á mann eins og hópmeðferð í sálfræði. Þessi aðferðafræði virðist hafa hitt beint í mark en hvort hún myndi virka eins vel í karlaboltanum verður aftur á móti að liggja á milli hluta. Árangur kvennalandsliðsins hefur alla vega ekki látið á sér standa og vonandi halda stelpurnar ótrauðar áfram í átt að næsta markmiði sínu. Þessi frábæri árangur hefur hvatt ungar fótboltastúlkur til að leggja enn meira á sig í von um að komast í landsliðið og hugsanlega á stórmót, sem er því miður eitthvað sem ungir drengir þurfa að líta á sem fjarlægan draum í sinni knattspyrnuiðkun.



**ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ** Íslenska kvennalandsliðið hefur náð frábærum árangri upp á síðkastið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## FIMMTUDAGUR



▶ **19.00 Game Tíví** SKJÁREINN



▶ **20.00 An Unfinished Life** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00 NCIS** STÖÐ 2



▶ **21.25 Nýsköpun - Íslensk vísindi** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00 Gossip Girl** STÖÐ 2 EXTRA

### SJÓNVARPIÐ

**14.50 Viðtalið** (Dr. Andrew Cottey) (e)
**15.20 Kiljan** (e)
**16.10 Leiðarljós**
**16.55 Táknmálsfréttir**
**17.05 Flautan og litirnir** (9:9) (e)
**17.25 Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn** (8:12) (e)
**17.40 Stundin okkar** (e)
**18.10 Mæðralíf** (In the Motherhood)
**18.35 Jóladagatalið - Klængur sniðugi** (e)
**18.45 Jóladagatalið - Klængur sniðugi**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Eldað með Jóhönnu Vigdísi**
**20.40 Eli Stone** (Eli Stone) Bandarísk þáttaröð. Lögfræðingurinn Eli Stone í San Francisco verður fyrir ofskynjunum og túlkar þær sem skilaboð frá æðri máttarvöldum. Aðalhlutverk: Jonny Lee Miller, Victor Garber, Natasha Henstridge og Sam Jaeger.
▶**21.25 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (10:12) Þáttaröð um vísindi í umsjón Ara Trausta Guðmundssonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Framtíðarleiftur** (Flash Forward) (6:13) Bandarísk þáttaröð. Aðalhlutverk: Joseph Fiennes, John Cho, Jack Davenport, Courtney B. Vance og Peyton List.
**23.10 Himinblámi** (Himmelblå) (e)
**23.55 Kastljós** (e)
**00.25 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 The Pink Panther**
**10.00 I's a Boy Girl Thing**
**12.00 The Borrowers**
**14.00 The Pink Panther**
**16.00 I's a Boy Girl Thing**
**18.00 The Borrowers**
▶**20.00 An Unfinished Life** Dramatísk mynd með Robert Redford, Jennifer Lopez og Morgan Freeman í aðalhlutverkum.
**22.00 No Way Out**
**00.00 Samaria**
**02.00 A Perfect Murder**
**04.00 No Way Out**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Svampur Sveinsson, Lalli, Ruff's Patch og Ævintýri Juniper Lee.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**10.50 Notes From the Underbelly** (1:10)
**11.15 Grumpy Old Men** (4:5)
**11.45 Supernanny** (9:20)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 La Fea Más Bella** (81:300)
**13.45 La Fea Más Bella** (82:300)
**14.30 Eldsnöggt með Jóa Fel** (5:12)
**15.00 Ally McBeal** (9:23)
**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, Bratz, Ævintýri Juniper Lee og Refurinn Pablo.
**17.03 Bold and the Beautiful**
**17.28 Nágrannar**
**17.58 Friends**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.52 Íþróttir**
**18.59 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 The Simpsons** (12:22)
**19.55 Two and a Half Men** (7:24) Charlie vaknar við hliðina á Rose og ævareiður faðir hennar spyr Charlie út í framtíð þeirra saman. Málin flækjast svo óneitanlega þegar Evelyn lætur sjá sig.
**20.25 Eldsnöggt með Jóa Fel** (10:12) Tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel.
▶**21.00 NCIS** (17:19) Spennuþættir um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari fimmtu seríu.
**21.50 Fringe** (2:22) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á um að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar.
**22.40 Prizzi's Honor**
**00.45 Dog Soldiers**
**02.30 Lie With Me**
**04.00 NCIS** (17:19)
**04.45 Fringe** (2:22)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Man. City - Arsenal** Útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**16.35 Man. City - Arsenal** Útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**18.15 AEK Aþena - Everton** Útsending frá leik í Evrópudeildinni.
**19.55 Fulham - CSKA Sofia** Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**22.00 Bestu leikirnir: ÍBV - ÍA 23.09.01** Árið 2001 börðust ÍBV og ÍA hatrammlega um Íslandsmeistaratitilinn í knattspyrnu. Það var því sannkallaður draumaviðureign fyrir knattspyrnuáhugamenn 23. september þegar ÍBV og ÍA mættust í úrslitaleik í lokaumferðinni á Íslandsmótinu.
**22.30 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**23.20 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.
**00.05 Fulham - CSKA Sofia** Útsending frá leik í Evrópudeildinni.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**15.40 Man. City - Hull** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.20 Everton - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.00 Goals of the Season 2007** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**19.55 Premier League World** Flottur þáttur þar sem ensku úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
**20.25 PL Classic Matches** Tottenham - Manchester Utd. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**20.55 PL Classic Matches** Liverpool - Newcastle, 1995.
**21.25 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**22.50 West Ham - Burnley** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 Nýtt útlit** (9:10) (e)
**08.00 Dynasty** (20:29) (e)
**08.50 Innlit/ Útlit** (6:10) (e)
**09.20 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (9:10) (e)
**12.50 Innlit/ Útlit** (6:10) (e)
**13.20 Pepsi MAX tónlist**
**16.35 America's Next Top Model** (e)
**17.25 Dynasty** (21:29)
**18.15 Fréttir**
**18.30 What I Like About You** (2:18) Bandarísk gamansería um tvær systur.
▶**19.00 Game Tíví** (12:14) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**19.30 Fréttir** (e)
**19.45 King of Queens** (10:25) (e)
**20.10 The Office** (7:28) Dwight og Jim eru hissa þegar þeir fá að vita niðurstöðurnar úr árlegri könnun meðal viðskiptavina á frammistöðu starfsmanna.
**20.35 30 Rock** (9:22) Jack fer á ráðstefnu með starfsbræðrum sínum og Liz býðst til að fylgja honum.
**21.00 House** (7:24) House og lærisveinar hans meðhöndla sjúkling sem haldinn er víðáttufælni og neitar að yfirgefa heimili sitt.
**21.50 CSI. Miami** (7:25) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans.
**22.40 The Jay Leno Show**
**23.25 Nurse Jackie** (7:12) (e)
**23.55 United States of Tara** (7:12) (e)
**00.25 King of Queens** (10:25) (e)
**00.50 Pepsi MAX tónlist**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Sigurjón Þórðarson og Tómas Bjarnason frá Capacent Gallup um vinnustaðagreiningar og fyrirtækjaráðgjöf.
**21.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm tekur fyrir það allra helsta í íslenskri þjóðfélagsumræðunni.
**21.30 Birkir Jón** Þingmaður Framsóknarflokksins Birkir Jón Jónsson skoðar pólitískt landslag dagsins í dag.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.







„BÝSNA VEL GERT…“

„Þetta er **forvitnileg** frásögn og **persónuleg**, því ferðin hjálpaði höfundinum að skilja hver hann er, og fyrir hvað hann lifir. Og þá er ekki til lítils unnið … .“

**– Einar Falur Ingólfsson, Morgunblaðinu**

VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVÍK

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.50

**Fringe**



Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á um að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika og oftar en ekki flækjast þau inn í hrikalega atburði sem tengjast risastóru samsæri stórfyritækis sem gæti mögulega ógnað framtíð mannkynsins.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Eldsnöggt með Jóa Fel**

**Stöð 2 kl. 20.25**

Þetta er tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum vinsæla. Í kvöld ætlar Jói Fel að baka smákökur og kex fyrir jólin og elda dýrindis nautapottrétt með hrísgrjónum. Í eftirrétt verður svo alvöru bananasplitt með krókant og súkkulaðisósu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Andrarímur
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Ástarflótti
**15.25** Raddir barna
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsperlur: Ég málaði aldrei drauma
**23.25** Bláar nótur í bland
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (19:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside-spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þau greiða úr flækjum í einkalífinu.
**17.00 Doctors** (20:25)
**17.30 You Are What You Eat** (12:18) Doktor Gillian McKeith er sérfræðingur á sviði mataræðis og aðstoðar fólk sem er komið í ógöngur.
**18.25 Seinfeld** (21:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur.
**18.45 Doctors** (19:25)
**19.15 Doctors** (20:25)
**19.45 You Are What You Eat** (12:18)
**20.30 Seinfeld** (21:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
▶**22.00 Gossip Girl** (9:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að vera klæddur í næsta glæsipartíi.
**22.45 Grey's Anatomy** (6:23) Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
**23.30 Medium** (14:19)
**00.15 True Blood** (11:12)
**01.10 Sjáðu**
**01.40 Auddi og Sveppi**
**02.15 Fréttir Stöðvar 2**
**03.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** Absolutely Fabulous **12.30** Absolutely Fabulous **13.00** Lead Balloon **13.30** Lab Rats **14.30** Only Fools and Horses **15.00** Dalziel and Pascoe **15.50** Dalziel and Pascoe **16.45** My Hero **17.15** My Hero **17.45** EastEnders **18.15** The Weakest Link **19.00** Lead Balloon **19.30** Lead Balloon **20.00** Rob Brydon's Annually Retentive **20.30** Never Better **21.00** Dalziel and Pascoe **21.50** Lead Balloon **22.20** The Mighty Boosh **22.50** Never Better **23.20** EastEnders **23.50** Only Fools and Horses

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Nær naturen **12.45** Hammerslag **13.10** Seinfeld **13.35** Seinfeld **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **14.50** S P eller K **15.00** Boogie Update **15.30** Spiderman **15.55** Den lyserøde panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Den lille Julemand **16.30** Julefandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Pagten **19.00** Danskernes Kronike - Vores born **19.30** Sporløs **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Fighter **22.35** Forbrydelsen II **23.35** Seinfeld

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** En plass i livet **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** V-cup skiskyting **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Svingen **17.25** Øisteins juleblyant **17.30** Sauen Shaun **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Forbrytelsen 2 **21.30** Anne-Kat. ser på tv **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Livet i Fagervik **23.30** Skavlan

## SVT 1

**12.05** Andra Avenyn **13.15** Fråga doktorn **14.00** Sommarpratarna **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Skidskytte. Världscupen Östersund **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern. Superhjältejul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Niklas mat **19.30** Mitt i naturen **20.00** Plus **20.30** Arne Næss leker med livet **21.00** Debatt **21.45** Kulturnyheterna **22.00** Uppdrag Granskning **23.00** Skavlan


# KJÓSTU *2.–14. des.*

## VERKEFNI Í ÞÍNU HVERFI

www.reykjavik.is/kjostu

Íbúum Reykjavíkur gefst kostur á að forgangsraða fjármunum til smærri nýframkvæmda og viðhaldsverkefna í hverfunum með því að kjósa á vefnum.

Kosningin er bindandi og sá verkefnaflokkur sem verður fyrir valinu í hverju hverfi fer á fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 og koma verkefnin úr þeim flokki til framkvæmda.

Þetta nýmæli við gerð fjárhagsáætlunar var samþykkt í borgarstjórn og er tilraunaverkefni sem gerir íbúum kleift að hafa bein áhrif á nýtingu fjármuna í nærumhverfi sínu.




**Kosningin fer fram á vefnum www.reykjavik.is/kjostu.**
**Þar geta íbúar forgangsraðað þremur verkefnaflokkum:**

Íbúum býðst einnig að fara á bókasöfn og þjónustumiðstöðvar í sínu hverfi og fá aðstoð við að kjósa. Auk þess er hægt að leita til þjónustuvers Reykjavíkurborgar í síma 4 11 11 11.

**a) Leikur og afþreying**
**b) Samgöngur**
**c) Umhverfi og útivist**

*Nýttu þinn atkvæðisrétt og kjóstu!*

Reykjavíkurborg

## MORGUNMATURINN



*„Ég byrja daginn á því að fá mér gúlsopa af lýsi, eina dós af Landliebe-jógúrti og glas af nýpressuðum gulrótarsafa.“*

Ásgeir Páll Ágústsson, útvarpsmaður og söngvari.

# Bermuda vekur athygli á Twitter

„Twitter er alveg málið í dag,“ segir Íris Hólm, söngkona í Bermuda. Íris er tónlistarmaður mánaðarins á bandarísku vefsíðunni Studio Noize og er þar farið fögrum orðum um söng hennar, lagasmíðarnar og hljómsveitina. „Daði Georgsson hljóðmaður er búinn að vera hörkuduglegur að setja myndbönd af hljómsveitinni á netið. Við erum búin að byggja okkur góðan grunn á Twitter og við erum með yfir 2.000 aðdáendur,“ útskýrir Íris og segir samskiptavefinn vissulega skapa tækifæri. „Kona sem heitir Lady Producer skrifar á Studio Noize síðuna og var rosalega hrifin af laginu sem við gáfum út í sumar, Dreaming of Bermuda. Við höfum líka fengið fyrirspurnir á Twitter frá litlum plötufyrirtækjum sem vilja forvitnast um hvort við séum að plana að koma til Bandaríkjanna. Þótt maður taki öllu með hógværð er rosalega gaman að fá svona viðbrögð,“ bætir hún við.

Íris gekk til liðs við hljómsveitina fyrir rúmu ári og hefur verið iðin við að semja texta bæði á íslensku og ensku. „Eftir að mannabreytingar urðu í hljómsveitinni fórum við að íhuga að búa til tónlist fyrir fleiri en Íslendinga og við höfum sett stefnuna á erlendan markað. Boltinn er farinn að rúlla hér heima og líka úti að okkur sýnist. Þótt það sé ekki í bígerð núna væri rosalega gaman að fara á tónleikaferðalag úti. Ég hef til dæmis aldrei komið til Bandaríkjanna svo það væri alveg brilljant að fara þangað,“ segir Íris, sem er önnum kafin við tónleikahald með Bermuda, en upplýsingar um sveitina má finna á bermuda.is og á twitter.com/bermudaz.



**VEKUR ATHYGLI** Hljómsveitin Bermuda er með yfir 2.000 fylgjendur á Twitter-síðu sinni og hefur vakið athygli útgefenda og veftímarita í Bandaríkjunum.



**LÁRÉTT**
**2.** uss, **6.** bardagi, **8.** mánuður, **9.** hrökk við, **11.** í röð, **12.** kambur, **14.** bátur, **16.** tveir eins, **17.** fornafn, **18.** eyrir, **20.** þessi, **21.** fullnægja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** plat, **3.** umhverfis, **4.** alls, **5.** persónufornafn, **7.** vörubíll, **10.** geislahjúpur, **13.** tala, **15.** gróft orð, **16.** kóf, **19.** holskrúfa.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** suss, **6.** at, **8.** maí, **9.** brá, **11.** mn, **12.** burst, **14.** kajak, **16.** kk, **17.** öll, **18.** aur, **20.** sá, **21.** fróa.
**LÓÐRÉTT: 1.** gabb, **3.** um, **4.** samtals, **5.** sín, **7.** trukkur, **10.** ára, **13.** sjö, **15.** klám, **16.** kaf, **19.** ró.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Gunnar Hansson.
2. Sex milljarðar króna.
3. Þorbjörn Jensson.


Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




MYND/NILS BIERVIG/BOGMARKEDET



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**NAMMI NAMM! Þórarinn Leifsson** bauð upp á fingramat sem líktist mannakjöti á bókamessu í Kaupmannahöfn nýverið. Hann man reyndar lítið eftir veislunni enda voru bæði hann og eiginkonan, **Auður Jónsdóttir**, komin með svínaflensu þegar þau lentu í Kaupmannahöfn.

**ÞÓRARINN LEIFSSON:** MEÐ SVÍNAFLENSU Í DANMÖRKU

# Bauð upp á gervimanna-kjöt í Kaupmannahöfn

„Þetta var fínt. Þetta voru bara einhverjar pylsur og dót sem hann notaði fyrir putta,“ segir rithöfundurinn Þórarinn Leifsson.

Hann vakti mikla athygli á Forum-bókamessunni í Kaupmannahöfn nýverið þar sem hann kynnti mannætusögu sína Leyndarmálið hans pabba. Færeyskur kokkur útbjó fyrir gesti sérstakan fingramat sem líktist mannakjöti og olli uppátækið öngþveiti fyrir utan bás forlagsins Torgard sem gefur út bækur Þórarins í Danmörku. Einnig var boðið upp á trönuberjadjús í staðinn fyrir blóð.

„Fólk var að narta í þetta en ég hafði ekki mikla lyst á þessu sjálfur,“ segir Þórarinn, sem var fárveikur meðan á kynningunni stóð. „Ég vissi ekkert hvað ég hét. Við vorum að fara í svolítið þunga ferð, ég og konan mín (rithöfundurinn Auður Jónsdóttir), og ég fékk svínaflensuna á leiðinni út. Maður var bara eins og uppvakningur allan tímann,“ segir hann. Til að bæta gráu ofan á svart fékk hann blóðtappa í fótinn þegar hann kom heim til Íslands. Spiluðu þar inn í strembin lestarferðalög erlendis. „Þetta var skrautlegur nóvembermánuður en ég er að jafna mig, sem betur fer.“

Leyndarmálið hans pabba fjallar um systkini sem komast að því að pabbi þeirra er mannæta. Bókin hefur fengið góðar viðtökur í Danmörku og hefur útgefandinn Torgard einnig tryggt sér réttinn á nýjustu bók Þórarins, Bókasafni ömmu Huldar. Hún kemur út þar í landi á næsta ári.

Þórarinn útilokar ekki að endurtaka mannætuatriði sitt í öðrum löndum til að kynna Leyndarmálið hans pabba. Fyrst prófaði hann það á bókamessu í Bologna á Ítalíu og hafði upp úr krafsinu útgáfusamning við þýskt forlag. „Finnar eru að þýða hana. Ég hugsa að Finnar hafi húmor fyrir þessu. Þeir eru með mjög góðan húmor,“ segir hann og býst við að bókin komi út þar í landi næsta haust.

Jafnframt má geta þess að viðtal við Þórarin birtist í bókablaði danska blaðsins Politiken 12. desember næstkomandi þar sem mannætubókin verður aðalumræðuefnið. **freyr@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Morgunblaðið greindi frá því í gær að tónlistarmanninum **Ben Frost**, sem hefur verið búsettur á Íslandi síðastliðin fjögur ár, var synjað um framlengingu á landvistarleyfi. Að sjálfsögðu var stofnaður stuðningshópur undir heitinu Keep our Ben Frost in Iceland á samskiptasíðunni Facebook þar sem þess er krafist að Frost fái að dvelja áfram á landinu.



Sjónvarpsmaðurinn **Egill Helgason** er kominn til Berlínar og ætlar hann að sjá tónleika með Paul McCartney. Sem betur fer fyrir Egil þá er Berlín með ódýrari borgum í Evrópu svo kortunum hans hans ætti ekki að blæða svo. Það er líka ýmislegt á sig leggjandi til að sjá Palla bítil, sem er orðinn 66 ára.



Og meira af Þýskalandi því fylkissjónvarpsstöðin í Hessen ætlar að sýna þrjá þætti um vetrarríkið Ísland í næstu viku. Þættirnir eru styrktir af Icelandair en það er **Arthúr Björvin Bollason** sem er kynnir þeirra. Meðal þeirra fjölmörgu sem þar koma fram eru Einar Kárason, Páll á Húsafelli og Kjartan Ragnarsson.

**- sm, drg, fgg**


Humar 2.000 kr/kg
Skatan er komin!
Vestfirsk Hnoðmör
Stór, pilluð Eldeyjar-rækja
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755


# Fegurðardís í félagsskap Bó

„Eftir að ég byrjaði að spila undir hjá Björgvini hefur mér alltaf fundist jólin koma eftir þessa tónleika. Maður kemst í svo mikið jólaskap,“ segir Magdalena Dubik, fiðluleikari og fegurðardrottning Reykjavíkur.

Björgvin Halldórsson verður í sérlega fögrum félagsskap á jólatónleikum sínum í Laugardalshöllinni um helgina því Magdalena verður hluti af strengjasveitinni sem spilar þar undir. Það hefur hún reyndar einnig gert undanfarin jól sem aukamanneskja í Sinfóníuhljómsveit Íslands og skemmt sér prýðilega. Hún hefur einnig spilað með Ragga Bjarna og hljómsveitinni Skítamóral á tónleikum á Rúbín og hefur því farið um víðan völl í íslensku poppi upp á síðkastið. „Það er rosalega gaman að spila með alls konar fólki og tónlistin þeirra er æðislega góð. Ég var alin upp aðallega í klassískri tónlist og það er öðruvísi að spila popptónlist en alveg jafn gaman.“

Nýverið kom út mynddiskur með síðustu jólatónleikum Björgvins og eins og kannski gefur að skilja er Magdalena áberandi á stórum sjónvarpsskjá fyrir aftan Björgvin. Hún óttast ekki að skyggja á sjálfan Bó á tónleikunum um helgina. „Mér finnst bara gaman að vera með. Þetta eru algjörlega tónleikarnir hans.“ **- fb**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**MAGDALENA DUBIK** Fegurðardrottningin spilar undir hjá hverjum popparanum á fætur öðrum hér á landi.

# GULA HÚSIÐ
# FAXAFENI 8



Servíettur margar gerðir
20 í pakka



Fægiskófla og sópur



Microfiber klútar
margir litir 5 stk.



Fægiskófla og kústur
með skafti



Svört "mesh" ruslafata



10 stór viskastykki í pakka



Taukarfa, plast með loki.

# 50-70%

## AFSLÁTTUR AF HEIMILISVÖRUM

## TILBOÐ GILDA ÚT SUNNUDAG



FISKARS Hnífasett 3 stk.



Vandaðir klappstólar, svartur



Sængur- og koddasett
Koddi 50x70 sæng 140x200 sm



Plastkassar úr sterku plasti
St: 15 L, 32 L,40 L &55 L.



Skrautpúðar margir litir



Bastkörfur margar gerðir



Sængurverasett
140x200cm 50x70cm



Vandaðar ferðatöskur
Margar stærðir

## OPIÐ FRÁ 10-21 ALLA DAGA FRAM AÐ JÓLUM

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Jogastudio.org

JÓGA Stúdíó


## FRÉTTIR AF FÓLKI



### Norski seðillinn

Þeir sem búa svo vel að eiga seðla gætu hafa rekið augun í skemmtilega staðreynd. Í umferð eru nefnilega seðlar sem hafa verið gefnir út í bankastjóratíð Sveins Harald Øygard. Falleg rithönd Norðmannsins prýðir nú íslenska peningaseðla. Þá er eftirtektarvert að Øygard skrifar einn undir seðlana, en venjan er að bankastjórar séu fleiri. Norsku seðlarnir eru því tímamótaseðlar.

### Draumalandið í Amsterdam



Heimildarmyndin Draumalandið eftir **Þorfinn Guðnason** og Andra Snæ Magnason var frumsýnd á Alþjóðlegu heimildarmyndahátíðinni í Amsterdam (IDFA) sem lauk um síðustu helgi. Þetta var í fyrsta sinn sem myndin er sýnd utan Íslands. Hátíðin er sú stærsta og virtasta í heimi á sviði heimildarmynda og var þeim Þorfinni og Andra Snæ vel tekið á hátíðinni. Þeir svöruðu spurningum að lokinni sýningu og vakti myndin mikla athygli á meðal gesta, enda var uppselt á allar sýningarnar. Draumalandinu hefur í framhaldinu verið boðið á fjölmargar kvikmyndahátíðir og verður myndin seld til erlendra sjónvarpsstöðva.

### Útvarp Saga í kvikmynd?

Úti um allan bæ eru menn að skrifa handrit að kvikmyndum framtíðarinnar. Margir hafa fengið handritsstyrki frá Kvikmyndamiðstöð Íslands. Þar á meðal eru aðstandendur myndar sem lofar mjög góðu. Hún fjallar um tvo þáttastjórnendur á útvarpsstöð sem svipar til Útvarps Sögu. Styrmir Sigurðsson kvikmyndagerðarmaður skrifar handritið með tveimur af frægustu grínistum landsins, þeim Jóni Gnarr og **Þorsteini Guðmundssyni**. Þorsteinn er síðan með aðra kvikmynd í smíðum sem hann er að skrifa með Reyni Lyngdal.



- fb, drg

## Mest lesið VISIR.IS

1. Krafin um tvær og hálfa milljón fyrir að stinga barn
2. Lygafrétt um mannafitusölu
3. Skókastari fékk að smakka eigið meðal
4. Hugsanlegt að Íslendingar verði ákærðir í mansalsmálinu
5. Breskir stórmarkaðir komnir í kampavínsstríð


TEKK VÖRUHÚS

OPNUM Í KAUPTÚNI EFTIR 2 DAGA


